


## *Ekki á mála hjá djöflinum*

**BUBBI MORTHENS TALAR UM ÁST SÍNA Á VEIÐINNI, RÚMFÖTUM OG HRAFNHILDI.**

30 & 32

## *Vinir og óvinir Íslendinga*

**ÍSLENDINGUM SEM HNEYKSLA Á ERLENDRI GRUND ER AFNEITAÐ, OG MISJAFNT ER HVERNIG ERLENDUM GESTUM ER TEKIÐ. FRÉTTABLAÐIÐ RIFJAR UPP NOKKRAR HETJUR OG SKÚRKA SEM TENGJAST ÞJÓÐINNI.**





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. nóvember 2007 — 306. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## LAUGARDAGUR

### Negrastrákar verða kenjakrakkar



Systkinin Sigrún og Þórarinn Eldjárn leggja sitt af mörkum til umræðunnar.

FÓLK 74

### Nýr söngleikur

Leikhópurinn Sokkabandið frumsýnir nýjan íslenskan söngleik í Borgarleikhúsinu á morgun. Í verkinu er tekist á við fjölmiðlalandslag samtímans á gamansaman og áleitinn hátt.

MENNING 52

### Keflavík slátraði KR

Keflvíkingar unnu Íslandsmeistara KR auðveldlega, 107-85, í toppslag Iceland Express-deildar karla.



ÍÞRÓTTIR 68

### Hús&Heimili

Arnar Gauti lifir rómantísku fjölskyldulífi við sæinn.



FYLGIR FÉTTABLAÐINU Í DAG

## VEÐRIÐ Í DAG




**RIGNING-SNJÓR** Í dag verður breytileg átt víðast 8-13 m/s. Rigning eða slydda sunnan og vestan til en snjókoma eða él á Norður- og Austurlandi. Styttir upp og léttir til vestanlands eftir hádegi. Hiti 2-6 stig en vægt frost NA-til.

VEÐUR 4





Sölutímabil: 8. til og með 11. nóvember.
Ferðatímabil: 1. til og með 17. desember.
Takmarkað sætaframboð.




**FRAMANDI FUGLAR** Guðný hyggst ekki gista í búrinu, en eyðir sínum vökustundum næstu daga í að venja fuglana við breyttar aðstæður. Fuglarnir kosta frá 300 til 450 þúsund krónur hver. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fuglavinur hjálpar fuglum að aðlagast í stærstu gæludýrabúð landsins:

## Guðný í búri með furðufuglunum

**DÝR** „Ég gæti alveg flutt hingað inn, búrið er svo stórt," segir Guðný Rannveig Reynisdóttir. „Ég verð bara inni í búrinu með hinum furðufuglunum." Ný gæludýrabúð í Garðabæ, Dýraríkið, er sú stærsta á landinu.

Guðný er vinkona eigendanna og hefur sjálf átt tvo páfagauka í tíu ár. Hún bauðst því til að hjálpa páfagaukunum að venjast nýja staðnum. „Ýmislegt getur hrætt þá eða eitthvað komið upp á," segir Guðný. „Þetta eru allt manneskjufuglar."

Fuglarnir eru sex talsins. Þrír þeirra eru af gerðinni „african grey", einn er gulhöfða Amazon, annar grænn Amazon og sá sjötti er cockatoo. „Þeir hafa strax aðlagast vel og cockatoo-fuglinn vill láta strjúka sér," segir Guðný.

Gunnar Vilhjálmsson, eigandi Dýraríkisins, segir búðina jafnvel teljast stóra á heimsmælikvarða. „Þetta er 29. árið mitt í að reka gæludýraverslun. Ég held að ég muni aldrei slá þessa út," segir Gunnar. „Ég sé samt fyrir mér að útlendingar muni koma hingað til að skoða þessa alveg eins og ég fór til útlanda til að finna fallegar búðir."

- sgj

# Öryrkjaíbúðir á almennan markað

**Öryrkjabandalagið selur eitt af fjölbýlishúsum sínum til einkaaðila á mánudag. Ákveðið hefur verið að leigja hluta af íbúðum í Hátúni 10 til ófatlaðs fólks, svo sem nema. Ekki verið að draga úr búsetuúrræðum fatlaðra segir Helgi Hjörvar.**

**VIÐSKIPTI** Fulltrúar Öryrkjabandalagsins hafa ákveðið að selja fjölbýlishúsið Fannborg 1 í Kópavogi. Gengið verður frá samningi við einkaaðila á mánudag. Þá hefur einnig verið tekin ákvörðun um að leigja hluta af þeim 240 íbúðum sem hússjóðurinn á í fjölbýlishúsinu Hátúni 10 til ófatlaðs fólks.

Helgi Hjörvar, stjórnarformaður hússjóðs Öryrkjabandalagsins, staðfesti að þetta væri ákveðið.

Íbúðirnar í Fannborg eru í eigu Hússjóðs Öryrkjabandalagsins og eru 43 talsins. Helgi segir ástæðuna fyrir fyrirkomulaginu einkum vera breytt sjónarmið gagnvart búsetuúrræðum fatlaðra. Æskilegra sé nú talið að ófatlað fólk og fólk með fötlun búi í sameiginlegri byggð. Fatlaðir eigi ekki að vera stúkaðir af í sérstökum fjölbýlishúsum. Þá séu íbúðirnar margar hverjar of litlar miðað við þær kröfur sem fólk gerir nú til hæfisíbúða fatlaðra þótt þær hafi þótt nægilega stórar þegar þær voru teknar í notkun fyrir nokkrum áratugum. Í breytingum verði einnig sameinaðar litlar einstaklingsíbúðir í Hátúni í eina stærri til að koma til móts við kröfur fólks. Smærri íbúðir geti samt vel hentað fólki sem hyggst hafa þar tímabundna búsetu, til dæmis nemum, sem vantar leiguhúsnæði.

Hússjóðurinn á nú ríflega 600 íbúðir og er meirihluti þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Helgi tekur skýrt fram að ekki sé verið að draga úr húsnæðisúrræðum öryrkja. „Við höfum það í huga að hluti okkar fólks er í alvarlegum húsnæðisvandræðum," segir Helgi. Hann segir úrræði verða fundin fyrir þá íbúa sem nú búa í Fannborg eftir því sem henti hverjum og einum. Bæði verði keyptar og leigðar út íbúðir annars staðar í bænum eða leitað annarra úrræða svo sem á sambýli eða í öldrunarþjónustu. Hússjóðurinn hafi þá í vaxandi mæli keypt nokkrar íbúðir saman í almennum fjölbýlishúsum. Hluti hússins sé þá notaður sem aðstaða fyrir starfsmenn sem þá geta komið fólki til aðstoðar ef þarf þótt ekki sé um stofnun að ræða.

„Ég held að það sé gríðarlega mikilvægt fyrir lífsgæði okkar fólks að bæta íbúðarkostinn og leitast við að rjúfa einangrun með blandaðri búsetu," segir Helgi.

karen@frettabladid.is

Þjóðverji með lélegt minni:

## Gleymdi bílnum á bensínstöð

**ÞÝSKALAND** Eftir að hafa fyllt bensíntankinn á bíl sínum og borgað fyrir bensínið virðist 63 ára gamall Þjóðverji hafa steingleymt erindi sínu á bensínstöðina og rölt heim til sín.

Bíllinn hafði teppt aðgengi annarra bíla að bensíndælunni í klukkustund þegar starfsmann bensínstöðvarinnar fór að gruna að ekki væri allt með felldu og hringdi á lögreglu.

Lögreglan hafði samband við manninn á heimili sínu sem kom rakleitt á bensínstöðina og sótti bílinn sinn.

- sdg

Mikil spenna ríkir í Pakistan:

## Bhutto sett í stofufangelsi

**PAKISTAN, AP** **Pakistanska lögreglan setti Benazir Bhutto, leiðtoga stjórnarandstöðunnar í landinu, sem nýverið sneri heim úr útlegð, í stofufangelsi í gær til að aftra henni frá að tala á fjöldafundum stuðningsmanna sinna. Fregnir bárust enn fremur af því að lögregla hefði efnt til fjöldahandtakna til að koma í veg fyrir fjöldamótmæli gegn neyðarlögum Pervez Musharraf forseta.**

**Talsmenn Bandaríkjastjórnar kröfðust þess að hömlum á ferðafrelsi Bhutto yrði aflétt tafarlaust. Pakistanstjórn sagði það verða gert strax í dag.**

- aa

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

## Bjartsýn á útrásarmöguleika

**ORKUMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar og utanríkisráðherra, segir að þótt meinbugir hafi verið á sameiningu REI og GGE sé brýnt að finna leið til þess að Orkuveitan og einkafyrirtæki geti unnið saman að virkjun jarðhita og tekið áfram þátt í verðmætasköpun á erlendri grund. Þetta kemur fram í grein sem hún ritar í Fréttablaðið í dag.

- sjá síðu 18




## SPURNING DAGSINS



*Magnús, er ekkert farið að slá í ástina?*

„Nei, ástin er síung og eilíf?“

Í gær var sextugasta sýning á leikritinu Ást, sem fjallar um ástir eldri borgara. Magnús Ólafsson fer með hlutverk í leikritinu.

Einn höfuðpaur og tvö burðardýr fíkniefna dæmd í Héraðsdómi Reykjaness:

# Kókaínsmyglarar í fangelsi

**DÓMSMÁL** Karlmaður og tvær konur voru í gær dæmd í fangelsi fyrir tilraun til að smygla tæplega 700 grömmum af mjög sterku kókaíni til landsins. Karlmaðurinn var dæmdur í 20 mánaða fangelsi en konurnar í eins árs fangelsi hvor.

Karlmaðurinn afhenti annarri konunni fíkniefnin í Amsterdam í Hollandi. Hún, og hin konan, földu efnin innan klæða og í líkama sínum og fluttu þau þannig til landsins. Þær voru handteknar þegar þær komu til landsins í febrúar. Við yfirheyrslur vísaði önnur konan á manninn og var hann handtekinn. Hann viðurkenndi að hann hefði ætlað að flytja efnin inn en það hefði verið fyrir annan mann sem hann nafngreindi ekki. Þá sagðist hann enn fremur hafa ætlað að selja hluta af efnunum sjálfur. Hann mun hafa fengið stúlkurnar til þess að vera burðardýr og var þeim lofað 400 þúsund krónum fyrir að smygla efnunum. Dómarinn leit svo á að þau þrjú hefðu staðið saman að innflutningnum en að maðurinn hefði skipulagt hann í því skyni að selja efnin.

Fíkniefnið reyndist við efnagreiningu vera 80 prósenta sterkur kókaínbasi. Hefði því mátt drýgja efnið umtalsvert. - jss




**HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS** Dómurinn yfir tveimur burðardýrum fíkniefna og einum höfuðpaur var kveðinn upp á Reykjanesi í gær.

Tveir nemendur handteknir:

# Hótuðu sænskum rektor lífláti

**SVÍÞJÓÐ** Tveir sextán og sautján ára nemendur í sænskum menntaskóla voru handteknir í gær fyrir að hafa hótað rektor skólans lífláti. „Það er ljóst að atburðirnir í Finnlandi voru innblástur drengjanna,“ sagði rektorinn Rolf Öden í samtali við fréttavef Dagens nyheter.

Öden vildi ekki tjá sig um hótunina en sagði drengina vera upptekna af vopnum og skólaskotárásinni í bandaríska bænum Columbine árið 1999 þegar tveir nemendur myrtu þrettán manns.

Lögregla telur að drengirnir hafi reynt að fá einhvern til að fremja morð. - sdg

Úrskurður siðanefndar:

# Umfjöllun DV sögð vægðarlaus

**FJÖLMIÐLAR** Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands hefur úrskurðað að Trausti Hafsteinsson, blaðamaður á DV, hafi brotið gegn siðareglum með ónærgætinni umfjöllun um mann í fjórum fréttum í ágúst og september.

Maðurinn er í DV sakaður um „andlegt og líkamlegt ofbeldi“ í fyrirsögn og einnig er fjallað um andleg veikindi fyrrverandi eiginkonu hans og sjálfsvígstilraunir hennar. Segir í úrskurðinum að umfjöllun um persónulegan harmleik sé vægðarlaus og eigi ekkert erindi í fjölmiðla. - sgj

Málræktarþing málnefndar:

# Ræða um stöðu íslenskunnar

**MENNING Íslensk málnefnd heldur árlegt málræktarþing í dag, í ellefta sinn. Þingið ber yfirskriftina „Málstefna í mótun“.**

**„Þessu sinni helgum við þingið vinnu við íslenska málstefnu,“ segir Guðrún Kvaran, formaður Íslenskrar málnefndar. Öllum er velkomið að koma á þingið, aðgangur er ókeypis og veitingar í hádegishléi verða í boði MS. Tveir gestir munu fá viðurkenningu fyrir íslenskunotkun í fjölmiðlum. Einnig verður ályktun um stöðu tungunnar kynnt.**

**Þingið hefst klukkan 11 í hátíðarsal Háskóla Íslands.** - sgj

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Skar í hálsinn með flösku

Til ryskinga kom í heimahúsi fyrir utan Reykjanesbæ aðfaranótt fimmtudags, sem enduðu með því að karlmaður stakk annan í hálsinn með brotinni flösku. Maðurinn var fluttur á sjúkrahús í Reykjavík með djúpan skurð á hálsi og líklega rifbeinsbrot. Þrír menn gistu fangaklefa og voru yfirheyrðir, en eru lausir nú.

# Fólk húkir í kulda í daufri von um bíl

**Þingmaður Sjálfstæðisflokks segir skort á leigubílum á næturnar um helgar vera niðurlægjandi fyrir farþega. Þá megi skoða endurreisn næturstrætisvagna. Samgönguráðherra óttast hærri leigubílagjöld ef fleiri leigubílar fara í akstur.**

**ALÞINGI** „Neytendur eru allt að því niðurlægðir þegar þá vantar þjónustu leigubíla á ákveðnum tímum sólarhrings um helgar,“ segir Ármann Kr. Ólafsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks. „Á veturna er þetta stórt mál.“

Ármann spurði Kristján L. Möller samgönguráðherra á Alþingi á miðvikudag um hvort hann hygðist beita sér fyrir fjölgun leigubíla í miðborg Reykjavíkur um helgar. Hann segir fólk geta freistast til að aka ölvað, fái það ekki leigubíl.



**ÁRMANN KR. ÓLAFSSON**

„Framundan er mikill annatími í tengslum við skemmtanir í aðdraganda jóla, árshátíðir og þorrablót,“ segir Ármann. „Það gengur ekki að bjóða fólki upp á það að húka í kuldanum í þeirri daufu von að með tímanum aumkvi einhver leigubílstjórinn sér yfir viðskiptavin og leyfi honum náðarsamlegast að setjast um borð.“

Ráðherra tók undir með Ármanni. „Hér er á ferðinni vandamál sem nauðsynlegt er að skoða nánar,“ sagði Kristján. „Það má líka bæta því við að því fleiri bílar sem eru í akstri, því verri rekstrarskilyrði verða fyrir þá sem eru í greininni, en það mun hugsanlega leiða til hærri notendagjalda.“

Ráðherra sagði að nú væri að störfum nefnd um heildarendurskoðun á regluverkinu sem gildir um leigubíla. Tillögur Ármanns verði teknar inn í þá endurskoðun og sagði ráðherra sér lítast sérstaklega vel á þá hugmynd hans að leigubílstjórar mættu gera út annan bíl um helgar sem um giltu einfaldari reglur.

Ármann gegnir einnig stöðu stjórnarformanns Strætó bs. Hann hefur beðið framkvæmdastjóra Strætó bs. um að taka saman minnisblað um reynsluna af rekstri næturstrætisvagna sem lagt verði fyrir stjórn. Stjórnin skoði svo hvort hefja eigi aftur akstur næturstrætisvagna um helgar.

Ástgeir Þorsteinsson, formaður Bifreiðastjórafélagsins Frama, segir oft erfitt að manna leigubílana um helgar með afleysingamönnum. „Ég held að Ármann geri sér enga grein fyrir hvað kostar að reka leigubíl. Þjónustan hér er sennilega sú albesta í Evrópu og hvergi annars staðar eru jafn margir leigubílar á mann,“ segir Ástgeir. Hann hvetur Ármann til að kynna sér málið betur.

steindor@frettabladid.is



**LEIGUBÍLARÖÐIN** Ármann Kr. Ólafsson þingmaður segir biðtímann eftir leigubíl óásættanlegan. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## TILLÖGUR ÁRMANNS

1. Skylda leyfishafa til þess að gera bílinn út á tímum þegar eftirspurnin er mest.
2. Fjölga leyfum í umferð ásamt því að skylda leyfishafa til þess að gera bílinn út á tímum þegar eftirspurnin er mest.
3. Gefa út sérstök leyfi fyrir þá sem vilja bara aka leigubíl á háannatíma.
4. Veita leyfishöfum leyfi til að gera út annan bíl á háannatímum. Sú útgerð lyti ekki eins ströngum reglum og væri ekki eins kostnaðarsöm og á aðalbifreiðinni.
5. Veita leigubílastöðvum leyfi til að gera út eigin bíla sem kæmu inn á háannatímum.
6. Gefa leigubílaakstur frjálsan.

Samruni REI og Geysis Green:

# Samrunaskýrsla bætir litlu við

**ORKUMÁL Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands hefur skilað álitsgerð um samruna Reykjavík Energy Invest og Geysis Green Energy. Skýrslan var unnin að beiðni Svandísar Svavarsdóttur, borgarfulltrúa VG, sem fer fyrir stýrihópi um málefni Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Svandís segir skýrsluna styrkja þau rök sem stýrihópur borgarráðs hélt fram varðandi samrunann. Annars hafi skýrslan litlu við að bæta, þar sem samruni fyrirtækjanna hefur þegar verið afturkallaður. Skýrsluna vann Ársæll Valfells viðskiptafræðingur.** - sgj

Toys“R“Us innkallar vöru:

# Lífshættulegar perlur í umferð

**NEYTENDUR** Leikfangaverslunin Toys“R“Us hefur tilkynnt Neytendastofu að ákveðið hafi verið að innkalla föndurperlur sem geta reynst lífshættulegar ef börn gleypa þær.



**PERLURNAR** Föndurperlunar geta verið banvænar við inntöku.

Föndurperlurnar, sem eru af gerðinni Aqua Dots, eru bleyttar með vatni til þess að þær festist saman, en upplýsingar um þær má finna á blaðsíðu 64 í jólabæklingi Toys“R“Us og á heimasíðunni www.toysrus.is.

Toys“R“Us hefur stöðvað sölu á vörunni og beinir því til þeirra sem keypt hafa perlurnar að skila þeim sem allra fyrst. - sgj






Fimmtán ára mega kaupa skotvopn samkvæmt finnskum lögum:

# Vilja herða lög um byssueign

**FINNLAND, AP** Tímabært er að hækka lágmarksaldur í Finnlandi til að kaupa skotvopn frá fimmtán ára upp í átján ára samkvæmt tillögu opinberrar nefndar sem talsmaður innanríkisráðuneytisins, Ilkka Salmi, greindi frá í gær. Börnum yngri en átján ára yrði þó áfram leyft að nota skotvopn undir eftirliti foreldra.

Skotárásin í finnskum miðskóla á miðvikudagin þegar átján ára nemandi skaut sjö til bana hefur beint kastljósi að skotvopnaeign í Finnlandi sem er sú þriðja hæsta í heiminum. Aðeins Bandaríkin og Jemen eru með hærra hlutfall.

Í Finnlandi búa 5,2 milljónir manna og hafa 650.000 manns leyfi til að eiga skotvopn, eða um þrettán prósent þjóðarinnar. Núgildandi lög heimila að fimmtán ára börn kaupi skotvopn með leyfi foreldra sinna.

Í viðræðum á vettvangi Evrópusambandsins um reglur varðandi skotvopn hafa finnsk stjórnvöld hingað til verið hörð á því að viðhalda þessu fimmtán ára aldurstakmarki á skotvopnaeign. Innanríkisráðherra Finnlands, Annel Holmlund, hefur lýst yfir breyttri afstöðu stjórnvalda. „Þar sem öll önnur ESB-ríki eru tilbúin til að taka upp átján ára aldurstakmark á skotvopnaeign ... vill Finnland ekki setja sig upp á móti slíku ákvæði í tilskipuninni við þessar aðstæður“. - sdg



**EFTIR ÁRÁSINA** Sjá mátti göt eftir kúlur úr byssu Pekka-Eric Auvinen í þessari glerhurð í skólanum þar sem hann myrti 7 manns. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ánægðustu viðskiptavinirnir

## Einkunn banka og sparisjóða í einstökum þáttum 2007

| | Ímynd | Væntingar | Vörugæði | Þjónustugæði | Virði | Ánægja | Tryggð | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sparisjóðurinn** | **80,4** | **83,5** | **79,4** | **84,9** | **80,4** | **78,1** | **85,0** | **81,7** |
| SPRON | 78,8 | 79,4 | 77,4 | 80,5 | 76,0 | 74,2 | 80,9 | 78,2 |
| BYR | 76,9 | 78,9 | 77,1 | 80,6 | 74,7 | 73,0 | 77,3 | 76,9 |
| Glitnir | 77,7 | 78,7 | 76,0 | 79,7 | 75,3 | 72,8 | 78,1 | 76,9 |
| Landsbankinn | 78,0 | 77,7 | 75,6 | 78,5 | 74,3 | 72,6 | 78,2 | 76,4 |
| Kaupþing | 75,4 | 76,1 | 73,8 | 76,6 | 72,8 | 68,9 | 73,4 | 73,8 |
| **Meðaltal** | **77,6** | **78,5** | **76,0** | **79,4** | **75,1** | **72,6** | **78,1** | **77,3** |

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

# Sparisjóðurinn **DÚXAR!**

**Viðskiptavinir fjármálafyrirtækja gefa Sparisjóðnum hæstu einkunn**

Samkvæmt mælingum Íslensku ánægjuvogarinnar 2007 eru viðskiptavinir Sparisjóðsins þeir ánægðustu á markaði banka og sparisjóða. Sparisjóðurinn fær hæstu einkunn í öllum þáttum sem mældir voru. Persónuleg þjónusta er okkar aðalsmerki og stuðlar að ánægjulegu samstarfi við alla okkar viðskiptavini. Starfsfólk Sparisjóðsins þakkar viðskiptavinum þessar ánægjulegu niðurstöður sem hvetja okkur til að gera enn betur í framtíðinni.

SPARISJÓÐURINN

www.spar.is

Fíton/SÍA

**GENGIÐ 09.11.2007**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 59,78 | 60,06 |
| Sterlingspund | 126,25 | 126,87 |
| Evra | 87,87 | 88,37 |
| Dönsk króna | 11,788 | 11,856 |
| Norsk króna | 11,269 | 11,335 |
| Sænsk króna | 9,480 | 9,536 |
| Japanskt jen | 0,5379 | 0,5411 |
| SDR | 95,07 | 95,63 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 117,022

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Framkvæmdastjóri Styrktarfélags vangefinna vill að fatlaðir njóti launa, ekki bóta:

# Hæfingarstöðvar geta ekki greitt meira

**KJARAMÁL** „Þetta eru lágar greiðslur en við höfum ekki meira á milli handanna,“ segir Þóra Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri Styrktarfélags vangefinna, um þær greiðslur sem fatlaðir fá fyrir vinnu sína á hæfingarstöðinni Bjarkarási sem Styrktarfélagið rekur.

Greint var frá því í Fréttablaðinu á þriðjudag að fatlaður maður sem starfar á Bjarkarási fékk launaseðil sem hljóðaði upp á 4.200 krónur í mánaðarlaun. Þóra segir það hafa verið mistök hjá hæfingarstöðinni að nefna greiðsluna laun eins og gert hafi verið heldur hafi um hlutdeild verið að ræða. Hæfingarstöðin tekur að sér ýmis verkefni fyrir fyrirtæki, svo sem álímingar og pökkun. Þóra segir stöðvarnar fá greitt fyrir verkefnin en stofnanir þurfi sjálfar að standa straum af kostnaði á hráefni og tækjum. Greiðslurnar sem fáist frá fyrirtækjunum renni til þess en sá afgangur sem eftir verður greiðist til starfsmanna.

Tryggingabætur fatlaðra eiga að koma í stað launa samkvæmt skilgreiningu velferðarkerfisins. Þóra segist vona að þegar Tryggingastofnunin mun heyra undir félagsmálaráðuneytið, eins og stefnt er á að verði um áramót, verði bótagreiðslur lagðar niður en fólki þiggi laun fyrir störf sín á hæfingarstöðvum og í dagþjónustu. **- kdk**



**LAUN EN EKKI BÆTUR** Framkvæmdastjóri Styrktarfélags vangefinna vill að fatlaðir fái greidd laun fyrir vinnu sína á hæfingarstöðvum og í dagþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Varði sig sjálfur fyrir dómi:

# Sektaður fyrir fíkniefnabrot

**DÓMSMÁL** Tuttugu og átta ára gamall karlmaður hefur verið dæmdur til 300.000 króna sektargreiðslu fyrir vörslu fíkniefna. Í fórum hans fundust rúm sex grömm af amfetamíni, tuttugu e-töflur, 1,6 grömm af hassi og smáræði af tóbaksblönduðu kannabis. Hann varði sig sjálfur fyrir dóminum.

Dómurinn féll í Héraðsdómi Suðurlands. Maðurinn játaði sekt sína, en hann á langan brotaferil að baki vegna fíkniefnamála. Refsingin var ákveðin 300.000 króna sekt, en 22 daga fangelsi ef sektin verður ekki greidd innan fjögurra vikna. **- sþs**



**ÞINGSINS GÆTT** Lögregla gætir þinghússins í Tíblisi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Neyðarlög í Georgíu:

# Þingið styður forsetann

**GEORGÍA, AP** Georgíuþing samþykkti í gær mótatkvæðalaust að styðja neyðarlög þau sem Mikheil Saakashvili forseti hafði gripið til að lýsa yfir í kjölfar harðvítugra átaka milli óeirðalögreglu og mótmælenda á götum höfuðborgarinnar Tíblisi.

Atkvæði féllu 149 gegn engu, en alls eiga 235 fulltrúar sæti á Georgíuþingi. Þingmenn stjórnarandstöðunnar sniðgengu atkvæðagreiðsluna.

Í tilraun til að slá á ólguna í landinu hefur Saakashvili ákveðið að færa forsetakosningar til janúar næstkomandi. **- aa**

## LEIÐRÉTTINGAR

Rangt var farið með nafn Guðmundar H. Bragasonar, fyrrum þulu hjá Sjónvarpinu, í Fréttablaðinu í gær og hann sagður heita Guðmundur F. Benediktsson. Sá er hins vegar útvarpsþulur hjá Ríkisútvarpinu.

Vegna mistaka við vinnslu Fréttablaðsins birtist gömul auglýsing frá Toy's R' us í blaðinu í gær. Auglýst voru tilboð með vörum sem eru búnar og eru því ekki lengur í gildi.

# Bæjarfulltrúar biðja hver annan að víkja

**Minnihluti bæjarstjórnar Álftaness vill að bæjarstjórinn fái lausn frá störfum. Hann hafi nýlega verið dæmdur í héraðsdómi fyrir vanefndir á samningum. Forseti bæjarstjórnar biður þá að hætta í stjórn sem þurfa að níða bæjarfulltrúa.**

**STJÓRNMÁL** Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisfélagsins á Álftanesi vilja Sigurð Magnússon bæjarstjóra úr starfi. Hann hafi verið dæmdur í héraðsdómi fyrir vanefndir á samningum, og siðferðisspurning vakni um hvort einstaklingur með slíkan dóm á bakinu sé hæfur til að stjórna bæjarfélagi.

Dómurinn sem málið snýst um féll í Héraðsdómi Reykjaness síðastliðinn þriðjudag. Þar var Margfeldi ehf. dæmt til að greiða Hjálmtý Sigurðssyni rúma eina og hálfa milljón króna vegna vangoldinna launa. Margfeldi er í eigu Sigurðar Magnússonar bæjarstjóra.

Vantrauststillaga var lögð fram á fundi bæjarstjórnar Álftaness á fimmtudag. Á fundinum sagði Sigurður hópi fyrirtækisins sitt hafa dregist með óheppilegum hætti í deilu milli nýrra eigenda fyrirtækis sem Margfeldi seldi, og rekstrarstjóra sem lengi hafði starfað hjá viðkomandi fyrirtæki. Deilan sé með öllu óviðkomandi málefnum Sveitarfélagsins Álftaness eða störfum sínum sem bæjarstjóra.

Tillagan um að bæjarstjóranum yrði veitt lausn frá störfum var felld með fjórum atkvæðum gegn þremur. Forseti bæjarstjórnar, Kristján Sveinbjörnsson, færði til bókar að bæjarfulltrúar Sjálfstæðisfélagsins hefðu uppi ítrekaðan persónulegan og oft níðingslegan málflutning. Málið ætti ekkert erindi inn á bæjarstjórnarfund og hann bæði þá bæjarfulltrúa sem þyrftu opinberlega að níða persónulega aðra bæjarfulltrúa að draga sig í hlé frá störfum í bæjarstjórn.

„Það er ósköp leiðinlegt að starfa í svona andrúmslofti, þegar menn farameðsvonabullíbæjarstjórnir,“ segir Sigurður. „Þetta er svona þegar menn hafa misst sjónar á málefnunum.“ Hann segist efast um að íbúar á Álftanesi hafi nokkurn áhuga á máli sem þessu.

Guðmundur G. Gunnarsson, oddviti Sjálfstæðisfélagsins á Álftanesi, segist ekki vilja gera úr málinu. „Við veltum upp þessari spurningu, hvort það orkaði tvímælis að maður sem hefur fengið slíkan dóm sé hæfur til að vera framkvæmdastjóri bæjarfélags. Meirihlutinn mat það svo að þetta væri ekki áhyggjuefni og þá er málið búið.“ **salvar@frettabladid.is**



**ÁLFTANES** Sameinaður listi félagshyggjuflokka, Álftaneslistinn, er í meirihluta í bæjarfélaginu. Listi Sjálfstæðismanna er einn í minnihluta.



**KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON** Forseti bæjarstjórnar sakar minnihlutann um persónulegt níð gagnvart bæjarstjóranum.



**GUÐMUNDUR G. GUNNARSSON** Oddviti Sjálfstæðisfélagsins vill að bæjarstjórinn víki úr starfi.



**SIGURÐUR MAGNÚSSON** Bæjarstjórinn segir leiðinlegt að starfa í andrúmslofti þar sem menn fara með bull í bæjarstjórnir.



**GLEÐI** Læknirinn sem stýrði aðgerðinni, faðir og bróðir Lakshmi á blaðamannafundi á sjúkrahúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átta lima gyðjubarnið:

# Lakshmi komin til meðvitundar

**INDLAND, AP Indversk stúlka sem fæddist með fjóra handleggi og fjóra fótleggi komst í gær til meðvitundar, tveimur dögum eftir að útlimirnir sem ofaukið var voru fjarlægðir í flókinni skurðaðgerð á sjúkrahúsi í Bangalore. Að sögn lækna hreyfði hún tærnar, brosti til móður sinnar og spurði hvað orðið hefði um þá hluta líkama hennar sem nú væru horfnir.**

**Í heimaþorpi hinnar tveggja ára gömlu Lakshmi töldu trúaðir hindúar að hún væri hin fjögurra handleggja hindúagyðja með sama nafni endurholdguð. - aa**

Hæstiréttur úrskurðar:

# Farbann Lettans fellt úr gildi

**HÆSTIRÉTTUR** Hæstiréttur felldi í gær úr gildi úrskurð um farbann gegn lettneskum starfsmanni starfsmannaleigunnar Nordic Construction Line, eða GT verktaka.

Maðurinn hafði verið úrskurðaður í farbann til 9. nóvember vegna rannsóknar á brotum gegn almennum hegningarlögum en hann var talinn hafa átt hlutdeild í meintu broti á tíu starfsmönnum á Kárahnjúkum sem töldu sig ekki hafa fengið launakjör í samræmi við samninga. **- ghs**






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**LÆGÐAGANGUR**

Það er lægð á leið austur yfir land. Henni fylgir nokkuð myndarlegt úrkomubelti sem er hraðfara. Því verður víða úrkoma um hádegi, rigning syðra en snjókoma eða slydda nyrðra. Eftir hádegi styttir svo upp vestanlands, léttir til og kólnar heldur. Á austurhluta landsins verða slydduéða snjóél fram eftir degi en úrkomulítið í kvöld.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Fremur stíf norðvestanátt. Rigning í fyrstu, styttir upp og léttir til eftir hádegi. Hiti 2-6 stig.




Vaxandi SA-átt 10-15 m/s suðvestan til síðdegis og fer að rigna.

Strekkingur með ströndum sunnan og austan til.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C skúrir | London | 13°C léttskýjað | Friedrichshafen | 6°C skúrir |
| Billund | 6°C skúrir | París | 11°C skýjað | Lúxemborg | 8°C rigning |
| Osló | 3°C léttskýjað | Amsterdam | 11°C skúrir | Alicante | 19°C skúrir |
| Stokkhólmur | 2°C skúrir | Frankfurt | 8°C skúrir | Róm | 15°C léttskýjað |
| Gautaborg | 6°C skúrir | Berlín | 5°C skúrir | Las Palmas | 25°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# OPINN HÁSKÓLI



**Háskólinn í Reykjavík er opinn háskóli. Þess vegna bjóðum við almenningi að koma og taka valin námskeið til eininga úr deildum HR. Námskeiðin eru opin þeim sem vilja auka samkeppnishæfni sína og bæta við þekkingu sína.**



## EININGANÁMSKEIÐ Í BOÐI Í OPNA HÁSKÓLANUM

**NÁMSFRAMBOÐ Á VORÖNN 2008:**

| **Viðskiptadeild** | **Tölvunarfræðideild** |
|---|---|
| Alþjóðaviðskipti | Forritun 1 |
| Fjármál I | Gagnasafnsfræði |
| Neytendahegðun og markaðssamskipti | Gluggakerfi |
| Stjórnun starfsframa | Kerfisgreining |
| Viðskiptaspænska | Notendamiðuð hugbúnaðargerð |

| **Lagadeild** | **Tækni- og verkfræðideild** |
|---|---|
| Félagaréttur | Eðlisfræði I |
| Fjölskyldu- og erfðaréttur | Orkutækni I |
| Hugverkaréttur | Tölvustudd teikning á vélasviði |

**Kennslufræði- og lýðheilsudeild**
- Heimur íþrótta
- Nám og þroski
- Næring og heilsa

**www.opinnhaskoli.hr.is**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY
www.hr.is

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér sóðaskapur á götum úti hafa aukist?*

| | |
|---|---|
| Já | 71,8 % |
| Nei | 28,2 % |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætti strætó að vera gjaldfrjáls fyrir alla?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Jákvæðar breytingar á heilbrigðiskerfi segir röntgenlæknir á Domus Medica:

# Breytir litlu fyrir einkarekstur

**HEILBRIGÐISMÁL** Fyrirhugaðar breytingar á heilbrigðiskerfinu munu ekki endilega verða til þess að auðvelda heilbrigðisstarfsfólki í einkarekstri að fá verkefni, segir Þorkell Bjarnason röntgenlæknir.

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra hefur boðað að skilið verði milli kaupenda og seljenda í heilbrigðiskerfinu. Sérstök innkaupastofnun muni sjá um að kaupa verk af heilbrigðiskerfinu, en greiðandinn verði ríkið.

„Ég held að það sé bara kostur að breyta kerfinu, menn eru búnir að vilja aðskilja kaupendur og seljendur í mörg ár," segir Þorkell. Hann er þó efins um að þessi kerfisbreyting muni hafa miklar breytingar í för með sér fyrir aðila í einkarekstri. Þó megi vona að innkaupastofnunin sjái hag sínum betur borgið með því að kaupa læknisverk af einkaaðilum en ríkisstofnunum.

Þorkell hefur mikla reynslu af einkarekstri í heilbrigðisþjónustu, en hann var einn stofnenda Röntgen Domus Medica árið 1993.

„Það sjá það allir að það eina sem vit er í er að auka einkarekstur í heilbrigðisþjónustunni, allt annað er bara rugl. Það hefur sýnt sig að það er mikill sparnaður í einkarekstrinum," segir Þorkell. - bj

### STÝRIR BREYTINGUM

Tilkynnt var um ráðningu dr. Sigurbjargar Sigurgeirsdóttur til að stýra undirbúningi skipulagsbreytinga í heilbrigðisráðuneytinu í gær. Sigurbjörg er ráðin tímabundið til 1. september 2008, og mun hún vinna að endurskoðun á framkvæmd sjúkra- og slysatrygginga almannatrygginga og undirbúa starfsemi innkaupastofnunar sem annast mun kaup, greiðslur og samninga um heilbrigðisþjónustu.

Sendibílstjóri sýknaður:

# Mátti keyra án öryggisbeltis

**DÓMSMÁL** Karlmaður var sýknaður af ákæru um umferðarlagabrot í Héraðsdómi Suðurlands í gær. Hann var stöðvaður af lögregluþjónum í Vestmannaeyjum í febrúar á þessu ári fyrir að aka sendibíl án þess að vera með öryggisbeltið spennt.

Maðurinn játaði að hafa keyrt beltislaus en sagði undanþágu umferðarlaga hafa gilt um akstur sinn. Undanþágan segir að ekki sé skylt að nota belti í bíl þegar ekið sé í atvinnuskyni þar sem hraði sé jafnan lítill og fara þurfi úr og í ökutækið með stuttu millibili. Dómurinn féllst á þá skýringu og sýknaði manninn. - sþs





– opið til kl. 22.00 öll kvöld

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18


# Orka úr Þjórsá ekki seld til nýrra álvera

**Landsvirkjun ætlar í viðræður um sölu á orku úr virkjunum í Þjórsá til netþjónabús og kísilhreinsunarverksmiðju. Ætlar ekki að selja orku til álvera á Suður- og Vesturlandi. Kemur á óvart og veldur vonbrigðum segir forstjóri Alcan.**

**ORKUMÁL** Landsvirkjun ætlar ekki að selja orku úr virkjunum í neðri hluta Þjórsár til nýrra álvera. Stjórn fyrirtækisins telur hærra orkuverð fást í öðrum iðnaði, auk þess sem betra sé að dreifa áhættu með því að selja öðrum en álbræðslum.

Þetta útilokar þó ekki aukna sölu til álvera sem þegar eru starfandi, segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar. Þessi ákvörðun hefur ekki áhrif á mögulega uppbyggingu álvers við Húsavík, né mögulegt álver við Helguvík á Reykjanesi.

Þegar ljóst var að ekki yrði af stækkun álvers Alcan í Straumsvík óskaði stjórn Landsvirkjunar eftir því að fyrirtækið ynni úttekt á markaði fyrir orku á Suður- og Vesturlandi, segir Friðrik. Mikill áhugi virðist vera á orkukaupum.

„Stjórnin ákvað að við myndum reyna að semja við fyrirtæki sem ekki væru í áli, og gætu borgað hærra verð en við höfum fengið hingað til," segir Friðrik. Einnig hafi skipt máli að greiðslur fyrir orkusölu til álvera séu háðar álverði, og því hafi verið æskilegt að semja við fyrirtæki í öðrum iðnaði til að dreifa áhættu með aukinni fjölbreytni.

Stjórn Landsvirkjunar hefur því ákveðið að hefja viðræður við fyrirtæki sem hefur hug á að reisa netþjónabú hér á landi. Auk þess er hafinn undirbúningur að viðræðum við fyrirtæki sem vill reisa hér fyrirtæki á sviði kísilhreinsunar fyrir sólarrafala.

Fulltrúar Landsvirkjunar vilja ekki gefa upp hvaða fyrirtæki er um að ræða. Friðrik segir þó líklegast að þessi starfsemi verði staðsett á Suðurlandi eða Reykjanesi.

Möguleg orkuþörf þessara tveggja fyrirtækja gæti numið um þriðjungi þess afls sem reiknað er með að verði til í þremur virkjunum í Þjórsá. Friðrik segir að þetta geti þýtt ákveðið hagræði við gerð virkjananna.

Ef selja ætti orkuna einum stórum kaupanda þyrfti að byggja allar þrjár virkjanirnar í einu. Verði orkan hins vegar seld mörgum smærri fyrirtækjum megi byggja eina virkjun í einu, sem sé bæði hagkvæmara og hafi að auki minni efnahagsáhrif.

brjann@frettabladid.is




**ÞJÓRSÁ** Virkjanir í neðri hluta Þjórsár hafa verið umdeildar. Hér sjást mótmælendur sýna land sem fer undir vatn, en Landsvirkjun hefur sagt að stærstur hluti lóna vegna þriggja virkjana verði í núverandi árfarvegi.



RANNVEIG RIST



FRIÐRIK SOPHUSSON

### STEINN Í GÖTU ÁLVERS Í ÞORLÁKSHÖFN

„Þessi tíðindi koma vissulega á óvart. Þetta eru vonbrigði fyrir okkur því þetta þýðir að möguleikar okkar á því að reisa nýtt álver annars staðar en í Straumsvík eru ekki jafn miklir og þeir hafa verið," segir Rannveig Rist, forstjóri álvers Alcan í Straumsvík.

Alcan hefur verið að skoða möguleika á byggingu nýs álvers í Þorlákshöfn eða á Keilisnesi, auk þess sem verið er að skoða möguleika á stækkun á landfyllingu í Straumsvík.

Hún segir að nú verði stjórnendur fyrirtækisins að átta sig á áhrifum þessarar yfirlýsingar Landsvirkjunar á framtíðaráform fyrirtækisins.

„Við stöðum í þeirri trú að við hefðum meiri möguleika en nú er komið í ljós. Við þurfum að skoða þetta útspil Landsvirkjunar," segir Rannveig.









Formaður Vinstri-grænna telur Landsvirkjun ekki hafa breytt stefnu sinni:

# Áform um þrjú álver standa

**ORKUMÁL** „Ég minni á að öll plönin eru inni um stækkunina í Straumsvík, því ég veit ekki betur en að Alcan hangi á því vilyrði. Þá eru áformin um álver í Helguvík og á Húsavík ennþá inni," segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, um tilkynningu Landsvirkjunar þess efnis að fyrirtækið muni ekki ganga til samninga við fyrirtæki sem hafi hug á að byggja álver á Suður- og Vesturlandi.

„Þetta þýðir bara að verkefni númer fjögur eða fimm eru fryst í bili. Áform um eitt eða tvö álver í Þorlákshöfn og Keilisnesi og eitthvað því um líkt."



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Steingrímur telur því ekki að um grundvallarstefnubreytingu sé að ræða.

„Þetta er ekki stefnubreyting en Landsvirkjun er að horfast í augu við raunveruleikann. Það er ágætt, það er örlítið að rofa til í álbræðsluæðinu hjá fyrirtækinu. Fleiri hugsanir komast nú að."

Hann segir ákvörðina þó ekki breyta afstöðu Vinstri græna til virkjunar í Þjórsárverum.

„Netþjónabú losa ekki mengaðar lofttegundir líkt og álverin og sem atvinnuuppbygging og iðnaður er þetta tvímælalaust framför frá álbræðslu. En það styrkir frekar rökin á móti virkjun í Þjórsá – að það þurfi ekki þessar virkjanir.

Það er talsvert til í kerfinu nú þegar og það er hægt að leysa meiri orkuþörf með miklu minni umhverfisförnum og miklu óumdeildari virkjunum en þeim sem felast í virkjun Þjórsár," segir Steingrímur og nefnir sem dæmi Búðarhálsvirkjun, sem sé snyrtileg virkjun inni á svæði sem þegar hefur verið raskað. - bj / - eb

# Jólaspilið í ár

## MONOPOLY fasteignaspilið

Loksins fáanlegt aftur,
hefur verið uppselt í á annað ár...
Eigðu frábærar stundir
í þessu frábæra fjölskylduspili...




**Nýtt útlit
nýjar götur**

Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hver hefur afþakkað laun fyrir leik sinn í Stundinni okkar?
2. Hvað heitir skólinn í Finnlandi þar sem byssumaður skaut átta til bana?
3. Hver hefur verið útnefndur besti leikmaður fyrstu sjö umferðanna í úrvalsdeild karla í handbolta?

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 74

Sjónvarpið semur við Björgólf Guðmundsson um gerð leikinna sjónvarpsþátta:

# Stefna á útrás með íslensku þættina

**MENNING** Sjónvarpið og Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbanka Íslands, hafa gert samkomulag um að standa saman að framleiðslu leikins íslensks sjónvarpsefnis á næstu þremur árum, og hyggjast verja 200 til 300 milljónum til þess á tímabilinu.

Áherslan verður á sjónvarpsþáttaraðir, og er gert ráð fyrir því að Sjónvarpið muni kaupa tvær þáttaraðir á ári af sjálfstæðum framleiðendum, segir Páll Magnússon, útvarpsstjóri RÚV. Sjónvarpið mun verja ákveðinni upphæð til hvers verkefnis, og mun Björgólfur tvöfalda þá upphæð samkvæmt samkomulagi sem undirritað var í gær.

Leikið íslenskt sjónvarpsefni er sú listgrein sem hefur orðið hvað mest útundan, enda afar dýr í framleiðslu, segir Páll. Því sé það fagnaðarefni að tekist hafi að fá öflugan stuðning við verkefnið.

„Ég sé fyrir mér að við séum ekki bara að framleiða þetta fyrir íslenska sjónvarpið, við ætlum í útrás líka. Við erum að búa til sterka atvinnugrein með þeim aðilum sem hafa lagt þetta nám fyrir sig," sagði Björgólfur á kynningarfundi í gær.

Undir það tók Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri Sjónvarpsins. „Við viljum skila þessu til íslenskra áhorfenda, og selja þetta utan. Þetta er okkar markmið, við viljum verða góð í þessu. [...] Vonandi verðum við eins og Danirnir, farin að keppa um Emmy-verðlaunin einhvern tímann síðar." - bj



**ÍSLENSKT EFNI** Páll Magnússon, Björgólfur Guðmundsson og Þórhallur Gunnarsson skrifuðu undir samkomulagið í Iðnó í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






# Afturför í íslenskri jafnréttisbaráttu

**Á kynjafræðiþingi var rætt um stöðnun jafnréttisbaráttunnar á Norðurlöndunum. Sífellt fleiri ríki taka fram úr hægum framfaraskrefum Norðurlanda. Prófessor í stjórnmálafræði telur kynjakvóta geta komið ríkjunum aftur á skrið.**

**JAFNRÉTTI** Kynjakvótar og staða jafnréttis á Norðurlöndum voru umræðuefni í upphafi Kynjafræðiþings á vegum rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum. Spurt var hvort kynjakvótar gætu reynst hjálpartæki í stöðnuðu jafnréttisumhverfi Norðurlanda. Drude Dahlerup, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann í Stokkhólmi, hefur rannsakað kynjakvóta víða um heim og telur að þeir geti hjálpað, þótt þeir valdi ekki byltingu í jafnréttismálum.

„Ég legg ríka áherslu á að konur eigi jafnmarga fulltrúa og karlar á þingi og annars staðar. Ég geri það af lýðræðislegum ástæðum og af því að konur í háum embættum eru mikilvægar fyrirmyndir," sagði Dahlerup.

Þorgerður Einarsdóttir, lektor í kynjafræði við Háskóla Íslands, sat í pallborði með Dahlrup og hún benti á að það hefði lítil áhrif á jafnréttisbaráttuna ef konurnar sem veljast í embætti vinna ekki markvisst að málstað kvenna. Þá myndu kynjakvótar helst gagnast sjálfstæðiskonum, en þær væru ekki þekktar fyrir að vinna að hagsmunum kvenna. Dahlerup er sammála því að femínískar áherslur séu mikilvægar.

„Ég tel að framgangur femínisma sé mikilvægur en ég tel líka í lagi að skilja þessi markmið í sundur. Karlar ættu til dæmis að hjálpa til við að ná femínískum markmiðum."

Mitt markmið er fyrst og fremst að fjölga konum, líka íhaldssömum konum, því ég tel að þær eigi rétt á því að segja það sem þær vilja segja, jafnvel þótt það hagnist ekki öðrum konum. Ef þær komast ekki að, þá höfum við bara íhaldssama karla, og hvort ætli sé betra? Ég hef trú á því að konur breyti umræðunni og breyti viðhorfum karlanna sem þær starfa með."

Dahlerup telur að kynjakvótar í stjórnmálaflokkum muni gefa góða raun á Norðurlöndum, þá ekki síst Danmörku og Íslandi, sem hún kallar glerþakslöndin. Þar hefur minnstur árangur náðst og á Íslandi hefur orðið afturför.

„Það mikilvægasta er að stöðna ekki. Norðurlöndin eru fyrirmyndin og allir vænta þess að við gerum eitthvað, að við finnum lausn á kynbundnum launamuni svo dæmi sé tekið. Við höfum haft lög um launajafnrétti í tugi ára en fátt hefur breyst. Við höfum setið föst í stjórnsýslulegum útfærslum en vantar nýja kvennahreyfingu, grasrótarhreyfingu sem kemur hlutunum aftur af stað."

eva@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**MIKILVÆGAR FYRIRMYNDIR** Dahlerup telur að konur séu mikilvægar fyrirmyndir óháð því hvaða sjónarmiðum þær halda á lofti. Þá sé það réttlætismál að konur séu jafnmargar körlum á þingum ríkja.

### HLUTFALL ÞINGKVENNA

**ÍSLAND**
36% 1999, 31% 2003, 32% 2007

**DANMÖRK**
37% 1998, 38% 2001, 37% 2005

**SVÍÞJÓÐ**
43% 1998, 45% 2002, 47% 2006

Drude Dahlerup kallar Ísland og Danmörku glerþakslöndin því þau hafi staðnað, eða jafnvel hafi orðið afturför. Þar sé eftir sem áður viðhorfið á þann veg að jafnrétti sé í höfn. Svíþjóð taki aftur á móti hæg framfaraskref en þar sé árangurinn ekki talinn fullnægjandi.

Hæstiréttur ómerkir dóm vegna mistaka í Héraðsdómi Vesturlands:

# Kom aldrei fyrir dómarann

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur ógilt úrskurð Héraðsdóms Vestfjarða í máli karlmanns vegna þess að hann kom aldrei fyrir þann dómara sem dæmdi í málinu. Maðurinn var sakfelldur í héraðsdómi fyrir að hafa ruðst inn á heimili konu og tveggja stúlkna, káfað á annarri stúlkunni og reynt að klæða hina úr buxunum.

Aðalmeðferð málsins fór fram í héraðsdómi í janúar í fyrra, en brotin áttu sér stað árið 2002. Héraðsdómarinn fór hins vegar í frí áður en dómur var kveðinn upp og fór skýrslugjöf og málflutningur fram að nýju hjá dómaranum sem tók við málinu. Það var gert í janúar á þessu ári.

Maðurinn sem ákærður var kaus að mæta ekki til þinghaldsins þegar það var tekið fyrir öðru sinni. Að honum fjarstöddum var hann dæmdur í sex mánaða fangelsi og auk þess að greiða 400.000 krónur í skaðabætur og tæplega 900.000 krónur í sakarkostnað.

Úrskurðinum var áfrýjað til Hæstaréttar, og krafðist maðurinn þess að málinu yrði vísað frá héraðsdómi eða að dómurinn yrði ómerktur og vísað aftur í hérað. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði mátt fella dóm á málið án þess að ákærði hefði komið fyrir þann dómara sem dæmdi í málinu. Dómurinn var því ómerktur og vísað aftur til héraðs. - sþs

### VÍSAÐ AFTUR HEIM

- Í lögum um meðferð opinberra mála er gert ráð fyrir að sá sem er ákærður mæti við þingfestingu máls. Dómarinn biðji lögregluna að færa hann fyrir dóm mæti hann ekki.
- Leyfilegt er að dæma mál að fjarstöddum þeim sem ákærður er ef ákveðin skilyrði um viðurlög brotsins og fyrri framburð hans eru uppfyllt.
- Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að þessi skilyrði hefðu ekki verið uppfyllt þegar maðurinn var dæmdur án þess að hafa komið fyrir dómarann. Í öðrum tilvikum sé ekki heimilt að fella dóm yfir manni án þess að hann hafi komið fyrir dómarann sem dæmir í málinu. Því var úrskurður héraðsdóms ómerkur.




# Stórtónleikar í Reykjaneshöllinni

## í boði SpKef, í dag 10. nóvember frá kl. 15 - 18

í tilefni af 100 ára afmæli Sparisjóðsins í Keflavík

**Hoppu-kastalarar**

**Andlits-málun**

SpKef 100 1907-2007

Sjóður Suðurnesjamanna í 100 ár

# Flóðbylgjan ekki jafn skæð og spár sögðu

**Þúsundir Breta sneru aftur til heimila sinna í gær eftir að spár um flóð og eyðileggingu vegna flóðbylgju á Norðursjó gengu ekki eftir. Árið 1953 varð flóðbylgja á Norðursjó yfir 2.000 að bana. Áfram er eftirlit á norðurströnd Hollands.**

**BRETLAND, AP** Bretar sluppu með skrekkinn í gær þegar spár um mikil flóð á austurströndinni vegna flóðbylgju á Norðursjó gengu ekki eftir og flóðvarnargarðar héldu. Þúsundir þurftu að yfirgefa heimili sín á austurströnd Bretlands á fimmtudagskvöld vegna flóðahættu en sneru aftur í gær eftir að talið var að mesta hættan væri liðin hjá.

Aðvaranir vegna flóða höfðu verið gefnar út í Bretlandi, Hollandi og Þýskalandi. Breska umhverfisstofnunin varaði við að „líf og eignir væru í gífurlegri hættu“ á nokkrum stöðum.

Ölduhæð náði mest sex metrum við flóðvarnargarða í Lowestoft sem er austasti hluti Bretlands í um 190 kílómetra fjarlægð frá London. „Þetta varð ekki jafn slæmt og við bjuggumst við,“ sagði Jill Bird, 47 ára kokkur á hóteli í bænum Great Yarmouth, sem er skammt norður af Lowestoft og búist var við að yrði einna verst úti. „Við vorum mjög áhyggjufull vegna þess að þetta var stærsta flóðbylgjan síðan árið 1953 þegar nokkurhundruð manns létust. Þannig að við teljum okkur mjög, mjög lánsöm í dag.“ Yfir 2.000 manns létust í flóðbylgjunni árið 1953.

Hinum risavöxnu Maeslant-flóðvarnargörðum við Rotterdam í Hollandi var lokað í fyrsta skipti frá því þeir voru reistir árið 1997. Tilkynnt var í gær að áfram verði fylgst með ástandi mála á norðurströnd Hollands en aðrir landshlutar séu úr hættu. Er þetta í fyrsta skipti frá árinu 1976 að öll strandlengjan við Norðursjó er undir eftirliti að því er hollenska samgönguráðuneytið greindi frá. Þriðjungur landsvæðis í Hollandi er fyrir neðan sjávarmál.

sdg@frettabladid.is






**VERÐMÆTI** Demantshringur með átthyrndum rauðum 2,36 karata demanti var til sýnis í aðdraganda hins árlega haustskartgripauppboðs í Genf. Áætlað verðmæti hringsins er á bilinu 72 til 90 milljónir króna. NORDICPHOTOS/AFP



**HARMUR** Frá útför eins skóladrengsins í Baghlan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sprengjutilræðið í Baghlan:

## 59 afgönsk skólabörn dóu

**AFGANISTAN, AP** Í sjálfsmorðssprengjutilræði sem framið var í norðurhluta Afganistans fyrr í vikunni fórust 59 skólabörn og 96 önnur særðust, að því er afganska menntamálaráðuneytið í Kabúl greindi frá í gær.

Börnin höfðu raðað sér upp til að heilsa þingnefnd er hún heimsótti sykurverksmiðju í Baghlan-héraði þegar sjálfsmorðssprengjumaður gerði árás. - aa

Kínverskur glæpamaður:

## Faldi sig í göngum í sautján ár

**KÍNA** Eftirlýstur glæpamaður faldi sig í sautján ár í göngum undir húsinu sínu í Zhangxu í Kína. Lögreglan hefur loks haft uppi á honum eftir ábendingu og grafið hann úr felum.

Maðurinn, Hui Guangwen, er sakaður um að hafa myrt mann úr nálægu þorpi í kjölfar minni háttar ágreinings. Hann segist aldrei hafa vikið úr göngunum öll þessi ár, en eiginkona hans hjálpaði honum að grafa þau. Hún sætir ákæru fyrir að hylma yfir með manni sínum.

„Mér leiddist virkilega mikið þarna niðri,“ sagði Hui þegar hann loksins náðist. - sgj

Noregsstjórn vill herða lög:

## Ekki skjól fyrir eftirlýsta menn

**NOREGUR, AP Norska ríkisstjórnin lagði í gær fram frumvarp um að hækka hámarksrefsingu fyrir stríðsglæpi, þjóðarmorð, glæpi gegn mannkyni og hryðjuverk úr 21 ári í 30 ár. Einnig að tímatakmörk á ákærufresti verði afnumin og að lögin verði afturvirk.**

**Nýju lögin munu gera kleift að sækja slík mál í Noregi í stað þess að þurfa að vísa þeim áfram til alþjóðlega stríðsglæpadómstólsins í Haag í Hollandi.**

**„Það er mikilvægt að tryggja að Noregur verði ekki álitinn öruggt skjól fyrir menn sem er eftirlýstir fyrir slíka glæpi,“ sagði Knut Storberget dómsmálaráðherra sem kynnti frumvarpið. Kallaði hann einnig eftir harðari refsingum við hatursglæpum.** - sdg







Styrkir til að efla rannsóknir á sviði umhverfis- og orkumála

Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar auglýsir styrki til umsóknar

Markmið sjóðsins er að veita styrki til námsmanna, rannsóknarverkefna á vegum háskóla, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga. Styrkveitingar sjóðsins miða að því að gera fjárframlög Landsvirkjunar til rannsókna skilvirkari og sýnilegri, og tryggja að þær rannsóknir sem sjóðurinn styrkir samrýmist umhverfisstefnu Landsvirkjunar.

*Styrkveitingar sjóðsins falla í þrjá flokka:* Almennar virkjunarrannsóknir, rannsóknir á sviði umhverfis- og orkumála og styrki til nemenda í meistara- eða doktorsnámi.

*Að þessu sinni er auglýst eftir umsóknum í eftirfarandi flokkum:*

**Rannsóknir á sviði umhverfis- og orkumála**

Almenn rannsóknarverkefni á sviði umhverfis- og orkumála. Styrkir eru veittir til hluta þess kostnaðar sem hlýst af vinnu sérfræðinga, þátttöku meistara- og doktorsnema, og öðrum útgjöldum.

**Styrkir til nemenda í meistara- eða doktorsnámi**

Styrkir til efnilegra nemenda sem áforma eða stunda meistara- eða doktorsnám á sviði umhverfis- eða orkumála.

Í þessari úthlutun eru í heild allt að **50 m.kr. til ráðstöfunar**, allt að 40 m.kr. til rannsóknarverkefna á sviði umhverfis- og orkumála, og allt að 10 m.kr. til styrkja fyrir 10–20 nemendur í meistara- og doktorsnámi.

Umsækjendur þurfa að leggja fram lýsingu á rannsóknarverkefni sínu, og rökstuðning fyrir því að verkefnið tengist markmiðum sjóðsins. Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar um þau gögn sem fylgja eiga umsókn er að finna á vefsíðu Landsvirkjunar, **www.lv.is**.

Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skilað rafrænt á netfang sjóðsins; **orkurannsoknasjodur@lv.is** eða í pósti til Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, merktum „**Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar 2007**“.

Fyrirspurnir má senda á netfangið **orkurannsoknasjodur@lv.is**.

**Umsóknarfrestur er til 21. desember 2007.**

*Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.*

Landsvirkjun er orkufyrirtæki sem leggur grunn að nútíma lífsgæðum. Fyrirtækið stefnir að því að verða öflugt á alþjóðavettvangi og starfar af ábyrgð í anda sjálfbærrar þróunar. Landsvirkjun er helsti raforkuframleiðandi landsins og í forystu fyrir byggingu orkuvera sem hafa verið meðal stærstu framkvæmda á landinu.

Landsvirkjun styðst við fjölbreytt rannsóknarstarf á sviði náttúruvísinda, verkfræði og orkumála og rekur umfangsmikla fjármálastarfsemi á alþjóðamarkaði.

Hjá Landsvirkjun starfa rúmlega 200 manns með fjölbreytta menntun. Landsvirkjun vill vera í fararbroddi í framsækinni stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Landsvirkjun

PI PAR • SÍA • 72225

Fyrrum starfsmenn Ískerfa:

# Nýttu sér ekki leyndarmál

**DÓMSMÁL** Tveir fyrrverandi starfsmenn Ískerfa ehf. hafa verið sýknaðir af ásökunum um að hafa nýtt sér trúnaðarupplýsingar við þróun ískrapastrokka. Optimar ehf., sem á Ískerfi, krafðist þess að mönnunum yrði bannað að framleiða og selja ískrapastrokka því þeir hefðu notað viðskiptaleyndarmál fyrrverandi vinnuveitanda síns við þróun þeirra.

Dómarar Héraðsdóms Reykjavíkur komust að þeirri niðurstöðu að mennirnir hefðu ekki notað trúnaðarupplýsingar frá Ískerfum við þróunina. Optimar var látið greiða mönnunum þrjár milljónir í málskostnað. - sþs

Kona sýknuð af ákæru um líkamsárás á skemmtistaðnum Prófastinum í Eyjum:

# Sparkaði ekki viljandi í pung

**DÓMSMÁL** Kona sem ákærð var fyrir að sparka í pung manns í Vestmannaeyjum árið 2005 var sýknuð í Héraðsdómi Suðurlands í gær. Dómnum þótti ekki sannað að konan hefði sparkað viljandi í klof mannsins, heldur hefði sparkið verið ósjálfráð viðbrögð við hálstaki sem maðurinn hafði á henni.

Sparkið átti sér stað á veitingastaðnum Prófastinum í Vestmannaeyjum í júlí árið 2005. Í ákæru segir að konan hafi „sparkað í klof mannsins af miklu afli með þeim afleiðingum að hann missti andann og hneig niður, pissaði blóðlituðu þvagi og hlaut mar á pung, eymsli í hægri eistnalyppu og þvagrás“. Konan sem var ákærð neitaði því að hafa sparkað í pung mannsins af ásetningi. Hann hefði blandað sér í ósætti milli sín og vinkonu sinnar, því næst tekið sig hálstaki og ýtt sér upp að vegg. Hún hefði fengið köfnunartilfinningu og spriklað með þeim afleiðingum að fóturinn lenti óvart í klofi mannsins.

Í niðurstöðu dómsins segir að ekki sé hægt að refsa fyrir brotið þar sem það hafi verið framið af gáleysi, og því var konan sýknuð. Bótakröfu mannsins, sem hljóðaði upp á 350.000 krónur, var vísað frá dómi. - sþs

### ÁTELJA SEINKUN

- Atvikið varð í Vestmannaeyjum í júlí árið 2005 og var rannsókn lokið 21. febrúar 2006. Ákæra var þó ekki gefin út fyrr en rúmu ári síðar; hinn 21. mars á þessu ári.
- Í niðurstöðum Héraðsdóms Suðurlands segir að þessi dráttur á málsmeðferðinni hafi ekki verið skýrður á viðunandi hátt og verði að átelja hann.
- Ákæran var ekki það eina sem seinkaði í þessu máli. Dómsuppsagan sjálf dróst vegna mikilla embættisanna héraðsdómarans Hjartar O. Aðalsteinssonar.

Fjörutíu daga fangelsi:

# Ölvaður ók stolnum bíl

**DÓMSMÁL Karlmaður á fertugsaldri hefur verið sakfelldur í Héraðsdómi Suðurlands fyrir að stela bíl og aka honum drukkinn. Hann var dæmdur í fjörutíu daga fangelsi auk þess að greiða um 200.000 krónur í sekt og sakarkostnað.**

**Bílnum var stolið þar sem hann stóð fyrir utan hús við Austurveg á Selfossi í júlí síðastliðnum. Þaðan ók maðurinn vestur Suðurlandsveg áleiðis til Reykjavíkur og norður Hafravatnsveg. Þar var hann stöðvaður af lögreglu. Auk fangelsisdóms og sektar var hann sviptur ökurétt-indum ævilangt.** - sþs

Stjórnarkreppan í Belgíu:

# Flokkaágreiningur versnar

**BELGÍA, AP Ágreiningur milli borgaralegu systurflokkanna sínu hvoru megin tungumálalandamæranna í Belgíu, sem vænst var að mynduðu ríkisstjórn eftir þingkosningar í júní, virðist nú fara versnandi. Flæmsku flokkarnir annars vegar og vallónsku flokkarnir hins vegar hafa sett gagnstæð skilyrði fyrir því að hefja stjórnarmyndunarviðræður á ný.**



YVES LETERME

**Kristilegi demókrataflokkurinn í Flandri, sem forsætisráðherraefnið Yves Leterme fer fyrir, krefst þess að ný ríkisstjórn skuldbindi sig til stjórnarskrárbreytinga sem færi enn meiri valdheimildir til landshlutastjórnanna. Því hafna Vallónar.** - aa



**RAFMAGNSLAUST Á ÁLFTANESI** Álftnesingar fundu líka fyrir rafmagnsbiluninni sem varð á fimmtudagsmorgun.

Hafnarfjörður og nágrenni:

# Rafmagnslaust í klukkutíma

**HAFNARFJÖRÐUR** Tvisvar varð rafmagnsbilun í Hafnarfirði á fimmtudagsmorgun og var stór hluti Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Álftaness rafmagnslaus í klukkutíma eða rúmlega það.

Egill Sigmundsson, forstöðumaður hjá Hitaveitu Suðurnesja, segir að svo óvenjulega hafi viljað til að bilun hafi orðið í háspennustreng í norðurbæ Hafnarfjarðar og því hafi rafmagn slegið út á svo stóru svæði.

„Rafmagnið var að mestu leyti komið á innan klukkutíma en þó tók aðeins lengri tíma að laga það á iðnaðarsvæðinu við Reykjavíkurveg,“ segir hann.

Rafmagn var síðan fært milli strengja á Álftanesi skömmu eftir hádegi og varð rafmagnslaust í nokkrar mínútur. - ghs

### PÓLLAND

**Tusk fær umboðið**

Lech Kaczynski, forseti Póllands, fól í gær Donald Tusk, leiðtoga Borgaravettvangs sem fékk flest atkvæði í þingkosningum í október, formlegt umboð til stjórnarmyndunar. Eineggja tvíburabróðir forsetans, Jaroslaw, sagði af sér sem forsætisráðherra á mánudag.



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
7.223 **-1,07%**

**Fjöldi viðskipta:** 1072
**Velta:** 15.680 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **ATLANTIC PETR.** | +4,45% |
| **365** | +2,59% |
| **ÖSSUR** | +0,98% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **EXISTA** | -3,20% |
| **FLAGA** | -2,59% |
| **FL GROUP** | -2,00% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 10,65 +0,47% ... Bakkavör 59,90 -1,32% ... Eimskipafélagið 39,15 -0,89% ... Exista 28,75 -3,20% ... FL Group 22,05 -2,00% ... Glitnir 25,15 -0,20% ... Icelandair 23,15 +0,22% ... Kaupþing 956,00 -0,83% ... Landsbankinn 40,00 -1,48% ... Straumur-Burðarás 16,90 -0,59% ... Össur 103,00 +0,98% ... Teymi 6,49 -0,77%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Milljónir úr einkavasa til ríkis

Talsvert var rætt manna á milli þegar tilkynnt var í gær að auðkýfingurinn Björgólfur Guðmundsson hefði gert samkomulag við Ríkisútvarpið um að stórefla íslenska dagskrárgerð í sjónvarpi. Varið verður nálægt 100 milljónum króna í hæsta lagi á ári til framleiðslu á leiknu efni. Upphæðin skiptist jafnt á Björgólf og RÚV og nema útgjöld hvors aðila að hámarki 50 milljónum króna á ári næstu þrjú árin. Ekki kemur fram hvort Björgólfur sleppur við greiðslu afnotagjalda á sama tíma.

Eins og alþjóð veit er Björgólfur annar ríkasti maður landsins á eftir syni sínum, Björgólfi Thor, en samkvæmt lista bandaríska viðskiptatímaritsins Forbes frá í mars nema eignir hans 80 milljörðum íslenskra króna.



### Styrkir frekar en afnotagjöld

Sé hlutur Björgólfs miðaður við auð hans í mars nema útgjöldin 0,0065 prósentum af eignasafni hans. Sjáum nú fyrir okkur Jón Jónsson sem tekist hefur að safna sér eignum fyrir 20 milljónir króna í sveita síns andlits. Stór hluti eignasafnsins gæti verið bundinn í raðhúsi, steinsteypu og lóð líkt og nokkrar eignir Björgólfs. Gefist Jóni tækifæri til að styrkja Ríkisútvarpið með jafn háu hlutfalli af eignum sínum á ári nemur fjárhæðin 13 þúsund krónum. Það er svo spurning hvort hann þurfi að greiða afnotagjöldin í ofanálag en þau nema rúmum 32.900 krónum á ári.

## MARKAÐSPUNKTAR

Greiningardeildir Kaupþings og Landsbankans spá 0,3 prósenta hækkun vísitölu neysluverðs í nóvember. Greiningardeild Glitnis spáir 0,4 prósenta hækkun. Hagstofan birtir verðbólgutölur á mánudaginn.

Vöruskiptahalli Bandaríkjanna lækkaði óvænt um 0,6 prósent í september eða niður í 56,5 milljarða bandaríkjadali. Í Vegvísi Landsbankans segir að hallinn sé minni en meðalspá greinenda Bloombergs sem spáð höfðu um 57,3 milljarða halla.

Krónan veiktist töluvert í gær eða um 0,64 prósent. Velta á gjaldeyrismarkaði nam 47,6 milljörðum króna og endaði gengisvísitalan í 117. Þetta var annar dagurinn í röð sem gengi krónunnar veikist töluvert. Vegvísir Landsbankans sagði frá.

# Hluthafar vilja afskráninguna

**Vinnslustöðin fer úr Kauphöllinni samkvæmt ákvörðun hluthafafundar. Næststærsti hluthafinn biður Kauphöllina að hafna eða fresta afskráningu.**

„Umboð stjórnarinnar er nú ljóst,“ segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar og forsvarsmaður Eyjamanna ehf., sem á rétt rúm 50 prósent í Vinnslustöðinni. Hluthafafundur samþykkti á miðvikudag að farið yrði fram á afskráningu félagsins úr Kauphöll Íslands.

Boðað var til fundarins að beiðni Kauphallar Íslands vegna mótmæla næststærsta hluthafans við afskráningu félagsins. Í september hafði stjórn Vinnslustöðvarinnar þegar samþykkt afskráningu. Lögmaður fór með ríflega 32 prósenta atkvæði Stillu, sem er í eigu Guðmundar og Hjálmars Kristjánssona.

Sáralítil viðskipti hafa verið með bréf Vinnslustöðvarinnar í Kauphöllinni. Síðast gengu bréf félagsins kaupum og sölum 22. ágúst. Óvirk verðmyndun og tilkostnaður við að halda úti skráningu eru meðal raka sem stjórn Vinnslustöðvarinnar hefur fært með afskráningu. „Næst er að skrifa Kauphöllinni aftur og óska eftir afskráningu,“ segir Sigurgeir Brynjar og gerir ráð fyrir þeim bréfaskriftum í næstu viku að afloknum stjórnarfundi. „Svo veit maður ekki hvað þeir gera,“ segir hann, en Kauphöllinni er heimilt að fresta afskráningunni í eitt ár.

„Ég ræði ekki einstakar fjárfestingar sjóðsins við utanaðkomandi,“ sagði Torfi Sigtryggsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja, og sleit samtali. Sjóðurinn, sem á 5,34 prósent í Vinnslustöðinni, sat hjá við atkvæðagreiðslu miðvikudagsins.

Samkvæmt samþykktum lífeyrissjóðsins má hann ekki eiga í óskráðum félögum nema að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í sumar ákvað sjóðurinn að selja ekki hlut sinn. Eyjamenn buðu 4,6 krónur á hlut og Stilla 8,5 krónur. Miðað við boð Stillu var hlutur lífeyrissjóðsins 707 milljóna króna virði. Guðrún Erlingsdóttir, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja, segir tímann munu leiða í ljós hvort ákvörðunin um að selja ekki hafi verið rétt eða röng. Hún segir sjóðinn halda sínum hlut og að eignir hans í óskráðum bréfum fari ekki yfir sett mörk þótt Vinnslustöðin verði afskráð. „Við höfum trú á því að Vinnslustöðin haldi áfram að vaxa og þessi bréf verði alveg seljanleg. Þá kom fram á fundinum að Vinnslustöðin færi ekki illa með þá sem staðið hafa við bakið á fyrirtækinu og kynnu að vilja selja síðar. Þá yrði fengið óháð fyrirtæki til að meta verðmæti og sanngjarnt söluverð fundið,“ segir Guðrún.

**olikr@frettabladid.is**



### FRESTUN AFSKRÁNINGAR TALIN LÍKLEG

Mótmæli Stillu við afkráningu Vinnslustöðvarinnar liggja fyrir í Kauphöll Íslands, að sögn Hróbjarts Jónatanssonar, lögmanns félagsins. „Við eigum frekar von á því að frestað verði afskráningunni í ár líkt og heimilt er samkvæmt lögum. Síðan er líklegt að óskað verði eftir nýjum hluthafafundi og að mögulega fari fram stjórnarkjör,“ segir Hróbjartur jafnframt og vísar til nýrra aðstæðna í félagi á leið út af markaði.

Hróbjartur segir stöðu mála leiðinlega fyrir umbjóðendur sína sem lagt hafi í Vinnslustöðina háar fjárhæðir. „Og lögðu sitt af mörkum til að félagið komst almennilega á lappirnar.“ Um leið segir hann mikilvægt að reynt verði að sjá til þess að leysa út minni hluthafa á sanngjörnu verði, en vilyrði í þá átt hafi komið fram á hluthafafundinum á miðvikudag. Hann segir jafnframt augljóst af þátttöku á fundinum að heimamenn hafi sameinast í óskilgreindri og tilefnislausri hræðslu gagnvart Guðmundi Kristjánssyni, útgerðarmanni og öðrum eiganda Stillu. „En eins og hann hefur sjálfur sagt eru hvergi betri skilyrði en einmitt í Vestmannaeyjum til að reka sjávarútvegsfyrirtæki,“ segir Hróbjartur, en bætir um leið við að munur hafi verið á áherslum Kristjáns og heimamanna um stjórnun félagsins. „Núverandi eigandi er lítið fyrir þá hagræðingu og tæknivæðingu sem nauðsynleg er.“

### KOSNING UM AFSKRÁNINGU VINNSLUSTÖÐVARINNAR ÚR KAUPHÖLL

**Hluthafafundur 8. nóvember 2007**

| Atkvæði | fjöldi hluta | hlufall |
|---|---|---|
| Já | 913.629.543 | 61,00% |
| Nei | 500.757.422 | 33,44% |
| Auðir | 83.288.224 | 5,56% |
| Alls mættir | 1.497.696.020 | 100,00% |
| Virkt hlutafé | 1.504.204.857 | |

### VEXTIR ÍBÚÐALÁNA

Viðskiptabankarnir hafa flestir hækkað vexti á verðtryggðum langtímalánum eftir að Seðlabankinn hækkaði stýrivextina dögunum. Íbúðalánasjóður hefur ekki ákveðið hvenær skuldabréfaútboð verður haldið, en í kjölfar þess má gera ráð fyrir vaxtahækkun. Hér eru birtir vextir nýrra íbúðarlána. Gert er ráð fyrir föstum vöxtum allan lánstímann og að lántakandi greiði sérstakt uppgreiðslugjald, greiði hann lánið upp.

| | |
|---|---|
| SPRON | 6,45 |
| Landsbanki | 5,75* |
| Kaupþing | 6,4* |
| Glitnir | 6,35* |
| Íbúðalánasjóður | 4,85 |

*Til þess að njóta þessara kjara þarf fólk að vera með launareikning í viðkomandi banka eða vera í öðrum viðskiptum við hann.

# Vaxtahækkun framundan

„Auðvitað eru allar líkur á því að vextirnir hækki á nýjum útlánum,“ segir Hallur Magnússon, sviðsstjóri hjá Íbúðalánasjóði. Vextir á lánum til húsnæðiskaupa eru nú yfirleitt hærri en sex prósent, nema hjá Landsbankanum og Íbúðalánasjóði.

Vextir íbúðalánasjóðs ráðast af útboðum á íbúðabréfum. Hallur segir að samkvæmt útgáfuáætlun sjóðsins verði á síðasta fjórðungi ársins boðnir út ellefu til þrettán milljarðar króna. Hins vegar sé tímasetningin óákveðin. „Við tökum mið af stöðunni hverju sinni,“ segir Hallur.



**HALLUR MAGNÚSSON** Hann býst við vaxtahækkun fyrir áramót.

Hámarkslán sem fólk getur fengið í gegnum Íbúðalánasjóð nemur nú 27,1 milljón króna, í samstarfi við sparisjóðina á vefnum ibudalan.is. Íbúðalánasjóður sjálfur lánar 18 milljónir króna að hámarki, nú á innan við fimm prósenta vöxtum. Til viðbótar lána sparisjóðir allt að 9,1 milljón króna, með 6,45 prósenta vöxtum.

„Við lítum ekki á viðbót sparisjóðsins sem okkar hlut,“ segir Hallur og bendir á að á ibudalan.is standi fólki jafnframt til boða að taka eingöngu lán hjá sparisjóðunum. **- ikh**





N1 Skógarseli, Reykjavík ........ 557 5233
N1 Ægisíðu, Reykjavík ........ 552 2474
N1 Gagnvegi, Reykjavík ........ 567 6580
N1 Lækjargötu, Hafnarfirði ........ 565 1988

Fíton/SÍA

N1 ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR WWW.N1.IS

Kerruleiga N1 býður úrval af vönduðum kerrum. Verðskrá og nánari upplýsingar um kerrurnar er að finna á **www.n1.is.**

Auglýsingasími 512 5050 – Mest lesið

# Novanúmerin 770 virk

Um tvö hundruð manns hafa þegar tekið símanúmer frá Nova í notkun til prófunar á 3G-sambandi fjarskiptafélagsins. Tilvonandi viðskiptavinir félagsins munu fá númer sem byrja á 770 eða flytja með sér númer frá öðru fyrirtæki.

Formleg starfsemi Nova er þó ekki hafin. Stefnt er á að það verði fyrir árslok. „Við munum prófa kerfið með þessum notendahópi í eina til tvær vikur í viðbót. Í kjölfarið á því sjáum við hvort það er orðið nógu gott til að hefja þjónustu. Endanleg dagsetning er ekki komin en við verðum tilbúin fyrir jólin,“ segir Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova.

Í fyrsta áfanga mun 3G-samband Nova ná til höfuðborgarsvæðisins og Reykjaness. Í lok næsta árs er svo ætlunin að félagið nái til áttatíu prósenta landsmanna. Frá upphafi mun það þó geta boðið GSM-samband um allt land, með samningum við Vodafone og Símann.




**LIV BERGÞÓRSDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI NOVA** Viðskiptavinir Nova fá símanúmer sem byrja á 770.

Nova er í eigu Novators, fjárfestingarfélags Björgólfs Thors Björgólfssonar. **- hhs**

# Vikan endaði með titringi

Lækkanahrinan hélt áfram á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum í gær, ekki síst í Bandaríkjunum en gengi hlutabréfavísitalna þar hefur ekki mælst lægra síðan í niðursveiflu á fjármálamörkuðum fyrir tveimur mánuðum. Dýfan hér er dýpri en þá enda hefur lokagengi Úrvalsvísitölunnar ekki verið lægra síðan snemma í febrúar.

Lykillinn að lækkunum vikunnar liggur líkt og fyrri daginn í slæmum uppgjörum fjármálafyrirtækja og gríðarhárra afskrifta úr bókum banka í Bandaríkjunum vegna vanskila á svokölluðum undirmálslánum. Bloomberg bendir á að enn eigi eftir að harðna í ári vestanhafs, ekki síst hjá veðlánarisum á borð við Fannie Mae.



**MIÐLARI RÝNIR Í TÖLURNAR** Hlutabréf tóku enn einn skellinn á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Upplýsingatæknigeirinn vestanhafs tók sömuleiðis á sig skell undir vikulokin eftir að Ben Bernanke, seðlabankastjóri landsins, sagði frammi fyrir efnahagsnefnd bandaríska þingsins á fimmtudag að útlit væri fyrir að fjármálakrísan muni smita út frá sér. Í ofanálag benda gögn um smásöluverslun til þess að neytendur hafi haldið að sér höndum upp á síðkastið, ekki síst í lægri tekjuflokkum, en talsverðar líkur eru á að það muni draga úr hagvexti vestanhafs á þessum síðasta fjórðungi ársins. **- jab**

**VÍSITALABREYTING Í VIKUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| Dow Jones (Bandaríkin) | * | -3,9% |
| Nasdaq (Bandaríkin) | * | -6,5% |
| FTSE (Bretland) | | -3,6% |
| Dax (Þýskaland) | | -0,47% |
| Cac40 (Frakkland) | | -3,4% |
| Nikkei (Japan) | | -6,0% |
| Hang Seng (Hong Kong) | | -5,85% |
| ICEXI15 (Ísland) | | -9,88% |

* Fyrir lokun markaða

**Olía hækkar í verði**

**Heimsmarkaðsverð á hráolíu fór í 98 dali á tunnu í vikunni í kjölfar þess að olíubirgðir í Bandaríkjunum minnkuðu á milli vikna.**




Heimild: MarketWatch © GRAPHIC NEWS

# Olíuverð nálægt 100 dölum

Heimsmarkaðverð á olíu stökk yfir 96 dali á tunnu í gær eftir nokkra lækkun í fyrradag. Verð á tunnu rauk í rúma 98 dali á tunnu á miðvikudag sem er hæsta verð sem nokkru sinni hefur sést á svarta gullinu og stefnir það hraðbyri að 100 dala múrnum.

Olíuverðið hefur stigið jafnt og þétt í tæp fjögur ár, en við upphaf árs 2004 stóð það við 30 dali á tunnu og sló öll met um miðjan júlí á síðasta ári þegar það fór yfir 78 dali á tunnu. Reyndar virtist sem verðþróunin væri að snúast við í byrjun þessa árs þegar það féll hratt. Þróunin varði hins vegar í skamman tíma því verðmiðinn á svarta gullinu tók snarpan kipp þegar leið á vorið. **- jab**



# Mæla með sölu Kaupþingsbréfa

Morgan Stanley mælir með að fjárfestar selji í Kaupþingi og kaupi í norska bankanum DnB. Þetta kemur fram í nýrri greiningu frá bankanum.

Sérfræðingar bankans segja fjárfesta þurfa að vera vara um sig vegna óróleika á mörkuðum og að Kaupþing sé áhættusöm fjárfesting. Af bönkum á Norðurlöndum, mælir Morgan Stanley einnig með að fólk selji í SEB og Nordea. Bankinn mælir hins vegar með að fjárfestar kaupi í DnB og Swedbank.

Bestar segir Morgan Stanley horfurnar vera á bankamarkaði í Noregi, en verstar í Danmörku. Hvorki Kaupþing né aðrir greinendur vildu tjá sig um greiningu Morgan Stanley í dag en þess má þó geta að gengi Kaupþings hefur lækkað um tæp tíu prósent frá því á mánudag og því komið niður í, og rúmlega það sem Morgan Stanley vill sjá gengi bankans í. **- ss**





NÚNA
60%
SINCLAIR
KOMMÓÐA



**60%** AFSLÁTTUR
**3.031** á mán/18 mán*
**SINCLAIR** kommóða
B:104/112 H:163 cm

**43.990**
Verð áður: 109.980

**30%** AFSLÁTTUR
**3.291** á mán/18 mán*
**N. LIGHTS** kommóða 5 skúffur B:102 D:46 H:140 cm

**47.980**
Verð áður: 69.980

**30%** AFSLÁTTUR
**3.452** á mán/12 mán*
**N. LIGHT**S höfðagafl Queen B:160 D:7 H:140 cm
fæst einnig King B:200 D:7 H:140 cm kr. **39.980** eða **3.922** á mánuði/12 mánuði. Verð áður kr. ~~59.980~~

**39.980**
Verð áður: 59.980

# FRÁBÆR KAUP Í BARNA- OG SVEFNHERBERGIÐ





NÚNA
50%
MALIBU & RIVA
KOMMÓÐUR




**RIVA** kommóða
5 skúffu B:50 D:45 H:104 cm
kr.**14.990** áður kr. ~~29.980~~

**MALIBU** kommóða,
B:50 D:40,5 H:93 cm

**14.990**
Verð áður: 29.980

**MALIBU** cd-skápur B:34 D:18 H:112 cm

**6.780**
Verð áður: 16.980



PI & PANTER
BARNAHÚSGÖGN
30%
ALLRA
SÍÐUSTU DAGAR

MasterCard VISA * Mánaðarleg meðaltalsgreiðsla á VÍSA eða MasterCard staðgreiðslulánum með breytilegum vöxtum og 3% stimpil og lántökugjaldi

HÚSGAGNAHÖLLIN

# AFNEMUM VSK AF DÝNUM




**50**% AFSLÁTTUR
**2.983** á mán/12 mán*
**FLEX** fataskápur B:150 D:60 H:220 cm

**29.990**
Verð áður: 59.980

**30**% AFSLÁTTUR
**3.922** á mán/12 mán*
**MALOU** svefnsófi B:128 L:198 H:92 cm
Fæst rauður og grár.

**39.980**
Verð áður: 59.980

**Bíldshöfða 20 • 110 Reykjavík • 585 7200 OPIÐ ALLA DAGA - laugardag 11-18 - sunnudag 13-17**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nýtum kosti einkarekstrar í heilbrigðisgeiranum:

## Gerum gott heilbrigðiskerfi betra

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Núverandi kerfi heilbrigðismála á Íslandi hefur allt of lengi staðið í stað. Pólitískt þor hefur vantað til að gera nauðsynlegar breytingar. Á meðan hafa útgjöld til þessa málaflokks vaxið gríðarlega mikið og sogar hann til sín árlega um fjórðung allra útgjalda ríkisins. Þessi útgjaldavöxtur er í takt við þróun annars staðar í hinum vestræna heimi. Því er nauðsynlegt að bregðast við svo hægt sé að hægja á útgjaldaþenslunni um leið og stuðlað er að því að bæta kerfið í þágu notenda.

Sjálfstæðisflokkurinn hafði lengi sóst eftir forræði yfir heilbrigðismálum þegar Guðlaugur Þór Þórðarson settist í stól heilbrigðisráðherra. Verk ráðherrans hafa hingað til verið vel ígrunduð og gefið fyrirheit um grundvallarbreytingar. Það felst pólitísk skynsemi í því að fara sér hægt þegar um jafn viðkvæman málaflokk er að ræða.

Nýjasta útspil Guðlaugs Þórs lofar mjög góðu um framhaldið. Hann hefur hrint af stað stjórnkerfisbreytingum í heilbrigðisþjónustunni sem Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir mun leiða. Á hún að undirbúa starfsemi nýrrar stofnunar sem mun annast kaup, greiðslur og samninga um heilbrigðisþjónustu. Guðlaugur Þór sagði í samtali við Fréttablaðið að markmiðið væri að auka gegnsæi og hagkvæmni innan kerfisins. Á meðal annars að skilja á milli kaupenda og seljenda í heilbrigðiskerfinu.

Það er rétt sem Halldór Jónsson, forstjóri Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, bendir á í Fréttablaðinu í gær að kerfisbreytingin ein og sér búi ekki til peninga. Skortur á fjármagni hefur verið eitt helsta vandamál í heilbrigðisgeiranum. Með því að setja sérstaka innkaupastofnun á laggirnar færist ákvarðanataka um hvaða verkefnum skuli sinna nær stjórnmálamönnunum. Þeir þurfa að ákveða fjölda ferliverka og úthluta fjármagni til samræmis við það. Tæmist sjóðirnir verða þeir að gera upp við sig hvort veita eigi meiri peningum í tiltekin verkefni. Kerfið verður kvikara og skilvirkara en nú tíðkast.

Um leið hlýtur markmið heilbrigðisráðherra að vera að nýta betur þá peninga sem renna til málaflokksins. Innkaupastofnunin mun væntanlega kaupa þjónustu af þeim sem bjóða hana á hagstæðustu kjörum. Möguleikar heilbrigðisstarfsfólks utan ríkisstofnana til að framkvæma aðgerðir aukast. Biðraðir styttast og fleiri fá góða þjónustu. Þetta snýst allt saman um fólkið sem á að njóta þjónustunnar. Það hefur sýnt sig margoft að ríkið veitir verri þjónustu en einkaaðilar. Skiptir þá engu máli hvort það er heilbrigðisþjónusta eða önnur þjónusta.

Auðvitað eru einhverjir sem vara við þessari þróun. Á það ber hins vegar að líta að andstöðu við breytingar er ekki að finna í miklum mæli innan heilbrigðiskerfisins sjálfs. Bæði læknar og hjúkrunarfólk hafa kallað á endurskoðun kerfisins í mörg ár. Það er fólkið sem veitir þessa þjónustu og er í mestum samskiptum við þá sem njóta hennar. Hlustum á það.

Loksins hefur heilbrigðisráðherra pólitískan kjark til að stuðla að grundvallarbreytingu innan heilbrigðiskerfisins. Það er alltaf hægt að gera gott kerfi betra.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871



Munum eftir útiljósunum !
Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.
Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins
Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Stærsta fórnin í REI-málinu

Hvað er embætti í samanburði við útlim? Jón Kristinn Snæhólm upplýsti það í Séð og heyrt í vikunni að hans missir í REI-málinu öllu væri líklega mestur og varanlegastur. Í sumarbústaðaferð með vinum urðu einhver orðaskipti um REI sem enduðu á því að vinur Jóns Kristins rauk á dyr. Jón ætlaði að fylgja þessum vini sínum, en þá vildi ekki betur til en svo að fingur hans klemmdist þegar hurðin lokaðist, svo að kubbaðist framan af honum. Jón Kristinn mun því um alla framtíð hafa varanlega áminningu um helsta deilumál á Íslandi síðari hluta árs 2007.



### Gleymum atvinnulífinu

„Á fjölmennum fundi hér í borg nýlega heyrði ég menntamálaráðherra og varaformann Sjálfstæðisflokksins segja að við ættum ekki að hlusta allt of mikið á atvinnulífið í þessum efnum. Það væru önnur atriði sem skiptu meira máli.“ Svo segir Valgerður Sverrisdóttir á heimasíðu sinni og bætir við að hún hafi haldið að sér hefði hreinlega misheyrst, enda ekki á hverjum degi sem forsvarsmenn Sjálfstæðisflokksins telja að ekki eigi að hlusta um of á atvinnulífið. Skýringin á þessum daufu eyrum flokksins gagnvart atvinnulífinu er að umræðuefnið er innganga í Evrópusambandið, þar sem skoðun atvinnulífsins er í æ ríkari mæli að fjarlægjast skoðun Sjálfstæðisflokksins.

### Ef þú nennir ekki að lesa

Lesendur pistla Helga Hjörvar á heimasíðu hans eiga ekki lengur að þurfa að hafa fyrir því að lesa, því Helgi hefur tekið Röggu í þjónustu sína. Ragga er íslensk tölvurödd, sem meðal annars er ætlað að hjálpa blindum að „lesa“ vefsíður. Reyndar eru ekki allir sáttir við Röggu, því hún hljómar stundum eins og hún sé að bresta í grát. Það er ekki hætta á að hún muni gráta í pistlum Helga í bili, sem kemur reyndar ekki til af góðu því hlekkurinn á lestur pistla á síðunni hans virkar ekki. Að fá Röggu til að lesa fyrir sig er því sýnd veiði en ekki gefin.



svanborg@frettabladid.

## Hver er áfengisstefnan?



ELLERT B. SCHRAM

**Í DAG** | Áfengisfrumvarpið

Við fyrstu sýn virðist það saklaus tillaga að leyfa sölu á bjór og léttum vínum í matvörubúðum. Fyrir þá sem telja sig geta neytt þessara drykkja í hófi, væri það ánægjulegt hagræði að geta keypt rauðvínsflöskuna um leið og verslað er í kvöldmatinn. Er þetta ekki samskonar verslunarfrelsi eins og „þegar þú beittir þér fyrir því að mjólkin færi úr mjólkurbúðunum í matvöruverslanirnar hér um árið,“ spurði kunningi minn á dögunum.

En málið er ekki alveg svona einfalt. Því miður. Bjór og létt vín eru áfengisdrykkir, vímuefni, og neysla þeirra er hluti af þeirri áfengismenningu (ef menningu skyldi kalla), sem stundum og alltof oft breytist í áfengisböl. Hvort sem okkur líkar betur eða verr, hvort heldur við teljum okkur geta umgengist áfengi eða ekki, þá er það staðreynd sem enginn getur lokað augunum fyrir, að neysla áfengis og vímuefna er vaxandi vandamál í nútímasamfélagi. Rétt núna í síðasta mánuði var gefin út skýrsla í Englandi, sem sýndi fram á vaxandi neyslu léttra vína, einkum meðal millistéttafólks og þar fyrir ofan, sem aftur leiddi af sér sjúkleika og aukin útgjöld heilbrigðisyfirvalda þar í landi. Öll þekkjum við það böl sem ofneysla áfengis hefur í för með sér. Miðbærinn í Reykjavík fyllist á nóttinni og um helgar af ofurölvuðu fólki, daglega heyrum við fréttir af drukknum ökuþórum sem valda skaða og slysum í umferðinni, við horfum upp á nákomna ættingja verða fórnarlömb ofneyslunnar og enn er ótalið það ofbeldi sem viðgengst á heimilum og í fjölskyldum í tengslum við áfengi og ölvun.

### Meira en verslunarfrelsi

Ég er ekki endilega að segja að ástandið verði enn dramatískara ef bjórinn og hvítvínið fæst keypt í matvöruverslunum. Ég er miklu fremur að benda á, að málið snýst ekki um verslunarfrelsi eitt og sér, heldur verður að skoða það í stærra samhengi. Aukið aðgengi að þessum neysluvörum varðar líka heilbrigðismál, öryggismál, fjölskyldur og félagslegt umhverfi.

Hver er áfengisstefna stjórnvalda? Ef við viljum stemma stigu við vaxandi neyslu vímuefna, hvað er þá gert í forvörnum og aðvörunum af hálfu hins opinbera? Hverjar eru fjárveitingarnar til þeirra stofnana, sem bjóða upp á endurhæfingu og meðferð vegna alkóhólisma? Jú, jú, við bönnum unglingum yngri en tuttugu ára að kaupa vín. Við sektum þá sem aka ölvaðir. Við refsum þeim sem stunda fíkniefnasölu. Við klöppum SÁÁ og AA og bindindissamtökum sem vara við vímuefnaneyslu, á bakið, og prísum hvern þann sem sleppur frá Bakkusi.

En hver er áfengisstefnan? Hvar eru forvarnirnar?

Ef ég er alveg hreinskilinn, þá hef ég sem fjölskyldufaðir mestar áhyggjurnar af því, hvort og hvenær unglingarnir mínir falli fyrir þeim freistingum að smakka áfengi. Það veit enginn hvar sú drykkja endar. Er það skref í rétta átt að láta áfengan bjórinn blasa við krökkunum í matvöruhillunum? Eða feðrunum, ef út í það er farið, sem eru dagdrykkjumenn og drykkjusvolar og leggja heimili sín í rúst, berja konur sínar og ógna börnum sínum? Við skulum hafa það á hreinu, að afleiðingar vínneyslu í heimahúsum og það sem gerist á bak við luktar dyr, er þyngra en tárum tekur. Heimilisofbeldið er best falda leyndarmál samfélagsins. Og um leið það sorglegasta, af því að það beinist að nánustu ástvinum. Allt í krafti áfengisvímunnar.

Hvað er til ráða? Hvað geta stjórnvöld gert til að stemma stigu við misnotkun áfengis?

Auka aðgengið? Bjóða upp á bjór í búðum? Er það fyrsta skrefið sem við viljum taka til að draga úr áfengisneyslunni?

### Bjór er ekki mjólk

Ég er hópi þeirra sem hafa áhyggjur af of mikilli áfengisneyslu og er þó enginn bindindismaður sjálfur. Ef við viljum eitthvað markvisst gera varðandi „áfengismenningu“ og áfengisböl, þá byrjum við ekki á því að auka aðgengi almennings að áfenginu. Nema þá að okkur sé alveg sama og lifum eftir þeirri klisju að hver sé sjálfum sér næstur. En þegar þú ert sestur inn á Alþingi og hefur aðstöðu til að beita atkvæði þínu til breytinga á löggjöf eða stefnumótun, hef ég enga samvisku til að leggja bjór að jöfnu við mjólk. Það er ábyrgðarlaust. Þess vegna er ég á móti vínsölu í matvörubúðum. Þess vegna kalla ég fyrst eftir markvissri forvarnastefnu í áfengis- og fíkniefnamálum.

Svo skulum við sjá til með verslunarfrelsið.

## Samræðustjórnmál enn eina ferðina

**UMRÆÐAN**

Skólamál



JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON

Nýjustu fréttir af leikskólaráði eru þær að stofnaður hefur verið umræðuvettvangur sem hlotið hefur nafnið Brú. Sérstaklega er undirstrikað að Brú á ekki að framkvæma neitt enda er hlutverk Brúar „eingöngu að vekja umræðu“ um skil skólastiga. Það er svo sem gott og blessað.

Frá sveitastjórnarkosningunum í maí 2006 hafa fjölmörg verkefni á sviði menntamála sem byggja á hugmyndafræði sjálfstæðismanna litið dagsins ljós. Má þar nefna viðræður við menntamálaráðuneytið um yfirtöku borgarinnar á rekstri eins framhaldsskóla í tilraunaskyni og mjög áhugavert verkefni í Rima- og Árbæjarskóla þar sem nemendum er gefinn kostur á að taka síðustu þrjú ár grunnskólans á tveimur árum. Standa vonir til þess að nemendur fleiri grunnskóla geti valið þessa leið á næsta skólaári.

Nýlega var undirritaður samningur á milli menntasviðs og Ármúlaskóla þar sem grunnskólanemendum er gefinn kostur á að taka framhaldsskólaáfanga í fjarnámi endurgjaldslaust. Á hverju ári fjölgar þeim nemendum í grunnskólum borgarinnar sem taka námsáfanga á framhaldsskólastigi eða fara upp úr grunnskóla við lok 9. bekkjar.

Menntasvið Reykjavíkur hefur ásamt menntamálaráðuneytinu og framhaldsskólunum unnið að því auðvelda þessa þróun með góðu samstarfi og með því að skapa þær aðstæður í skólunum sem gera nemendum kleift að nýta sér þennan kost.

Á síðasta fundi borgarstjórnar lögðu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks fram tillögu um að valdir verði fimm grunnskólar í borginni, einn í hverju skólahverfi, til þess að taka þátt í undirbúningi og framkvæmd fimm ára deilda. Lagt var til að við skipulag og námsfyrirkomulag verði stuðst við þá reynslu sem þegar hefur fengist af áratugastarfi sjálfstætt rekinna grunnskóla og tilraunaverkefnum á þessu sviði. Fimm ára bekkur getur sameinað kosti efsta stigs leikskólans og yngsta stigs grunnskólans. Verkefnið þarf að undirbúa í góðu samstarfi við skólastjórnendur og kennara bæði í grunnskólum og leikskólum og svo auðvitað foreldra.

Samræður geta verið af hinu góða en sumt hefur einfaldlega verið rætt í þaula og er tilbúið í ákvarðanatöku – núna.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*




freistandi & framandi

# matvörumarkaður

Matvörur frá Indlandi, Japan, Kína, Filippseyjum, Indónesíu,
Thailandi og Víetnam ásamt ferskum og framandi ávöxtum og grænmeti.
Allt til að töfra fram gómsæta og holla austurlenska rétti.

**Hjá okkur færðu mesta úrvalið á Íslandi af austurlenskum matvörum ásamt ráðleggingum og frábærri þjónustu.**



## Fjöldi glæsilegra opnunartilboða...

Höfum einnig opnað á sama stað
Green Apple, sem sérhæfir sig í miklu úrvali
af lífrænum og vistvænum vörum,
s.s. matvöru, korni, niðursuðuvörum,
olífuolíum, nuddolíum, gjafavörum og
mörgu fleiru...

**Upplifðu töfra austurlanda í matargerð!**

ASIAN

LÍFRÆNAR OG VISTVÆNAR VÖRUR

Green Apple

MATVÖRUMARKAÐUR - SUÐURLANDSBRAUT 32 - 108 REYKJAVÍK - S. 551 2121
**Opið virka daga kl. 10.00-19.00, laugard. kl. 11.00-17.00**

# Virkjum íslenska þekkingu

**UMRÆÐAN**
Orkumál


INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Hvarvetna þar sem ég kem sem utanríkisráðherra finn ég fyrir áhuga fólks á því hvernig Íslendingum hefur tekist á einum mannsaldri að breyta orkubúskap sínum úr kolum og olíu í hreina orkugjafa. Okkur hefur tekist það sem svo margar þjóðir sækjast eftir og þær vilja læra af reynslu okkar. Mannkynið stendur frammi fyrir gríðarlegri áskorun í orku- og umhverfismálum og áhrifin af völdum loftslagsbreytinga verða æ skýrari. Eftirspurn eftir hreinni orku hefur aldrei verið meiri og það er horft til okkar sem höfum sýnt árangur í verki.

Orkuveitu Reykjavíkur og öðrum íslenskum þekkingarfyrirtækjum hefur tekist að byggja upp mikla færni og reynslu við nýtingu jarðhita. Samstarf íslenskra orkufyrirtækja, vísindamanna, rannsóknarstofnana og fjárfesta við heimamenn í fjölmörgum þeirra tæplega 40 landa sem búa yfir vannýttum eða ónýttum jarðhita er liður í því að tryggja íbúum orku á viðráðanlegu verði. Það gæti jafnframt orðið marktækt framlag í baráttunni gegn óafturkræfum breytingum á loftslagi jarðar.

Ég var borgarstjóri í Reykjavík þegar veitufyrirtækin voru sameinuð í Orkuveitu Reykjavíkur. Ég hef verið ákaflega stolt af uppbyggingu Orkuveitunnar og fólkinu sem þar starfar og hef fylgst náið með því hvernig fyrirtækið hefur unnið að framþróun með því að leggja rækt við rannsóknir og þekkingu. Það er þessi þekking og reynsla sem gefur okkur nú ákveðið forskot. Ég hef fylgst með því hvernig íslenskir aðilar hafa tekið þátt í nýtingu jarðhita með sérfræðingum í öðrum löndum, hvort sem það er í Þýskalandi, Bandaríkjunum, Afríku eða Kína.

Þegar ég kom til Kína sem borgarstjóri árin 1995 og 2001 varð ég áþreifanlega vör við áhuga Kínverja á að nýta reynslu Íslendinga af hitaveitum þar sem heitt vatn kæmi í stað kola til húshitunar. Þá var erfitt að fá fjárfesta til samstarf en það hefur nú breyst. Þá hafa kínversk stjórnvöld séð kosti þessa fyrir heilsufar íbúanna þar sem lungnasjúkdómstilfellum fækkar umtalsvert.

Við Íslendingar getum náð að byggja upp arðbær atvinnufyrirtæki um leið og við leggjum fólki lið til þróunar og aukinna lífsgæða. Því er áhersla á það í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að tímabært sé að leysa úr læðingi krafta einkaframtaksins til samvinnu um nýtingu hreinnar orku í heiminum. Við ætlum að berjast gegn loftslagsbreytingum og framlag okkar til jarðhitanýtingar sé þar mikilvægur þáttur eins og ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa ítrekað bent á.

Orðspor Íslendinga er afar gott og í því samhengi verður að minnast á þátt Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna sem hefur menntað tæplega 400 sérfræðinga frá fjölmörgum þróunarlöndum. Framsæknustu fyrirtæki heims sækjast nú eftir hreinni orku í samræmi við kröfur viðskiptavina sinna. Útrásin í orkumálum er dýrmætt tækifæri Íslendinga til að taka jákvæðan þátt í uppbyggingu samfélaga víða um heim. Það tækifæri eigum við að nýta af ábyrgð, fagmennsku og krafti.

En kapp er alltaf best með forsjá. Nýr meirihluti í borgarstjórn taldi óhjákvæmilegt að ógilda ákvarðanir sem fyrri meirihluti stóð að, og myndaðist raunar þverpólitísk samstaða allra flokka í borgarstjórn um það mál. Þótt meinbugir hafi verið á þeirri tilteknu samningagerð verður engu að síður að finna ásættanlega og skynsamlega leið til þess að þekking og reynsla Orkuveitunnar ásamt öflugri aðkomu einkaframtaksins geti unnið saman að virkjun jarðhita og taka áfram þátt í verðmætasköpun á erlendri grundu.

Nýr meirihluti hefur unnið að málinu af festu og ábyrgð. Stýrihópur borgarinnar hefur unnið hratt og vel. Það er enginn efi í mínum huga um að meirihluti borgarstjórnar muni finna orkuútrásinni farsælan farveg þannig að þekking og sambönd sem byggst hafa upp hjá Orkuveitunni og innan útrásarfyrirtækis hennar Reykjavik Energy Invest skili sér í mikilvægum og metnaðarfullum verkefnum. Við eigum að sækja fram bjartsýn á möguleikana en raunsæ á allar þær hindranir sem verður að yfirstíga til að raunverulegur árangur náist til langframa.

*Höfundur er formaður Samfylkingarinnar.*




# Hvert stefnir Framsóknarflokkurinn?

**UMRÆÐAN**
Framsóknarflokkurinn


BJÖRN INGI HRAFNSSON

Miðstjórn Framsóknarflokksins kemur saman til árlegs haustfundar á Akureyri í dag; þess fyrsta sem haldinn er eftir alþingiskosningar sl. vor og hins fyrsta í formannstíð Guðna Ágústssonar. Geysilegar breytingar hafa orðið á stuttum tíma hjá þessum elsta starfandi stjórnmálaflokki þjóðarinnar; þriðji formaðurinn á jafnmörgum árum stendur nú í brúnni og tími uppbyggingar og endurmats er runnin upp eftir vonbrigði kosningaúrslitanna og útgöngu úr ríkisstjórn.

Framsóknarflokkurinn stendur á gömlum merg og er elsti starfandi stjórnmálaflokkur þjóðarinnar. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar fjallað er um íslensk stjórnmál, því mikil gerjun hefur átt sér stað á þeim vettvangi á undanförnum árum og áratugum; stjórnmálaflokkar komið og farið og aðrir komið í þeirra stað. Það er engum vafa undirorpið, að hin langa seta Framsóknarflokksins í ríkisstjórn hefur oft leitt til þess að flokkurinn hefur orðið skotspónn í pólitískri umræðu. Fyrir forystu og liðsmenn Framsóknarflokksins þýðir lítið að vísa aðeins til hinna gömlu góðu daga þegar flokkurinn var einn stærsti flokkur þjóðarinnar og hafði reglulega forystu í ríkisstjórn, hélt úti eigin dagblaði og var í nánum tengslum við stærstu atvinnufyrirtæki þjóðarinnar, Samvinnuhreyfinguna og kaupfélögin.

### Hvað klikkaði?

Stefna Framsóknarflokksins hefur að stórum hluta reynst þjóðinni farsæl, bæði í bráð og lengd. Því er eðlilegt að spyrja, hvað klikkaði? Ég tel að þrennt hafi skipt miklu máli. Í fyrsta lagi var flokkurinn lengi við völd og margir töldu hann þurfa hvíld; það var stemning fyrir breytingum. Í öðru lagi veiktu erfiðar innanhússdeilur flokkinn og forystu hans umtalsvert. Í þriðja lagi höfðu sterkustu baráttumál flokksins snúist í höndum hans. Áhersla á byggðaþróun og atvinnuuppbyggingu var nú orðin að hernaði gegn landinu og náttúrunni. Það var ósanngjarn málflutningur, en reyndist Framsóknarflokknum afar erfiður. Innan vébanda flokksins eru margir náttúruverndarsinnar og margir þeirra töldu að of mikil áhersla hefði verið lögð á uppbyggingu iðnaðar á kostnað náttúrunnar. Kominn var stóriðjustimpill á flokkinn. Það sem hafði færst glæstan sigur fjórum árum áður var nú orðið að ákveðnu pólitísku vandamáli.

Velheppnuð einkavæðing bankanna var þjóðfélaginu gríðarleg lyftistöng, en ásakanir um spillingu og sérhagsmunagæslu reyndust þungar í skauti, enda þótt allsstaðar væri hrakið. Óþarft er að eyða mörgum orðum í Íraksmálið; það klauf Framsóknarflokkinn í herðar niður og nokkur önnur mál, sem keyrð voru áfram af samstarfsflokknum í ríkisstjórn, t.d. fjölmiðlafrumvarpið, áttu margir úr röðum framsóknarmanna ákaflega erfitt með að sætta sig við.

### Margvíslegar tillögur

Mikilvægt er að framsóknarmenn ráði nú ráðum sínum og hugi að framtíðinni. Ræði með opinskáum hætti hvernig best sé að treysta böndin og ná vopnum sínum. Ég legg m.a. til að fram fari gagnrýnin umræða um styrkjakerfi landbúnaðar með tilliti til þróunar á vettvangi WTO. Hvorki Framsóknarflokkurinn né bændur hafa hagsmuni af því að verja óbreytt kerfi.

Þótt framsóknarmenn séu hlynntir einkarekstri og jafnvel einkavæðingu á ákveðnum sviðum, er slíkt hvorki töfralausn né kennisetning. Víða í samfélagslegri þjónustu á einkavæðing alls ekki við og menn eiga ekkert að vera feimnir að viðurkenna það. Það er ekkert hallærislegt að hafa prinsipp. Ég tel rétt að flokkurinn berjist fyrir lýðræðislegu samfélagi sem byggi á þrískiptingu ríkisvaldsins og réttindum borgaranna. Að auki viljum við að ákvarðanatakan færist eins nálægt borgurunum og unnt er, t.d. með beinum atkvæðagreiðslum. Dæmi um hvernig slíkar atkvæðagreiðslur gætu nýst í álitaefnum samtímans gæti fólgist í beinni atkvæðagreiðslu á íbúasvæði Orkuveitu Reykjavíkur um hvort fyrirtækið eigi að sinna aðeins sinni hefðbundnu kjarnastarfsemi eða fara í útrás á alþjóðavettvangi og breyta þekkingu sinni og reynslu í frekari verðmæti.

Um Evrópumál vil ég segja að við eigum að vera opin fyrir samvinnu við aðrar þjóðir, en óttast ekki alþjóðavæðinguna. Við eigum að horfa meira til Evrópu en gert hefur verið í alþjóðasamstarfi og velta upp öllum kostum sem bæta lífskjör okkar og hagsmuni fólksins í landinu og fyrirtækjanna. Það þýðir að við megum ekki útiloka nánari tengsl en nú eru við þjóðir Evrópu og Framsóknarflokkurinn á að viðurkenna að það hafi verið mistök af hans hálfu að styðja ekki EES-samninginn á sínum tíma, en vera þess í stað tvíklofinn í afstöðu sinni; nokkrir þingmenn á móti undir forystu þáverandi formanns og nokkrir með hjásetu undir forystu þáverandi varaformanns.

### Flokkur á tímamótum

Framsóknarflokkurinn stendur á tímamótum. Framsóknarflokkurinn er flokkur fólksins í landinu. Hann er ekki flokkur landsbyggðarinnar og ekki þéttbýlisflokkur, heldur hvort tveggja. Að beina stefnu aðeins í átt til sjónarmiða landsbyggðarinnar er sama og að segja að flokkurinn eigi ekkert erindi á höfuðborgarsvæðinu. Það væri ótrúlega óskynsamlegt, enda tel ég engan hljómgrunn fyrir slíku innan flokksins.

Viðspyrnan getur aðeins falist í sterkri og samstæðri forystu, með öflugri og nútímalegri hugmyndafræði og með breiðri skírskotun sem nær til landsins alls. Ekki með því að skilgreina sig þröngt, t.d. sem landsbyggðarflokkur, gegn erlendri samvinnu eða sem baráttuafl þröngra sérhagsmuna. Sú leið var farin hjá systurflokki okkar í Noregi og hann dæmdi sig um leið nánast úr leik í norskum stjórnmálum; er þar lítill og algjörlega áhrifalaus. Stórir hópar kjósenda og óánægðra flokksmanna hurfu frá varanlega og leituðu skjóls annars staðar. Það sama má ekki gerast hér.

Við eigum að feta sömu slóð og systurflokkar okkar í Kanada, Finnlandi og Danmörku, svo dæmi séu tekin, sem endurnýjuðu hugmyndafræði sína, gerðu á henni sumpart sársaukafullar breytingar, en tókust á við verkefnið og höfðu sigur og leika nú lykilhlutverk enn sem fyrr í stjórnmálunum. Það sama getur Framsóknarflokkurinn gert. Í krafti samstöðunnar og endurnýjaðrar sóknar Framsóknarflokksins til framfara og nýjunga getur endurreisn Framsóknarflokksins falist. Og hún er vel framkvæmanleg. Þess vegna eigum við að leggjast öll á eitt, styðja við bakið á forystu flokksins og bretta upp ermarnar. Verkefnið er framundan. Vilji er allt sem þarf.

*Höfundur er borgarfulltrúi Framsóknarflokksins. Lengri útgáfu greinarinnar má lesa á Vísi og á heimasíðu Björns Inga, eyjan.is/bjorningi.*



Ævintýraveröldin
Just4Kids
opnar í dag!
JUST 4 KIDS
...við brúna hjá IKEA
Opið frá kl. 11-1
Frábær skemmti-atriði!
Meiriháttar opnunar-tilboð!
HAFNARFJÖRÐUR
IKEA
JUST 4 KIDS
DÝRARÍKI
REYKJAVÍK
Stígur og Snæfríður úr Stundinni okkar og persónur úr skilaboðaskjóðunni mæta á staðinn!
Just4Kids er risastó
ævintýraveröld me
leikföng, barnahúsgögn
barnaföt og ungbarnavöru
www.just4kids.is



Opið frá kl. 11-19
JUST 4 KIDS
... ekki bara leikföng
LEGO CITY
Lego
Rescue
2.90
MERLIN'S MAGIC
LÆRLINGENS TRYLLESÆT
Galdrasett
3.900 kr.
playmobil
Playmobil
lögreglubíll
4.900 kr.
Barbie
bollastell
1.485 kr
Bílarúm
19.900 kr.
Chicco
barnakerra
5.900 kr.
Cir



Lego City
Super pack
4.900 kr.
City
pack
0 kr.
Playstation 2
8.990 kr.
Takmarkað magn!
Playstation 3
29.990 kr.
Aðeins 10 stk. í boði!
My little Pony
2.990 kr.
1.490 kr.
4.990 kr.
1.490 kr.
1.980 kr.
Webkinz™
Nýjasta æðið
í Bandaríkjunum
Drauma-
eyjan
3.980 kr.
DRAUMAEYJAN
Kaupauki
1 pk. af Huggies blautklútum fylgja Huggies bleyjum
Huggies bleyjur
1.400 kr.
ntamani Dalli
2.995 kr.
HAFNARFJÖRÐUR
IKEA
JUST4KIDS
DÝRARÍKIÐ
REYKJAVÍK
Just4Kids er risastór ævintýraveröld með leikföng, barnahúsgögn, barnaföt og ungbarnavörur.
www.just4kids.is

# Frá Karli Popper til Karls Rove – og aftur til baka

**UMRÆÐAN**
Sannleikurinn og stjórnmálaumræða


GEORGE SOROS

Í hinni kaldranalegu skáldsögu *1984* lýsti George Orwell alræðisríki, þar sem Sannleiksráðuneytið hefur öll samskipti á sínu valdi og þeir sem óhlýðnast eru ofsóttir af pólitískri lögreglu. Bandaríkin eru enn stjórnarskrárbundið lýðveldi og réttarríki og fjölmiðlar þar fjölbreyttir og margir. Engu að síður eru blikur á lofti um að áróðursaðferðirnar sem Orwell lýsir séu að skjóta þar rótum.

Blekkingarbrögðin hafa reyndar þróast mikið síðan Orwell var uppi. Mörg þeirra voru þróuð í tengslum við auglýsingar og markaðssetningu á vörum og þjónustu en stjórnmálamenn tileinkuðu sér þau síðar. Megineinkenni þessara bragða er að þau eru föl fyrir peninga. Undir það síðasta hafa hugræn vísindi lagt sitt af mörkum við að gera blekkingarbrögðin enn skilvirkari og búið til farveg fyrir atvinnupólitíkusa sem einblína á að „ná árangri“.

### Gagnrýnin hugsun

Atvinnupólitíkusarnir eru stoltir af afrekum sínum og njóta jafnvel virðingar almennings í Bandaríkjunum, sem dáist að árangri sama hvernig hann fæst. Sú staðreynd varpar skugga á hugmynd Karls Popper um hið opna þjóðfélag, sem er í þá veru að þótt það sé ógjörningur að öðlast tæmandi þekkingu skili gagnrýnin hugsun okkur betri skilningi á veruleikanum.

Popper áttaði sig ekki á að í lýðræðislegum stjórnmálum skiptir meira máli að afla sér stuðnings almennings en að leita sannleikans. Á öðrum sviðum, til dæmis í vísindum og iðnaði, veitir hinn ytri veruleiki viðnám við tilraunum til að þröngva ákveðnum skoðunum á heiminn. Í stjórnmálum er aftur á móti auðvelt að ráðskast með skynjun kjósenda, með þeim afleiðingum að jafnvel í lýðræðisríkjum leiðir pólitísk umræða ekki til betri skilnings á veruleikanum.

Ástæðan fyrir því að stjórnmál lýðræðisins leiða til blekkinga er sú að stjórnmálamenn vilja ekki segja satt. Þeir vilja vinna kosningar og besta leiðin til þess er að hagræða sannleikanum sér í hag.

### Nýjar reglur

Þetta ætti þó ekki að fá okkur til að varpa hugmyndinni um hið opna þjóðfélag fyrir róða, heldur þarf að endurskoða rökin fyrir henni og festa þau í sessi. Við þurfum að hafna því sem Popper gaf sér, að markmið pólitískrar umræðu sé að skilja veruleikann betur, og endurskilgreina sannleiksleitina sem eitt af skilyrðum hins opna samfélags. Aðskilnaður valds, tjáningarfrelsis og frjálsra kosninga tryggir ekki opið þjóðfélag einn og sér; það krefst þess líka að við helgum okkur sannleiksleitinni.

Kynna þarf til leiks nýjar grundvallarreglur í pólitískri umræðu. Þær geta ekki verið sambærilegar við grundvallarreglur vísindanna, eðli málsins samkvæmt, en ættu að vera í sama anda; að miða pólitískar skoðanir við sannleiksleitina.

Stjórnmálamenn virða aðeins veruleikann, í stað þess að ráðskast með hann, ef almenningur lætur sannleikann sig varða og refsar stjórnmálamönnum þegar þeir fara greinilega með rangt mál. Almenningur ætti að láta sannleikann sig varða því blekkingar hafa áhrif á hvernig fólk ver atkvæði sínu, brengla opinbera stefnumótun, draga úr ábyrgð og grafa undan trausti í garð lýðræðisins.

Nýliðnir atburðir sýna svo ekki verður um villst að það getur haft hörmulegar afleiðingar að draga upp ranga mynd af veruleikanum. Viðbrögð Bush-stjórnarinnar við hryðjuverkaárásunum 11. september 2001 – að lýsa yfir stríði á hendur hryðjuverkum og afgreiða alla gagnrýni sem föðurlandssvik – hlaut stuðning almennings. Afleiðingarnar voru aftur á móti gagnstæðar við það sem Bush-stjórnin ætlaði, bæði sér og Bandaríkjunum.

### Brigslyrði og bellibrögð

Vandinn sem við stöndum frammi fyrir felst í því að greina hvenær atvinnupólitíkusar eru að draga upp ranga mynd af veruleikanum. Hér hafa fjölmiðlar, framámenn í stjórnmálum og menntakerfið mikilvægu hlutverki að gegna og þurfa að vera á varðbergi. Að auki þarf að bólusetja almenning við hinum ýmsu lymskubrögðum. Skilvirkustu blekkingarnar smjúga sér inn í undirmeðvitundina. Þegar hægt er að hreyfa við tilfinningum eftir leiðum sem fara fram hjá meðvitundinni er almenningur varnarlaus. En ef hann er fræddur um þessi brögð mun hann að öllum líkindum hafna þeim.

Eitt áhrifamikið bragð – sem Frank Luntz, einn af hugmyndasmiðum repúblikana, kveðst hafa lært af *1984* – felur í sér að snúa við merkingu orða og um leið veruleikanum á hvolf. Þannig segir Fox-fréttastofan að hún sé „sanngjörn og óhlutdræg“. Karl Rove og hans nótar beita dylgjum og ósannindum til að breyta helstu styrkleikum andstæðinga þeirra í veikleika. Brigslyrði um heigulshátt og undirferli hafa til dæmis orðið tveimur heiðruðum hermönnum úr Víetnamstríðinu að falli, Max Cleland öldungadeildarþingmanni árið 2002 og John Kerry árið 2004. Á sama tíma er dregin upp mynd af Bush og Dick Cheney varaforseta – sem komu sér báðir undan herþjónustu – sem sönnum föðurlandsvinum.

Annað lymskubragð er yfirfærsla: að saka andstæðinginn um fyrirætlanir eða aðferðir sem ásakandinn sjálfur beitir eða hefur í hyggju. David Horowitz, sem ásakar mig fyrir að vera „Lenín í hinu and-ameríska samsæri,“ er til dæmis fyrrverandi trotskíisti, sem lítur ekki á mótherja sína sem andstæðinga til að rökræða við heldur fjandmenn sem þarf að mala mélinu smærra.

### Hvað er til ráða?

Það hefur sýnt sig að almenningur í Bandaríkjunum er merkilega móttækilegur fyrir hagræðingu sannleikans, sem setur æ sterkari svip á pólitíska umræðu í landinu. Heilu fjölmiðlarnir helga sig enda því verki, sumir hverjir eru þekktir.

Engu að síður trúi ég að hægt sé að bólusetja almenning gagnvart rangfærslum með því að skapa tortryggni í garð „nýlensku“ að hætti Orwell. Efna þarf til átaks með það að markmiði að bera kennsl á blekkingarbrögðin – og benda á þá sem þau nota.

Nú er lag til að hefja það átak. Bandaríkjamenn eru að vakna af vondum draumi. Reynsla undangenginna ára sýnir – og við hefðum átt að vita allan tímann – að það er ekki hægt að ganga að því sem vísu að gagnrýnin hugsun hafi tögl og hagldir í hinni pólitísku umræðu. Til að tryggja það þurfa kjósendur að virða veruleikann og refsa stjórnmálamönnum sem segja ósatt eða blekkja á einhvern hátt.

*Höfundur er stjórnarformaður Soros Fund Management og Open Society Institute. ©Project Syndicate*

# Að skrimta í leiguíbúð

**UMRÆÐAN**
Húsnæðismál


DAGNÝ ÓSK ARADÓTTIR

Undanfarið hefur farið fram mikil umræða um ástandið á húsnæðismarkaðnum hérlendis. Leiguverð hefur rokið upp á síðustu árum og á sama tíma hafa húsaleigubætur staðið í stað. Þessi vandi bitnar verulega á námsmönnum, en námslán fyrir einstakling í leiguhúsnæði eru 94.000 kr. á mánuði, sem er 12.000 krónum lægra en lágmarkslaun á vinnumarkaði.

Skerðingarhlutfall námslána er tíu prósent og sárafáir stúdentar fá óskert námslán því nær allir vinna, í það minnsta á sumrin. Margoft hefur verið sýnt fram á það að námslánin duga á engan hátt fyrir framfærslu stúdenta. Lánin hækka örlítið á hverju ári en á sama tíma hækkar verðlag, og ekki síst leiguverð. Húsaleiga er einn stærsti útgjaldaliður stúdenta en námslánakerfið endurspeglar það á engan hátt. Einstaklingur sem býr í foreldrahúsum fær fyrir tekjuskerðingu 65.800 krónur í lán á mánuði og því er gert ráð fyrir því að 28.200 krónur á mánuði (fyrir skerðingu) dugi fyrir húsaleigu og uppihaldi þess sem býr einn í leiguhúsnæði. Það er ljóst að sú upphæð er algjörlega úr takti við raunveruleikann, þar sem það kostar að minnsta kosti 35.000 krónur, eftir að húsaleigubætur hafa verið dregnar frá, að leigja einstaklingsíbúð á stúdentagörðum Félagsstofnunar stúdenta. Þær íbúðir eru mun ódýrari en íbúðir á almennum leigumarkaði þar sem algengt verð á tveggja herbergja íbúð er um og yfir 100.000 krónum.

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur ítrekað bent á þennan vanda og skorað á stjórnvöld að bregðast við honum. Sökum þess hve lánin eru lág neyðast margir stúdentar til þess að vinna með skólanum á veturna. Kannanir sýna að um 65 prósent stúdenta vinna með skólanum. Þá lækka námslánin auðvitað enn meira og meiri hætta er á því að fólk standi sig ekki sem skyldi í náminu og flosni jafnvel upp úr því. Tvær einfaldar leiðir eru til þess að leiðrétta þetta ástand. Annars vegar að hækka námslánin eða að hækka húsaleigubæturnar, sem hafa nánast staðið í stað síðan um þær voru sett lög fyrir heilum tólf árum. Best væri auðvitað að gera hvort tveggja, svo stúdentar gætu notið mannsæmandi kjara.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar frá því í vor kemur fram að endurskoða eigi lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Það er von Stúdentaráðs að sú endurskoðun hefjist sem fyrst og að ríkt samráð verði haft við hagsmunafélög stúdenta. Einnig vonar Stúdentaráð að nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði á dögunum til þess að fara yfir ástandið á húsnæðismarkaði skili niðurstöðum sínum fljótt svo hægt verði að bregðast við með réttum hætti og hækka húsaleigubæturnar duglega.

*Höfundur er formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.*

# Klikkhausinn Adam Smith

**UMRÆÐAN**
Samráð og samsæri


JÓN ÞÓR ÓLAFSSON

Það er ómögulegt að skilja viðskiptalífið, alþjóðastjórnmál og stjórnmál yfirleitt, án þess að skoða hverjir séu á leynilegan hátt að koma sér saman um að vinna að sínum hagsmunum á kostnað annarra. Í viðskiptum heitir þetta „samráð“ og hefur kostað okkur neytendur gríðarlegar fjárhæðir. Í pólitík heitir þetta „samsæri“ og er stórmerkilegt hugtak.

Er það ekki merkilegt að í dag er fólk feimið við að tala um hvernig valdamiklir aðilar gætu verið að eiga samráð um að hagnast á kostnað annarra? Faðir kapítalismans, Adam Smith, var alls ófeiminn við að benda á þetta í ritverki sínu Auðlegð þjóðanna: „Allt fyrir okkur, og ekkert fyrir annað fólk, virðist, á hverri öld heimsins hafa verið hin ógeðfellda regla valdhafa mannkyns.“ Bók I, kafli IX og „Hver sem ímyndar sér að valdhafar koma sér sjaldan saman um hlutina er eins fáfróður um heiminn og um umræðuefnið“. Bók I, kafli VIII.

Orðið samsæriskenning hefur svo sterk áhrif á fólk í dag að það stöðvar sig jafnvel í að hugsa að valdamenn gætu átt samráð um sína hagsmuni á kostnað annarra. Svona sjálfsritskoðun kallaði George Orwell „Crimestop“ í bók sinni 1984. Hann lýsir Crimestop sem því að „hugurinn býr til blindan blett“ og „losar sig sjálfkrafa við hugsanir sem eru óæskilegar fyrir valdhafa“.

Auðvitað fremja valdhafar samsæri og það er heilbrigð og ábyrg hegðun allra borgara sem annt er um samfélag sitt að rannsaka og ræða um hvaða valdhafar hafi hugsanlega átt samráð um sína hagsmuni á kostnað borgaranna.

*Höfundur er viðskiptafræðinemi.*



Hinn nýi KYRON er fullvaxinn sjálfskiptur dísil jeppi með hátt og lágt drif
Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: Turbo dísil Intercooler
• 3 föld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálvirk tölvustýrð miðstöð
• 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 gírum aftur á bak
• Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
• 31” TOYO dekk • Leðurveltistýri og leðurgírstöng
• Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn • Linsuaðalljós
• Þokuljós • Hiti í speglum • Hiti í framrúðu
• Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
• Hiti í sætum • Þakbogar • 6 hátalarar
Eyðsla í blönduðum akstri aðeins 8,7 ltr. á 100 km.
Alvöru dísil jeppar fyrir íslenskar aðstæður...

Nýr KYRON kostar aðeins 3.590.000,- sjálfskiptur
Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12 • 112 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.
Laugardaga 12.00 - 16.00.
SSANGYONG
Bílasalan Ós Akureyri, sími 462 1430
Bílahornið hjá Sissa Keflavík, sími 420 3300
Bílasala Vesturlands Borgarnesi, sími 437 2100
Bílasala Austurlands Egilsstöðum, sími 471 3005



emmessís
á 10 kr.
um helgina

# Jólalandið Skútuvogi

dagskrá laugardagsins

**14:00** Trúðarnir Búri og Bína syngja vinsæl barnalög.

**15:00** Trúðarnir Búri og Bína syngja vinsæl barnalög.

**16:00** Pollapönk. Halli og Heiðar í Botnleðju taka lög sem allir krakkar ættu að þekkja.








2 stk.
Jólastjörnur
999



30%
afsláttur

Öll jólaljós og jólaseríur

# Frábær saman
## í Skútuvogi

HÚSASMIÐJAN

blómaval

3 rafhlöður




12.999

**Hleðsluborvél, Hitachi**
12V, 3 rafhlöður, stuttur hleðslutími, ljós og bitasett fylgir með ásamt tösku
5247480



*Konfekt-námskeið*

Námskeið í konfektgerð verður haldið í Húsasmiðjunni undir styrkri leiðsögn Halldórs Kr. Sigurðssonar bakara og konditormeistara. Námskeiðin standa frá kl. 20:00-22:00.

Um eftirfarandi námskeið er að ræða:

**Grafarholt 14. nóvember**
**Keflavík 15. nóvember**
**Borgarnes 21. nóvember**
**Selfoss 28. nóvember**
**Akranes 27. nóvember**
**Skútuvogur 29. nóvember**
**Akureyri 4. desember**
**Egilsstaðir 6. desember**

Námskeiðið kostar 1.500 kr.
Bóka þarf þátttöku í síma 525 3000 eða með tölvupósti á netfangið konfekt@husa.is

2.499



**Verkfæratöskur**
Stanley, 12,5 og 19"
5024771



**Topplyklasett 33 stk.**
Toolux, 1/4", 4-13 mm og bitar
5052550
1.699

Afslátturinn gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.

# EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI




Ekki bara stjörnupartí.

Eddan – mikilvægari en margan grunar.

Bölvun faraósins.

Andlit Tutankhamuns var opinberað í síðustu viku. Bölvun hefur fylgt þeim sem fundu grafhýsi hans.

SPORTIÐ FYLGIR

Umboðsmaður Íslands

Ólafur Garðarson segir frá starfinu, samningunum og samskiptunum við stjórana.

ALLT ATVINNA

Vinsælasta atvinnuauglýsingablað landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga




Fiton/SÍA


MAÐUR VIKUNNAR

# *Fæddur listamaður*




Notendurnir sem eru að dreifa efni á þennan hátt eru að stela frá fátæku fólki til að gefa nískupúkum sem tíma ekki að borga fyrir það efni sem er órjúfanlegur hluti af lífi þeirra. Það heyrir til algjörra undantekninga að íslenskt tónlistarfólk eða kvikmyndagerðarfólk eigi einhverjar sundlaugar í garðinum hjá sér. Flestir sem ég þekki eiga vart til hnífs og skeiðar og að stela frá þessu fólki er alvarlegt mál.“

Þetta hafði Páll Óskar Hjálmtýsson að segja um þá sem dreifðu tónlist af nýrri plötu hans ólöglega í gegnum vefsíðuna torrent.is í síðustu viku. Hann ætlar sér að höfða mál á hendur því fólki sem lak plötunni á internetið. Í kjölfarið hefur skapast mikil umræða um höfundarétt og ólöglega dreifingu á tónlist, kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

Vinir og ættingjar Páls Óskars eru sammála um að hann hafi alla tíð verið réttsýnn. „Hann vill engum neitt illt og finnst enginn eiga að gera nokkrum illt heldur,“ segir ein systra hans.

Páll Óskar er sagður vera fæddur listamaður og var listrænn frá unga aldri. Hann var ekki nema um tveggja ára gamall þegar hann var farinn að syngja hástöfum og teikna fallegar myndir. Þegar hann tók að eldast fór hann að hafa áhuga á kvikmyndum og hefur gert margar stuttmyndir í gegnum tíðina. Á menntaskólaárunum í MH þótti vinum hans ekkert víst að söngur og tónlist yrðu ofan á hjá honum, heldur voru þau viss um að hann yrði kvikmyndagerðarmaður. Áhugi hans á kvikmyndum er enn mikill, en hann er sérstaklega hrifinn af hryllings- og svokölluðum splattermyndum. Þá á hann það til að hóa saman fólki til þess að horfa á gamla kvikmynd á filmu.

Páll Óskar er sjálfmenntaður söngvari og hefur gefið út fjölmargar plötur, bæði einn og ásamt öðrum. Hann hefur gert mjög fjölbreytta tónlist, allt frá klassískum plötum með hörpuleikaranum Moniku Abendroth til popp- og dansplatna. Nýjasta sólóplata hans, Allt fyrir ástina, er fyrsta dansplatan hans í átta ár en hún kom út í vikunni. Páll Óskar tók þátt í Eurovision-söngvakeppninni fyrir hönd Íslands árið 1997, en hann er talinn einn helsti sérfræðingur Íslendinga í keppninni. „Palli er mjög sérstök manneskja. Maður sá strax að hann var öðruvísi en flestir, bæði einlægari og heiðarlegri,“ segir góð vinkona hans. Fólk á ekkert inni hjá honum og hann segir alltaf það sem honum finnst. Heiðarleiki hans og einlægni þykir skila sér í því sem hann gerir. Hvort sem það eru tónleikar eða plötur, brúðkaup eða jarðarfarir, þá er hann alltaf jafn auðmjúkur fyrir tilefninu og gefur allt sem hann á í hvert skipti. „Hann laðar fram það góða í fólki.“

Vinir og ættingjar eru sammála um að hann sé traustur og ætíð boðinn og búinn að hjálpa þeim sem á þurfa að halda. Hann er til dæmis duglegur að heimsækja aldraðan frænda sinn á elliheimilið Grund, og þykir góður við alla þá sem minna mega sín. Hann er mikill tungumálamaður og á mjög auðvelt með að læra tungumál og annað þeim tengt, til dæmis kann hann alla texta utanbókar.

Páll Óskar lifir mjög heilbrigðu lífi. „Hann hefur verið í þessum bransa mjög lengi og hefur komið hvað heilastur frá því, til dæmis hefur hann aldrei drukkið eða reykt. Það er bara á síðustu árum sem hann er farinn að drekka kaffi og þá bara einn bolla ef hann þarf að vaka til sjö á morgnana.“

Framlag Páls Óskars til réttindabaráttu samkynhneigðra er mikið. Hann hefur verið einn helsti talsmaður Hinsegin daga á Íslandi og setið í undirbúningsnefnd vegna þeirra frá upphafi. „Hann steig gríðarlega stórt skref í réttindabaráttunni. Þegar hann var að byrja í þessum bransa og fólk fór að tala um að hann væri hommi, þá fór hann bara í viðtal og sagðist vera hommi. Þá gat fólk ekkert sagt. Þar kom fram þessi heiðarleiki og einlægni hans, en líka hugrekkið sem hann býr yfir. Hann var aldrei í neinum feluleik eða afneitun og hefur hjálpað mikið í því að gera samkynhneigða sýnilega og sjálfsagðan hluta samfélagsins.“

## ÆVIÁGRIP

Páll Óskar Hjálmtýsson tónlistarmaður er fæddur í Reykjavík 16. mars 1970. Hann er yngsti sonur hjónanna Margrétar Matthíasdóttur og Hjálmtýs Edwards Hjálmtýssonar, en þau eru bæði látin. Páll Óskar á sex eldri systkini en þau eru Ásdís, Sigrún, Lucinda Margrét, Matthías Bogi, Jóhanna Steinunn og Arnar Gunnar.

## VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Hélt matarboð í fyrsta skipti fyrir öll systkini sín sex og alla afkomendur þeirra á dögunum, rúmlega þrjátíu manns. Matreiddi fimm lambalæri og kom sjálfum sér mest á óvart með bragðgóðum mat.

## HVAÐ SEGIR HANN?

„Við megum ekki gleyma fólkinu sem hefur tekið þetta stóra skref að koma út úr skápnum, hefur kosið að rífa líf sitt upp með rótum og byrja upp á nýtt – það hefur kosið að taka sjálft sig út úr jöfnunni og sjá hvaða möguleika lífið hefur upp á að bjóða með þessu tilfinningalega frelsi.“

## HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Hann segir stundum að ég beri ábyrgð á því að hann fór í sönginn vegna þess að ég skráði hann í Söngvakeppni framhaldsskólanna á sínum tíma. Ég held að það sé ekki rétt, hann hefði ekki komist undan tónlistinni og söngvaranum í sjálfum sér. Hann hefur fundið sinn stað en þetta er þó bara einn þeirra staða sem hann á prýðilega heima á. Það er til dæmis ekkert útséð um það ennþá hvort hann verður kvikmyndagerðarmeistari.“

Brynhildur Björnsdóttir, vinkona Páls Óskars.


Auglýsingasími

512 50 50




– Mest lesið

Öndvegi
HÚSGAGNAVERSLUN

Opnum í dag stærri og glæsilegri verslun




Verið velkomin í nýtt húsnæði okkar að Síðumúla 30, 2. hæð









HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Öndvegi
BÚUM BETUR HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 30 • Sími 568 4242 • www.heimahusgogn.is • heima@heimahusgogn.is
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 LAUGARDAGA 11-16

# Týlingar eða Íslendingar?

Í Dagbók **Þráins Bertelssonar** er sagt frá ofurhraðlest, þrjátíu þúsund ára siðfágun, ferð á slóðir fyrsta Íslandsvinarins; einnig er minnst á Maríu frá Magdölum og Lazarus bróður hennar, brask með helga muni og rómantíska kvöldgöngu.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**FÖSTUDAGUR, 2. NÓVEMBER.**

### Á slóðum hins fyrsta Íslandsvinar

Í rauðabítið í morgun (kl. 11) hringdi Bergsteinn verkstjóri minn og verndari frá Fréttablaðinu og sagði að dagbókin mín sem ég sendi í gærkvöldi hefði borist með skilum, hins vegar hefðu engar myndir fylgt. Þetta þýddi að ég varð að klæða mig upp úr rúminu löngu fyrir hádegi og bruna til Aix og hlaupa þar á milli netkaffihúsa.

Allar tölvur sem ég reyndi við þóttust hafa sent myndirnar skilvíslega en á hinum endanum sat Bergsteinn eins og ljósmóðir við Fréttablaðstölvuna og tilkynnti mér jafnharðan símleiðis að ekkert bólaði á myndunum. Á síðasta netkaffihúsinu sem ég fann tókst loks að koma einni ljósmynd frá Frakklandi til Íslands. Þar inni voru tvær hrörlegar tölvur og þunglyndislegur eigandi í síðum kufli að hætti Túnisbúa sleppti mér inn fyrir náð og miskunn.

Adam var þó ekki lengi í Paradís því að það var sama hvað ég reyndi, aðeins ein mynd rataði heim til að prýða dagbókina. Bergsteinn tók þessu merkilega vel og kunni hið kristilega trix að gleðjast yfir einni mynd sem rataði heim í stað þess að súta hinar sem glötuðust.

Seinnipartinn í dag skruppum við niður á Rívíeruna og spókuðum okkur við höfnina í Cassis í glampandi sólskini og breyskjuhita.

Cassis er lítill ferða- og fiskimannabær við sérdeilis fallega vík. Þar bjó fjölskylda Napóleons á góðu hóteli í ágúst og september árið 1793 á meðan litli stórskotaliðshöfuðsmaðurinn var að endurheimta borgina Toulon þarna í nágrenninu úr klóm Breta og andbyltingarsinna. Napóleon stóð sig svo snilldarlega í þeirri herferð við að hlunka á Bretana að Robespierre gerði hann að hershöfðingja – og framhaldið af því þekkja allir.



Kvöldinu eyddum við svo í Marseille. Þaðan var fyrsti Íslandsvinurinn, Pýþeas, Grikkinn sem kom til Íslands í kringum árið 325 f. Kr. og kallaði landið Týli eða Thule. Sennilega hefði það verið gott fyrir ferðaiðnaðinn að halda því nafni í stað þess að taka upp hið napra heiti Ísland – en þá værum við Íslendingar væntanlega kallaðir Týlingar og það finnst mér einhvern veginn ekki viðkunnanlegt.

Þetta var mikil sjóferð hjá Pýþeasi, en nú er talið að hann hafi siglt sem leið liggur til Bordeaux og Nantes og síðan til Land's End og Plymouth í Englandi, því næst til Manareyjar, Hjaltlands, Orkneyja og til Íslands. Í bakaleiðinni sigldi hann með austurströnd Bretlands og komst loks heilu og höldnu heim aftur til Marseille.



Í Marseille hefur verið mannabyggð frá ómunatíð og þar hafa fundist mannavistarleifar frá því fyrir 30 þúsund árum. Núna búa þarna tæpar tvær milljónir. Það eru reyndar aðeins 30 ár en ekki 30 þúsund síðan ég kom síðast til Marseille og það verð ég að segja að borgin hefur tekið miklum stakkaskiptum á þessum þremur áratugum og er hin þrifalegasta.

Þótt nú væri föstudagskvöld héldu Marseille-búar bæði gleði sinni og stillingu í stað þess að öskra og fljúgast á og brjóta gler á götum úti eins og í annarri hafnarborg þar sem ég þekki til. Þrjátíu þúsund ára siðfágun hefur sitt að segja og svo er líka sagt að það hafi verið sjálf María úr Magdölum og Lazarus bróðir hennar sem kristnuðu Marseille-búa og þeir búa ábyggilega að því ennþá.



**LAUGARDAGUR, 3. NÓVEMBER.**

### Ofsahraðlestin TGV

Fyrir tilstilli alls konar vitleysinga eru flugferðir orðnar hroðalega óþægilegur ferðamáti en í Frakklandi er hægt að ferðast með hraðlest sem heitir TGV (train à grande vitesse) og gæti eiginlega heitið ofsahraðlest því að TGV á heimsmet hraðlesta í ofsaakstri og hefur mælst á 574,8 km hraða.

Við kvöddum samferðafólkið í dag með kæru þakklæti fyrir ánægjulega samveru og tókum TGV til Parísar. Lögðum af stað rúmlega sex og vorum komin á Gare de Lyon-brautarstöðina í París um níu leytið. Þetta eru einir 750 km.

Frá brautarstöðinni var ekki nema steinsnar á hótelið okkar sem af einhverjum dularfullum ástæðum kennir sig við sjöundu listgreinina og heitir Hotel du 7e Art, númer 20 Rue St. Paul í Le Marais, Mýrinni sem er heitið á gamla Gyðingahverfinu, fjórða hverfi Parísarborgar. Sjöunda listgreinin er auðvitað kvikmyndalistin.

Hótelið sem kennir sig við hana hentar vel íslenskum kvikmyndagerðarmanni sem ekki hefur auðgast úr hófi á listinni. Hjónaherbergi kostar 100 evrur á sólarhring og hótelið er „de charme et de caractère“ sem þýðir að þetta er tveggja stjörnu hótel. Þótt lúxusinn sé enginn er rúmið þægilegt og rúmfötin hrein svo að okkur er einskis vant.



**MÁNUDAGUR, 5. NÓVEMBER.**

### Stjórnlaus hegðun

Ég missti stjórn á mér í dag.

Bókamenningin hérna er dásamleg. Mér þykja franskar bækur fallegri og fágaðri en aðrar bækur – og þá er ég að tala um bókagerðina, bókina sem grip, en ekki innihaldið. Ég veit vel að maður sem býr í 50 metra fjarlægt frá Borgarbókasafni Reykjavíkur þarf ekki bráðnauðsynlega að kaupa mikið af bókum. En sem betur fer er skynsemin ekki alltaf á vaktinni. Og í dag missti ég stjórn á mér. Núna eru flest helstu stórmenni andans samankomin í bakpokanum mínum og það þarf heilan skátaflokk til að lyfta honum.



**ÞRIÐJUDAGUR, 6. NÓVEMBER.**

### Brask með nagla og þyrnikórónu

Lúðvík níundi fæddist árið 1215 og erfði konungstign þegar hann var sjö ára gamall, árið 1222 og ríkti yfir Frakklandi til dauðadags 1270. Hann var óhemju trúaður og hefur einn Frakkakónga verið tekinn í dýrlingatölu.

Ekki nóg með að Lúðvík væri trúaður heldur hefur hann verið býsna trúgjarn líka, því að Baldvin keisari í Miklagarði prangaði inn á hann helgigripum fyrir stórfé. Gripirnir voru hin upprunalega þyrnikóróna og naglarnir sem notaðir voru við krossfestinguna.

Yfir þessa gripi lét Lúðvík reisa sérstaka kapellu, La Sainte Chapelle, sem stendur ekki langt frá Notre Dame-kirkjunni og er einhver fegursta bygging í veröldinni. Sagan segir að kaupverð helgigripanna hafi verið fimmfalt hærra en kostnaðurinn við bygginguna sem var þó ærinn svo að væntanlega hefur Baldvin Miklagarðskeisari haft eitthvað fyrir sinn snúð.




Ástæðan fyrir því að ég rifja upp þessi löngu gleymdu viðskipti er sú að við frú Sólveig fórum á yndislega kvöldtónleika í Sainte Chapelle og hlustuðum á kammersveit leika hornakonserta nr. 1 og 3 eftir Mozart. Einleikari var mikill virtúós, Daniel Breszynski, sem lék reyndar ekki á básúnu heldur á hljóðfærið „saquebout“ eða barokk-básúnu og blés af mikilli snilld.

Ekki veit ég hvort Lúðvík níundi tapaði eða græddi á braskinu með nagla og þyrnikórónu en hitt veit ég að það er göfgandi fyrir sálina að eiga þess kost að koma um stund inn í þá makalausu byggingu Sainte Chapelle og njóta tónlistar.

Svo fengum við frú Sólveig okkur bita á góðum stað í Latínuhverfinu á eftir og leiddumst svo eftir Signubökkum á leið heim á kvikmyndahótelið.

Það vildi ég að helgimunir kæmust í tísku hjá nýríka liðinu á Íslandi ef það mætti verða til þess að þjóðin eignaðist svona fallegt hús.

**MIÐVIKUDAGUR, 7. NÓVEMBER.**

### Bækur og bilun

Ferðadagur. Flugum heim frá París.

Upp úr bakpokanum mínum komu 34 bækur. Þetta er náttúrulega bilun.

Samt er ég svo forhertur að ég iðrast einskis. Þetta var dásamleg ferð og það var vel tekið á móti okkur þegar við komum heim.

**FIMMTUDAGUR, 8. NÓVEMBER.**

### Frakkland og útlönd

Nú byrjar víst alvara lífsins á nýjan leik eftir hopp og hí suður í löndum. Samt nenni ég ekki að setja mig inn í helstu fréttir fyrr en ég er búinn að jafna mig eftir ferðalagið. Reyndar efast ég um að ég fylgist með öðru en bókafréttum á næstunni. Jólavertíðin er byrjuð.

Þetta verður mikil veisla. Bókaormar allra landa sameinist!

Oddur nágranni sagði mér að hann hefði spurt litlu Sól um daginn hvort afi og amma hefðu farið til Frakklands.

„Nei,“ sagði sú stutta. „Þau fóru til útlanda.“

Góður kisi
á gott skilið

- Kisu nammi (harðfisktöflur)
- Kisu bitafiskur
- Íslensk framleiðsla úr úrvals hráefni.

Fæst í Bónus
BÓNUS




PLEASE
PET NUTRITION

BÚUM BETUR
HÚSGAGNAVERSLUN

# OPNUM Í DAG

NÝJA GLÆSILEGA VERSLUN MEÐ
SKRIFSTOFUHÚSGÖGNUM AÐ SÍÐUMÚLA 30, 2. HÆÐ



HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Öndvegi
BÚUM BETUR HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 30 • Sími 568 4242 • www.heimahusgogn.is • heima@heimahusgogn.is
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18   LAUGARDAGA 11-16



✝

*Elskuleg móðir mín, dóttir, systir og mágkona,*

**Marta Guðmunda Guðmundsdóttir**

Hólavöllum 16, Grindavík,

lést á Landspítalanum v/Hringbraut þriðjudaginn 6. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Grindavíkurkirkju miðvikudaginn 14. nóvember kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð Krabbameinsfélags Íslands.

**Andrea Björt Ólafsdóttir**
**Guðmundur Finnsson** **Hallbera Ágústsdóttir**
**Matthildur Níelsdóttir** **Svanur I. Sigurðsson**
**Níels A. Guðmundsson** **Hanna M. Harðardóttir**
**systkinabörn og aðrir aðstandendur.**



✝

*Okkar ástkæri*

**Hjörtur Hjartarson**

lést á heimili sínu í Malmö, Svíþjóð, hinn 7. nóvember sl. Jarðarför auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Vilborg Arinbjarnar**



✝

*Ástkær móðir okkar, systir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóna Soffía Tómasdóttir**

lést á Landspítalanum hinn 3. nóvember sl. Útför fer fram frá Aðventistakirkjunni þriðjudaginn 13. nóvember kl. 13.00.

**Aðstandendur.**



✝

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðbergur Guðnason**

frá Jaðri, Árskógum 8, Reykjavík,

lést á heimili sínu laugardaginn 3. nóvember. Útförin fer fram frá Seljakirkju mánudaginn 12. nóvember kl. 13.00.

**Kristrún Guðbergsdóttir** **Magnús Magnússon**
**Guðni Guðbergsson** **Jóhanna Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra*

**Sigurdórs Jóhannssonar,**

rafvirkjameistara, Akranesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks E-deildar Sjúkrahúss Akraness fyrir hlý samskipti og góða umönnun.

**Sigríður Eyjólfsdóttir**
**Sigrún Sigurdórsdóttir** **Sæmundur Guðmundsson**
**Bragi Þór Sigurdórsson** **Sigríður E. Hauksdóttir**
**Jóhann S. Sigurdórsson** **Jónína Björk Óskarsdóttir**
**Hlynur Sigurdórsson** **Jónína Herdís Sigurðardóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

**BANDARÍSKA LEIKKONAN BRITTANY MURPHY ER ÞRÍTUG Í DAG**

*„Heima er þar sem mamma er. Ef ég bara gæti orðið þriðjungur af þeirri konu sem mamma er og hefði þriðjung af styrk hennar, væri ég fullsátt við hlutskipti mitt í lífinu.“*

***Brittany Murphy vakti fyrst athygli þegar hún lék í kvikmyndinni Clueless 1995, en upphaflega sérhæfði hún sig í hlutverkum andlega veikra táningsstúlkna og hlaut mikið lof fyrir frammistöðu sína í Girl, Interrupted 1999.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 10. NÓVEMBER 1944

## *Goðafoss sekkur*



Laust eftir hádegi, þennan dag fyrir 63 árum, sökkti þýskur kafbátur flutningaskipinu Goðafossi úti af Garðskaga, en skipið var að koma frá Bandaríkjunum. Um borð var þrjátíu manna skipshöfn og tólf farþegar. Tundurskeytið hitti Goðafoss miðskips bakborðsmegin. Rifnaði skipssíðan á löngu svæði svo sjór fossaði inn og liðu ekki nema sjö mínútur þar til skipið hvarf í hafið.

Þegar skutur Goðafoss var kominn í sjóinn fóru menn að kasta sér frá borði, en þeir sem gátu syntu að flekum.

Sautján skipverjar og tveir farþegar komust af. Þrettán skipverjar og tíu farþegar drukknuðu, þar á meðal fjögur ung börn. Með Goðafossi fórst heil fjölskylda; læknahjón með þrjú ung börn, það yngsta fimm mánaða. Voru hjónin önnum kafin við að gera að sárum slasaðra þegar síðast sást til þeirra, en höfðu áður lagt kapp á að koma börnunum litlu í björgunarvesti.

Nokkru eftir miðnætti sigldi bandarískt björgunarskip að skipbrotsmönnunum.

**EINSTÖK BÖRN:** TREYSTA Á NÁUNGAKÆRLEIKANN Á TÍU ÁRA AFMÆLI SÍNU

# Ekkert vol, bara tær lífsgleði

Einstök börn, stuðningsfélag barna með sjaldgæfa og alvarlega sjúkdóma, er tíu ára um þessar mundir.

„Markmið félagsins er stuðningur við fjölskyldur barna sem fæðast með afar sjaldgæfa sjúkdóma á heimsvísu,“ segir Sædís Björk Þórðardóttir, formaður félagsins, sem þrettán fjölskyldur stofnuðu árið 1997.

Nú eru í félaginu 140 fjölskyldur, þar af fimmtán sem misst hafa börn sín og er Sædís ein þeirra.

„Drengurinn minn fæddist með short bowel syndrome, en einkenni þess sjúkdóms eru stíflaðar garnir. Hann fór í aðgerð rétt sólarhringsgamall og lést tæpra tveggja ára. Sjúkdómar sem hrjá einstök börn hafa mikil áhrif á lífsgæði þeirra og lífslíkur, en í verstu tilfellum er vitað með vissu að börnin muni ekki lifa fram á fullorðinsár,“ segir Sædís um börnin í félaginu sem sum eru nýfædd, en stuðningsfélagið er fyrir börn átján ára og yngri.

„Við lifum á góðmennsku annarra sem láta fé af hendi rakna til félagsins. Þá erum við með fjáröflun í formi minningarkorta, jólakorta og jólagrýlukertis sem hægt er að fá keypt í gegnum heimasíðuna okkar: www.einstokborn.is, en jólakortið í ár málaði listakonan Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir,“ segir Sædís um jólakortið sem sýnir börn leiða hvort annað á skautum, þar af eitt í hjólastól.

„Það er einkennandi fyrir einstök börn hvað þau hafa öðruvísi viðhorf til lífsins. Mörg þeirra fara aldrei heim af spítala, meðan önnur eiga sér eðlilegra líf. Þau eru upp til hópa ofsalega glöð og jákvæð og hafna voli og væli þótt erfiðir tímar fylgi sjúkdómum þeirra, enda þekkja þau ekki annars konar líf,“ segir Sædís sem telur auðveldara fyrir börn að fæðast lasin en hljóta þau örlög seinna.

„Mér hefði þótt erfiðara að horfa upp á son minn fimm ára eða eldri kippt úr eðlilegu lífi yfir í langlegur á sjúkrahúsum eins og tíðum gerist hjá krabbameinssjúkum börnum. Það er léttbærara að alast upp við spítalavist, vera tengdur tækjum og ganga með göngugrind. Sonur minn náði aldrei að ganga og var aðeins þrjár nætur í lífi sínu heima í faðmi fjölskyldunnar, en honum þótti þetta eðlilegt og var alltaf brosandi og yndislegur,“ segir Sædís.

„Þetta er mikil lífsreynsla. Fólk segir stundum: „Hvað? Það er svo langt síðan svo þetta hlýtur að vera allt í lagi,“ en almáttugur nei, sorg og söknuður fylgir manni sérhvern dag. Við vissum að hann átti ekki mikla lífsvon, en héldum í vonina á sama tíma og við kviðum því að lifa eftir hans daga. En svona er þetta líf og ekki annað í boði,“ segir Sædís sem tók sér hlé frá félagsstarfinu fyrst á eftir en fór svo í skemmtinefnd.

„Það er algengt að byrja í skemmtinefnd aftur, til að gefa lífinu léttari blæ. Það er félaginu mikilvægt að hafa til staðar foreldra sem misst hafa börn sín, en starfið snýst um að gefa foreldrum barna með sjaldgæfa sjúkdóma upplýsingar sem þeir finna hvergi annars staðar,“ segir Sædís, og til stendur að stofna innan félagsins hóp foreldra sem misst hafa börn sín.

„Afmælisárið hefur verið skemmtilegt. Við reynum að létta börnunum tilveruna með skemmtunum af ýmsu tagi, og jólaballi í desember, en gefum einnig út afmælisblað í lok nóvember og nýjan bækling,“ segir Sædís. Þess má geta að aðstandendur Einstakra barna selja jólakort í Smáralind nú um helgina.

**thordis@frettabladid.is**



**EINSTÖK** Sædís Björk Þórðardóttir missti tveggja ára son sinn úr sjaldgæfum sjúkdómi og fann styrk hjá Einstökum börnum.

MYND/SVANUR STEINARSSON

AFMÆLI



**SVANFRÍÐUR JÓNASDÓTTIR,** bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar, er 56 ára í dag.



**GUÐJÓN PEDERSEN** leikhússtjóri er 50 ára í dag.



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóhanna Bjarnveig Sigurjónsdóttir**

Hrafnistu, Hafnarfirði, áður Ölduslóð 30, Hafnarfirði,

lést að morgni 4. nóvember. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Guðrún Benediktsdóttir** **Gísli Sveinbjörnsson**
**Kristín Benediktsdóttir** **Friðjón Sæmundsson**
**Ingólfur Benediktsson** **Hildur Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, amma, dóttir og systir,*

**Gíslína Erlendsdóttir,**

frá Dal, til heimilis að Bakkagerði 9, Reykjavík,

er látin. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju, miðvikudaginn 14. nóvember, kl. 15.

Páll Stefánsson og aðrir aðstandendur.



## 50 ára afmæli

**Guðrún Gísladóttir**

Rifi,

er fimmtug í dag laugardaginn 10. nóvember. Af því tilefni verður hún að heiman en mun dveljast ásamt fjölskyldu sinni að Minniborgum í Grímsnesi. Góðum vinum og öðru skemmtilegu fólki sem hún þekkir er velkomið að líta þar við í kaffi í dag.



## 85 ára afmæli

Áttatíu og fimm ára verður mánudaginn 12. nóvember

**Bryndís Elsa Sigurðardóttir.**

Hún tekur á móti ættingjum og vinum á morgun, sunnudag, frá kl. 15.30 í félagsheimili Knattspyrnufélagsins Hauka að Ásvöllum í Hafnarfirði.

heima

# HEIMA ER BEST!




HEIMA HÚSIÐ

mood
heima
Öndvegi
BÚUM BETUR
HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 30 • Sími 568 4242 • www.heimahusgogn.is • heima@heimahusgogn.is

OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 LAUGARDAGA 11-16



**BERST VIÐ STAURINN** Bubbi Morthens segist alltaf hafa vitað að hann gæti skrifað en hins vegar finni hann það oft á sér að fólk sé búið að ákveða að hinn skrifblindi Bubbi sé ekki fær í þann sjó.

# Hvorki á mála hjá alþýðunni né djöflinum

**Bubbi Morthens** á sér margar hliðar. Nokkrar þeirra þekkjum við en þær sem hafa kannski meira verið í felum eru hálfgerður 19. aldar rómantíkus sem vill vera í veiði með náttúrunni og guði og rúmfataaðdáandi sem finnst fátt skemmtilegra en að kaupa sér ný rúmföt. Bubbi sagði *Júlíu Margréti Alexandersdóttur* frá nýútkominni veiðibók og öðrum helstu tíðindum úr lífi sínu.

Eðlilegast væri að álykta sem svo að möndullinn í lífi Bubbi hljóti að vera tónlistin, að allt hafi snúist um hana og það að verða rokkstjarna frá upphafi. Sé rýnt aftur í tímann, gægst á bak við fjallið, má fá innsýn í annan og ekki minni drifkraft í lífi Bubba: Bubbi sex ára gamall að veiða sinn fyrsta lax. Veiðar voru það sem lífið snerist um, öll sumur, frá unga aldri og allt þar til hann var 15, 16 ára gamall. Í fyrstu voru það hornsíli og þegar hann hafði aldur til fékk hann að fara út á vatn og hornsílin urðu að urriðum. Örlögin og ásetningur höguðu því í sameiningu þannig að hann hann eyddi öllum sumrum við veiðar. Við Meðalfellsvatn í Kjós byggir hann nú hús með unnustu sinni, Hrafnhildi Hafsteinsdóttur. Og vonar að hún verði aðalveiðifélagi framtíðarinnar.

### Hefur engan áhuga á að kenna fólki

Síðustu árin hafa veiðarnar svo aftur orðið að stórum þætti í lífi Bubba. Nema nú eiga þær sér stað í stærstu ám landsins og stórir 20 punda laxar komnir í stað urriðans, sá stærsti 26 pund árið 1985. Bubbi heldur að hann toppi það seint eða aldrei, enda ekki tilgangur veiðinnar. Nema hvað.

Bubbi segist hafa viljað skrifað veiðibók, sem hann og gerði og á eldhúsborðinu liggur fögur bók, í útliti eins og gömul skólabók frá fyrri hluta síðustu aldar. Og í henni má finna sögur af misskemmtilegum veiðifélögum og stundum úti í vatni þar sem Bubbi nálgast guð, enda kallar hann bókina Að kasta flugu í straumvatn er að tala við guð. „Ég hef engan áhuga á því að kenna fólki hvernig það eigi að kasta flugu eða hvernig línustærð það á að nota. Bókin er ekki hugsuð til þess. Hins vegar er það staðreynd að alls staðar þar sem veiðimaður eða -kona fer, þar er saga. Og það er eðli allra sem fara til veiða, hvort sem það eru togarasjómenn, hásetar eða veiðimenn, að koma til baka og segja frá. Ef þú tekur lítinn krakka og setur hann við veiðivatn, mun hann standa svo lengi sem kraftar og þrek halda honum uppi og hann mun stöðugt vera að segja þér að fiskurinn sé að fara að bíta á. Og ef hann fær fisk og þú biður hann að segja þér hvað gerðist, færðu allt aðra útgáfu af því en það sem augu þín sögðu þér að hefði verið að gerast því þá er sagnaandinn strax búinn að taka yfir. Þetta er galdurinn við veiðisögurnar – að þær lúta eigin lögmálum, verða goðsagnakenndar og taka á sig þjóðsögublæ,“ segir Bubbi og bætir því við að í því sé einmitt fegurð þeirra að finna.

### Menn sem breytast í skrímsli

Tónlistin er annars eðlis en veiðin og gefur Bubba aðra hluti. „Í veiðinni ertu bara í núinu og hún virkar eins og hugleiðsla. Þar þvæ ég af mér amstrið og hvernig sem viðrar þá nær veiðin að virka sem ákveðin tæming og þar ertu algjörlega einn. Sértu í góðu tempói í veiðinni kemurðu endurnærður til baka og ég hef oft upplifað það. Mörg augnablik í veiðinni eru hreinlega trúarleg reynsla og einhvers konar uppljómun hugans. Eflaust upplifa þetta margir líka í fjallgöngum og öðru slíku þar sem þú ert einn með guði og náttúrunni.“ Það er þó ekki víst að allir muni sýna sínar bestu hliðar í veiðinni samkvæmt Bubba. „Á bakkanum kemur þinn innri maður í ljós. Það er spakmæli í veiðinni og hrein sannindi. Oft sérðu fólk, sem þú taldir hið ágætasta, haga sér eins og örgustu skíthælar og það skín í gegn hvort þarna er lélegur

→ FRAMHALD Á NÆSTU OPNU

## → HVAÐ SEGJA SAMSTARFSMENNIRNIR?

### ÓMAR RAGNARSSON



„Bubbi er ákaflega stór í sniðum og mikill karakter. Og hann er einn af þeim fáu sem ég hefði ekki viljað missa af í lífinu,“ segir Ómar Ragnarsson sem hefur lýst boxinu með Bubba á sjónvarpsstöðinni Sýn og saman eru þeir einn eftirminnilegasti dúett í sjónvarpssögunni. „Það er stórkostlegt að eiga Bubba sem vin. Og þótt enginn sé gallalaus þá gera gallarnir hans Bubba manninn bara enn meira hrífandi þótt ég eigi nú erfitt með að nefna þá. Eins og ég hef sagt einhvers staðar áður, þá er Bubbi sá maður sem hefur komið mér mest á óvart.“

Ómar segir það enga tilviljun að Bubbi skuli hafa náð jafn langt og raun ber vitni og ekki heldur hversu lengi hann hafi haldist á toppnum.

MART - Hannaður af Antonio Citterio



mood HEIMA HÚSIÐ

SÍÐUMÚLA 30 SÍMI 568 4242

www.heimahusgogn.is heima@heimahusgogn.is

OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 LAUGARDAGA 11-16

B&B ITALIA

TANGIBLE ART

➜ FRAMHALD AF SÍÐUSTU OPNU

karakter á ferð eður ei. Ég hef séð það gerast margoft – fólk breytast í skrímsli á árbakkanum. Það eru þá þessar lægstu hvatir sem taka yfir; eigingirni, tillitsleysi, græðgi og frekja. Svo eru aðrir sem voru ekki hátt skrifaðir hjá manni sem sýna að þeir eru hin mestu ljúfmenni,“ segir Bubbi og útskýrir jafnframt að veiðimennska gangi að miklu leyti út á kurteisi og tillitssemi; að ganga ekki á rétt veiðifélagans.

### Áfengisdauðinn sjaldgæfari

Veiðin sem Bubbi dásamar svo hefur samt kannski ekki svo góða ímynd í dag. Hún er tengd drykkjulátum í veiðihúsum, haugdrukknum bílstjórum sem keyra á milli veiðistaða og allt of dýrum veiðitúrum þannig að sportið virðist löngu hætt að vera fjölskyldusport. „Drykkjan var meira áberandi hér áður og var þá mikil. Í dag er einn og einn, og þá Íslendingur, sem drekkur frá sér ráð og rænu í veiðihúsi. Ég hef lent í því að menn hafa eyðilagt veiðitúra og nætursvefn fyrir manni sökum ofurölvunar. En það hefur minnkað gífurlega og kannski vegna þess að menn eru þarna fyrst og fremst til að veiða en ekki til að sleppa frá konunni og detta í það. Í dag er stemningin yfirleitt önnur í veiðihúsum og í stað þess að allir séu áfengisdauðir þá drekka menn kannski bara eitt til tvö rauðvínsglös og fara svo í koju,“ segir Bubbi og víkur svo að dýrtíðinni. „Það sem skyggir á allt það frábæra við veiðina er það að almenningur geti ekki komist í þessar ár til að veiða. Laxveiði er orðin svo fáránlega dýr og fárra manna sport að það er skömm að segja frá því að árnar skuli ekki nýtast Íslendingum nema þeim allra ríkustu. En þetta hefur alltaf verið svona. Breskir auðmenn tóku árnar okkar á leigu strax snemma á 20. öldinni og þær hafa síðan þá verið meira og minna í höndunum á erlendum og íslenskum auðmönnum. Á móti kemur að það er kannski líka ástæðan fyrir því að laxinn er ennþá í íslenskum ám. Menn hafa farið vel með hann og árnar.“

### Hristir af sér orðróm um að geta ekki skrifað

Veiðifélagarnir eru margir en Bubbi segir að óskafélaginn sé auðvitað Hrafnhildur. Ég óska þess að hún muni veiða með mér sem allra mest og hún er búin að fá sinn fyrsta lax. Og svo auðvitað yngsti sonur minn, Brynjar. Ég vona að hann verði veiðimaður, mennti sig og verði moldríkur þannig að hann hafi efni á þessum veiðitúrum og geti séð um pabba sinn og veiðina hans í ellinni.“ Við skautum úr heimi fallegra veiðisvæða og rómantískra stunda í ánni og í blákaldan raunveruleikann, að skrifa bók og telja fólki trú um að maður hafi sögu að segja sem það eigi að lesa. Bubbi vill meina að hann þurfi að berjast við fordómana að hann gæti ekki skrifað. „Það er kannski erfitt að festa þumalinn á það en þú verður var við svona hluti. Ég vissi alltaf að

### Berst við fordóma gegn Þorgrími Þráinssyni

Allir hafa sína útgáfu af Bubba Morthens. „Ég verð var við það jú. Ég get farið í taugarnar á fólki sem fjölmiðlafígúra og einhverjum finnst ég leiðinlegur. Það er bara partur af þessum pakka. En fordómar eru allt annað mál. Það liggur í eðli orðsins fordómar að dæma án þess að þekkja. Sjálfur hef ég rekið mig á að vera með alls kyns fordóma. Alveg svakalega. Ég er til dæmis með mikla fordóma gagnvart Þorgrími Þráinssyni og finnst hann hrikalega pjattaður. Að maðurinn skuli nenna að fara að ætla að kenna mönnum hvernig þeir eigi að sinna konunni sinni er fyrir mér meira dæmi um það hvernig hann ætlar að ná sér í auðvelda peninga með fyrirlestrum hjá kvennaklúbbum. En þessir fordómar segja bara mikla meira um mig en hann. Ég er til dæmis ekki búinn að lesa þessa bók, þannig að ekki er þetta smekkur. Ég hef hitt hann og hann er ekkert nema almennilegur og elskulegur. En samt sit ég uppi með þessa fordóma og því ætla ég að taka mig taki og lesa þessa bók. Ég bara hreinlega verð að gera það.“ Bubbi klykkir út með því að segja að væri hann í algjöru búddísku jafnvægi myndi hann bara brosa og fagna Þorgrími Þráinssyni, bókinni hans og öllu sem hann stendur fyrir.

### Andlegt jafnvægi skiptir öllu

Við erum ekki búin að afgreiða kaflann „fordómar“. Rokkgoðið segir að það sé tvennt sem sé honum hvað mikilvægast fyrir sína andlegu heilsu: Að vera í jafnvægi og vinna á eigin fordómum. „Ég þarf að leggja mikla vinnu í það en ég er líka tilbúinn til að horfast í augu við þetta. Að mínu viti er maður sem segist fordómalaus annaðhvort að ljúga eða eitthvað allt annað en manneskja.“ Og Bubbi heldur áfram að skutla fram fordómum fyrri tíma og dagsins í dag. „Ég var lengi á þeim buxunum að hafa fordóma fyrir sjálfstæðismönnum. Þeir voru einfaldlega versta fólk á jarðríki. Svo fékk ég áfall þegar ég kynntist fólki, fannst það djöfulli skemmtilegt og ágætt og komst svo seinna að því að þetta var sjálfstæðismaður eða -kona. Það gat bara ekki verið. Ég hef verið með fordóma gagnvart tónlistarstefnum og klæðaburði – og já, jafnvel eigin útliti. Staðið fyrir framan spegil og hugsað af hverju ég líti svona út en ekki hinsegin.“

### Væri hart ef ég ætti engan pening

Fólkið í landinu gerir ekki síður kröfu um það að Bubbi sé svona en ekki hinsegin. Gagnrýnin hljómar upp á það að hann hafi markaðssett nafnið sitt og sumir ganga jafnvel svo langt að saka hann um að hafa selt sálu sína stórfyrirtækjum. „Menn mega gagnrýna mig eins og þeir vilja. Það skiptir mig engu máli. Málið er að ég skuldbatt mig ekki eða gerði einhverja skilmála á krossgötum, hvorki við alþýðuna í landinu eða djöfulinn um einhverja samninga. Ég gerði mína fyrstu plötu sjálfur, mokgræddi á því og hefði betur átt að læra af því og halda mig þar. Í stað þess gerði ég samninga við aðra og þeir mokgræddu á mér en ég fékk ekkert. Það ástand varði í tíu ár en þá bráði af mér og

> Ég er til dæmis með mikla fordóma gagnvart Þorgrími Þráinssyni og finnst hann hrikalega pjattaður. Að maðurinn skuli nenna að fara að ætla að kenna mönnum hvernig þeir eigi að sinna konunni sinni

ég gæti skrifað en það sem er meira mál eru auðvitað viðtökurnar og það er ákveðinn þröskuldur fyrir mig að fara yfir. Ímyndin Bubbi, tónlistarmaðurinn Bubbi og jafnvel skrifblindi textahöfundurinn Bubbi getur verið að vefjast fyrir fólki og að það geti nú bara ekki verið að hann geti sett skikkanlega texta á prent. Þetta er ekkert sem truflar svefninn hjá mér en ég viðurkenni það samt að ég get verið viðkvæmur fyrir þessu. Skrifblindan markaði mig mikið í æsku. Ef ég skoða hins vegar það sem ég hef gert og sé hvað það er mikið af flottum hlutum get ég ekki annað en hrist þetta af mér og verið guði þakklátur fyrir þessa náðargjöf sem hann hefur gefið mér.“

ég hugsaði: Þetta er atvinnan mín, ég á börn og þarf að lifa.“

Þegar Bubbi sá svo seinna að hann gæti hugsanlega hagnast töluvert á því að framselja tekjur af höfundarrétti sínum og fá hann borgaðan fyrirfram, fannst honum það snjöll hugmynd. „Þökk sé hugmynd Jakobs Frímanns Magnússonar, sem hefur hjálpað mér mikið, gerði ég þetta og það voru margir sem misskildu dæmið. Héldu að ég hefði selt höfundarréttinn. En hann var alltaf minn, það voru einungis fyrirfram tekjur sem ég seldi. Ég fann að menn urðu öfundsjúkir en það skipti mig ekki máli því þarna gekk mér vel og var farinn að eiga vel til hnífs og skeiðar. Ég spyr: Vildi fólk frekar sjá mig hálfdauðan af kókaínneyslu – eigandi ekki bót fyrir rass-



**HEFUR ENGAN ÁHUGA Á AÐ VERA GAMLI BUBBI** „Ég fann að menn urðu öfundssjúkir en það skipti mig ekki máli því þarna gekk mér vel og var farinn að eiga vel til hnífs og skeiðar. Ég spyr: Vildi fólk frekar sjá mig hálfdauðan af kókaínneyslu – eigandi ekki bót fyrir rassgatið? Eyðileggjandi lífið fyrir sjálfum mér og fólkinu í kringum mig,“ segir Bubbi Morthens. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

gatið? Eyðileggjandi lífið fyrir sjálfum mér og fólkinu í kringum mig. Ef það er það sem menn vilja þá geta menn bara étið skít og haldið kjafti. Ég hef ekki breytt út af einu eða neinu í sambandi við það hver ég er eða hvernig tónlist ég geri. Það eina sem er öðruvísi er að ef ég er fenginn til að spila er ég dýr og á einhverjar milljónir. Eftir 27 ár sem atvinnumaður í tónlistarbransanum og að hafa selt nærri 300.000 plötur væri það nú ansi hart ef ég ætti ekki pening.“

### Orkubolti með bækur úti í bæ

Ætli sviðsljósið kalli á annað egó eða kynnir Bubbi sama persónuleika framan við myndavélarnar og fólkið hans þekkir innan veggja heimilisins? „Stundum og stundum ekki. Stundum veit ég ekki hvor er hvað og það er alveg eðlilegt að það komi fyrir. Það hefur aldrei truflað mig neitt eða mér fundist það óþægilegt. Ég hugsa að allir sem þurfa að vera mikið fyrir framan sjónvarpslinsuna stígi dálítið út úr sjálfum sér og verði eitthvað annað.“ Orkuboltinn sem birtist í sjónvarpinu er þó sá sami heima hjá sér og eftir meira en klukkustundar viðtal er Bubbi enn ekki sestur heldur stendur við eldhúsborðið, hellir upp á kaffi og svarar í símann á meðan hann talar. „Ég er mjög orkumikill og það er eitthvað meðfætt. Ég er líka jákvæður og duglegur að eðlisfari. Partur af orkunni er líka að hreyfa mig og hugsa vel um mig. En þetta er pottþétt í genunum, foreldrar mínir voru báðir mjög orkumiklir. Ég hugsa að það geti enginn ákveðið að verða orkumikill, annaðhvort ertu það eða ekki.“ Sem hluti af heilbrigðum lífsstíl fer Bubbi að sofa klukkan tíu og vaknar milli sex og átta á morgnana. „Hjá mér er seint að fara í rúmið klukkan ellefu. Ég les mikið á kvöldin, er núna að lesa ævisögu Maós – ekki beint góð fyrir svefninn og ef helmingurinn af þessu er sannur nægir það til að setja hann á lista yfir mestu skrímsli jarðar. En ég les og les og bækurnar mínar eru allar úti í bæ í geymslu. Ég kem þeim ekki inn á heimilið. Og þannig verður það, samt held ég áfram að kaupa bækurnar.“

### Rúmföt helsta freistingin

Bóklestur og svefn skiptir máli og ekki síður rúmið og rúmfötin. Bubbi er laumu rúmfataperri. „Ég veit fátt betra en falleg og hrein rúmföt, stórt og gott rúm, opinn glugga og bók. Fyrir mér eru það stórnautnastundir. Ég eyði því miklum tíma í að kaupa rúmföt og finnst það ofboðslega gaman. Ég vil hafa þau ekta, úr silki og satíni og svo finnst mér ekki síður skemmtilegra að skipta á rúminu. Ég fæ alveg út úr því!“ Bubbi lét smíða fyrir sig rúm og er með úlfsábreiðu á því. „Hrafnhildur er auðvitað hæstánægð með þetta, hún kemur heim og þá taka við henni ný rúmföt!“ Hrafnhildur kom jafn óvænt inn í tilveru Bubba og rúmfatajátningin í viðtalinu. Á tíma sem Bubbi var mjög sáttur við að vera einn og sjálfum sér nógur. „Hún var ekki í mínum áætlunum en þetta bara gerðist og í dag búum við saman og vonandi komum við til með að gifta okkur í framtíðinni. Við erum jafn ótrúlega lík og við erum ólík. En ég tel mig óendanlega heppinn mann að hafa fengið hana og Ísabellu inn í líf mitt. Og fólkið hennar allt, frændfólk og foreldrar hafa tekið mér opnum örmum.“

### Brothættur í hamingjulandinu

Við byrjuðum á veiðinni og endum á ástinni. Sem að vísu er ekki mikið minni veiði. Bubbi segir að fyrir sér sé það að elska ákvarðanataka. „Að vera ástfanginn er líffræðilegt fyrirbæri sem gengur yfir á einu eða tveimur árum. Ég elska Hrafnhildi og það er ákvarðanataka. Ekki bara er hún svo góð manneskja að mig langar að eyða lífinu með henni heldur er hún líka svo falleg að ég er bæði dolfallinn þegar ég fer að sofa og þegar ég vakna. Aldursmunurinn? Nei, hann truflar mig ekki. Hann virðist trufla aðra og við höfum rætt það en það flækist ekki fyrir okkur. Ég á mikið af vinafólki sem eru í sömu sporum: Jakob Frímann og Birna, Tolli bróðir og Gunný.“ Er Bubbi þá kominn í hamingjulandið – þar sem honum eru allir vegir færir? „Það virðist vera þannig að ósigrar mínir verða að sigrum. Ég er auðvitað mannlegur og hef upplifað sjálfan mig sem fórnarlamb og grátið örlög mín beisklega. En maður kemst upp úr öllu þannig. Mér finnst ég sterkari en nokkru sinni fyrr en er um leið mjög brothættur í styrkleika mínum.“

## ➜ HVAÐ SEGJA SAMSTARFSMENNIRNIR?

### PÁLL EYJÓLFSSON, UMBOÐSMAÐUR



Bubbi er hjartahlýr og hjartastór maður. Hann hefur einstakt innsæi sem ég hef ekki upplifað með öðru fólki. Hann veit oft hvaða leiðir á að fara án þess að maður skilji það til að byrja með. Það tók mig tíma að átta mig á að ég þarf ekkert að stoppa og rökræða við hann um hlutina. Það hefur ekkert upp á sig.

Hann hefur frásagnargáfu og er mjög góður sögumaður. Hvað galla varðar þá á hann það til að vera svolítið plássfrekur.



25% afsláttur

**674** kr/kg. áður 899 kr/kg.
Kalkúnn 1. fl.kg




45% afsláttur

**198** kr/kg. áður 360 kr/kg.
Ísfugl hvítlauksvængir magnpoki



Þú sparar 778 kr/kg
30% afsláttur

**1.814** kr/kg. áður 2.592 kr/kg.
Borgarnes nautahelgarsteik




Þú sparar 751 kr/kg
43% afsláttur

**995** kr/kg. áður 1.746 kr/kg.
Goða grísasnitsel pre pc




Þú sparar 392 kr/kg
40% afsláttur

**587** kr/kg. áður 979 kr/kg.
Borgarnes dönsk grísabógarsteik




25% afsláttur

**299** kr/pk. áður 399 kr/pk.
Rúbín kaffi svartur 500 gr.




25% afsláttur

**284** kr/pk. áður 379 kr/pk.
Rúbín kaffi rauður 500 gr.




Þú sparar 751 kr/kg
43% afsláttur

**995** kr/kg. áður 1.746 kr/kg.
Goða grísagúllas pre pc




44% afsláttur

**98** kr/pk. áður 175 kr/pk.
Myllu heimilisbrauð heilt

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 8. nóvember til 11. nóvember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

H:N markaðssamskipti / SIA   Hönnun: Víkurfréttir

# Bíða eftir að komast aftur heim

Georgíumenn flúðu hundruðum þúsunda saman frá Abkasíu, héraði í Georgíu, í stríði sem geisaði milli Abkasa og Georgíumanna á árunum 1992-1994. Abkasar vilja sjálfstæði frá Georgíu en Georgíumenn hafa ekki viljað gefa héraðið eftir. ***Guðrún Helga Sigurðardóttir*** heimsótti flóttamenn sem hafa búið í niðurníddu félagsheimili knattspyrnufélags í fimmtán ár.



**BÚA Í FÉLAGSHEIMILI FÓTBOLTAFÉLAGS** Guliko, Bela, Tamuna, Gulnara og Nato eru meðal kvennanna sem búa í félagsheimili knattspyrnufélagsins Gagra í Tíblisi. Gagra er þorp á landamærum Abkasíu og Rússlands. Þar geisaði styrjöld í byrjun tíunda áratugarins og streymdu Georgíumennirnir brott af svæðinu enda áttu þjóðernishreinsanir sér stað. Þeir búa nú í yfirgefnum byggingum í Tíblisi, höfuðborg Georgíu, og öðrum borgum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐRÚN HELGA SIGURÐARDÓTTIR

Abkasar hafa haft stuðning Rússa í sjálfstæðisbaráttu sinni enda hafa þeir hallað sér að þeim. Mikheil Saakashvili, forseti Georgíu, hefur hins vegar sagt að georgísk stjórnvöld verði búin að leysa krísuna milli Georgíu og Abkasíu á friðsamlegan hátt fyrir forsetakosningarnar í Georgíu á næsta ári. Fátt bendir til að það geti orðið.

Enn þann dag í dag eiga sér stað átök milli Georgíumanna og Abkasa, sem búa í héraðinu Abkasíu í norðurhluta landsins við Svartahafið með landamæri að Rússlandi, og öðru hvoru berast fréttir af skothríð, sprengingum og gíslatöku. Á meðan bíða Georgíumennirnir frá Abkasíu eftir því að Saakashvili Georgíuforseti leysi deiluna svo að þeir geti flutt heim.

**Brotnar rúður**

Opinberar tölur í Georgíu segja að flóttamennirnir séu 250 þúsund talsins og kannski eru þeir fleiri. Talið er að stór hluti þeirra hafi farið af landi brott á tíunda áratugnum til að vinna erlendis eins og svo margir aðrir Georgíumenn. Flóttamennirnir frá Abkasíu búa í yfirgefnum verksmiðjum, gömlum Intourist-hótelum en svo nefndust gömlu sovésku ríkishótelin, tómum sjúkrahúsum og skólum út um alla Georgíu, sérstaklega þó í stærstu borgunum, höfuðborginni Tíblisi og borginni Kutaisi sem er í miðri Georgíu.

Í yfirgefnu félagsheimili Gagra-knattspyrnufélagsins búa hátt í hundrað manns, eða tuttugu og níu fjölskyldur. Húsið er skelfilega hrörlegt og alls ekki íbúðarhúsnæði sem Íslendingar myndu láta sér lynda, rúður eru brotnar og hurðir halda hvorki vatni né vindum. Ekkert hefur verið gert við húsið í langan tíma og þarna hefur stór hópur fólks hreiðrað um sig. Fólkið hefur ekki í önnur hús að venda.

„Ég flúði frá Abkasíu í ársbyrjun árið 1992 vegna stríðsins milli Abkasa og Georgíumanna. Ég bjó í tuttugu og fimm fermetra íbúð í tveggja hæða húsi og var atvinnumaður í knattspyrnu áður en ég flúði," segir Tristan Managadze, einn af flóttamönnunum frá Gagra, borg sem er nærri landamærum Abkasíu og Rússlands, en þar urðu átökin einna hörðust.

„Ástandið var skelfilegt vegna stríðsins. Abkasarnir myrtu georgíska ríkisborgara svo að við urðum að fara. Margir vina minna voru drepnir," segir hann.

**Rússar studdu Abkasa**

Managadze segist hafa flúið með fjölskyldu sína yfir landamærin til Rússlands og flogið svo frá Rússlandi til Georgíu. Hann segir að Rússarnir hafi stutt Abkasa og þannig tekið þátt í borgarastríðinu. Fjölskyldunni hafi ekki verið vært í Rússlandi og þau hafi líka viljað komast til Georgíu eins og allir hinir flóttamennirnir sem nú höfðu yfirgefið borgina.

Managadze segir að þau hafi fengið áfall fyrst eftir komuna til Georgíu. Þau hafi ekkert vitað hvað þau hafi átt að gera. Þau hafi til að byrja með verið í borginni Tskaitubo, um 200 kílómetra frá Tíblisi, en svo hafi þau farið til Tíblisi og hreiðrað um sig í Gagraheimilinu ásamt öllum hinum flóttamönnunum sem þar búa.

Managadze varð að skilja allar eigur sínar eftir í Abkasíu, eins og allir hinir flóttamennirnir, og kom því allslaus til Tíblisi. „Við bíðum eftir aðstoð frá Saakashvili forseta," segir hann. „Við vonum og trúum að hann hjálpi okkur að snúa aftur til Abkasíu."

> Við bíðum eftir aðstoð frá Saakashvili forseta. Við vonum og trúum að hann hjálpi okkur að snúa aftur til Abkasíu.
>
> **TRISTAN MANAGADSE**
> FLÓTTAMAÐUR Í GEORGÍU

**Saakashvili hjálpi**

Gulnara Natsvaladze er ein af fjölmörgum konum í Gagra-heimilinu. Hún hefur búið þar í fimmtán ár og bíður og vonast til að komast aftur heim til Abkasíu. Natsvaladze var læknir á heilsuhæli í Gagra og bjó í þriggja herbergja íbúð nærri Svartahafsströndinni fyrir flóttann. Hún á þrjú börn sem eru nú 32, 34 og 35 ára og hafa sum stofnað sína eigin fjölskyldu en eiginmaður hennar lést eftir flóttann til Georgíu. Foreldrar hennar létust í Abkasíu og eru þar jarðsettir.

„Við vonum að forsetinn hjálpi okkur að komast heim aftur," segir hún og hinar konurnar kinka kolli og taka undir. Hún kveðst ekki hafa neina hugmynd um það hvað Saakashvili geti gert, hún segist bara bíða og vona að hann geri eitthvað og að hún, börnin hennar og barnabörn komist aftur heim. Þau bíða öll eftir því.



**FLÚÐU FYRIR FIMMTÁN ÁRUM** Bræðurnir Tristan Managadse og Giorgi Managadse voru í hópi þeirra sem flúðu Abkasíu árið 1992. Tristan var atvinnumaður í knattspyrnu og lék með knattspyrnufélaginu Gagra þegar borgarastyrjöldin braust út en Gagra var félag í samnefndri borg í Abkasíu. Þeir bíða eftir því að komast heim til sín aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐRÚN HELGA

## ➜ GEORGÍA




**Staðsetning:** Á strönd að Svartahafi og landamæri að Tyrklandi, Armeníu, Aserbaídsjan og Rússlandi.

**Höfuðborg:** Tíblisi.

**Tungumál:** Georgíska.

**Forseti:** Mikheil Saakashvili.

**Georgía** var hluti af Sovétríkjunum frá 1918 en lýsti yfir sjálfstæði 1991.

**Íbúar:** Fimm milljónir.

**Efnahagur:** Efnahagur landsins hrundi í byrjun tíunda áratugarins og atvinnuleysi varð gríðarlegt. Georgía hefur fengið fjárhagsaðstoð frá Vesturlöndum. Árið 2001 lifði yfir helmingur þjóðarinnar undir fátæktarmörkum en þetta hlutfall hafði minnkað niður í 34 prósent í fyrra. Árið 2005 voru meðaltekjur fjölskyldu 200 Bandaríkjadalir, eða um tólf þúsund krónur.

## ➜ KULDALEGT SAMBAND

Togstreita var milli **Georgíu** og **Abkasíu** seint á níunda áratugnum sem braust út í stríði milli Abkasa og stjórnvalda í Georgíu eftir fall Sovétríkjanna í byrjun tíunda áratugarins. Í stríðinu sem geisaði 1992-1993 létust þúsundir manna og um 250 þúsund Georgíumenn flúðu heimili sín eða voru reknir brott í þjóðernishreinsunum. Mestu hreinsanirnar áttu sér stað í Sukhumi, höfuðborg Abkasíu, og Gagra, nærri landamærunum við Rússland.

Þó að vopnahlé hafi komist á vorið 1994 hefur ekkert samkomulag náðst milli Georgíumanna og Abkasa. Abkasía hefur tekið sér stöðu sjálfstæðs ríkis, sem þó hefur ekki hlotið viðurkenningu neins staðar. Enn örlar á ófriði í Abkasíu, má þar nefna gíslatöku, sprengingar og stöku skothríð þó að stríð hafi ekki brotist út aftur. Georgíumenn líta svo á að ástandið í Abkasíu komi í veg fyrir að þeim takist að byggja upp heilt og sterkt þjóðríki í Georgíu og líta margir svo á að vandamálið með Abkasíu sé brýnasta verkefni Mikheils Saakashvili, forseta Georgíu. Hann hefur lýst því yfir að hann muni ná sáttum við Abkasa fyrir forsetakosningarnar í Georgíu á næsta ári og kveðst tilbúinn til að veita Abkösum víðtæka sjálfstjórn.



**MIKHEIL SAAKASHVILI** Forseti Georgíu.

Fátt bendir þó til þess að sættir takist á næstunni enda er Abkasía í raun sjálfstætt ríki.

Inn í átökin milli Abkasa og Georgíumanna blandast Rússar sem studdu Georgíumenn í upphafi en sneru síðan blaðinu við. Abkasar hafa verið í viðskiptabanni við Georgíu en Abkösum hefur í seinni tíð tekist að byggja upp viðskipti við Rússa og hafa meðal annars fengið hundruð þúsunda rússneskra ferðamanna á ári í paradísina við Svartahafið.

Sambandið milli Rússa og Georgíumanna er kuldalegt og er talið að Rússar vilji halda ástandinu í Abkasíu nokkurn veginn óbreyttu frá því sem nú er. Þeir eru lítt hrifnir af stefnu Saakashvili Georgíuforseta gagnvart Bandaríkjunum og þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að Georgía gangi í NATO. Í bókinni Statehood and Security – Georgia after the Rose Revolution segir Oksana Antonenko að Saakashvili hafi mistekist að nota fyrirhugaða lagningu olíuleiðslunnar frá Aserbaídsjan um Georgíu sem skiptimynt við Rússa vegna Abkasíu, eins og hann hefði átt að gera, og Rússum henti ágætlega að Abkasía verði stuðpúði milli Rússlands og Bandaríkjanna á svæðinu.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# LAUGARDAGBOMBA Í BÓNUS






**1998**

**MACKINTOSH 2,9 KG** Aðeins 1998 kr dósin.

3000 DÓSIR Í BOÐI.




**1499**

**NÓA KONFEKT 1 KG.** Aðeins 1499 kr. kassinn.

TÍU ÞÚSUND KG Í BOÐI.

**BÓNUS** ***BÓNUS BÝÐUR BETUR***

**AFGREIÐSLUTÍMI:** LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.00

# Byrjaði að leika heima í stofu

**Hera Hilmarsdóttir** er tilnefnd til Eddunnar sem besta leikkonan fyrir fyrsta hlutverk sitt á hvíta tjaldinu. Fyrir utan það að vera á kafi í leiklist og að klára MH dansar hún afró í Kramhúsinu, spilar á selló heima hjá sér og spúir eldi með Götuleikhúsinu. *Hanna Björk Valsdóttir* hitti Heru og komst að því að henni er margt til lista lagt.

Uppskeruhátíð sjónvarps- og kvikmyndabransans, Edduverðlaunin, verður annað kvöld og keppast þar margir um þessi eftirsóttu verðlaun. Nokkur ný andlit dúkka þar upp og er Hera eitt þeirra. Ungstirnin öll í kvikmyndinni Veðramótum eftir Guðnýju Halldórsdóttur hafa vakið mikla athygli fyrir góðan leik og er Hera tilnefnd til verðlaunanna fyrir túlkun sína á Dísu sem lendir á upptökuheimilinu Veðramótum.

„Ég byrjaði bara að leika heima í stofu. Setja upp leikrit sem krakki. Mamma var alltaf að kenna og ég var oft með á leiklistarnámskeiðum hjá henni í Kramhúsinu eða í danstímum á meðan hún var að kenna.“ Það er nokkuð ljóst að Hera á ekki langt að sækja hæfileikana því mamma hennar er Þórey Sigþórsdóttir leikkona og pabbi hennar Hilmar Oddsson kvikmyndaleikstjóri.

„Ég var líka í leiklist í Hlíðaskóla og svo í Leikfélaginu í MH.“ Í fyrra settu þau upp spunaleikrit sem vakti athygli og það var þar sem Guðný sá Heru og bauð henni hlutverk í Veðramótum.

Hefurðu alltaf ætlað að verða leikkona?

„Já, mig langaði það alltaf. En ég var í miklu tónlistarnámi líka. Ég spila á selló þannig að það var möguleiki líka en svo gat ég ekki sinnt því eins og ég vildi og hætti í Tónlistarskólanum eftir fyrsta árið í MH og valdi leiklistina frekar. En tónlistarnámið breytti öllu um hvernig ég er í dag. Ég lærði svo rosalega mikið, til dæmis vinnubrögð og aga fyrir utan tónlistina sjálfa. Ég fór samt í afneitun fyrst og vildi ekki að neinn heyrði í mér spila á sellóið en núna spila ég bara heima. Ég hef líka alltaf verið í dansi og dansa afró þessa dagana. Ég verð að fá mína líkamlegu útrás og ég fæ langmest út úr dansinum. Einn mesti sjarminn við afró er að við erum með trommara sem spila lifandi tónlist meðan við dönsum.“

**Stórt hlutverk á nýjum vettvangi**

Veðramót var fyrsta bíómyndin sem Hera lék í. Var mikill munur að leika í bíómynd eða á sviði? „Það er rosalega ólíkt. Ég hafði bara reynslu af sviði og enga reynslu af bíó fyrir utan einhver statista hlutverk. Nema þegar ég var sex ára, þá lék ég í sjónvarpsmynd sem hét Hvíti dauði og lék dóttur móður minnar. En ég var ekki mikið að spá í þetta þá. Veðramót var alveg ný reynsla fyrir mig.“

Var pabbi þinn aldrei að draga þig á sett? „Ég var oft hjá honum í vinnunni og kannski statisti en hann var aldrei að draga mig í að leika fyrir sig, langt í frá. Þetta var meira ég að þrjóskast við að vilja gera þetta. Foreldrar mínir reyndu ekki að beina mér á þessa braut. Alls ekki. Ég var mjög feimin við að viðurkenna að ég vildi leika þangað til ég gat sýnt fram á að mér var alvara með þessu. Ég ákvað kannski inni í mér að ég vildi vera leikkona en ég var ekki mikið að ræða það,“ segir hún og hlær.



VAR ALLTAF MEÐ MIKLAR ÁÆTLANIR „Núna er ég að upplifa að lífið er kannski ekki endilega þannig og ég er með smá fiðring í maganum af því að ég er að útskrifast úr menntó og get gert hvað sem er,“ segir hin fjölhæfa Hera Hilmarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Stígamót og óróleg belja**

Hera viðurkennir að hún var mjög glöð yfir að fá svona stórt hlutverk í myndinni þótt það hafi stundum verið strembið. Var mikill undirbúningur?

„Nei, ekki sameiginlegur, en við stelpurnar fórum í heimsókn í Stígamót og strákarnir töluðu við vistmenn sem höfðu verið í Breiðavík. Það var pínu undarlegt að panta viðtal við Stígamót en við vorum svo mikið að hugsa um hlutverkin og mig langaði svo mikið að skilja Dísu sem ég leik. Hún er misnotuð af fósturpabba sínum en samt er hann eiginlega hennar helsti bandamaður, hún sækir mest í hann og hann er kannski sá eini sem hún getur sótt í. Ég var svo mikið að reyna að skilja af hverju það gerist og hvernig þetta samband byggist upp milli geranda og fórnarlambs. Hvernig er með traust og ást og eitthvað sem er svo brotið á. Þær hjá Stígamótum hjálpuðu okkur mikið til að geta sett okkur í þeirra spor.“

Fyrir þá sem ekki hafa séð Veðramót fjallar myndin um unglinga sem lenda á upptökuheimili og kemur í ljós að krakkarnir hafa margir verið misnotaðir og kannski þess vegna lent í vandræðum.

„Ég hafði aldrei leikið svona áður þannig að það var mjög spennandi fyrir mig að koma inn í þetta. Tökur fóru fram fyrir vestan og þegar ég kom þangað voru þau byrjuð og planið breytt þannig að fyrsta senan mín var aðeins erfiðari en hún átti að vera. Mér var bara hent inn í hlöðu þar sem ég átti að reyna við Hilmi Snæ og ég hafði aldrei upplifað það að vera með kameru framan í mér svona nálægt. Í næstu senu lék belja mjög stórt hlutverk og hún var ekkert sérstaklega róleg þannig að ég fékk smá í magann og hugsaði hvað ég væri komin út í.“

**Stuttmynd og stúdent**

Hera hefur ekki setið auðum höndum síðan í Veðramótum og lék til dæmis í stuttmynd Rúnars Rúnarssonar, 2 birds, sem kemur út á næsta ári. Núna hamast hún við að klára stúdentinn um áramótin og þá eru allir vegir færir. Stefnirðu á leiklistarskóla?

„Ég hef alltaf verið með rosalega mikið plan. Ég ætlaði í grunnskóla og svo menntaskóla og svo leiklistarskóla en núna er ég aðeins að upplifa að lífið er kannski ekki endilega þannig og ég er með smá fiðring í maganum af því að ég er að útskrifast úr menntó og get gert hvað sem er. Í fyrsta sinn síðan ég byrjaði í leikskóla er ekki búið að ákveða næstu önn fyrir mig og núna finnst mér rosalega gaman að vera til og vita ekki hvað ég ætla að gera í janúar. Mig langar að vinna í nokkra mánuði og fara svo út. Ég held ég læri langmest af því, að standa á eigin fótum og þannig. En ég reyni líklega að komast inn í skóla á næsta ári.“

Hera byrjar alltént á að fara til Lettlands í desember til að leika álfa og spúa eldi meðan þeir kveikja á jólatrénu sínu. „Þetta er á vegum Hins hússins en ég hef bæði verið í Götuleikhúsinu og Skapandi sumarstörfum. Ég lærði að spúa eldi í Götuleikhúsinu. Ég var alveg skítléleg í þessu fyrst. Við erum með lampaolíu sem við setjum upp í okkur og maður þarf að ná að mynda olíuský og kveikja í skýinu með kyndlinum. En það er einmitt hætta á því ef þú kveikir vitlaust í skýinu getur það farið aftur framan í þig og brennt þig í framan. Ég gat lengi ekki gert þetta ský, frussaði eitthvað og það kom smá eldur en ég hef allavega voðalega lítið kveikt í mér.“

**Veðramót voru tímamót**

„Líf manns breytist auðvitað eitthvað frá því að hafa aldrei leikið í neinu og hafa svo gert þetta. Þetta var rosalega mikill skóli. Ég hef umgengist þennan bransa í gegnum foreldra mína, og alltaf bara verið barn foreldra minna. Núna er gaman að geta verið í þessu meira á mínum eigin forsendum.“

Gáfu foreldrar þínir þér einhver góð ráð? „Þau tóku mig ekki í þjálfunarbúðir eða neitt þannig,“ segir hún og hlær. „En þau sögðu mér bara að vera einlæg. Það er gott að hafa það alltaf á bak við eyrað að vera einlægur, bæði í leik og lífi.“

Heldurðu að þú sért á réttri hillu í lífinu eftir þessa reynslu? „Já, ég fékk enga uppljómun en ég fann mig rosalega vel. Auðvitað er gaman þegar maður er að gera eitthvað sem maður finnur sig í og líður vel með.“ Hrósinu hefur rignt yfir Heru síðan myndin var frumsýnd og síðan kom Eddutilnefningin. Ertu búin að semja ræðu? „Nei, ég er ekki búin að semja ræðu,“ svarar hún og hlær. „Ég er ekki viss um að ég geri það.“

Kvikmyndin Veðramót eftir Guðnýju Halldórsdóttur fær flestar tilnefningar til Edduverðlauna í ár, alls ellefu talsins. Þar á meðal eru tilnefningar fyrir kvikmynd ársins, bestu leikkonu og leikara í aðalhlutverkum og leikstjóra ársins.




„Ungu leikararnir takast á við hlutverk sín af miklum þroska og Guðný Halldórsdóttir hefur bersýnilega unnið lengi með þeim og það tekst að draga fram örlög Veðramótabarnanna. Þar ber helst að nefna Heru Hilmarsdóttur í hlutverki Dísu sem er ótrúlega áhrifarík og sönn.“ – Rut Hermannsdóttir úr dómi Fréttablaðsins.

Pioneer

# ÁTTU EKKI BARA SKILIÐ ÞAÐ BESTA?

WHAT HI-FI? SOUND AND VISION AWARDS 2007
PRODUCT OF THE YEAR
TELEVISIONS
PIONEER PDP-428XD

EISA AWARD Best Product 2007-2008
FULL HD PLASMA TV




## KURO ÞÝÐIR SVARTUR Á JAPÖNSKU

... en ekki hvaða svartur sem er heldur fullkomlega ***biksvartur*** – og í heimi sjónvarpsins er svartur allt, því svarti liturinn spannar allt litrófið og biksvartasti liturinn skapar skærustu litina.
Með KURO hafa verkfræðingar Pioneer skapað svartan lit, sem er 80% dýpri en áður hefur þekkst í sjónvarpi.
Af þessu leiðir að þú getur nú greint mun meiri andstæður og fjölda litabrigða innan litrófsins. Alls staðar blasa við litabrigði, sem þú hefur eflaust ekki veitt athygli fyrr. Horn verða skýrari, skuggar dýpri og form og áferð myndarinnar fær raunhæfa fjarvídd.
KURO er plasma sjónvarp, sem býður þér myndræna upplifun sem aldrei fyrr.

## ... OG MENN KEPPAST VIÐ AÐ LOFA KURO:

**CNET.co.uk**
"Televisions don't get much better than this. A winning combination of excellent picture quality, stylish design and user-friendly features, this 50-inch plasma should be at the top of any serious home cinema fan's shopping list. It's pricey, but it's worth it..."

**Hi Fi News**
"My goodness does it deliver! This plasma's greyscale, dynamic range and dynamic deep black performance really sets it apart from any other flat panel display I've ever seen..."

**What Video and High-Definition TV**
"Not just the best 42" screen ever, it's the best flatscreen yet by some margin. For once, it seems, you can believe the hype..."

**Home Cinema Choice**
"Darker and more dynamic than any previous Pioneer plasma - a knockout blow to comparably sized LCDs..."

**TrustedReviews**
"Not to put too fine a point on it, this TV's pictures really are the very best we have ever seen on a flat TV. No probably, no arguably - they just are. By some margin, in fact..."

**What Hi Fi? Sound and Vision**
"It's so much better than any other flat TV you can buy that it really isn't that much of a leap to label it a revolution in TV. It'd also be fair to call it the best telly we've seen..."

**HDTV.org**
"The Black Level performance of the PDP-508XD is a revelation, with a purity that stands head and shoulders above offerings from any other Plasma or LCD manufacturer out there. The subtlety of graduation across dark scenes is nothing short of spectacular. "

**ORMSSON**

GERÐU KRÖFUR – VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR

| | | |
|---|---|---|
| ORMSSON | SÍÐUMÚLA 9 | SÍMI 530 2800 |
| ORMSSON | SMÁRALIND | SÍMI 530 2900 |
| ORMSSON | KEFLAVÍK | SÍMI 421 1535 |
| ORMSSON | MODEL-AKRANESI | SÍMI 431 3333 |
| ORMSSON | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SÍMI 456 4751 |
| ORMSSON | AKUREYRI | SÍMI 461 5000 |
| ORMSSON | VÍK-EGILSSTÖÐUM | SÍMI 471 2038 |
| ORMSSON | VÍK-NESKAUPSTAÐ | SÍMI 477 1900 |
| ORMSSON | VÍK-REYÐARFIRÐI | SÍMI 474 1477 |
| ORMSSON | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | SÍMI 480 1160 |
| ORMSSON | HÚSAVÍK | SÍMI 464 1515 |

KVIKA

# Elskuð og hötuð í senn

Það er ýmislegt sem á góðum degi getur hróflað við þjóðarsálinni og ært. Þar framarlega í flokki fara stórar byggingar, hús, sem standa munu þarna líklega það sem eftir lifir ævi okkar og við erum fljót upp á framlappirnar teljum við að húsið verði listrænum taugum okkar eða þægindum til trafala. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* skoðaði nokkur af allra umdeildustu húsum Reykjavíkur.



## HALLGRÍMSKIRKJA

Á þeim rúmum 40 árum sem Hallgrímskirkja Guðjóns Samúelssonar var í smíðum afrekaði hú það að verða ein umdeildasta bygging landsins, fyrr og síðar. Menn byrjuðu að deila um útlit hennar, staðsetningu og kostnað áður en hún var byggð og á þeim tíma sem hún var í byggingu birtust reglulega greinar sem hnýttu í bygginguna og gátu heilu vikurnar snúist um Hallgrímskirkja þetta og Hallgrímskirkja hitt í Morgunblaðinu.

### Úr umræðunni:

„Slíkt stórhýsi sem Hallgrímskirkju er ætlað að verða mun aldrei njóta sín í þrengslunum þar. Gerð kirkjunnar hið ytra er fráleitur bræðingur ólíkra stílgerða – „Turninn er tilgerðarlegur óskapnaður... líkastur skyggniturni, studdur tveimur skíða-stökkbrautum," eins og kunnur íslenskur arkitekt komst nýlega að orði. (...) Allt flug, að og frá og yfir bænum, yrði stórum torveldað með byggingu hins háreista turns á hábungu Skólavörðuholts. Öryggi það, er vannst við brottflutning loftskeytastanganna á Melunum, mundi nú glatast aftur og miklu meira en það. Í dimmviðri yrði turninn sífelld ógnun við hundruð, ef ekki þúsundir mannslífa."
*Lúðvík Guðmundsson, skólastjóri. Morgunblaðið, 22. apríl 1954.*

„Mjer kemur þessi kirkjubygging þannig fyrir sjónir, að hjer sje um að ræða gífurlegan turn með áfastri kirkju, en ekki venjulega kirkju með turni. (...) Jeg sá ekkert íslenskt við það, að eftirlíkja sturla bergslagðar bergtegundir í steinsteypu. Þessi kostnaðarsama eftirlíkingaraðferð gerir bygginguna mjög óeðlilega útlits og jafnvel þunglamalega."
*Einar Sveinsson, húsameistari, Morgunblaðið 11. febrúar 1943.*

„Saga þessarar kirkju er samfelld sorgarsaga. Söfnuði Hallgrímskirkju var meinað að byrja á byggingunni meðan verðlag var sæmilegt á byggingarvörum, hverjar ástæður voru til þess skal slept, en nú þegar hafist er handa á byggingunni rísa upp ótal raddir sem dæma um listgildi útlitsins á kirkjunni."
*Guðrún Guðlaugsdóttir, Morgunblaðið, 2. desember 1953.*

„Það er ekki efamál, að þessar upphæðir (innsk.blm: upphæðir sem Hallgrímskirkjusjóður hafði fengið að styrk til húsnæðisins) væru orðnar margfaldar, ef söfnuðurinn hefði ekki átt að mæta þeim rógi og óvináttu hjer í höfuðstaðnum, sem er einstætt og óþekkt fyrirbæri í sögu nokkurs safnaðar á Íslandi."

*Sigurbjörn Einarsson biskup, Morgunblaðið 1. október 1944.*

## RÁÐHÚSIÐ

Byrjað var að byggja Ráðhús Reykjavíkur árið 1987 en arkitektar hússins voru Margrét Harðardóttir og Steve Christer. Staðsetning hússins varð helsti þyrnir í augum þeirra sem voru andsnúnir byggingunni og fóru samtökin Tjörnin lifi þar fremst í flokki. Viljayfirlýsing tíu þúsund Reykvíkinga lá fyrir áður en framkvæmdir hófust. Og allt var tínt til. Fornminjar átti að vera að finna á þessu stæði, ekki væri hægt að byggja í þesssari drullu og einhverjir lögðu til að skrúðgarðsreitur yrði settur þarna í staðinn. Í skoðanakönnun sem gerð var fyrir Stöð 2 um þetta leyti kom þó í ljós að 2/3 hlutar borgarbúa vildu fá ráðhús á þessum stað. Húsið var formlega opnað vorið 1992.



## PERLAN

Perlan og Ráðhúsið tilheyra sama tíma og þótt Perlan hafi verið reist á vegum Hitaveitu Reykjavíkur er hún engu að síður löngum tengd nafni Davíðs Oddssonar. Þeir sem sáu svart þegar Ráðhúsið var nefnt gerðu það flestir einnig þegar Perluna bar á góma. Umræðan var þó á talsvert léttari nótum og með skemmtilegum spekúlasjónum. Fljótlega var farið að uppnefna mannvirkið og það kallað skopparakringlan og alls kyns athugasemdir fengu að fljóta sem voru þó oft líka hlaðnar eftirvæntingu. Óttaðist forstöðumaður dægurmálaútvarps Rásar 2 til dæmis að ekkert myndi sjást út um rúðurnar því glerið væri svo dökkt.

Perlan var vígð árið á undan Ráðhúsinu, 1991, en það var Ingimundur Sveinsson arkitekt sem teiknaði húsið.



### Úr umræðunni:

„Mótatkvæði mitt byggist á að ég get ekki skilið skipulagsþátt þessa máls í tengslum við þá staðreynd að byggingarkostnaður þessa mannvirkis verður tekinn af borgarbúum í gegnum gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur."
*Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fundur í borgarráði, 27. apríl, 1988.*

„Glæsileg lúxusbygging eins og sú sem hér er kynnt væri spennandi ævintýri í allsnægtaþjóðfélagi, þar sem búið væri að uppfylla allar brýnustu þarfir fólksins."
*Guðrún Ágústdóttir, Skipulagsnefnd, 1988.*

„Auðvitað hafa þessi tvö mannvirki (innsk. blm: Ráðhúsið og Perlan) verið umdeild, en enginn vafi er í mínum huga og minna félaga hér í borgarstjórninni að báðar eiga þessar byggingar eftir að verða borginni og borgarbúum til stolts og ánægju og mikils gagns. Ég á ekki von á því, að ef einhverjir þessara ágætu fulltrúa hér í minnihlutanum eiga eftir að skrifa sínar ævisögur, að þeir muni minnast þess sérstaklega að þeir hafi hamast gegn þessum tveimur mannvirkjum."
*Davíð Oddsson borgarstjóri í ræðu sinni á borgarfundi árið 1990.*

## GLERSKÁLINN VIÐ IÐNÓ

Í lokin má láta fylgja litla sögu, sem í dag mætti telja gamansögu, af glerhýsinu við Iðnó. Reykjavíkurborg ákvað árið 1994 að gefa suðurhlið Iðnó andlitslyftinu og var Teiknistofa Ingimundar Sveinssonar arkitekts í samráði við Þorstein Gunnarsson arkitekt fengin til að finna lausn. Þeir reistu gler- og stálgrindarbyggingu sem mörgum þótt skemmtilegt uppátæki og líktu nokkrir lausninni við við glerpýramídann í Louvre. Nokkrum árum síðar eyddu borgaryfirvöld svo nokkrum milljónum í að láta fjarlægja glerhýsið og er það nú framan við Hótel Keflavík.






GSK 071101

PANODIL HOT 500 mg skammtar. Hitalækkandi og verkjastillandi lyf. Hver skammtur inniheldur 500 mg af paracetamóli.
SKAMMTAR:
Fullorðnir: 1-2 skammtar (0,5 g - 1 g) á 4-6 klukkustunda fresti, mest 4 g á sólarhring. Börn, 15 ára og eldri: 10-15 mg/kg líkamsþyngdar á 4-6 klst. fresti, mest 4 sinnum á sólarhring.
SÉRSTÖK VARNAÐARORÐ OG VARÚÐARREGLUR VIÐ NOTKUN:
Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta hjarta- eða nýrnastarfsemi og með lifrarsjúkdóm. Skammtarnir innihalda aspartam. Aspartam umbrotnar í fenýlalanín; þetta skiptir máli hjá börnum með fenýlketónuriu.
AUKAVERKANIR:
Mjög sjaldgæfar (<0,1%): Almennar: Ofnæmi; Húð: Útbrot; Lifur: Skert lifrarstarfsemi. Skert lifrarstarfsemi við notkun paracetamóls hefur komið fram í tengslum við misnotkun áfengis. Langvarandi notkun lyfsins getur valdið nýrnaskemmdum.
Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

LYFJA Apótekið




„Yfirleitt hreyfi ég hann ekki í rigningu heldur hef hann inni í skúr," segir Ragnar um bílinn sinn Dodge Charger SRT-8.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Þetta er safngripur

***Flestir reka upp stór augu þegar þeir mæta Ragnari Magnússyni veitingamanni á sínum gula og glæsta Dodge Charger SRT-8. Anton ljósmyndari var ekki seinn á sér að taka upp myndavélina og festa þá á filmu.***

Það er á einum af mörgum rigningardögum haustsins sem Ragnari bregður fyrir á gulum fáki nærri Fréttablaðshúsinu. Hann er umsvifalaust tekinn á beinið og spurður út í bílinn. „Það er nú fátítt að ég sé á þessum bíl í svona veðri," segir hann hlæjandi. „Yfirleitt hreyfi ég hann ekki í rigningu heldur hef hann inni í skúr og nota hann bara þegar götur eru þurrar. Það er ekkert gaman að vera á honum óhreinum. Þetta er svona bíll sem á að vera flottur."

Bíllinn hans Ragnars er Dodge Charger SRT-8 og er einn af þúsund í heiminum þeirrar gerðar. „Þessi er númer 749," segir Ragnar og sýnir númer í mælaborðinu til merkis um það. Dodge-inn er af árgerð 2007 en Ragnar segir hann hafa komið til landsins nýjan í lok desember 2006 og vera bara ekinn átta þúsund kílómetra. Hann er með 6 lítra Hemi-vél og orkan er 425 hestöfl. Eigin þyngd er 1.950 kíló og hann dregur ansi vel að sögn eigandans. „Þessi bíll vakti mikla athygli á bíladögum á Akureyri í sumar og fékk viðurkenningu þar en ég var ekki eigandi hans þá," segir Ragnar, sem kveðst nýbúinn að kaupa gripinn af manninum sem flutti hann inn. Hvað var það svo sem heillaði hann sérstaklega? „Bara allt. Liturinn og aksturseiginleikarnir. Að setja hann í gang er eiginlega alveg ótrúlegt," segir hann og horfir með ástúð á þann gula. Skyldi hann ekki hafa verið dýr? „Hann var í kringum átta og hálfa milljón. Það er auðvitað í hærri kantinum en þetta er eiginlega safngripur. Ég er forfallinn bílasjúklingur."

*gun@frettabladid.is*




Ó! · 9585

**Þarftu betri bíl?**

Þarftu stærri, nýrri, lengri eða einfaldlega betri bíl? Hjá Lýsingu bjóðum við þér sniðuga lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

**Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

**Bílstólar** ættu að vera í öllum bílum þar sem börn eru flutt á milli staða. Mikilvægt er að stóllinn uppfylli allar öryggiskröfur og hæfi aldri og stærð barnsins.

# Fyrsta verkefnið tjörukerra

***Jón Baldur Þorbjörnsson er menntaður bíltæknifræðingur en þeir eru ekki margir á landinu. Hann nam fræðin í Þýskalandi og hefur töluvert starfað við fagið þótt hann hafi í seinni tíð snúið sér að ferðaþjónustu.***



Jón Baldur hefur starfað sjálfstætt sem bíltækniráðgjafi en rekur nú ferðaskrifstofu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jón Baldur Þorbjörnsson lærði bíltæknifræði í fagháskóla í München. Hann segir náminu svipa til véltæknifræði nema að meira sé farið út í hönnun bíla. Ekki er þó um útlitshönnun að ræða heldur meðal annars hönnun burðarvirkis, véla, drifrásar og fleira. „Hægt var að velja tvær námsleiðir, annars vegar bíltæknisérfræði og hins vegar hönnun,“ segir Jón Baldur. „Ég valdi bíltæknisérfræðina en þeir sem hafa slíka menntun fara margir að vinna við að gera úttektir varðandi prófanir eða svonefndar gerðarviðurkenningar bíla. Á Íslandi eru þó ekki framkvæmdar prófanir á bílum heldur er gerð úttekt á gögnum um prófanir og þá þarf maður að hafa vit á því um hvað þetta snýst. Margir bíltæknisérfæðingar erlendis vinna einnig við ýmislegt sem tengist skylduskoðun bíla.“ Aðspurður segist Jón Baldur ekki vita um fleiri bíltæknisérfræðinga hér á landi en segir einhverja þó hafa sambærilega menntun.

„Skömmu eftir námið fékk ég starf hjá Bifreiðaskoðun, sem heitir í dag Umferðarstofa, og starfaði í þrjú ár sem deildarstjóri tæknideildar,“ segir Jón Baldur. „Smám saman hef ég síðan leiðst út í ferðaþjónustu og rek ferðaskrifstofuna Ísafold travel. Ég starfaði þó um tíma sjálfstætt sem bíltækniráðgjafi og kom meðal annars að reglugerðarvinnu hjá dómsmálaráðuneytinu við útgáfu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Þá vann ég einnig að samræmingu íslensku reglugerðarinnar og Evrópureglna eftir að við gengum til liðs við EES.“

Jón Baldur segist lítið hafa fengist við hönnun ef frá er talin tjörukerra sem hann gerði fyrir Vegagerðina. „Strax eftir að ég kom úr námi hafði Vegagerðin samband við mig og bað mig um að hanna tjörukerru til að gera við skemmdir í bundnu slitlagi. Þetta er mitt fyrsta og eina hönnunarverkefni og þó að kerran hafi ekki verið stór í sniðum virkaði hún prýðilega og voru framleidd ein fimm til sjö stykki ef ég man rétt.“

*vera@frettabladid.is*

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Sendum frítt um land allt!
Jeppadekk
GT Radial
MAXXIS
Heilsársdekk
31" kr. 12.900
(31x10.50R15)
33" kr. 15.900
(33x12.50R15)
Úrval annarra stærða upp í 38".
Felgustærð 15", 16" 17" og 18".
Nánar á jeppadekk.is
Við mælum með míkróskurði
JEPPADEKK.is
Alorka • Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080
PIPAR • SÍA • 70622

ekill ehf
Ökunám í fjarnámi !!!!
Ekill ökuskóli er eini ökuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.
Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is
Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólanámskeið.
Skráning í næsta námskeið er hafin
Ekill ökuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is ekill@ekill.is

STÝRISENDAR, SPINDILKÚLUR OG FÓÐRINGAR
í jeppa í miklu úrvali
Japan/U.S.A.
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000




EIGENDASKIPTI ÖKUTÆKJA Á VEFNUM
Umferðarstofa, í samstarfi við Glitni og Kaupþing, býður nú þann möguleika að tilkynna eigendaskipti og ganga frá skráningu meðeigenda og umráðamanna bifreiða með rafrænum hætti á vef Umferðarstofu.
Kynntu þér þessa einföldu og þægilegu nýjung á www.us.is.
www.us.is
UMFERÐARSTOFA
GLITNIR
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 07-0841

# Getur fyrirbyggt álagsmeiðsl



***Össur hf. hefur endurhannað og sett á markaðinn svokallað CTi-spelku sem er hönnuð til að draga úr líkum á áverkum í álagsíþróttum.***

CTi-spelka er viðurkennt öryggistæki sem á sér meira en 20 ára sögu. Össur hefur nú endurhannað liðbandaspelkuna til að veita notendum enn betri vörn.

„CTi er gríðarlega mikilvægt tæki, sem hjálpar við að fyrirbyggja áverka sem geta hlotist í mótorkross-, mótorhjóla-, snjó- og síðast en ekki síst vatnssleðaslysum, enda er spelkan bæti vatnsheld og létt.“

Liðbandaspelkan á að veita hámarksstuðning við innri og ytri liðbönd og fremra og aftara krossband. Hnépúði verndar hnéskelina og hnjáliðinn.

Þetta segir Lárus Gunnsteinsson, bæklunarskósmiður og framkvæmdastjóri innanlandsdeildar Össur hf. og bætir við að spelkan verji hnjáliðinn og liðböndin fyrir áverkum, til dæmis þegar menn falla á liðina eða lenda harkalega. Hún tekur af högginu sem hnéð verður fyrir, enda með sveigjanlega boga, sílíkonhúðaða púða og fóðraðar brúnir.

„Þetta er sjálfsagt öryggistæki í dag, sérstaklega vegna þeirra slysa sem hafa orðið undanfarið og hafa verið mikið í umræðunni,“ segir Lárus. „Í raun eiga menn ekki að fara á þessi tæki án þess að vera með svona spelkur á sér.“ Nánar um CTi spelkuna á heimasíðu Össur hf., sjá www.ossur.is/cti. *- rve*

# Mesta bílaábyrgðin

***Kia ábyrgastur í Evrópu.***


Kia Sportage

Bílaframleiðandinn Kia motors hefur ákveðið að allar 2008 árgerðir litla jeppans Kia Sportage verði með mestu ábyrgð sem býðst í Evrópu, eða 7 ára/150.000 kílómetra ábyrgð. Hún er án aukakostnaðar og flyst yfir til næstu eigenda að því tilskildu að bíllinn hafi fengið reglulegt viðhald í samræmi við þjónustuáætlun.

Kia sá sér fært að bjóða upp á þessa víðtæku ábyrgð í ljósi bættrar framleiðslutækni í verksmiðju sinni í Zilina í Slóvakíu sem skilar sér í betri framleiðslugæðum.

Kia-umboðið á Íslandi mun fá fyrstu Sportage 2008-bílana til landsins síðar á þessu ári. *- ve*


Rolls Royce-bifreið af árgerðinni 1904 verður boðin upp í desember í London.

# Elsti Rolls-inn til sölu

***Uppboðshúsið Bonham í London hefur mjög sérstakan grip til sölu.***

Elsta Rolls Royce-bifreið heims er nú til sölu hjá uppboðshúsinu Bonham í London. Bíllinn er smíðaður árið 1904 með verkstæðisnúmerið 20154. Þetta er tíu hestafla, tveggja sæta opinn bíll og aðeins fjórði bíllinn sem var framleiddur undir sameiginlegum hatti þeirra Charles Rolls og Henry Royce. Hann er einnig sá elsti sem enn er í notkun.

Númeraplata bílsins U44 er upprunaleg og var sú fyrsta sem sýnd var á sýningu í París haustið 1904. Ári síðar var bíllinn sýndur á Olympia-sýningunni í London. Rollsinn er sá eini af árgerð fyrir 1905 sem hefur tekið þátt í hinum fræga kappakstri milli London og Brighton en það afrekaði hann fyrst árið 1954.

Bíllinn er í fullkomnu standi en hann var gerður upp á sjötta áratugnum. Aðeins þrír eigendur hafa verið að bílnum í öll þessi ár. Rollsinn verður boðinn upp í byrjun desember og er lágmarksboð sett um 2 milljónir punda eða 248 milljónir íslenskra króna. *- sgi*


Aukin ökuréttind - Meirapróf

Nýlegir kennslubílar





ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Næsta námskeið hefst 14. nóvember

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

Auglýsingasími 512 50 50



– Mest lesið

0-90 km/klst. 4,4 sek.



Mitsubishi Lancer Evolution

Hið fullkomna aksturstæki og margfaldur sigurvegari í helstu rallkeppnum heims undanfarin ár.

280 hestöfl · hröðun 0-100 km/klst. 4,8 sek. · sítengt aldrif · BBS 17" álfelgur · leðurklæddir Recaro körfustólar · sjálfvirk loftkæling · sportsvunta að framan, aftan og á hliðum.

Nýtt og betra verð

4.290.000 tilbúinn á vetradekkjum

MITSUBISHI MOTORS

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is

Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA

**Hitabrúsa** er gott að hafa með á ferðalögum og fylla hann af uppáhalds heita drykknum sínum. Notalegt er að gæða sér á ilmandi kaffi eða heitu súkkulaði í vetrarferðum.



Gerðu klárt fyrir veturinn með North Ice winter pakkanum.



North Ice winter pakkinn
Úlpa, snjóbuxur, flísmillilag, micróflís nærföt, húfa, lúffur og trefill.
Kr 19,500.

Icefin
Nóatúni 17 • 105 Reykjavík • s. 5343177
www.icefin.is

# Listabúðir í Lettlandi

***Guðlaug Erla Jónsdóttir fór með hópi af nemendum úr Myndlistaskóla Reykjavíkur í listavinnubúðir í Lettlandi. Hópurinn var í heila viku við ýmsa listsköpun í litlum bæ skammt frá Ríga, höfuðborg Lettlands.***



Hluti af alþjóðlegum hópi þátttakenda í vinnubúðunum. Guðlaug Erla er ljóshærð, í gráum bol, fyrir miðri mynd.

„Við flugum frá Reykjavík til Kaupmannahafnar og þaðan til Ríga þannig að ferðalagið var sólarhringur,“ segir Guðlaug og bætir því við að hópurinn hafi verið orðinn rosalega þreyttur þegar öllu fluginu var lokið. „Það var líka mun heitara í Ríga en við bjuggumst við þannig að við vorum alveg búin þegar við komum loks á hótelið, þar sem við gistum í tvær nætur.“

Tímann í Ríga notaði hópurinn til að kynnast borginni, sofa og versla. „Síðan tókum við rútu til miðaldabæjar sem heitir Cesis og stærð við Akureyri og við vorum þar í vinnubúðum í viku,“ segir Guðlaug. „Í miðbænum var mjög fallegur garður sem við fengum til afnota þessa viku. Þar bjuggum við yfirleitt til einhver verk á daginn eins og innsetningar, skúlptúra eða málverk auk þess sem við breyttum honum dálítið með því að hengja hluti í trén eða annað slíkt,“ bætir hún við.



Lögð var stund á listsköpun af miklum móð í frábæru veðri í miðbæ Cesis.

„Á kvöldin héldum við svo sýningar, gerðum skuggaleikhús og stuttmyndir með viðtölum við gamalt fólk frá Ríga sem var á elliheimili rétt hjá okkur,“ segir Guðlaug en að loknum vinnubúðunum var haldin sýning og kynning á öllum þeim verkum sem hópurinn hafði gert. „Þetta var auglýst mjög mikið og við hittum á rosalega góðan tíma því það var einmitt listahátíð í Cesis á sama tíma,“ segir hún. „Svo hittum við manninn sem stóð á bak við listahátíðina en hann er víst mjög frægur í Lettlandi. Hann bauð okkur á óperu, tónleika og ýmislegt fleira skemmtilegt.“

Guðlaug segir þessa ferð hafa verið mjög skemmtilega, áhugaverða og fræðandi. „Við kynntumst fullt af skemmtilegu fólki og ég vona bara að það verði hægt að gera þetta aftur einhvern tíma,“ segir hún.

*sigridurh@frettabladid.is*

Frábær sértilboð á góðri gistingu!

Kanaríveisla
í janúar
frá kr. 34.990

2. janúar
9. janúar
16. janúar





*Mjög takmarkaður fjöldi íbúða í boði!*
Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Kanarí 2., 9. eða 16. janúar. Njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað við góðan aðbúnað í 1 viku eða lengur. Bjóðum nú takmarkaðan fjölda íbúða á mörgum af okkar vinsælustu gististöðum á frábæru sértilboði, m.a. Los Tilos, Roque Nublo, Jardin Atlantico og Dorotea. Góðar íbúðir og frábær staðsetning. Ath. takmarkaður fjöldi íbúða á þessu einstaka tilboðsverði.

Verð kr. 34.990
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og tvö börn í íbúð á Dorotea, Roque Nublo, Los Tilos eða Jardin Atlantico í viku. Gisting á Liberty, Parque Sol og Dunas Esplendido kr. 4.000 aukalega. Aukavika kr. 12.000.

Verð kr. 44.990
Netverð á mann, m.v. 2 í íbúð á Roque Nublo, Los Tilos, Dorotea eða Jardin Atlantico í viku. Gisting á Liberty, Parque Sol og Dunas Esplendido kr. 4.000 aukalega. Aukavika kr. 12.000.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is




LÚXUS MERKJAVARA ÚR:
eva COMPANYS Kultur gs skór CENTRUM Kultur menn

Á ÓTRÚLEGUM...
80%
AFSLÆTTI

**FATNAÐUR:** DKNY - GERARD DAREL - NICOLE FARHI - FRENCH CONNECTION - PAUL & JOE - MALENE BIRGER - INWEAR - PART TWO - GREAT PLAINES - SEVEN JEANS - MAVI JEANS - BILL TORNADE - IMPERIAL FASHION - IKKS - S'NOB - SAINT TROPEZ - ACQUAVERDE - JUST IN CASE -
**SKÓR OG STÍGVÉL:** SPIRAL - SENDRA - BRONX - BULL BOXER - SANCHO



opið:
í dag 11 - 17

FATÓ
FATÓ - ÚTSÖLUMARKAÐUR - LAUGAVEGI 91 - 2. hæð



Klettafjöllin blasa við mörgum Vestur-Íslendingum.

## Vesturheimur heillar

***Ferðaskrifstofan Vesturheimur sf. hefur skipulagt nýjar ferðir í tilefni af flugi Icelandair til Toronto.***

„Það er rétt. Við erum með nýjar áherslur árið 2008 vegna flugs Icelandair til Toronto,“ segir Jónas Þór, sem er potturinn og pannan í ferðaskrifstofunni Vesturheimi sem stofnuð var til að efla tengsl Íslands og Íslendinga við afkomendur íslenskra vesturfara í Norður-Ameríku.

Af því sem fram undan er nefnir Jónas bútasaumsferð til Minnesota 9.-16. apríl og eldriborgaraferð til Minnesota, Norður-Dakota og Manitoba 13. til 22. maí. „Svo er tíu daga til Toronto, Ottawa og Montreal 25. júní. Þá verða íslenskar nýlendur heimsóttar og Niagara-fossar skoðaðir. Haldið verður upp á þjóðhátíðardag Kanada 1. júlí í Ottawa og í Montreal mun standa yfir alþjóðleg djasshátíð,“ segir Jónas og nefnir í lokin Klettafjallaferð frá 9. til 23. júlí. Í henni er farið með ferju yfir til Vancouver-eyju og dvalið í Victoria tvo daga. Þaðan farið upp í fjallaþorpið Whistler þar sem vetrarólympíuleikar verða árið 2010 og áfram um fjöllin þar sem íslenska nýlendan í Markerville verður heimsótt og hús Stephans G. Stephanssonar. Niagara-fossar eru líka á þeirri áætlun. Ferðin er skipulögð í samvinnu við félög Íslendinga á viðkomandi svæðum og frekari upplýsingar eru á www.vesturheimur.com.

*- gun*

**Ermapeysur** eru oft fallegar til skrauts en einnig handhægar til að bregða yfir axlirnar og halda á sér hita. Hægt er að fá mjög fallegar ermar sem lita vel út með samkvæmiskjólum og eru jafnvel það fyrirferðarlitlar að stinga má þeim í veskið ef þörf er á.



# Íslenskt, frumlegt og flott

***Að Strandgötu 43 í Hafnarfirði hefur Fríða Jónsdóttir, gullsmiður og skartgripahönnuður, komið sér upp glæsilegri verslun og vinnustofu á bak við.***

Þótt Fríða sé nýbúin að opna eigin verslun er hún enginn nýgræðingur í faginu heldur á hún átta ára vinnu í skartgripahönnun að baki. Gripir hennar bera það líka með sér að þar er ekki kastað til höndum. Þeir eru frekar stórir og hafa sterkan karakter, sem hæfir nútímakonunni vel. Þegar Fríða er beðin að lýsa skartgripunum sínum sjálf kveðst hún vera með nokkrar línur í ólíkum formum en grunnformin séu henni töm. „Þetta eru hlutir sem flott er að bera eina og sér en þó bý ég líka til sett. Það getur verið glæsilegt að bera einn stóran hring en svo er ég með fíngerðari hringa sem má raða mörgum saman svo úr verði einhvers konar mynstur. Það er hægt að leika sér heilmikið með svona skart.“

Silfur er sá málmur sem Fríða smíðar mest úr og þó að margir gripanna séu fremur grófir á hún líka aðra í mjúkum formum sem hún segir njóta mikilla vinsælda.

Fríða kveðst hafa verið með verkstæðið heima fram að þessu en einnig selt í



Mjúkar línur njóta vinsælda.

versluninni Spaksmannsspjörum í Bankastræti og nú síðast Gallerí Thors sem er nýtt fyrirtæki í miðbæ Hafnarfjarðar. Ásamt skartgripasmíðinni hefur Fríða sinnt búi og börnum síðustu árin en einnig aðstoðað eiginmanninn Auðun Gísla Arnarson matreiðslumann við veitingasölu. Nú hafa hlutverkin snúist við og Auðunn er kominn á verkstæðið hjá henni. „Hann hjálpar mér að saga og sverfa, auk þess að sinna rekstrinum. Við vinnum ágætlega saman,“ segir Fríða brosandi.

Verslunin við Strandgötuna er björt og ljósaveggur með mynstri vekur athygli. Það er líka létt yfir innréttingunum, sem Fríða kveðst hafa hannað sjálf og látið smíða hér á landi. „Við höfum fengið mjög góðar viðtökur bæði frá Hafnfirðingum og þeim sem gera sér ferð í Fjörðinn til að njóta þess sem hann hefur upp á að bjóða,“ segir hún og nefnir sem dæmi frí bílastæði, fallegar verslanir og metnaðarfullrar sýningar í Hafnarborg sem ekkert kosti inn á. *gun@frettabladid.is*



Fríða bræðir gull og eiginmaðurinn Auðunn aðstoðar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



Fallegt er að bera fleiri hringa en einn, jafnvel marga á hverjum fingri.



Fágun fylgir grunnformunum ferkanti og hring.




TEXTÍLL
Lokastíg 28
www.textil.is
s: 551-3584
beint á móti Hallgrímskirkju



MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6B
SÍMI 562 6999
Skór frá GULL Í GRJÓTI
Skólavörðustíg 4

ANDERSEN & LAUTH
REYKJAVIK
Opið laugardag 10-17
Nýtt kortatímabil



maïa
Laugavegur 86-94, sími 552 60 66

Gerðu þína eigin skartgripi.





Mikið úrval af perlum og skartgripaefni.
Námskeið í boði.

FÖNDRA
Dalvegi 18 • Kópavogi • s. 5686500 • www.fondra.is
Virkir dagar: 10:00-18:00 & Laugardagar: 11:00- 16:00

# hús&heimili

LAUGARDAGUR 10. NÓVEMBER 2007



FRÉTTABLAÐIÐ

**INNLIT**

## Rómantískt líf við sæinn

**HÖNNUÐUR**

## Skynfærunum ögrað

**HEIMILIÐ**

## Seiðandi súpuskálar




TILBOÐ KR. 139.000.-

KARMA COMPOSITION - HILLUSAMSTÆÐA Verð kr. 198.000.-



Nýtt

Rafstýrður afturhallandi hvíldarstóll með innbyggðum skemmli og einnig lyftu sem lyftir þér upp og úr stólnum.
Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar.

Tilboðsverð m/ákl.
kr. 75.500.-
Tilboðsverð m/leðri
kr. 95.500.-



Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16

Vandaður slökunarstóll með skemli og sterku áklæði eða leðri - Margir litir

Tilboðsverð m/ákl.
kr. 39.000.-
Tilboðsverð m/leðri
kr. 59.000.-

## gamlir munir



**● SÉRFRÆÐINGAR GREINA GAMLA GRIPI**

Aldrei er að vita nema dýrmætur forngripur leynist í geymslunni. Almenningi er boðið að koma með gamla gripi í Þjóðminjasafnið á morgun, sunnudaginn 11. nóvember, til að láta sérfræðinga safnsins greina þá.



Sumir eiga í fórum sínum erfðagripi eða ættargripi án þess að vita með vissu aldur þeirra. Til að fá á þeim nánari deili getur verið skemmtilegt að fá álit hjá sérfræðingi. Gripirnir þurfa ekki að vera frá miðöldum til að teljast gamlir en þetta geta verið útskornir munir, skart eða hvað sem fólki sýnist vera gamalt.

Sérfræðingar Þjóðminjasafnsins verða á staðnum milli klukkan 14 og 16. Einungis verður reynt að greina muni með tilliti til aldurs, efnis, uppruna og þess háttar en starfsmenn safna meta ekki verðgildi gamalla gripa. Að lokinni skoðun taka eigendur gripina aftur með sér heim.

Mælist þessi þjónusta vel fyrir hyggst Þjóðminjasafnið efna til fleiri greiningardaga á næsta ári.





**● ÍSLENSK HANDVERKSHEFÐ** er í fyrirrúmi í nýrri hönnun sem sýnd er um þessar mundir í Gerðubergi. Heimilisiðnaðarfélagið stendur að sýningunni og fékk til liðs við sig fjölda fólks sem sérhæfir sig í íslensku handverki, listiðnaði og nútímahönnun úr fjölbreyttu hráefni. Undirtitill sýningarinnar er Framtíðin er í okkar höndum enda er markmið félagsins að handverkshefðin sé nýtt sem innblástur að nýjum verkum.

Lokadagur sýningarinnar er á morgun svo nú fer hver að verða síðastur að njóta hennar.





**● Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason tók þessa mynd af Arnari Gauta Sverrissyni ásamt eiginkonu hans Aðalbjörgu Einarsdóttur og börnum þeirra, Natalíu París og Kiljani Gauta. **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

# Heimatilbúið heimilisstáss

●Benedikt Ingólfsson á góðan grip sem hefur fylgt honum allt frá barnæsku.

„Þetta er gamalt leikfang sem afi minn Ingólfur heitinn Benediktsson í Dal smíðaði og gaf mér í jólagjöf þegar ég var um það bil fimm eða sex ára. Þetta er fimleikakarl sem maður getur látið gera æfingar á slá með því að þrýsta saman spýtum sem halda karlinum uppi,“ segir Benedikt Ingólfsson bass-barítónsöngvari. „Þetta er einn af mínum uppáhaldshlutum og tvímælalaust einn af kjörgripum heimilisins.“

Benedikt segir afa sinn hafa smíðað jólagjafir handa stórum hópi barnabarna en sjálfur átti hann tíu börn með konu sinni Hólmfríði Björnsdóttur. „Þetta var í þá daga þegar neyslumenningin var ögn tempraðri en hún er í dag og fólk gaf sér tíma í hluti eins og að búa til jólagjafir,“ segir söngvarinn.

Benedikt segir fimleikakarlinn ekki einungis heimilisstáss heldur að hann sé líka ágætis nytjahlutur. „Mér þykir til dæmis fínt að láta karlinn taka nokkrar æfingar á slánni þegar ég er að búa mig undir einhver verkefni og smitast þá um leið af nauðsynlegum keppnisanda. Ekki er verra að hafa viðeigandi tónlist í bakgrunni til að ná réttum hughrifum.“

Benedikt hefur haft sönginn að aðalatvinnu síðastliðin ár. Á sunnudaginn syngur hann á tónleikum í Hallgrímskirkju með Schola Cantorum. Tónleikarnir byrja klukkan 20 og bera yfirskriftina A capella – frá endurreisn til samtíma. Þar verða ýmsar perlur evrópskrar kórtónlistar fluttar undir stjórn Harðar Áskelssonar.

*vera@frettabladid.is*



**Benedikt Ingólfsson fékk fimleikakarlinn í jólagjöf frá afa sínum þegar hann var ungur að árum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## lýsing

**● TRÚARLEGAR SPURNINGAR**

Þessi sniðuga ljósauppsetning listamannsins Robert Stadler í kirkjunni Saint-Paul í París, endurspeglar líklega hugmyndir margra til trúarinnar.

Ljósin setti Stadler upp í tengslum við Nuit Banche-menningarhátíðina sem haldin er árlega í borginni. Hún var haldin í fyrsta sinn árið 2002 en þá eru söfn og listagallerí opin alla nóttina.








ECL stjórnstöðvar fyrir hitakerfi

Danfoss

Húseigendur!
Aukið þægindin og
lækkið hitunarkostnaðinn
með ECL stjórnstöð á hitakerfið
Kynnið ykkur kosti og verð
ECL stjórnstöðvarinnar frá Danfoss

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins


GÆÐI
GÓÐ VERÐ
ÞJÓNUSTA
ÚRVAL
ÞEKKING
Veldu það besta!
VELDA
Nýjar glæsilegar leðurhúsgagnalínur
Frí þrýstijöfnunarmæling
sem greinir hvaða dýna
hentar þér best
Rafmagnsrúm
í úrvali
IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Fallegir svefnsófar
með góðum dýnum
SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI
Dalsbraut 1
Svefn & heilsa
AKUREYRI
EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR
Listhúsinu Laugardal
Svefn & heilsa
REYKJAVÍK
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00
www.svefn.is


GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir


Hinar vinsælu dönsku bókahillur komnar aftur
Fáanlegar í 4 litum
Hlynur, Kirsuber, Tekk og Coffee
Hringið og biðjið um mynda- og verðlista
HEIMILISPRÝÐI
HÚSGAGNAVERSLUN V/HALLARMÚLA - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 553 8177 & 553-1400 www.heimilisprydi.is

Eirberg

Swopper vinnustóllinn
• Bylting fyrir bakið
• Styrkir magavöðvana
• Frelsi í hreyfingum
• Ánægja við leik og störf
• Fæst í ýmsum litum
www.eirberg.is · 569 3100 · Stórhöfða 25

Tröppur og stigar

SALA LEIGA
Iðnaðartröppur
BRIMRÁS
– íslensk framleiðsla
ÁLSMÍÐI STÁLSMÍÐI RAÐSMÍÐI SÉRSMÍÐI
KVARNIR
Tunguháls 15
sími: 564 6070
www.kvarnir.is



# Skynfærunum ögrað

● Sigurður Gústafsson, arkítekt og húsgagnahönnuður, hefur notið mikillar velgengni erlendis og þá sérstaklega á Norðurlöndunum. Hann hefur hlotið tvö helstu hönnunarverðlaun Norðurlanda, Bruno Mathsson-verðlaunin sænsku árið 2001 og Söderbergs-verðlaunin árið 2003.


**Origami-stóllinn er einfaldur og stílhreinn.** MYND/CURT EKBLOM

„Ég hef dundað mér við húsgagnahönnun frá því ég byrjaði að læra arkítektúr en formlega byrjaði ég fyrir um tíu árum. Ég kláraði arkítektanámið árið 1990 en ég lærði í Kaupmannahöfn og Ósló. Upphaflega ætlaði ég mér eiginlega að læra iðnhönnun og hafði lengi langað að læra að hanna bíla en svo kom raunveruleikinn til skjalanna og ef maður ætlar að búa á Íslandi þá er bílahönnun ekki mjög raunhæf,“ segir Sigurður og bætir við: „Það má segja að ég sé í iðnhönnun því ég hanna nú fleira en húsgögn. Ég hanna til dæmis lampa og í raun allt sem tengist lokuðum rýmum bæði úti og inni.“

Sigurður segir kíminn að hann sé eiginlega orðinn eins og mubla hjá Källemo sem framleiðir megnið af húsbúnaði hans. Hönnun þessa fyrirtækis er frekar framúrstefnuleg eða „avant garde“ eins og það kallast. Aðrir þekktir hönnuðir hjá fyrirtækinu eru Jonas Bolin og Mats Theselius. „Þetta eru ekki hversdagshlutir sem Källemo býður upp á. Þetta er framúrstefnuleg hönnun sem er til þess gerð að ögra bæði augum og öðrum skynfærum,“ segir Sigurður sem notar húsgögn mikið sem rannsóknarvinnu.

„Ég er náttúrlega menntaður arkítekt og þá er maður upptekinn af burðarþoli og konstrúktífum raunveruleika, það er hvernig hlutirnir hanga saman og að það sé einhver heildstæð hugmynd í tæknilegri útfærslu og burðarvirki. Húsgögnin hafa því verið mér hugleikin því þetta er mælikvarði sem ég ræð við að smíða sjálfur. Þess vegna hef ég notað húsgögn mikið í rannsóknarhönnu á formi,“ útskýrir Sigurður áhugasamur. Sigurður notar ýmiss konar efnivið og segist oft nota það sem hendi er næst. „Ég hef verið fremur fjölþreifinn á því sviði. Ég hef hins vegar töluverða reynslu af smíðum og er eiginlega alinn upp á trésmíðaverkstæði og það hefur því legið beint við að ég noti timbur. Annars hef ég notað mikið stál og plast og í rauninni bara allt mögulegt,“ útskýrir Sigurður og bætir við að hann hafi mikla þörf fyrir að prófa sig áfram. Sem dæmi um sérstaka notkun á efniviði má nefna lampa eftir Sigurð sem kallast „Take away“ og hlotið hefur mikla útbreiðslu.

„Ég saumaði hann sjálfur úr veggjastriga. Þetta er trefjastrigi sem notaður er mikið á Norðurlöndunum og er límdur upp á gifsveggi og býr til strúktúr í vegginn. Ég kom einhvern tíma inn í málningarvöruverslun og datt í hug að það gæti verið sniðugt að búa eitthvað til úr þessu vegna þess að það eru glertrefjar í þessu sem gera það að verkum að ljósleiðnin verður mjög skemmtileg. Þetta er eins og hríspappír nema ekki eins eldfimt þannig að efnið hentar betur í lampa,“ segir Sigurður, sem er mjög hugvitssamur í efnisnotkun. Hann hefur einnig notað plex sem eru sléttar plastplötur og bregður þeim yfir stólsetu eins og peysu. „Að öllu jöfnu er byrjað á að búa til eitthvert áhald til þess að steypa setuna en það kostar tugi milljóna. Með því að nota plex getur maður búið til setuna með dúkahnífi,“ segir Sigurður, sem hugsaði setuna líka þannig að fólk gæti auðveldlega skipt ef það vildi til dæmis annan lit eða ef setan myndi skemmast.

Hönnun Sigurðar er í raun tvískipt. Það er annars vegar framúrstefnuleg hönnun þar sem hlutirnir eru framleiddir í takmörkuðu upplagi og eru frekar safngripir sem seldir eru dýrum dómum og hins vegar iðnhönnun þar sem Sigurður býr til hluti til hversdagsnotkunar. „Mín hönnun er praktísk. Ef svo væri ekki þá væri þetta ekki hönnun heldur listaverk. Það sem mér finnst áhugavert við hönnun er að hún nær betur athygli fjöldans og því finnst mér gaman að gera hluti sem ögra fólki á ýmsa vegu,“ segir Sigurður, sem finnst þróunin hafa verið í þá átt að listaverk séu oft lokuð inni á söfnum og því bara hluti fólks sem sér þau á meðan hönnunin er meira í umtalinu.

„Ég er þeirrar skoðunar að ljótt og illa hannað umhverfi geri fólk að einhverju leyti verra því það er eins og að þrífast í sjónrænum óþrifnaði. Mér finnst þó ekki að öll heimili eigi að líta út eins og einhver húsgagnaverslun. Fólk á frekar að blanda saman gömlu og nýju en það eru eðlilegustu og skemmtilegustu heimilin,“ segir Sigurður einlægur.

*hrefna@frettabladid.is*


**Sigurður Gústafsson er nýfluttur með vinnustofu sína í Mosfellsbænn.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**DNA-tímaritastandur sem lítur út eins og litningur.** MYND/CURT EKBLOM


**Hið fræga „Take away“ ljós útbúið úr trefjastriga gefur frá sér skemmtilega birtu.**



Opnunar
HÁTÍÐ
Við höfum opnað stærstu hljóðfæraverslun á Íslandi í Síðumúla 20
Að því tilefni höldum við glæsilega hátíð laugardaginn 10. nóvember kl 13-17!
DR. SPOCK
BARDUKHA
HUNANG
JAZZ KVARTETT
Guðmundar Steingrímssonar
MUGISON
BRAIN POLICE
LAND OG SYNIR
RAGGI BJARNA
Úr klassíkinni!
Þuríður Helga píanóleikari, Geirþrúður Ása fiðluleikari,
Páll Palomares fiðluleikari, Bjarni Frímann violuleikari,
Þorgerður Edda sellóleikari og fleiri og fleiri!
Komið og fagnið með okkur
og gerið góð kaup í leiðinni!
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Frábær opnunar tilboð!
SÍÐUMÚLA 20 · REYKJAVÍK · WWW.HLJODFAERAHUSID.IS · SÍMI 591 5340



Þessi sérstaki lampi úr Habitat virðist vera ómálaður strigi þar til togað er í spotta og á honum kviknar ljós sem lítur út eins og standlampi. Svörtu hillurnar eru úr Ikea, en enn vantar á þær glerhurðir.



Herbergi Natalíu Parísar var sett í forgang þegar fjölskyldan flutti á Naustabryggjuna. Þetta málverk er hennar fyrsta og málað af GR Lúðvíkssyni, sem almennt málar ekki fígúratíft, en gerði litríka seríu trúða sem prinsessunni hlotnaðist í herbergið sitt.



Alla tók sig til einn eftirmiðdaginn og málaði tvo veggi brúna vegna annríkis húsbóndans, en honum til mikillar ánægju. Hún raðaði fjölskyldumyndum fallega á annan vegginn, en þeim hjónum þykir ómissandi að hafa myndir af ástvinum sínum meðal heimilismuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Rómantískt fjölskyldulíf við sæinn

● Bryggjuhverfið við Grafarvog er dálítið eins og útlönd. Göturnar eru þröngar og krókóttar. Arkitektúrinn öðruvísi. Og fyrir utan gluggana dugga sofandi skútur við litla höfn, meðan íbúarnir skottast um og lifa í afskekktu leynihverfi.

„Við höfum búið þarna hamingjusöm í tvö ár,“ segir Arnar Gauti Sverrisson, framkvæmdastjóri GK og sjónvarpsstjarna úr Innliti/Útliti, þar sem hann stendur og horfir á gárur hafsins utan við stofugluggann í fallegu fjölbýlishúsi sem reist var á grunni raðhúss sem fyrri byggingarverktakar skildu eftir.

„Mér finnst þetta æðislegur staður að búa á; hér er stórbrotið útsýni til hafs og fjalla, og mikil ró yfir vötnum. Það er eitthvað einstakt við að keyra ofan í bryggjuhverfið og minnir á Amsterdam eða Nýhöfn í kóngsins Kaupmannahöfn, en útlendir gestir sem sækja okkur heim reka oftast upp stór augu þegar þeir koma á þennan sérstaka stað,“ segir Arnar þar sem hann horfir stoltur á Aðalbjörgu Einarsdóttur eiginkonu sína þar sem hún umvefur nýfæddan son þeirra Kiljan Gauta, meðan þriggja ára dóttir þeirra Natalía París leikur sér ánægð í fallegu herbergi sínu.

„Nú þegar fjölskyldan hefur stækkað vantar okkur auka herbergi þegar Kiljan litli verður of stór til að vera með okkur í hjónaherberginu en við megum varla hugsa þá hugsun til enda því við erum svo ánægð

*Framhald á bls. 8*



Arnar og Alla völdu að sleppa rúmgafli ofan við hjónarúmið en mynda annars konar umgjörð með silfurlitum borðlömpum í yfirstærð á sérsmíðuðum náttborðum. Lampana keyptu þau í Casa, en þessir lampar voru framleiddir í afar takmörkuðu upplagi í gulli og silfri. Veggfóðrið er svart með flauelsáferð og þurfti þrisvar sinnum meira af veggfóðri en notað var til að láta munstrið passa.



Hjónin Arnar Gauti Sverrisson og Aðalbjörg Einarsdóttir með börnin tvö: Natalíu París, 3 ára, og Kiljan Gauta, eins mánaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# NÁTTÚRUSTEINN



Ragnheiður Jónsdóttir arkitekt verður í verslun okkar til faglegra ráðlegginga í dag laugardag 10. nóvember frá klukkan 11:00-18:00



Handlaug: 85.000,- kr



Basalt lengjur: frá 12.500,-kr/fm



Handlaug: 35.000,- kr

Náttúrusteinn hentar í ótrúlegustu hluti, hvort sem er á gólf eða veggi, úti eða inni, í heimahús eða opinberar byggingar. Hann er tímalaus eins og náttúran sjálf og endist því bæði hvað útlit og gæði varðar.



FÍGARÓ
náttúrusteinn

*Í hörku steinsins liggur falin mýkt náttúrunnar og tímaleysi sköpunarinnar*

Iðnbúð 4- 210 Garðabæ - S:544 2250 - www.figaro.is

Framhald af bls. 6

hér. Frekari uppbygging hverfisins fer eftir því hvenær Björgun flytur með sínar höfuðstöðvar, en þá mun bryggjuhverfið halda áfram upp að Ingvari Helgasyni. Í millitíðinni stendur þó til að reisa háhýsi hér lengra úti á tanganum svo þar gæti leynst framtíðarheimili okkar á sama góða staðnum,“ segir Arnar Gauti. Hann saknar þess þó að hafa ekki skóla og matvöruverslun í bryggjuhverfinu.

„Það vantar dálítið að geta ekki labbað eftir nýlenduvörum í hverfisbúðina, en hér er ekkert nema íbúðir. Í upphafi var meiningin að hafa hér lítið veitinga- og kaffihús og til þess byggður sérstakur glerskáli, til að sinna gestum og gangandi, sem og sjófarendum sem legðu hér við bryggjuna, en nú hefur glerskálanum verið breytt í íbúðir og ekkert verður af þessum plönum. Það finnst mér sorglegt því þetta hefði getað virkað eins og í Nauthólsvík þar sem fólk kæmi til að skoða sjávarlífið og njóta útivistar í bland við góðar veitingar,“ segir Arnar Gauti, sem ásamt fjölskyldunni nýtur þess hve stutt er í náttúru og fallegar gönguleiðir í nágrenninu.



Þetta fallega málverk Valtýs Péturssonar frá 1952 áskotnaðist Arnari Gauta frá miklum listaverkasafnara eftir lítilsháttar viðvik. Málverkið er kóróna yfir Jazz-sófa frá Sancal úr Epal, þar sem fjölskyldan á margar kósístundir saman.



Svarti fiskurinn Nemo nýtur félagsskapar stólafjölskyldu úr hönnunarheimum við eldhúsborðið, en þar má hvílast á Maurnum eftir Arne Jacobsen, Ghost eftir Philippe Starck, Oscar-rókókóstólum og plaststól frá Ray & Charles Eames.

„Þetta eru rómantísk heimkynni og yndislegt að labba um stígana þar sem ekki heyrist niðurinn í bílaborginni, en bara gjálfrið í sjónum og hljóðin í náttúrunni. Við njótum þess mjög og förum ávallt í göngutúr undir Gullinbrú og meðfram sjónum til barnamessu í Grafarvogskirkju á sunnudagsmorgnum,“ segir Arnar Gauti, sem þó vildi ekki búa annars staðar í bryggjuhverfinu en í þeim húsum sem næst standa sjónum.

„Fyrir mér er bryggjuhverfið þessi fremsti hluti; mér finnst maður geta búið hvar sem er ef maður er kominn aftast. Íbúðirnar eru margar orðnar barn síns tíma, og með mahóní í flestum innréttingum, en hvergi er eins brenglað fasteignaverð og hér, því verðmæti hefur aukist mjög síðan við keyptum,“ segir Arnar, sem þrátt fyrir fagurt auga fyrir hönnun leggur áherslu á fjölskylduvænt heimili fram yfir ópersónulegan sýningarsal.

„Ég vil að heimilið sé stílhreint en umfram allt notalegt og eðlileg umgjörð fyrir fjölskylduna. Ég er afar heimakær og við Alla höfum yndi af því að bjóða góðum gestum í mat. Líf mitt snýst því um fjölskylduna, heimilið og auðvitað vinnuna, en ég er gríðarlegur pabbi og fer daglega út með Natalíu París í hjólatúr, sund eða annað, og gef mig heilshugar í fjölskyldulífið í öllum mínum frístundum.“

thordis@frettabladid.is



Yndisfrítt prinsessuherbergi Natalíu Parísar sem einnig nýtur þess að hafa heimsfræga og virta hönnuði meðal húsmuna. Arnar segir þau Öllu hafa notið þess að gera herbergið sem mestan ævintýraheim fyrir snótina, með kristalsljósakrónu, málverki og litlum útgáfum af Panton-stól og Sjöunni eftir Arne Jacobsen.













„Li Bien“ jólakúlurnar eru handmálaðar innan frá og merktar með ártali. Tilvalin jólagjöf.

The Pier húsgagna- og gjafavöruverslunin
Komdu, sjáðu og upplifðu ...

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | sími: 522 7860 | við hlið Toys'r'us
mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 | laugardagar 10:00 til 18:00 | sunnudagar 12:00 til 18:00




Guðjón Davíð Karlsson situr í miðju draumahúsinu sínu sem er fullt af töfrum og huggulegheitum.
MYND/HEIDA.IS

DRAUMAHÚSIÐ

## Dreymir um töfrahús

„Draumahúsið mitt er húsið sem karakterinn minn í Óvitum býr í en við erum einmitt að sýna þá í Leikfélagi Akureyrar um þessar mundir,“ segir leikarinn Guðjón Davíð Karlsson, spurður um draumahúsið sitt.

„Þetta er einstaklega fallegt hús og fullt af töfrum. Ég held að það sé rosalega mikilvægt að svoleiðis eiginleiki sé í húsinu sem ég ætla að búa í,“ segir hann og bætir við. „Þar eru líka alls konar kistur sem geta geymt risastóra hluti, jafnvel miklu stærri en kistan er sjálf og það eru alls konar dósir sem hægt er að tala í og hlusta svo á í öðru herbergi, þannig að þetta verður að vera algjört ævintýraheimili.“

Guðjón segir að húsið mætti jafnvel alveg vera svona lítið eins og á myndinni en þá væri hluti töfranna sá að hægt væri að búa í því þrátt fyrir smæðina. „Þá væri líka ódýrara að kaupa lóð fyrir það og hægt að troða því hvar sem er,“ segir Guðjón en hann segir þó aðalatriðið vera að það sé rosalega huggulegt og fullt af töfrum.

-sig

# Upphengd klósett á tilboðsverði!




**Vatnsvirkinn býður gott úrval hreinlætistækja, blöndunartækja, gufuklefa, sturtuklefa, nuddpotta og fleira auk fjölbreytts vöruúrvals til pípulagna.**

VATNSVIRKINN

Ármúla 21 - Reykjavík - Sími 533 2020 - Dalshrauni 13 - Hafnarfirði - Sími: 555 2080 - Fax 533 2022 - www.vatnsvirkinn.is

# Seiðandi súpur

● Á köldum vetrarkvöldum dettur mörgum í hug að elda súpu til að fá yl í kroppinn. Hvort sem um er að ræða hversdagsmat, forrétt eða aðalrétt getur verið gaman að bera súpuna fram í fallegum ílátum og fást þau í hinum ýmsu útgáfum.

**1. Hönnun sem gleður augað.** Svört tarína undir súpuna og skál með skeið í stíl. Tarínan kostar 9.999 krónur og skálin 4.499 krónur. Fæst í Egg.

**2. Sniðug skál** þar sem skeiðin er í aðalhlutverki. Fæst í Egg og kostar 2.072 krónur.

**3. Ferköntuð súpuskál** úr Habítat. Verð 890 krónur.

**4. Munstruð skál** úr Tekk Company. Skálin kostar 1.120 krónur og undirskálin 690 krónur.

**5. Brún skál** með óreglulegri lögun. Fæst í Egg og kostar 1.192 krónur.


1


2


3


4


5



# SETT ER MEÐ VÖNDUÐ HÚSGÖGN FYRIR JÓLIN

SÓFASETT, HVÍLDARSÓFAR, BORÐSTOFUHÚSGÖGN, RÚM OG MARGT FLEIRA

BJÓÐUM MIKIÐ ÚRVAL AF TUNGUSÓFUM Á HAGSTÆÐU VERÐI

CALIA ITALIA SÓFARNIR ERU HÁGÆÐA FRAMLEIÐSLA OG HÖNNUN FRÁ ÍTALÍU



**Calia Italia tungusófi** (Stærð: 274 x 150 sm)
Fæst með hvítu eða svörtu leðri. Hægt að velja hvoru megin tungan er
**Verð kr. 229.900,-**

**89.900.-**
Borð + 6 leðurklæddir stólar

TRYGGÐU ÞÉR GLÆSILEGT BORÐSTOFUSETT FRÁ SVÍÞJÓÐ Á SANNKÖLLUÐU SPRENGI-TILBOÐI



**Lukas borðstofusett** (Borð 180 x 95 sm + 6 leðurklæddir stólar)
Mjög vandað borðstofusett frá Svíþjóð úr gegnheilli hnotu
**Verð aðeins 89.900.-** (verð áður 177.300.-)



**Calia Italia Premium hvíldarsófi** (Stærð: 222 sm)
Öll sætin eru með skemli. Fæst með ljósu, dökkbrúnu eða svörtu leðri
Fæst einnig sem 2ja sæta og 4ja sæta.
**Verð kr. 179.900,-**



**Fakta tungusvefnsófi** (Stærð: 237 x 160 sm)
Hægt að velja hvoru megin tungan er. Fæst einnig sem hornsófi
**Verð kr. 109.900,-**



**Bali hornsófi** (Stærð 250 x 210 sm)
Fæst með ljósu eða dökku áklæði
**Verð kr. 129.900,-**

SETT

SETT EHF • ASKALIND 2A • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI: 534 1400 • FAX: 554 2453 • WWW.SETT.IS

OPNUNARTÍMI: MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11:00 - 18:00
LAUGARDAGA 11:00 -16:00 • SUNNUDAGA 13:00 - 16:00

BROS 6 194/2007


RISA STÓR
tónlistar & DVD markaður
Opið alla daga 12-18
Fellsmúla 28
(Við hliðina á Góða hirðinum)
The Beatles – 25 titlar
2 CD
1999 kr
2 CD
1999 kr
1299 kr
2 CD
Pink Floyd – 20 titlar
Vegna fjölda áskoranna endurtökum við leikinn!
Rýmum fyrir nýjum vörum.
Allt á hálfvirði 9.–11. nóvember
(föstudag, laugardag og sunnudag)
Fyrstur kemur fyrstur fær.
Athugið! Tilboðið gildir aðeins þessa þrjá daga.
Helmingsafsláttur veittur við kassann af auglýstu verði.
999 kr
2 CD
1699 kr
Pantera – 5 titlar
Nirvana – 7 titlar
1499 kr
999 kr
999 kr
999 kr
999 kr
Metallica – 9 titlar
Doors – 10 titlar
1299 kr
1299 kr
999 kr
999 kr
999 kr
2 CD
1499 kr
1499 kr
999 kr
1499 kr
1499 kr
MÚSIK & MYNDIR
...og fjöldi annarra titla

HEREFORD
STEIKHÚS

# Villibráðardagar

fim-sun fram að jólahlaðborði

## Forréttar þrenna

Foie gras með epla-compoti,heitreyktur svartfugl,grafin gæs með hindberja-vinegar

## Aðalréttur

Hreindýr með sykurhúðuðum kartöflum, steiktu grænmeti og Waldorf salati

## Eftirréttur

Logandi Créme Brulée

Verð -6,500kr.

# Jólahlaðborð

Jólahlaðborð Hereford steikhús

## Forréttir

Sjávarréttasúpa Hereford, Grafin gæs með hindiberja vinegar, Nauta-carpaccio með klettasalats-pesto og parmesan-osti, Hreindýrapate, Beikonvafinn skötuselur, Nauta-tatakí með rauðum engifer,wasabi,og sojasósa, Teryaki lax, Roastbeaf, Grafinn lax, 2 tegundir af síld, Tígrisrækjur með epla-compoti, Nautatunga

## Aðalréttir

Hamborgarahryggur, Nauta entrecote, Purusteik, Lambalæri, Kóngalæri, Hangikjöt

## Glæsilegt eftirréttahlaðborð

**Ath bæði forréttir og aðalréttir eru með úrvali af viðeigandi meðlæti**

Verð Fim. og Sun.-4900kr.
Fös.og Laug.-5900kr.

Glæsilegt jólahlaðborð hefst föstud. 23 nóv.

***Munið að panta í síma 5113350***

**HANDGERÐ OG LITRÍK ULLARTEPPI** Rug Design Co. er margverðlaunað skoskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í hönnun og gerð handgerðra ullarteppa fyrir hönnuði, arkitekta og aðra þá sem eftir því sækjast. Á heimasíðu fyrirtækisins www.rugdesign.co.uk má skoða ótrúlegt úrval teppa og motta af mismunandi gerðum. Þá er boðið upp á að lita teppin eftir óskum kaupandans til að passa betur við aðra innanstokksmuni. www.rugdesign.co.uk








## sniðugt

**● LÍFGAÐ UPP Á PAPPANN**

Ertu að senda pakka í póst? Finnst þér verksmiðjupappírinn hálf dauflegur? Af hverju ekki lífga upp á hann með skemmilegum límmiðum? Á vefsíðunni www.pedlars.co.uk er hægt að fá límmiða með myndum af rennilásum, öryggisnælum og fleiru sem gefur pakkanum skemmtilegt yfirbragð.
www.pedlars.co.uk



**● SÍMAHALDARI**

Hvað á að gera við símann meðan hann er í hleðslu? Hér er komin lausn á því. Í Tekk Company má fá þennan sniðuga símahaldara úr plasti. Með því að stinga klónni á hleðslutækinu í gegnum gatið myndast nokkurs konar hilla fyrir símann þar sem hann getur hvílt þar til hann er fullhlaðinn.



**● ÁSTFANGNAR ÁLFTIR Á KLÓSETTLOKINU**

Hefurðu gaman af hannyrðum og langar í eilítið persónulegri blæ á baðherbergið? Þá er útsaumuð hlíf frá Altexi svarið. Myndin er saumuð í grófan, ámálaðan stramma með krosssaumi úr akrýlgarni, í stærðinni 41x43 cm.

Fleiri munstur má finna í vörulistum Ateljé Margaretha sem Altex dreifir að kostnaðarlausu, en þar má finna mikið úrval af útsaumi við allra hæfi, byrjenda sem fagmanna.



# Kemur ekki á óvart!

## SPRON Verðbréf eru augljóslega besti kosturinn.

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið langhæstu ávöxtun allra peningamarkaðssjóða á Íslandi allt frá stofnun. Síðastliðna 12 mánuði er ávöxtun sjóðsins **15,4%***

**Peningamarkaðssjóður SPRON** hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugrar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á **spronverdbref.is**

**SPRON Verðbréf**
**Peningamarkaðssjóður SPRON**
**15,4% ávöxtun***




TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA - 9071315

*75 ára* | spron VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 31. október 2006 til 31. október 2007 skv. sjodir.is

Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON.

Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is. Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.


MAX
VERÐHRUN!
Sjálfhreinsandi stál bakarofn
49.989 kr.
Fullt verð 89.989
Xper XO5800
• Bakarofn með stáláferð
• Multifunction 8 blástursofn
• Pyrolytísk sjálfvirk hreinsun
Raklette grill
Ideline 743158
• 8 manna Raklette panna
• 1200w
3.989 kr.
Fullt verð 4.989
23 sporgerðir
Elna ELNA2130
• Einföld og góð saumavél
• 23 sporgerðir - tafla á vél
• Sporval með einfaldri stilliskífu
• Stillanleg sporlengd og -breidd
• Nál stillanleg frá miðju
• Spóluvinda og tvinnaskeri
• 5 gerðir saumfóta fylgja
• Overlock
• Íslenskur leiðarvísir
19.989 kr.
Fullt verð 29.989
Hrærivél
Exido 246009
• 4,4 lítra hrærivél
• 2 stál skálar
• 12 hraðastillingar
• Tveir mótorar
• Snúningsskál
12.989 kr.
Fullt verð 19.989
Casio CTK-230
• Hljómborð - 4 áttundir
• 49 nótur - 100 hljóð
• 12 nótna pólífónía
• 100 prógröm
• 50 innbyggð lög
• Notar rafhlöður eða straumbreyti
Hljómborð
9.989 kr.
Fullt verð 14.989
ATH Nýtt kortatímabil!
Hand ryksuga
Philips FC6050
• Handryksuga
• 14w sogstyrkur
• 0,7kg
3.989 kr.
Fullt verð 4.989
1800w ryksuga
Kenwood VC1807
• 1800w ryksuga
• 2 fylgihlutir
• Litur: Silfur
5.989 kr.
Fullt verð 9.989
Scandomestic K60
• 60 sm keramik helluborð
• Með snertirofum
• 4 hellur - rúnnaður kantur
• Tímarofi
• Ein Booster hella
• Rúnnaður kantur
• 2x18sm 1800w hellur
• 2x14,5cm 1200w hellur
• Mál: (bxhxd) 58x51x5 sm
• Innbmál: 56x49x5
Keramik helluborð
29.989 kr.
Fullt verð 39.989
1.989 kr.
MEÐ ÍSLENSKUM TEXTA
MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI
1.989 kr.
Opnunartími
Mánudaga kl. 11-19
Þriðjudaga kl. 11-19
Miðvikudaga kl. 11-19
Fimmtudaga kl. 11-22
Föstudaga kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
Fim
MAX / Kauptúni 1
210 Garðabæ
Sími 412 2200
VERÐHRUN!
Við erum beint á móti IKEA
MAX RAFTÆKI

# Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

## Hamraborg 7. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi Hamraborgar 7. Almennt er vísað í deiliskipulag sem samþykkt var í bæjarráði Kópavogs þann 20. desember 2001. Í breytingunni felst að breyta þremur efstu hæðum úr skrifstofum í hótel íbúðir. Fjöldi bílastæða breytist ekki. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1: 500 dags. 1. október 2007.

Tillögurnar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 frá 13. nóvember 2007 til 11. desember 2007. Einnig má sjá tillögunar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 14:00 þriðjudaginn 27. desember 2007. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**



# SNYRTISTOFA TIL SÖLU

Fyrirtækið er vel tækjum búið. Góð staðsetning. Mögulegt er að kaupa húsnæðið einnig eða fá góðan leigusamning.

***Áhugasamir hafi samband við Ólaf Guðmundsson hjá KJÖREIGN Í SÍMA 533 4040***

Frum

FASTEIGNIR

Stakfell | Grunnur að góðu lífi



Frum

**OPIÐ HÚS laugardaginn 10. nóv. kl. 14-15**

**Skólavörðustígur 12 - „Penthouse“**

**Óslípaður demantur í miðborg Reykjavíkur,** 155 fm **„penthouse“-íbúð,** útsýni yfir alla Reykjavík. Íbúðin skiptist í 4 herb., bað, eldh. og glerturn. Íb. hefur verið endurnýjuð. **Verð 59 m.**

***Sölumaður Stakfells sýnir þessa eign, s. 697 8600***

**Lágmúli 7, sími 535_1000** Stakfell.is

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF

Sími 562 4250

Pétur Þ. Sigurðsson hrl. löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is



Frum

**Sóleyjarimi 5, íb. 0602, Rvk. - Efsta hæð**

**Opið hús í dag og á morgun á milli 14 og 16**

Til sölu glæsileg og vel skipulögð 104,4 fm 3ja til 4ra herb. íbúð á 6. og efstu hæð í nýlegu fjölbýlishúsi við Sóleyjarima 5. Glæsil. innrétt. og skápar. Falleg gólfefni, parket og flísar. Vandað baðh. með nuddbaðk. Stórar svalir. Glæsilegt útsýni. Tvinn ísskápur og uppþvottavél fylgja. Stutt er í alla þjónustu. Stæði í opnu bílskýli fylgir. **Verð 29,9 millj.**

***Guðni, sími 895-0102, og Bertha sýna íbúðina á milli kl. 14 og 16 laugardag og sunnudag.***

EIGNAMIÐLUN

Síðumúla 21 • eignamidlun@eignamidlun.is • Fax 588 9095
www.eignamidlun.is • Opið Mánud. – Föstud. 9-17

Félag Fasteignasala

Sími 588 90 90

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 13-14**
**HJARÐARHAGI 33, NEÐRI SÉRHÆÐ**







Frum

Falleg og vel skipulögð 139 fm neðri sérhæð ásamt 27,1 fm bílskúr og aukaherb. í kjallara, samtals 166 fm. Íbúðin skiptist í forstofu, 4 svefnherb., stofu, borðstofu, eldhús og baðherb. Í kjallara fylgir íbúðarherb.með snyrtingu. Íbúðin hefur mikið verið standsett, m.a. er eldhús með nýlegri innréttingu, baðherbergið er nýlega standsett allt frá grunni og fl. Nýtt járn er á þaki auk þess sem gluggar og rafmagn hefur verið endurnýjað. **Verð 49,6 millj.** (7064)

*HÆÐIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG LAUGARDAG FRÁ 13.00-14.00*




Frum

# Lækjarmelur - 116 Rvk

Um er að ræða 3923 fm stálgrindarhús sem skipt er uppí 30 bil sem eru frá 122,1 fm. til 131,2 fm. hvert og eitt með sér iðnaðar- og gönguhurð. Grunnflötur er 3000 fm og milliloft 923 fm. Húsinu er skilað tilbúnu til notkunar. Eignin er staðsett í hverfi sem er skipulagt sem eitt af stærri iðnaðarhverfum Reykjavíkur. **Verð frá 18,5 millj. - 20,5 millj. per bil. Afhending í júní 2008. Traustur byggingaraðili. Umsjónaraðili Mest ehf.**

***Allar nánari upplýsingar veita Þórarinn sími 840 2277 eða Sigurður sími 896 2312***

Draumahús 530 1811

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801 • www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

RE/MAX LIND S: 896 2312

Bæjarlind 12 – 201 Kópavogi

ÞÓRARINN JÓNSSON hdl. Löggiltur fasteigna- og skipasali

# BYGGING HÆSTARÉTTAR

Andstæðingar húss Hæstaréttar voru í flestum tilfellum ósáttir við staðsetningu þess en talið var að húsið mynda skyggja á önnur sögufræg hús á borð við Landsbókasafnið og Þjóðleikhúsið. Byggingin náði þó þeim hæðum að eignast marga fylgismenn, fyrir byggingu, enda féll arkitektúrinn mörgum í geð og staðsetningin var langt frá því að vera jafn umdeild og til dæmis Ráðhússins. Húsið var tekið formlega í notkun árið 1996 en arkitektar þess voru þeir sömu og teiknuðu Ráðhúsið.



## Úr umræðunni:

„Það er og nokkuð mikið atriði fyrir hinn almenna borgarbúa, þegar þrengja á byggð á einum fegursta stað í hjarta borgarinnar og beinlínis draga fortjald þvert yfir norðurhluta Tjarnarinnar og byrgja útsýni gangandi vegfarenda að hluta til fyrir fullt og allt. Að auki verða undir því bílastæði fyrir 200 bíla, sem óhjákvæmilega mun skapa meiri röskun, ónæði og mengun en ráð er gert fyrir. Ég vil láta það alveg vera að deila á sjálfa bygginguna í þessu stutta greinarkorni mínu, en hún er vafalítið hin frambærilegasta, en það er rétt, að hún stingur í stúf við þær byggingar, sem fyrir eru. Hvort það sé til fegurðarauka eða ekki er mál, sem kemur staðsetningunni lítið við, en má vera mat hvers og eins."
*Bragi Ásgeirsson listamaður, Morgunblaðið, 19. janúar 1988.*

„Þá röksemd að Tjörnin verði aðeins skert um 1% hafa menn séð í gegnum fyrir löngu. Vatnsþróin norður við húsin og rennan á milli þeirra koma ekki í stað þeirrar náttúrulegu Tjarnar sem við viljum varðveita. Prósentureikningur virðist í raun fáránlegur í þessu sambandi, því sá skaði sem umhverfi Tjarnarinnar og heildarsvipur þess mun bíða við þessar framkvæmdir verður ekki mældur, hvorki í prósentum né krónum og aurum. (...) Borgarstjóri segist aldrei hafa þurft að búa við aðrar eins hártoganir og falsanir og fram hafi komið hjá andstæðingum ráðhússins um stærð þess. (...) Þessum kvörtunum vísa ég til föðurhúsanna, og tel að hugarvíl [Davíðs] stafi fremur af því að loks rísa upp menn sem hika ekki við að standa uppi í hárinu á honum, og var sannarlega kominn tími til."
*Guðrún Pétursdóttir, dósent, Morgunblaðið, 9. apríl 1988.*

„Ráðhús Reykjavíkur á að vera glæsilegur miðpunktur borgarinnar og borgarlífsins. Ég get ekki annað en hrópað húrra fyrir því að loksins skuli stjórnendur Reykjavíkur fara að sinna útliti hennar. Það er þjóðarskömm hvað það hefur lengi verið forsómað. Ráðhúsið verður andlit höfuðborgarinnar, það andlit, sem Reykvíkingar og landsmenn allir verða stoltir af, ekki síst þegar gesti ber að garði."
*Ragnar Þórðarson (Ragnar í Glaumbæ), Morgunblaðið, 9. apríl 1988.*

„Reykjavíkurborg er um þessar mundir að byggja ráðhús og finnst sumum nóg um svo sem vonlegt er. En menn gera sér ekki grein fyrir því að húsið, sem Thor Jensen reisti yfir kúabúskap sinn, er í fermetrum talið stærra en ráðhúsið, sem Reykvíkingar eru að reisa, ef bílageymslur þess eru frátaldar. Ráðhúsið reisum við á góðæristíma. Kúabúið mikla var reist þegar hér hékk allt í horriminni og kotungsbúskapur var landlægur."
*Davíð Oddsson, ræða flutt á Kjarvalsstöðum við opnun sýningar á málverkum eftir Erró.*



## Úr umræðunni:

„Fyrirhuguð bygging myndi skapa mun áhugaverðari og heilsteyptari rými en nú eru. Göturými mun myndast við Lindargötu og í stað stórs vindblásins svæðis yrði til skjólgott garðrými milli Hæstaréttarhúss og Safnahúss. Þar gæti fólk notið sólar í skjóli fyrir norðanátt og umferð, og virt fyrir sér fagra norðurhlið Safnahússins."
*Gunnlaugur Björn Jónsson arkitekt, Morgunblaðið, 18. febrúar 1994.*

„Fyrir utan allt þetta minni ég á hversu þröngt verður um aðkomu að húsinu og að bílastæðavandi er fyrirsjáanlegur, því að þarna eru mannmargir vinnustaðir allt um kring, sem nú nýta þessa lóð sem bílastæði. Fyrirhuguð bílastæði undir húsinu verða svo fá, að föstum starfsmönnum verða ekki öllum tryggð bifreiðastæði þar. Er þá óleystur vandi þeirra sem erindi eiga í húsið eða stunda vinnu í nágrenninu og þeirra sem sækja leikhús á kvöldin. Við eigum að vera framsýn og velja Hæstarétti stað þar sem húsið sómir sér vel, aðkoma er falleg, bílastæði næg og möguleiki á að byggja við húsið eftir þörfum í framtíðinni. Enn er ekki of seint að tryggja að svo verði."
*Guðrún Pétursdóttir, Morgunblaðið, 15. febrúar 1994.*




Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS

# Úrval af sófum
## á frábæru verði

Einungis fáanlegt í Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri




Leðursófasett 3+1+1 8191







Leðursófasett 3+1+1 8185

Leðursófasett 3+1+1 8183

Gildir til 14. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**FORDÓMAR GEGN EINHVERFU** „Eitt af því sem hann hefur kennt mér er að við höldum að við búum í mjög opnum, fordómalausum og frjálslyndum þjóðfélögum, en það er ekki satt. Fólk er miklu fastara í sínum fordómum en það vill trúa.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Einhverfir skilja oft ekki að aðrir hugsa öðruvísi. Það er ekki hægt að grínast við Gabríel, hann skilur ekki húmor eða kaldhæðni.

# Samtal við föður einhverfs drengs

**Halfdan Freihow** er pabbi Gabríels, þrettán ára stráks í Noregi sem greindist einhverfur þriggja ára gamall. Til að skilja son sinn, samfélagið og sjálfan sig settist Halfdan niður og skrifaði syni sínum bréf sem kom út í bókinni Kæri Gabríel. Nokkru seinna settist *Hanna Björk Valsdóttir* niður með Halfdan og spurði hann út í daglegt líf með einhverfu barni.

Halfdan er bókaútgefandi en Kæri Gabríel er fyrsta bókin sem hann skrifaði sjálfur og kom hún út í Noregi 2004. Bókin hlaut strax góða dóma og þykir mjög vel skrifuð þar sem tungumálið spilar stórt hlutverk. Bókin er bréf til Gabríels og er einstaklega falleg, opinská og einlæg og lýsir samskiptum föður og sonar, fjölskyldunnar og samfélagsins. Og hvernig lífið breytist við það að eignast einhverft barn með ofvirkni og athyglisbrest.

*Hvers vegna skrifaðirðu þessa bók?* „Ég hafði enga löngun til að skrifa bækur og var mjög ánægður með að gefa út aðra höfunda. En þetta var bara spurning um að reyna að skilja Gabríel, hver hann var og hver ég var og hvernig ég bregst við hans hegðun ekki síður en að reyna að skilja hans hegðun. Lífð fer á hvolf við það að eignast einhverft barn. Eina leið mín var að skrifa um það. Ég varð að vanda mig mjög mikið vegna þess að ég var alltaf með það í huga að hann myndi lesa bókina. Það er samt kaldhæðið að ég þurfti að fara að heiman til að geta skrifað, af því að með hann á heimilinu er ekki næði til að einbeita sér að skriftum.“

*Er henni ætlað að hjálpa öðrum?* „Ég var ekki að hugsa það á þeim tíma, en einhverfa er mjög dularfullur sjúkdómur og læknar geta ekki útskýrt hann. Þeir vita ekki hvar í heilanum eitthvað hefur farið úrskeiðis. Þegar Gabríel var greindur var það rosalegt sjokk, konan mín vissi að eitthvað var að en ég hafði ekki áhyggjur. Hann er fjórða barn okkar. Mín fyrstu viðbrögð voru að lesa allt sem ég gat fundið um einhverfu en komst fljótlega að því að enginn veit neitt í raun og veru. Eftir að bókin kom út höfðu margir samband við mig. Það eru mjög margir foreldrar og einhverfir einstaklingar sem eru mjög einmana. Í bókinni er hvergi minnst á einhverfu, og ég vil alls ekki að fólk haldi að ég sé sérfræðingur um einhverfu en ég þekki son minn mjög vel og þetta er frekar bók um samband sonar og föður og að þurfa að takast á við eitthvað sem þú þekkir ekki.“

## Fleiri einhverfir í dag

*Heldurðu að einhverfa sé að aukast í heiminum eða eru fleiri greindir í dag?* „Ég held að læknar séu orðnir betri í að greina þessi tilfelli en ekki það að fleiri séu einhverfir í dag. Einhverfisrófið er mjög breitt, læknar eru oft að hugsa um nákvæma greiningu, í staðinn fyrir að reyna að finna af hverju eða hvort hægt sé að gera eitthvað. Greiningin breytti engu fyrir Gabríel. Svona er hann bara. Foreldrar eyða rosalegum tíma með læknum til að reyna að komast að því hvað hægt sé að gera, með draum í maganum um að lækning finnist, en þetta er tími sem væri hægt að eyða með barninu.“

*Hvernig er Gabríel ólíkur öðrum?* „Einhverfir eru mjög ólíkir hver öðrum, en það sem þeir eiga sameiginlegt er að skilja ekki reglurnar sem stjórna samskiptum okkar við annað fólk og umhverfið. Þar af leiðandi finnst þeim þeir útundan og misskildir sem veldur ruglingi, reiði, ýktum viðbrögðum og ofsafengnum reiðiköstum. Þetta er tilfinningin að vera týndur og misskilinn. Gabríel á ekki marga vini og er félagslega einangraður, ég veit ekki hvort það er af því að hann er þreyttur á að vera misskilinn og leitar þess vegna ekki í félagsskap eða hvort hann hafi enga þörf fyrir hann. Einhverfir skilja oft ekki að aðrir hugsa öðruvísi. Það er ekki hægt að grínast við Gabríel, hann skilur ekki húmor eða kaldhæðni. Hann tekur tungumálið mjög bókstaflega og ég þarf að vanda mig þegar ég tala við hann. Ef þú hittir Gabríel þá sérðu ekki að hann er öðruvísi, þangað til hann byrjar að tala. Hann getur labbað upp að ókunnugri manneskju úti á götu og sagt: „Af hverju hættirðu ekki að borða svona mikið, þú ert svo feit.“ Þetta er bara hans hreinskilni og hann fattar ekki að maður segir ekki svona.“

## Röð og regla

*Hvernig kennir maður einhverfu barni hvernig á að haga sér í samfélaginu?* „Eitt af því er að halda reglunni. Hlutirnir verða að vera nákvæmlega eins, og eins og í gær. Allt þarf að vera gert í réttri röð, í sömu rútínu annars fer allt úr skorðum. Ef við segjum um morguninn að við ætlum í bíó um kvöldið þá er ekki hægt að skipta um skoðun um kvöldið og fara í sirkus í staðinn. Kannski langar hann frekar í sirkus en svona breytingar og að hlutir séu ekki á réttum stað fá veröldina hans til að hrynja. Hann notar ótrúlega orku á hverjum degi til að halda hans veruleika í réttri röð og smá breytingar rústa öllu. Ef eitthvað eitt fer úrskeiðis þá hrynur allt. Við reynum að fá hann til að samþykkja snöggar breytingar. Við getum ekki alltaf verið þarna fyrir hann þannig að við reynum að sýna honum að ekkert hræðilegt hefur gerst þó að eitthvað smá breytist. Við reynum að gefa honum eins mikla ást og öryggi og við getum. Við tölum aldrei um eitthvað sem gæti gerst á næsta ári eða í næstu viku, þetta er bara spurning um hvort dagurinn í dag var góður eða ekki og svo er annar dagur á morgun.“

## Fólk fast í fordómum

*Hvernig er daglegt líf?* „Hann gengur í venjulegan skóla, við höfum lagt áherslu á það en hann hefur eigin aðstoðarmann. Við höfum líka alltaf verið opin með það sem er öðruvísi við hann, við tölum við kennara, foreldra annarra barna og reynum að útskýra. Sumir foreldrar reyna að fela einhverfuna, en ég held að það hjálpi ekki. Eitt af því sem hann hefur kennt mér er að við höldum að við búum í mjög opnum, fordómalausum og frjálslyndum þjóðfélögum, en það er ekki satt. Fólk er miklu fastara í sínum fordómum en það vill trúa.“

*Fólk má sem sagt ekki vera öðruvísi?* „Nei, alls ekki. Og sérstaklega ekki í okkar þjóðfélögum sem þykjast vera svo opin og víðsýn. Við ferðuðumst með Gabríel til Indlands og hvar sem við vorum og hann fékk eitt af sínum reiðiköstum, þá komu Indverjarnir alltaf til okkar, hópur af fólki um leið, og hjálpuðu honum, sinntu honum og sýndu umhyggju. Svo komum við aftur til Noregs eftir að hafa ferðast í langan tíma og Gabríel var þreyttur og fékk annað kast. Það sem gerist í okkar þjóðfélagi er að allur vagninn starir á okkur og labbar svo út. Við erum að plata okkur svolítið þegar við höldum að samfélögin okkar séu opin og skilningsrík.“

*Hvað með lyfjagjöf, umræðan snýst oft um hana?* „Við vorum ekki tilbúin í það strax en á ákveðnum tímapunkti ákváðum við að prófa það. Flest lyf eru ritalín eða annað sem byggist á amfetamíni, einhverf börn eða ofvirk eiga að róast við þessi lyf. Gabríel brást við eins og venjulegt fólk myndi gera á örvandi efnum, þannig að það tókst hræðilega, hann þoldi ekki lyfin og við hættum. Eftir að hafa talað við lækna og aðra foreldra um lyf, þá virka þau fyrir suma og aðra ekki. Stundum hafa þau versnandi áhrif.“

## Líf með einhverfu barni

*Snýst allt líf þitt um eina barnið sem er einhverft?* „Þetta er mjög flókið púsl. Við gætum eytt öllum deginum í að hafa áhyggjur og hugsa um hann, en við verðum að horfast í augu við það að við eigum líka líf og hin börnin okkar eiga líka líf. Við eigum tvo eldri syni og eina dóttur. Hann er auðvitað yngstur og með þessi vandamál þannig að hann fær miklu meiri athygli. Þetta hefur breytt lífi okkar á annan hátt, hvernig ég hugsa um samfélagið, hvernig ég sé annað fólk og hvernig ég upplifi tungumál, vegna þess að Gabríel byggir sína veröld út frá tungumálinu. Ef þú kallar eitthvað með röngu nafni þá hrynur heimurinn hans. Ég er farinn að skilja son minn. En það þýðir ekki að ég skilji hvað einhverfa er. Mér finnst ég betri maður eftir að hafa hugsað um hann. Ég hef kennt honum margt en hann hefur líka kennt mér mjög margt.“

*Þú fékkst sjokk þegar Gabríel var fyrst greindur einhverfur, en hefurðu sætt þig við það?* „Nei, ég held ég sætti mig aldrei við það að sonur minn er einhverfur. Það er ákveðin djúp sorg sem fylgir okkur sem fer ekki í burtu og kemur upp öðru hverju. Maður veltir fyrir sér hvernig framtíð hans verður? Verður hann hamingjusamur? Þessar spurningar fara aldrei í burtu. En ég hef sætt mig við það að ég mun aldrei skilja einhverfuna, alltént þangað til læknar koma með svör, og ég hef sætt mig við það að ég mun ekki lækna hann. Það er ákveðin sorg, en það er allt í lagi, svona er lífið. Við höldum oft að lífið eigi að vera án vandamála en það er rugl, vandamálin eru hluti af lífinu.“

*Sérðu fyrir þér framtíð hans?* „Gabríel er þrettán ára. Hann er að komast á unglingsár og við vitum ekki hvernig hann kemur undan gelgjunni. Sumir einhverfir lagast, aðrir versna á þessu viðkvæma aldursskeiði. Við veltum spurningum fyrir okkur en ég hef engin svör. Við reynum að lifa einn dag í einu og ég er mjög glaður að við höfum ekki eytt síðustu árum milli meðferða og spítala, heldur eyðum meiri tíma með Gabríel.“

> „Skjólvegg þurfum við báðir, þú og ég. Stundum er nóg að strokið sé mjúkum lófa, í önnur skipti þarf á ómældu innsæi og skilningi að halda til þess að detta ekki, hrapa ekki niður í hyldýpi misskilnings, úrræðaleysis og ótta. Oft erum við hvor annars skjólveggur, af og til ert þú minn, en iðulega þarf ég aleinn að vera þinn skjólveggur, því þér hættir svo til að hrasa og detta. Og þá, Gabríel, verð ég stundum hræddur, vegna þess að ég hef sjálfur ekkert til að halla mér að, til að grípa dauðahaldi í, aðeins vind og birtu og víðáttu hafsins, og þú hrapar út fyrir mörk mannlegs skilnings.“
> *Úr bókinni Kæri Gabríel, í þýðingu Sigrúnar Árnadóttur.*

**INGVAR HELGASON NOTAÐIR BÍLAR**



29.000 á mánuði*

**-400.000!**

- 100% fjármögnun
- Ókeypis dekk
- 1. greiðsla í feb.

## Opel **Vectra**

**Ekinn 21 þús. Nýskr. 05/06. Bensín.**
Verð áður: 2.190.000 kr.

**2006**
Beinskiptur

**Nú: 1.790.000 kr.**

# ENN LÆGRA VERÐ

## Hrikaleg verðlækkun á fjölda bíla

## LOKADAGUR

**Nú fer hver að verða síðastur að nýta sér tilboðin. Komdu strax í dag!**

Í dag er síðasta tækifærið til að nýta sér ótrúleg tilboð á fjölda notaðra bíla. Í tilefni dagsins höfum við því lækkað verðið enn frekar á útvöldum bílum. Við bjóðum hagstæðustu greiðslukjör sem völ er á og raunverulega verðlækkun sem ekki býðst annars staðar.

**Einfaldlega góðir bílar á hlægilegu verði!**



22.000 á mánuði*

**-580.000!**

### Citroën **Xsara** Picasso

**Ekinn 41 þús. Nýskr. 08/05. Bensín.**
Verð áður: 1.860.000 kr.

**2005**
Sjálfskiptur

**Nú: 1.380.000 kr.**



23.600 á mánuði*

**-300.000!**

### Nissan **Terrano II**

**Ekinn 163 þús. Nýskr. 08/99. Bensín.**
Verð áður: 790.000 kr.

**2002**
Beinskiptur

**Nú: 490.000 kr.**



41.700 á mánuði*

**-700.000!**

### Nissan **Titan** V8

**Ekinn 42 þús. Nýskr. 12/04. Bensín.**
Verð áður: 2.990.000 kr.

**2004**
Sjálfskiptur

**Nú: 2.290.000 kr.**



52.500 á mánuði*

**-440.000!**

### Ford **F150**

**Ekinn 25 þús. Nýskr. 09/05. Bensín.**
Verð áður: 3.330.000 kr.

**2005**
Sjálfskiptur

**Nú: 2.890.000 kr.**

*Miðað við bílasamning og 100% lán.

Með fyrirvara um innsláttarvillur.

## FYRSTA GREIÐSLAN EFTIR ÞRJÁ MÁNUÐI!

Að sjálfsögðu standa þér til boða hagstæðustu greiðslukjör sem völ er á í dag. Allir bílar fást á 100% láni en auk þess kemur lánið ekki til afborgunar fyrr en að þremur mánuðum liðnum! Sölumenn á staðnum veita þér allar nánari upplýsingar og ganga frá lánsloforði og kaupsamningi fljótt og örugglega.

**INGVAR HELGASON**
Sævarhöfða 2 Reykjavík | Óseyri 5 Akureyri | Holtsgötu 52 Reykjanesbæ | Sími 525 8000 | www.ih.is
Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

IH
INGVAR HELGASON

ENNEMM / SÍA / NM30723




**ÚTBREIÐSLA Á NORÐURLÖNDUM** Fyrsti Vítisenglaklúbburinn á Norðurlöndum var stofnaður í Kaupmannahöfn árið 1980 en alls eru þeir nú 24.

# Vítisenglar um víða veröld

Mótorhjólasamtökin Hells Angels, sem upp á íslensku eru kölluð Vítisenglar, eiga upptök sín í Kaliforníu meðal fyrrverandi hermanna úr síðari heimsstyrjöld. Þau eru elstu og stærstu samtök sinnar tegundar í heimi, með virka meðlimi í alls 29 löndum.

Það var í Fontana í Kaliforníu sem fyrsti klúbburinn tók upp nafnið Hells Angels árið 1948, en fyrirmyndin að því var fengin í viðurnefni 303. sprengjuflugsveitar bandaríska flughersins, sem tók þátt í Evrópustríðinu í síðari heimsstyrjöld. Vængjaða hauskúpumerkið, sem varð einkennismerki samtakanna, á sér fyrirmynd í merki 85. vængs 552. sprengjuflugsveitar, en höfundur þess er talinn vera Frank Sadliek, fyrsti „forseti“ Hells Angels í San Francisco.

Fljótlega urðu til Hells Angels-klúbbar víðar í Kaliforníu og á sjötta og sjöunda áratugnum breiddust þeir út um Bandaríkin. „Heilinn“ á bak við uppbyggingu samtakanna á sjöunda og áttunda áratugnum var Ralph „Sonny“ Barger, sem gerði klúbbhúsið í Oakland að óopinberum heimshöfuðstöðvum samtakanna. Barger er tvímælalaust frægasti meðlimur samtakanna, meðal annars fyrir bækur þær sem hann hefur skrifað um lífið sem Vítisengill og selst hafa víða um lönd.

Fyrstu Hells Angels-klúbbarnir utan Bandaríkjanna voru stofnaðir á Nýja-Sjálandi árið 1961. Í Evrópu urðu ekki til formlegir Hells Angels-klúbbar fyrr en árið 1969, eftir að Bítlarnir buðu fáeinum Vítisenglum frá San Francisco með sér heim til Englands. Þá komust á tengsl milli mótorhjólaklúbba í London og Vítisengla vestanhafs, sem leiddi til stofnunar fyrstu Hells Angels-klúbbanna þar í borg.

Nú eru taldir yfir 100 Hells Angels-klúbbar vera starfandi í 29 löndum. Heildarfjöldi meðlima í heiminum er þó innan við tvö þúsund. Því til viðbótar koma svo meðlimir tengdra klúbba.

### Hundraðshlutinn eini

Talsmenn Vítisengla segja þá ímynd samtakanna að þau séu glæpasamtök komna til af því eina prósenti svartra sauða sem móti alla opinbera umfjöllun um samtökin og hin 99 prósent löghlýðinna félagsmanna sitji uppi með.

Þegar rýnt er í sögu samtakanna er glæpastarfsemi þó ótvírætt mjög snar þáttur í starfseminni. Fortune Magazine hafði árið 1992 eftir bandarísku alríkislögreglunni að veltan af ólöglegri starfsemi Vítisengla og annarra „útlagamótorhjólaklúbba“ næmi þá allt að einum milljarði Bandaríkjadala á ári í heiminum, andvirði 60 milljarða króna. Eiturlyfjaviðskipti, vændi, vopnasmygl og -sala, þjófnaður, fjárkúgun og morð eru talin upp sem glæpir sem gjarnan fylgdu starfsemi þessara klúbba.

„Vítisenglar, stærstu og þróuðustu samtökin, (...) hafa strangt innra stjórnkerfi, þróuð fjarskiptakerfi og – þegar þörf krefur – heraga,“ skrifar Fortune Magazine. Margir bandarísku meðlimanna séu uppgjafahermenn. Mörgum sé klúbburinn ígildi fjölskyldu. „Þetta eru fóstbræður með stífar reglur um gagnkvæman stuðning. Sé ráðist á einn er hinum skylt að koma honum til varnar.“



**BRÆÐRALAG** Vítisenglar við útför félaga í Ibbenbühren í Þýskalandi í vor.

### Á Norðurlöndum síðan 1980

Fyrsti Hells Angels-klúbburinn á Norðurlöndum var stofnaður í Kaupmannahöfn á gamlársdag árið 1980. Hann átti sér fyrirrennara í svokölluðum rokkaragengjum. Smátt og smátt fjölgaði klúbbunum í Danmörku og víðar á Norðurlöndum og nú eru þeir orðnir sjö í Danmörku, sjö í Noregi, sex í Svíþjóð og fjórir í Finnlandi.

Margt kom upp á yfirborðið um starfsemi og innri reglur Vítisengla í Danmörku og víðar á Norðurlöndunum þegar hið grimmilega stríð þeirra við Bandidos-gengið geisaði á árunum 1994-1997. Í því stríði voru alls 11 manns myrtir, tilraun gerð til að myrða 74 og 96 særðust, þar af margir alvarlega svo sem með að missa útlim.

Síðan „Norðurlandaófriðnum mikla“ milli Hells Angels og Bandidos lauk með handabandi leiðtoga beggja gengja í sjónvarpsfréttum í Danmörku 25. september 1997 hafa þau lært að lifa hlið við hlið og hafa með sér regluleg samskipti til að forðast árekstra.

Allmargir meðlimir beggja gengja hafa verið dæmdir fyrir fíkniefnaglæpi síðan árið 1997. Þau hafa þó aldrei verið fjölmennari og þótt í gengjastríðinu fyrir rúmum áratug hafi verið sett lög í Danmörku til að stemma stigu við starfsemi samtakanna, meðal annars með því að meina meðlimum þeirra afnot af klúbbhúsa „virkjum“ sínum, hafa lagaleg skilyrði til að réttlæta algert bann við starfsemi þeirra aldrei talin vera uppfyllt.




**TATTÚ TILHEYRIR** Húðflúr tilheyrir klúbbmenningu Vítisengla sem og annarra „útlagamótorhjólaklúbba“.

## ➜ BARA MÓTORFÁKAR FRÁ MILWAUKEE

Nánast undantekningalaust eru vélfákarnir sem Vítisenglar aka um á smíðaðir í Harley-Davidson-verksmiðjunum í Milwaukee. Það hefur tilheyrt hugmyndafræði samtakanna að láta ekki sjá sig á öðrum hjólum en þeim sem hvítir menn setja saman og því koma japönsk hjól – sem annars drottna yfir heimsmótorhjólamarkaðnum – ekki til greina.

Þeldökkur maður hefur aldrei fengið inngöngu í Vítisenglana. Í Bandaríkjunum eru þess þó dæmi að menn af suður-amerískum eða asískum uppruna fái inngöngu.



# BT




EISA AWARD Best Product 2007-2008 HD READY PLASMA TV

## Panasonic

TH-42PV70F
PANASONIC 42" 100Hz flatsjónvarp
Skjástærð: 42 tommur
Upplausn: 1024 x 720 HD Ready
Textavarp við mynd
Advanced 3D Colour management
Contrast: 1:10.000
Birta cd/m2: 550
Textavarpsminni: 1500 síður
Sjónvarpsmóttakari: 1
HDMI tengi: 2
Component tengi: 1
VGA tengi: 1
Scart tengi: 2
A/V tengi: 1
Hátalarar: 2x10W
(B x H x D) 102 x 68 x 9,7 cm
34 kg

**100Hz Motion Picture Pro**
Tæknin skilar mun betri myndgæðum þegar mikil hreyfing er á myndinni.

**30.000 KR LÆKKUN!!!**

**189.999**
~~219.999~~

**1. GREIÐSLA**
1. febrúar 2008

**BT LÁN**
Verð frá:
**5.229**
59 mánaða

**1. GREIÐSLA**
1. febrúar 2008

## Panasonic

SC-PT350
PANASONIC HEIMABÍÓ PT350 ÞRÁÐL
500 RMS Wött
Viera Link fyrir Panasonic sjónvörp
Full HD (1080P) UP-Conversion
Þráðlausir bakhátalarar

Spilar SVCD/VCD/DVDR/CDR/MP3/JPG/WMA
Progressive Scan
USB tengi (MP3 / WMA / JPEG)
HDMI Tengi
Scart tengi

**Full HD up-conversion**
Eykur myndgæði/upplausn á hefðbundinni DVD mynd svo um munar.

**Þráðlausir bakhátalarar**
Einfalt í uppsetningu og ekkert vesen með langa hátalarakapla.

**Viera link**
Notaðu sömu fjarstýringuna á Panasonic sjónvarpið og Panasonic heimabíóið.



**49.999**

**BT LÁN**
Verð frá:
**2.120**
36 mánaða

## Panasonic

TX-32LX70F
PANASONIC 32" LCD 100HZ LX70
Myndstýring: V Real 2 Engine
Upplausn: 1366x768 HD ready
Contrast Automatic tracking system
100Hz Motion Picture Pro
IPS Alpha panel
Intelligent Scene Controler
3D Color management
Sub Pixel Control
Video noise reduction
Borðstandur fylgir
3D Comb filter
Progressive Scan
Q-link og VIERA link
Contrast: 1:1200
Birta cd/m2: 550
Svartimi: 8ms
HDMI tengi: 2




**100Hz Motion Picture Pro**
Tæknin skilar mun betri myndgæðum þegar mikil hreyfing er á myndinni.

**1. GREIÐSLA**
1. febrúar 2008

**FYLGIR**
29.999
SC-PT150

**149.999**

**BT LÁN**
Verð frá:
**4.180**
59 mánaða

Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri • Reykjanesbær

# Vinir og óvinir Íslendinga

Fyrir skemmstu komst hálfíslenskur maður í heimsfréttirnir fyrir tilraun til fjárkúgunar við bresku krúnuna. Þetta vakti vitaskuld mikla hneykslan og umræðu meðal þjóðarinnar og flestir virtust sammála um að maðurinn gæti nú vart talist Íslendingur. Þannig virðast kaupin á eyrinni líka gerast; Íslendingum sem hneyksla á erlendri grundu er afneitað, og misjafnt er hvernig erlendum gestum er tekið. Fréttablaðið rifjaði upp nokkrar hetjur og skúrka sem tengjast þjóðinni.


**ARON PÁLMI ÁGÚSTSSON** Fagnað við komuna heim og fyrri syndir gleymdust fljótt.

## Aron Pálmi Ágústsson

Það var í marsmánuði árið 2004 sem DV sagði fyrst frá raunum Arons Pálma Ágústssonar, íslensks pilts um tvítugt sem setið hafði um árabil í fangelsi í Texas fyrir kynferðisbrot sem hann framdi sem barn. Í kjölfarið hóf RJF-hópurinn, sem unnið hafði að lausn Bobbys Fischer, tilraunir til að fá Aron framseldan heim. Það reyndist óvinnandi vígi, stjórnvöld í Texas töldu afbrot hans svo alvarleg að ekki kæmi til greina að hann yrði framseldur. RJF-hópurinn studdi Aron því til háskólanáms sem hann gat stundað þegar hann var settur í stofufangelsi undir lok afplánunarinnar. Aroni var vel tekið við heimkomuna til Íslands í lok sumars. Fjölmiðlar fjölluðu á jákvæðan hátt um heimkomuna og Aron hefur lýst höfðinglegum móttökum sem hann hefur fengið. Misjafn sauður er þó í mörgu fé og fyrir skemmstu var ráðist á Aron í miðbæ Reykjavíkur. Hann slapp að mestu ómeiddur og er enn sáttur við lífið hér á landi.


**DORRIT MOUSSAIEFF** Kom, sá og sigraði.

## Dorrit Moussaieff

Forsetafrúin er líklegast sá gestur sem Íslendingar hafa tekið best. Fæstir vissu hvernig þeir ættu að bregðast við þegar fregnir bárust af því að Ólafur Ragnar Grímsson ætti í sambandi við aðra konu. Þá var ekki langt síðan frú Guðrún Katrín Þorbergsdóttir lést og fyrstu viðbrögð margra voru neikvæð. Það tók Dorrit hins vegar ekki langan tíma að vinna hug og hjörtu þjóðarinnar. Einlægni hennar, ást hennar á forsetanum og einstakur áhugi hennar á landinu, og viðleitni til að kynna það erlendis, gerðu það að verkum að Íslendingar tóku Dorrit opnum örmum. Og nú gætu fæstir hugsað sér Ólaf Ragnar á Bessastöðum án hennar.


**PAUL ADALSTEINSSON** Ekki álitinn Íslendingur.

## Paul Adalsteinsson

Sú frétt fór eins og eldur í sinu um heimsbyggðina fyrir tveimur vikum að Íslendingur sæti í gæsluvarðhaldi í Bretlandi eftir að hafa reynt að kúga fé út úr meðlimi bresku konungsfjölskyldunnar. Hér var um að ræða Paul Adalsteinsson, sem reyndar kallar sig í dag Ian Strachan, sem allt sitt líf hefur búið í Bretlandi en á íslenskan föður. Paul virðist litlu sambandi hafa haldið við Ísland og því snerti fréttin landsmenn ekki eins mikið og ella. En þetta var samt sem áður heitasta umræðuefnið á kaffistofunum þá vikuna. Lögfræðingur Pauls, Giovanni Di Stefano, er auk þess mikill Íslandsvinur. Hann kvaðst í samtali við Fréttablaðið hafa aðsetur í Vestmannaeyjum og eiga í viðskiptum við Glitni.


**BJARNI TRYGGVASON** Hetja sem Íslendingar eignuðu sér.

## Bjarni geimfari

Kanadískur geimfari með íslenskt nafn. Þegar Kanadamenn skutu geimskutlu upp í loftið fyrir áratug tóku Íslendingar að sjálfsögðu eftir þessum manni og hann varð þjóðhetja í kjölfarið. Jafnvel þótt hann talaði ekki stakt orð í íslensku eða hefði heimsótt landið. En hann kíkti reyndar við í kjölfarið.


**LEONCIE** Umdeild, en ávallt skemmtileg.

## Leoncie Martin

Indverska prinsessan átti í áralöngu ástar- og haturssambandi við Ísland og Íslendinga. Á níunda áratugnum var hún áberandi sem fatafella í Reykjavík en á síðari árum gerðist hún athafnasamur tónlistarmaður. Leoncie gaf út fjölda af geisladiskum sem fengu vægast sagt misjafnar viðtökur, en alltaf mikið umtal. Titlar platnanna bera því góða vitneskju: Sexy Loverboy, My Icelandic Man og Radio Rapist Wrestler. Leoncie var ætíð áberandi á síðum dagblaðanna. Þar talaði hún meðal annars um sigra sína og vinsældir í öðrum löndum, gagnrýndi aðra fjölmiðla fyrir ósanngjarna umfjöllun og var ósátt við að lög hennar fengju ekki næga spilun í útvarpi og sjónvarpi. Undir það síðasta átti hún einnig í harðvítugum deilum við nágranna sína í Sandgerði. Sagan segir að Sandgerðisbær hafi að lokum keypt íbúð Leoncie til að flýta fyrir því að hún flytti á brott. Leoncie er nú búsett í Bretlandi en hún heldur góðu sambandi við aðdáendur sína hér á landi í gegnum Myspace.


**DAMON ALBARN** Halda mætti að hugtakið Íslandvinur hefði verið fundið upp um hann.

## Damon Albarn

Þegar Oasis varð frægari en Blur í Bretlandi flúði Damon til Íslands til að losna undan áreitinu. Hér var honum tekið með virktum, Ingvar Þórðarson bauð honum eins prósents hlut í Kaffibarnum til að auglýsa staðinn og Damon klæddist gömlum handboltatreyjum merktum Icelandair á tónleikum úti í heimi.

Damon hefur haldið góðri tryggð við Ísland síðan. Svo vel leið honum hérna að hann lét byggja fyrir sig hús í Grafarvogi. Byggingaraðilarnir voru reyndar ekki betri landkynning en svo að enn standa yfir málaferli vegna aukakostnaðar við bygginguna.


**TOMASSON** Daninn sem afneitaði íslenskum uppruna sínum.

## Jon Dahl Tomasson

Danski fótboltamaðurinn sem er svo heppinn, eða óheppinn eftir því hvernig á það er litið, að eiga íslenskan afa. Þegar Tomasson varð þekkt nafn í boltanum reyndu margir íslenskir fjölmiðlar að fá hann til að ræða um íslenskan uppruna sinn. Hann væri jú eftir allt Íslendingur. Tomasson gaf ekki mikið fyrir þetta, var snubbóttur í svörum og vildi lítið kannast við íslenskan uppruna sinn. Síðan hefur landinn lítið gefið fyrir þennan fúllynda Dana.


**BOBBY FISCHER** Fékk ríkisborgararétt en vill ekki tefla.

## Bobby Fischer

Umdeildi skáksnillingurinn Bobby Fisher virtist ekki eiga sér viðreisnar von þegar hópur Íslendinga hóf að berjast fyrir lausn hans úr varðhaldi í Japan í ársbyrjun 2005. Áður en langt um leið hafði Alþingi hins vegar samþykkt að veita honum ríkisborgararétt af mannúðarástæðum og Fischer var flogið hingað til lands í mars sama ár. Mikill fjölmiðlasirkus var við komu hans hingað, sirkus sem venjulegt fólk áttaði sig engan veginn á. Koma Fischer hingað til lands virðist ekki hafa snert almenning að nokkru marki, fæstir verða varir við skáksnillinginn sem hefur sig ekkert í frammi. Ómögulegt virðist vera að fá manninn til að tefla, sem í augum margra hefði kannski verið það eina sem réttlætti að honum var veittur ríkisborgararéttur.


**DURANONA** Fékk ríkisborgararétt og hvarf fljótlega.

## Julian Duranona

Kúbverskur handboltamaður sem flúði land og settist að á Íslandi. Gerði það gott með KA á Akureyri og fékk að endingu íslenskan ríkisborgararétt. Ekki leið á löngu þar til „Dúndranúna", eins og hann var stundum kallaður, fór í atvinnumennsku til Þýskalands og ekki hefur spurst til hans í langan tíma.

## Kio Briggs

Breskur djammari sem var handtekinn fyrir að smygla fíkniefnum til landsins í kringum aldamótin. Kio var fljótlega gerður að óvini Íslands númer eitt. Þegar hann var svo sýknaður í Hæstarétti komu vöflur á marga. Sú samúð sem hann fékk þá var þó fljót að hverfa þegar Kio var skömmu síðar handtekinn fyrir fíkniefnainnflutning í Danmörku.


**KIO BRIGGS** Óvinur Íslands númer eitt.

## TÝNDU SYNIRNIR

### Íslendingar sem aðrar þjóðir hafa gert tilkall til

**Magnús Magnússon** Vinsæll sjónvarpsmaður í Bretlandi.

**Ólafur Elíasson** Stærsta nafn okkar í myndlistarheiminum en Danir ásælast hann.

**Bertel Thorvaldsen** Annar sem Danir reyndu að stela af okkur.

**The Boys** Strákarnir sem sigruðu Noreg.

**Stefán Karl** Alveg að slá í gegn í Hollywood.

**Alda Björk** Náði sjöunda sætinu á breska vinsældalistanum með laginu Real Good Time.


NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
RAFMAGNSVERKFÆRI
Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ
1290-
BORVÉL 500W
3990-
HLEÐSLUBORVÉL 18V + 51 VERKFÆRI
1295-
HLEÐSLUSKRÚFJÁRN
2995-
HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 18V
4995-
HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 24V
5890-
HÖGGBOR/BROTVÉL 850W
4995-
BELTASLÍPIVÉL 900W
995-
HLEÐSLUBORVÉL 12V
2990-
RAFMAGNSHEFILL
TILBOÐ!
Hreinsaðu laufin fyrir veturinn
9990
LAUFSUGA - BLÁSARI
2290-
HITABYSSA 2000W M/6 HLUTUM
1590-
SLÍPIROKKUR 600W
1390-
STINGSÖG 350W
5850-
FLÍSASÖG
12.900-
KEÐJUSÖG RAFM.
2950-
HJÓLSÖG 1400W
9990-
BÚTSÖG & BORÐSÖG 1200W
RAFSTÖÐVAR
800W 19900-
2200W 34900-
5500W 59500-
1995-
SLÍPIMÚS
1290-
JUÐARI
4995-
BÚTSÖG 1300W
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16 (lokað á Njarðarbraut)

# Var með asnalegustu hárgreiðsluna árið 1980

Jónína Leósdóttir hefur í rúm 30 ár starfað við skriftir. Meðfram því að skrifa skáldsögur og þýða starfaði hún sem blaðamaður og aðstoðarritstjóri á tímaritinu Nýju lífi þar sem hún skrifaði meðal annars áhugaverða pistla um mannleg samskipti. Nú hefur Jónína einmitt gefið út bókina Talað út, bók um mannleg samskipti, og skáldsögu fyrir unglinga sem ber heitið Kossar og ólífur. Jónína var tekin í yfirheyrslu helgarinnar.

**Hver voru morgunverkin?**
Fyrst: Létt ab-mjólk með Cheerios, blaðalestur og stór krús af assam-tei. (Lauftei, að sjálfsögðu!) Síðan: Svaraði fyrirliggjandi tölvupósti og skellti mér því næst á hlaupabrettið og gekk þrjá kílómetra.

**Ég var með asnalegustu hárgreiðsluna árið...**
1980. Þá lét ég setja í mig tryllt permanent, svona afró-krullur sem voru í tísku á þessum tíma. Hvílíkur hryllingur!

**Hver er besta minning síðasta árs?**
Ég safna góðum minningum – mjög meðvitað – og á heilan helling af þeim. Sú síðasta bættist í safnið fyrir nokkrum kvöldum þegar sonur minn galdraði fram besta grænmetislasanja allra tíma og mamma kom og borðaði með okkur.

**Þú ert ofuruppfinningamaður – hvaða sniðuga tæki býrðu til og gefur öllum í jólagjöf?**
Auðvitað tæki til að lengja sólarhringinn. Flestir sem ég þekki eiga þá ósk heitasta að hafa meiri tíma til umráða. Og það á að sjálfsögðu líka við um sjálfa mig.

**Hvaða kæki ertu með?**
Ég er sífellt að rífa af mér gleraugun og pússa þau. Ég þoli ekki skítug gleraugu og hef stundum orðið mér til skammar með því að bjóða öðrum að pússa gleraugun þeirra. Svo er það hálfgerður kækur hjá mér að klína á mig eldrauðum varalit. Mér finnst ég alveg ómöguleg ef ég er ekki með varalit.

**Poka af hverju gætirðu borðað án þess að blása úr nös?**
Ostapoppi. Þó er ég eiginlega hætt að þora að borða popp. Ég hef nokkrum sinnum þurft að leita á náðir tannlæknis þegar maís festist í tannholdinu á mér. Afar vandræðalegt.

**Hvað ættirðu í raun að vera að gera núna?**
Mér heyrist garnirnar vera að gaula eitthvað um að ég ætti að vera að borða kvöldmat.

**Hvað fær þig alltaf til að brosa sama hversu ómögulegur dagurinn var?**
Sjónvarpsþáttur á BBC sem Stephen Fry stjórnar og nefnist QI. Ég hlæ alltaf svo undir tekur í Vesturbænum þegar sá þáttur er á dagskrá og myndi varla slíta mig frá sjónvarpstækinu þótt eldur kæmi upp í íbúðinni.

**Vinsamlegast gefið mér ...**
... óskastein með ótæmandi innistæðu. Ég lofa að nota hann allri heimsbyggðinni til hagsbóta.

**Hvaða leikkonu myndir þú fá til að leika í ævisögulegri kvikmynd um þig? Hver yrði lokasetning kvikmyndarinnar?**
Það verður náttúrulega að ráða nokkrar leikkonur ef myndin á að spanna alla ævina. Lokasenan yrði svona: Grátbólgnir ættingjar og vinir í jarðarförinni, miður sín af sorg og söknuði. En ég sit í lótusstellingu uppi á kistunni – gegnsæ en ekki með vængi – og segi: „Hættið nú að gráta, greyin mín, og verið glöð!“

**Hvaða frasa ofnotar þú?**
Ooo, ég þoli ekki að missa út úr mér „nákvæmlega“ í staðinn fyrir „einmitt“. Samt er þetta alltaf að gerast.

**Ef þú yrðir að fá þér tattú – hvernig tattú myndirðu fá þér og hvar myndirðu láta setja það?**
Ég myndi berjast um á hæl og hnakka og aldrei, aldrei, aldrei láta tattúera mig á meðan ég væri með fulla meðvitund. En sniðugasta tattú sem ég hef séð er örsmátt letur á ökkla systurdóttur minnar. Þar stendur: Made in Iceland. Skemmtilegur húmor!

**Hvaða teiknimyndapersónu myndirðu búa með ef þú yrðir að velja eina?**
Stjána bláa. Ekki spurning. Hann er svo sterkur að hann gæti varið mig fyrir öllu illu. Svo er ég líka mjög sólgin í spínat, eins og hann.



**MYNDI VILJA BÚA MEÐ STJÁNA BLÁA** Jónína Leósdóttir rithöfundur gæti vel hugsað sér að leyfa Stjána bláa að búa inni á gafli hjá sér þar sem henni finnst spínat svo gott. Basilíka finnst henni svo engu síðri.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Jónína Leósdóttir

**FÆÐINGARÁR:** 1954. Sama ár var Þverárvirkjun í Steingrímsfirði vígð.

**Á HUNDAVAÐI:** Þýðandi, blaðamaður, rithöfundur og leikskáld – allt í bland síðastliðinn aldarfjórðung. Svo sat ég á þingi í heilar tvær vikur (fyrir Bandalag jafnaðarmanna) en hélt enga jómfrúrræðu, enda fann ég strax að á Alþingi var ég á rangri hillu.

**Eftirlætislykt?**
Er til betri lykt en af gróskumikilli basilíkuplöntu? Ég efa það stórlega.

**Hvað er það hégómlegasta sem þú veist um?**
Líf okkar Vesturlandabúa er einn allsherjarhégómi.

**Snögg – skáldaðu nýtt heiti á gosdrykk!**
Gosi. Er svoleiðis drykkur kannski þegar til?

**Hverju tekurðu fyrst eftir í fari fólks?**
Hvort það er einlægt eða að leika.

**Þú tekur að þér gæludýraapa. Hvað nefnirðu hann?**
Níels, í höfuðið á apa Línu langsokks.

**Frægasti ættingi þinn?**
Ætli það sé ekki Loftur Guðmundsson, móðurafi minn, sem var ljósmyndari og einn af fyrstu kvikmyndagerðarmönnum á Íslandi.

**Þú ert heygð að víkingasið – hvaða þrjá hluti viltu láta grafa með þér?**
Í fyrsta lagi vil ég láta brenna mig og í öðru lagi finnst mér illa farið með góða hluti að grafa þá með dauðum skrokkum.

**Besta bók allra tíma?**
Það getur engin bók staðið undir slíkum titli. Ég get hins vegar nefnt bók sem hafði mikil áhrif á mig. Hún er eftir Brian L. Weiss, nefnist Many Lives, Many Masters og er til í íslenskri þýðingu.

**Hvert sækirðu innblástur?**
Ég sæki hann ekkert. Hann mætir bara á staðinn.

**Á hvaða tíma sólarhrings hentar þér best að skrifa?**
Frá níu á morgnana til miðnættis.

**Og að lokum – um hvað er skemmtilegast að skrifa?**
Mannleg samskipti, mannleg samskipti, mannleg samskipti.

juliam@frettabladid.is



## MÆLISTIKAN

### Á uppleið

**Laugardagslögin.** Svo skemmtilega vandræðalegur þáttur. Verst að Barði og hnakkarnir verða ekki í kvöld...



**Fiat 500.** Hvenær kemur þessi dásamlega snilld til landsins?

**Litagleði á heimilið.** Eftir hið langa svarthvíta þema koma fjólubláir, karrígulir og skærbleikir sterkt inn.

**Súkkulaðikökur.** Seratonin-kikk úr dökku súkkulaði lyftir skapinu í skammdeginu. Og svo er svo gaman að baka saman...

**Gúmmístígvél.** Það rignir og það rignir og þau geta líka verið nokkuð svöl.



**Ljóðalestur.** Ekki bara fyrir artífartí kúrista. Allir sem eru læsir geta fundið eitthvað fyrir sig.



### Á niðurleið

**Yfirdrifnir skemmtistaðir.** Uppar að boppa undir kristalskrónum, hraundrönglum og speglakúlum að drekka asnalega kokkteila og pissa í sérhönnuð klósett.

**Líkamsfasismi.** Aumingja Nigella er í rúst eftir að fjölmiðlar dissuðu hana fyrir að bæta á sig tveimur kílóum. Hold er sexí!

**Kaupþingsbanki.** Ímyndarmál hans hafa aldrei verið í verra standi en nú, eftir að þeir hækkuðu vexti hjá þeim sem yfirtaka lán á húsnæði.

**Skammdegis-tuð.** Lítum á björtu hliðarnar á skammdeginu: Við erum öll fallegri í myrkrinu.

**Mont.** Að ganga með mynd af einbýlishúsinu sem maður er að byggja og draga það fram á barnum er ekki töff.



**Toys-R-Us.** Viðstöðulaus heilaþvottur á smáfólkinu sem svo dregur foreldra inn í þennan hryllingsheim úr Stephen King mynd. McDonalds-djöfullinn bíður líka handan við hornið.



Nýr og endurhannaður Volvo XC70 er hreint og fagurt dæmi um samruna ólíkra hugmynda í eina. Tvær gáfur renna saman í sérgáfu. Hugmyndin er að vera hvort tveggja, lúxus jeppi og lúxus fólksbíll.

Nýtt verður til: Sportjeppinn Volvo XC70. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo XC70.

Komdu í Brimborg. Skoðaðu nýjan, endurhannaðan Volvo XC70 AWD.

VOLVO

Volvo. For life.




**Volvo XC70 3.2i** 238 hö 320 Nm 6 þrepa sjálfskipting. Verð 5.690.000 kr.* Bensíneyðsla í blönduðum akstri 11.4 l/100 km CO2 losun 272 g/km. **Volvo XC70 D5** 185 hö 400 Nm 6 þrepa sjálfskipting. Verð 5.890.000 kr.* Dísileyðsla í blönduðum akstri 8.3 l/100 km CO2 losun 219 g/km.
*Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru 18" álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



# HLJÓÐFÆRI HUGANS

Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

**Verkstjórinn**

Verkstjórinn var hálftröll af Vestfjörðum og oft kallaður Jón fúli, ef hann var hvergi nærri. Skeggvöxtur hans var með slíkum ágætum, að þó hann særði af sér skeggið að kvöldi, þá vaknaði hann með alskegg að morgni. En á morgnana var ekki um rakstur að tala í þeirri þrældómsforherðingu, sem beið okkar dag hvern. Hann gekk með svartan sjóhatt alla daga og barði sig með honum utan, ef honum varð mikið niðri fyrir. En hann hafði þann ljóð á sínu ráði, sem er foringjum erfiðari en öðrum: honum var tregt tungu að hræra. Það var ekki af því að hann væri heftur á tungunni eða stamaði svo tiltakanlegt væri, ef hann á annað borð náði sér á stað, heldur var því líkt, sem hann væri seldur undir meinlæti. En að þrífa í axlir manna, benda og pata, og segja uhn-uhn gegnum nefið, það var hans verkstjórn og dagskipan.

**Guðmundur Böðvarsson: Dyr í vegginn (1958)**

**Hvað varðar krabbamein**

„Bændastéttin stendur sig betur en aðrar stéttir hvað varðar krabbamein." Þetta las fréttaþulur Sjónvarpsins 30. okt. og er nú ekki fallegt málfar. Bæði nástaða (stétt) og svo þetta árans „hvað varðar (varðandi)" sem einkennir málfar þeirra sem ekki kunna forsetningar. En í tíufréttum var þetta lagað. Þá var lesið: „Bændur fá sjaldnar krabbamein en aðrar stéttir." Mig grunar að málfarsráðunautur Ríkisútvarpsins hafi brugðist við. En þarna má sjá þann mikla mun sem er á stofnanamáli og mannamáli.

**Hækkunarhraði**

Þann sama dag, 23. okt. sagði viðmælandi í sjónvarpi um fasteignaverð eitthvað á þá leið, að búast megi við „að hækkunarhraðinn verði minni". Og þetta er auðvitað hroðalegt stofnanamál. Raunar skil ég ekki alveg hvernig fólk hugsar sem talar svona. Þykir einhverjum þetta fínna en venjulegt mælt mál?

**Sitjandi tónleikar!!**

28. okt. mátti lesa hér í Fbl. um fyrirhugaða tónleika tenórsins Bocelli: „Tónleikarnir verða sitjandi og hefur miðasala gengið mjög vel." Sitjandi tónleikar? Hvernig dettur einhverjum í hug að skrifa svona vitleysu? Er það kannski vegna þess að á sumum popp-rokktónleikum neyðast gestir til að standa upp á endann? Það ætti nú að vera auðvelt að skilja að tónleikar sitja hvorki né standa.

**Einhver – eitthvert**

Á sömu blaðsíðu er ranglega farið með óákv. fornafnið **einhver**, eða réttara sagt hvorugkynsmyndina **eitthvað**. Þar stendur: „Ólíkt nútímamanninum sem bítur í sig **eitthvað** áhugamál...". Blaðamaður veit ekki að **eitthvað** er ævinlega **sérstætt**, en **eitthvert** er haft **hliðstætt**. Hér á því að segja **eitthvert** áhugamál.

**Braghenda**

Hafliði Magnússon sendir þessa braghendu:

*Í Reykjavík er rifist um*
*hvað rífa eigi.*
*Götusvip ei glata megi,*
*glerhús spilli Laugavegi.*

*Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is*

# HELGARUPPSKRIFTIN



**Morgunmaturinn:** Mælum með enskum morgunverði með dagblaðinu. Steikt beikon, spælegg, bakaðar baunir, steiktir bananar, steiktir sveppir og grillaðir tómatar ásamt stórum kaffibolla. Namminamm.

**Verslunarleiðangurinn:** Kíktu í Kolaportið og keyptu gáfulegan og ódýran DVD-disk í tækið. Svo er hægt að kaupa staflana alla af flatkökum sem eru gerlausar og hollar.



**Fyrir börnin:** Skilaboðaskjóðan var byrja í Þjóðleikhúsinu. Fyrir svanga maga er svo pítsuhlaðborðið á Pizza Hut alltaf ofarlega á vinsældalistanum.

**Barinn:** Kaffibarinn klikkar aldrei. Passaðu þig bara á langri röð.

**Hádegisverður á sunnudegi:** Mælum með að bjóða stórfjölskyldunni í matarmikla minestrone-súpu. Einfalt, heitt og ótrúlega gott.

**Bíóferðin:** Lions for the Lambs sem er frumsýnd um helgina. Stórstjörnur í hverju hlutverki.





**Kvöldmaturinn:** Vín og skel hefur fært sig um set og er nú neðar á Laugaveginum og er hlýlegur og kósí staður til að hefja kvöldið. Mælum með kræklingi og frönskum eða sex dásamlegum ostrum til að skola niður með kampavíni.



**Sýningin:** Landslag fyrir hina og þessa eftir Rögnu Róbertsdóttur í Galleríi i8 er sýning sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Svo er kínverskum menningardögum að ljúka í Gerðarsafni og allra síðustu forvöð að ná sér í kínverskt höfuðnudd að leiðsögn lokinni.



**Skyndibitinn:** Kjúklinga-shawarma hjá Habibi í Hafnarstræti er algjört lostæti, sérstaklega að næturlagi.

# HELGARKROSSGÁTAN





Þú gætir unnið Fóstbræður á DVD

Þú sendir SMS skeytið JA LAUSN LAUSNARORÐ á númerið 1900!

Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón: Þá sendir þú SMS-ið: JA LAUSN JON

99 kr. smsið





Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur



HEFUR ÞÚ ÞAÐ Í BLÓÐINU?
KALDHÆÐNISLEGT. ÞÚ FERÐ MEÐ ARCTIC CAT Á STAÐ ÞAR SEM MINNA ER AF SÚREFNI EN SKYNDILEGA ÁTTU AUÐVELDARA MEÐ ANDARDRÁTT!
SÝNING Í DAG
Komið í dag á glæsilega sýningu á Fosshálsi 1 á milli kl. 12:00-16:00 og skoðið 2008 línuna af Arctic Cat vélsleðum, fjórhjólum og öryggisbúnaði .
NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA SÉRFRÆÐINGAR OKKAR Í SÍMA 575 1200
B&L, umboðsaðili fyrir Arctic Cat á Íslandi - Grjóthálsi 1 - 575 1200 - www.bl.is
ARCTIC CAT




# STUÐ MILLI STRÍÐA Illskiljanlegar auglýsingar

**SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR** VILL VITA HVAÐ ER VERIÐ AÐ SELJA HENNI



Ég þoli ekki þegar fyrirtæki eyða ómældum fjárhæðum í að auglýsa eitthvað sem ég skil hvorki upp né niður í. Mér finnst að auglýsingar eigi að segja manni svo gott sem alla söguna. Maður á að vita hvað er verið að auglýsa og nokkurn veginn hvernig það virkar. Annaðhvort er ég að verða heimskari eða auglýsendur gera í því að auglýsa eitthvað sem er illskiljanlegt.

Bankarnir eru sérstaklega duglegir í þessu. Aukakrónur og Glitnispunktar? Það segir mér nákvæmlega ekki neitt að aukakrónur „komi bara“ og að Glitnispunktar séu „góðir“. Og hvað? Hvað á ég að gera við þá vitneskju? Er til fólk sem sér svona auglýsingar og drífur sig beint í næsta útibú til þess að kynna sér málið? Sest hjá gjaldkeranum og segir upptjúnað af spenningi og áhuga: „Ég sá auglýsinguna frá ykkur í sjónvarpinu. Segðu mér betur frá þessum punktum!“ Ég þekki engan. Ég þekki heldur engan sem fer á netið í þeim erindagjörðum að afla sér nánari upplýsinga um þessi fyrirbæri.

Kolefnisjöfnun Kolviðar er svo kapítuli út af fyrir sig. Mér er sagt dag eftir dag í útvarpi, sjónvarpi og blöðum að ég þurfi að kolefnisjafna útblásturinn. Auglýsingarnar enda á orðunum „kolvidur.is“. Svo situr maður eftir – eitt stórt spurningarmerki. Í tilefni af þessum greinaskrifum fór ég inn á heimasíðuna sem er vel skiljanleg. Þar getur maður reiknað út hversu mörgum trjám maður þarf að planta til að bæta fyrir útblástur bifreiðar sinnar í umferðinni eftir því hversu mikið maður keyrir og hvaða bíltegund maður notar til þess að komast á milli staða. Ekki bara það heldur hvað það kostar mann að láta planta trjánum. Svo stimplar maður inn kreditkortanúmerið sitt og einhver góður maður eða kona fer og gróðursetur svo maður geti keyrt um með betri samvisku. Af hverju var ekki bara hægt að segja það í auglýsingunni? Og hversu mörgum trjám ætli hefði verið hægt að planta fyrir fjárhæðina sem fór í illskiljanlegar auglýsingar?

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Panasonic

EISA AWARD
Best Product 2007-2008
MEMORY CAMCORDER
Panasonic HDC-SD1






# KYNNINGARTILBOÐ

## AGNARSMÁ EN ALVÖRU HÁSKERPU TÖKUVÉL

FULL HD 1080p
3CCD
SD HC
HDMI

**AVCHD** Nýja háskerpu myndkerfið með FULL HD upplausn (1920x1080) á SD/SDHC minniskort.
**3CCD** 3 myndflögur fyrir bestu myndgæðin.
**Advanced OIS** titringsvörn og myndin verður skýrari.
**LEICA DICOMAR** linsa tryggir betri liti.

Vélin er hlaðin búnaði eins og 10x aðdráttarlinsu, 2,7" breiðtjaldsskjá, HDMI tengi og mörgu fleiru.






**KAUPAUKI MEÐ HDCSD5**
Vandað Sandisk 8GB SD kort að verðmæti kr. 14.995 fylgir frítt með vélinni!

**VERÐ ▶ 109.990**
**FRÁBÆRT KYNNINGARVERÐ**

**SJÓNVÖRP**
**HEIMABÍÓ**
**HLJÓMTÆKI**
**DVD SPILARAR**
**BLUE-RAY SPILARAR**
**HÁSKERPU TÖKUVÉLAR**
**MYNDAVÉLAR**

OG FLEIRA OG FLEIRA OG FLEIRA

**Panasonic** *NÚ FÁANLEGT HJÁ OKKUR!*
*HÁGÆÐA RAFTÆKI OG ÞJÓNUSTA*

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶** REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

**!** **Kl. 14**

*Barnabókahöfundarnir Bruce McMillan og Gunnella hitta lesendur sína og árita bækur í bókabúðinni Iðu, Lækjargötu 2a, í dag frá kl. 14-16. Þau Bruce og Gunnella gáfu nýverið út bókina „Hvernig konurnar stöðvuðu blásturinn“ en árið 2005 sendu þau frá sér bókina „Hænur eru hermikrákur“. Sagan sú hlaut fjölmargar viðurkenningar, meðal annars frá New York Times.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Kiri á styrktartónleikum

Sinfóníuhljómsveit Íslands og fjárfestingafélagið FL Group standa fyrir styrktartónleikum fyrir verkefnið Lífið kallar! 7. desember í Háskólabíói með Kiri Te Kanawa og Garðari Thór Cortes. Þetta er í annað skipti sem Garðar og Kiri Te Kanawa syngja saman en þau sungu saman í haust á Jersey til að afla fjár handa ungu tónlistarfólki.

Lífið kallar! er samstarfsverkefni fjárfestingafélagsins FL Group og BUGL, barna- og unglingageðdeildar Landspítalans, til að styrkja bráðaþjónustu BUGL sem hlúir að börnum á aldrinum 12-18 ára sem hafa orðið fyrir áfalli og í kjölfarið misst lífslöngun. FL Group hefur frá árinu 2006 verið aðalstyrktaraðili verkefnisins og beinn fjárstuðningur félagsins er að minnsta kosti fimm milljónir króna á ári í fjögur ár.

FL Group er jafnframt aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Allur ágóði tónleikanna rennur til verkefnisins Lífið kallar! Því FL Group stendur straum af kostnaði við tónleikahaldið. Miðasalan hefst mánudaginn 12. nóvember kl. 12.00 á www.sinfonia.is, www.midi.is og í síma 545 2500. Miðaverð er 8.900 kr.



**TÓNLIST** Kiri Te Kanawa er ein virtasta söngkona í heimi og leggur nú sitt til að styrkja BUGL ásamt FL-grúppunni.

### > Ekki missa af…

Sýningu á ævafornum kínverskum listmunum í Gerðarsafni í Kópavogi, en henni lýkur nú um helgina. Í tilefni af sýningarlokum verður boðið upp á leiðsögn um sýninguna í dag og á morgun kl. 15, ásamt því að sýningargestir geta fengið að reyna kínverskt höfuðnudd á eigin skinni. Gerðarsafn er opið alla vikudaga aðra en mánudaga frá kl. 11-17.

# Fjölmiðlarnir og óbragðið

**Söngleikurinn Hér og nú! verður frumsýndur á Litla sviði Borgarleikhússins annað kvöld. Söngleikurinn er samstarfsverkefni Borgarleikhússins og leikhópsins Sokkabandsins.**



FRÁ ÆFINGU Á HÉR OG NÚ!

Leikkonurnar Elma Lísa Gunnarsdóttir og Arndís Hrönn Egilsdóttir eru stofnendur Sokkabandsins. Hópurinn hefur það að markmiði að stuðla að nýsköpun í íslensku leikhúsi og þróa nýjar vinnuaðferðir. Hópurinn hefur staðið að nokkrum sýningum sem hafa vakið mikla athygli undanfarin ár, til að mynda Mindcamp í Hafnarfjarðarleikhúsinu og Ritskoðarann í Sjóminjasafninu. Leikstjóri sýningarinnar Hér og nú! er Jón Páll Eyjólfsson.

Innblásturinn að Hér og nú! er sóttur í heim glanstímarita, bloggsíðna og annarra fjölmiðla sem hafa það að leiðarljósi að skemmta okkur Íslendingum með lífsreynslusögum og fréttum af fræga fólkinu.

Arndís segir sýninguna hafa átt sér nokkurn aðdraganda. „Við fengum styrk frá Leiklistarráði til að setja þetta verk upp og fengum í kjölfarið í lið með okkur þetta frábæra fólk sem kemur að sýningunni, en við höfðum unnið með þeim flestum áður í fyrri uppsetningum Sokkabandsins. Þetta er búin að vera heilmikil vinna; við sóttum um styrkinn í fyrra og byrjuðum í vor að vinna heimildarvinnu með því að sökkva okkur niður í slúðurblöð og aðra íslenska fjölmiðla.“

Heimildavinnan var skemmtilegt ferli en líka erfitt að mörgu leyti. „Vinur okkar lýsti þessu vinnuferli mjög vel um daginn þegar hann sagði að það væri eins og við værum búnar að borða ruslfæði í öll mál í tvo mánuði. Það er ofboðslega mikill skítur og drulla sem maður þarf að vaða í gegnum þegar maður sekkur sér í þennan heim. Maður verður stundum svolítið sorgmæddur og fær óbragð í munninn þegar maður fer svona á kaf í slúðurmenninguna,“ segir Elma Lísa.

Það hefur vart farið fram hjá nokkrum manni að framboð fjölmiðlaefnis og þá sérstaklega afþreyingarefnis hefur aukist gríðarlega á fáum árum. Sokkabandið langaði til þess að spegla þessa þróun í verkinu og velta fyrir sér hvaða áhrif hún hefur á samtímann.

„Það kom okkur svolítið á óvart þegar við byrjuðum að vinna þetta að í þessum fjölmiðlaheimi er allt sett í sömu hítina; krabbameinssjúklingurinn og Séð og heyrt-stúlkan eru sett fram á sama hátt. Það er sama hversu alvarlegt eða léttvægt umfjöllunarefnið er, allt fær sams konar umfjöllun í æsifréttastíl. Við þurfum öll að fá útrás fyrir vanlíðan okkar og deila tilfinningum með öðrum, en það er nýjung að fólk geti borið líf sitt á borð fyrir alþjóð. Okkur langaði til að velta fyrir okkur hvað fólk fær út úr því að viðra líf sitt í fjölmiðlum og hvað við hin fáum út úr því að lesa um það,“ segir Arndís.

Leikritið er þó ekki einhliða gagnrýni á fjölmiðlaheiminn. Elma segir Sokkabandið ekki vera að setja sig í predikunarstellingar í verkinu. „Við erum þó ekki að setja okkur á neinn stall eða að dæma fólk sem kemur fram í þessum miðlum. En að sjálfsögðu finnst okkur eitthvað íhugunarvert við fjölmiðla í dag, annars værum við varla að setja upp verk um þetta efni.“

Fyrirhugaðar eru sex sýningar á verkinu fyrir áramót og verður hver þeirra einstök þar sem nýr leynigestur kemur fram á hverri sýningu. Áhorfendur eru hvattir til að taka með sér myndavél í leikhúsið og reyna að ná myndum af atburðunum sem eiga sér stað á sviðinu. „Yfirleitt er bannað að hafa með sér myndavél í leikhúsið, en á þessari sýningu hvetjum við til þess. Við erum svolítið að vísa í það að blöðin hafa sum boðið fólki greiðslur fyrir myndir sem það nær af fræga fólkinu, til dæmis þegar það er í sundi. Hver sýning er því mikið ævintýri þar sem allt getur gerst,“ segir Elma að lokum.

vigdis@frettabladid.is




# Íslensk menning í útrás

**Tvisvar á ári er úthlutað úr Menningarsjóði Egils Skallagrímssonar, en sjóður sá hefur það að markmiði að styrkja uppgang íslenskrar menningar og listar í Bretlandi.**

Sendiráð Íslands í London er í forsvari fyrir sjóðnum. Sr. Sigurður Arnarson, prestur íslenska safnaðarins í London, er ritari sjóðsins. „Menningarsjóður Egils Skallagrímssonar var stofnaður árið 1997 með það að markmiði að styðja við framgang íslenskrar menningar á breskri grund. Á þessum ellefu árum hefur sjóðurinn veitt um 100.000 pund til um 70 verkefna.“

Styrktaraðilar að sjóðnum eru íslensk fyrirtæki sem eru með starfsemi í Bretlandi. „Ég hóf að vinna við sjóðinn árið 2002. Á þessum fimm árum sem liðin eru síðan hefur fjöldi þeirra fyrirtækja sem styrkja sjóðinn aukist talsvert, og segir það sína sögu um uppgang íslensks viðskiptalífs í Bretlandi. Okkar reynsla er sú að fyrirtæki eru yfirleitt boðin og búin til að leggja sjóðnum lið, enda útrás íslenskrar menningar verðugt verkefni,“ segir Sigurður.

Mikil hefð er fyrir styrkveitingastarfsemi sem þessari í Bretlandi. „Bretar eru afar meðvitaðir um nauðsyn styrkveitinga til málefna sem ekki eru alltaf arðbær en eru þó mikilvæg og fellur menningarstarfsemi í þann flokk. Lagaumhverfið hér er því afar hagstætt fyrir sjóði sem þennan. Hér þarf til að mynda ekki að greiða neina skatta af sjóðum sem þessum sem gerir okkur kleift að reka hann án mikils tilkostnaðar og að veita myndarlegri styrki en ella.“

Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar á ári og rennur umsóknarfrestur út 1. maí og 1. nóvember hvert ár. Sigurður segir sjóðnum berast fjöldinn allur af umsóknum á ári hverju en að því miður þurfi alltaf að hafna einhverjum þeirra. Starfsemi sjóðsins hefur vakið nokkra athygli hjá íslenskum sendiráðum í öðrum löndum. „Við höfum orðið vör við þó nokkurn áhuga annarra íslenskra sendiráða á að starfrækja svipaða sjóði í sínum löndum. Við höfum þannig fengið fyrirspurnir frá þeim um rekstur sjóðsins og annað slíkt. En það er ekki gefið að það sé alls staðar jafn hagstætt að reka svona sjóð eins og hér í Bretlandi og því má segja að íslensk menning eigi sérlega góða möguleika á því að ryðja sér til rúms hér,“ segir Sigurður að lokum.



**VESTURPORT** Sýningin Rómeó og Júlía er á meðal þeirra verkefna sem hafa hlotið styrk úr Menningarsjóði Egils Skallagrímssonar. Við síðustu úthlutun fengu meðal annarra Hildur Guðnadóttir og hljómsveitin SIGN styrki úr sjóðnum.

vigdis@frettabladid.is

# KAFTEINN OFURBRÓK ER HEIMSINS MESTA OG SKÖLLÓTTASTA OFURHETJA



**Áttunda skáldverkið og sennilega það stórfenglegasta (í veröldinni) er komið út!**

Krumpaði kamarinn, tímafarkostur Georgs og Haraldar, hefur skilað þeim á fáránlegan stað þar sem kennararnir eru alltaf vingjarnlegir, maturinn í mötuneytinu er ætur og Kára skólastjóra finnst þeir alltaf fyndnir. Það er eitthvað verulega bogið við þetta. Og svo þurfa þeir félagar að kljást við gáfuðustu andstæðinga sína til þessa: SIG SJÁLFA!








BÓKIN INNIHELDUR OFUR-FLETTIMYNDABÍÓ

Bóka-verðlaun barnanna 2002

Bóka-verðlaun barnanna 2004

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

BRÓKARLALLINN HEFUR TVISVAR HREPPT BÓKAVERÐLAUN BARNANNA

# Stríð um Stríð og frið



RITHÖFUNDURINN LEO TOLSTOY Hatrammur bardagi útgefenda stendur nú vegna sögu hans Stríð og friður

Þrátt fyrir að liðin séu næstum 140 ár frá því að skáldsagan Stríð og friður eftir Leo Tolstoj kom fyrst út í bókarformi ríkir ekki friður um hana, því um þessar mundir geisar stríð vestur í Bandaríkjunum bókaútgefenda í millum um verkið.

Þannig er málum háttað að nú á haustmánuðum komu út tvær nýjar enskar þýðingar sögunnar. Önnur þeirra, þýdd af hjónunum Richard Pevear og Larissu Volokhonsky, er rúmar tólf hundruð blaðsíður. Þýðingin sú er trú og trygg upphaflegri bókarútgáfu sögunnar og inniheldur því rúmlega 500 persónur og fjöldann allan af útúrdúrum og vangaveltum höfundar.

Hin þýðingin er stutt í samanburði, eða rúmar átta hundruð blaðsíður að lengd. Þýðandi hennar, Bretinn Andrew Bromfield, byggir verk sitt á útgáfu sögunnar sem kom út á bók í Rússlandi árið 2000, en sú hefur að geyma söguna eins og hún birtist í þrennu lagi í rússnesku tímariti árin 1865 og 1866. Þremur árum síðar var hún svo fyrst gefin út á bók, en þá hafði Tolstoj lengt hana talsvert og bætt fjölda persóna og atburða við.

Þýðendur þessarra verka og útgáfur þeirra eru nú í beinni samkeppni um hylli bandarískra lesenda og því hafa ófrægingarherferðir farið af stað þar sem hvert tækifæri er nýtt til þess að draga í efa ágæti þýðingu hinna. En velta má upp spurningunni hvort hér séu ekki í raun á ferð tvær ólíkar sögur og því gæti verið vel þess virði fyrir áhugamenn um bókmenntir að kynna sér þær báðar.

vigdis@frettabladid.is



IÐUNN STEINSDÓTTIR, RITHÖFUNDUR

# Mánudagsblús

Rithöfundurinn Iðunn Steinsdóttir hefur skrifað fjölmargar bækur fyrir börn og unglinga auk skáldsögu sem ætluð er fullorðnum. Hún hefur komið víða við í sínum ritstörfum, meðal annars hefur hún sinnt handritaskrifum bæði fyrir leikhús og sjónvarp og skrifað kennsluefni fyrir grunnskóla. Nýjasta bók hennar, Mánudagur – Bara einu sinni í viku, fjallar um hóp af ungum og uppátækjasömum krökkum í áttunda bekk. Aðalpersónur bókarinnar eru Unnur, Fannar og Ingvi – ólíkir krakkar sem eiga óvænta samleið einn afdrifaríkan skólavetur. Þetta er sumpart mjög hefðbundin unglingabók þar sem ákveðin stef eru til staðar – vinátta, kynþroski, einelti og stríðni koma við sögu ásamt pælingum um samskipti kynjanna og kynslóðabil.

Mér er nær að halda að þessi saga hafi átt að verða mynduð fremur en lesin. Uppsetning hennar, samtöl og lýsingar virka í þeim anda – setningar eru stuttar, lýsingar fáar og persónusköpunin nokkuð óskýr.

Þetta er heilmikill hópur sem kemur við sögu en fæstar þeirra fá nokkurt bakland. Aðkoman er oft brött í þessari viðburðaríku sögu sem spannar einn vetur í lífi krakkanna og það er skjótt skipt milli „sena", stundum svo ört að ég var alls ekki viss hvar krakkarnir voru staddir né hvað klukkan sló.

Það er heilmikill boðskapur í þessari bók – jafnvel óþarflega mikill. Að mínu mati er það vel að vilja beina ungum lesendum inn á réttar brautir en kakódrykkja og bænir þykja mér ekki til þess fallnar og það rýrir trúverðugleika sögunnar. Bókin fellur líkt og milli þilja því viðfangsefni hennar er mjög dramatískt og grafalvarlegt en afgreiðslan einföld og á köflum barnaleg, til dæmis eftirmálar líkamsárásarinnar sem Fannar verður fyrir og eineltismálið sem upp kemur í skólanum.

Mögulega hefði sagan orðið skýrari ef aðalpersónan hefði verið ein en ekki þrjár. Krakkarnir búa við mismunandi aðstæður sem leggja grunn að býsna spennandi sögusviði; Unnur á foreldra sem vinna mikið en á ömmu, afa og langömmu í næsta húsi sem elda og annast systkinahópinn hennar, Fannar á ólánsama og veika móður með fortíð og Ingvar er nýi strákurinn í bekknum sem pönkast er á af einhverjum óskilgreindum ástæðum. Þau eru öll hetjur á sinn hátt en öðlast litla rödd í sjálfri sögunni – það er líkt og við fylgjumst bara með þeim úr fjarlægð.

Kristrún Heiða Hauksdóttir




**BÓKMENNTIR**

**Mánudagur – Bara einu sinni í viku eftir Iðunni Steinsdóttur**

Útgefandi: Salka Forlag

★★

Niðurstaða: Viðburðarík unglingasaga sem ekki ristir djúpt.

# Naflinn á blaðamanni

Einar blaðamaður er að verða lesendum sínum nokkuð kunnur, enda hér á ferðinni fimmta bók höfundar um þennan unga mann sem sífellt flækir sig í glæpamál samfara því að segja frá þeim í „Síðdegisblaðinu". Einar er því orðinn nokkuð þekkt stærð í glæpasöguheiminum á Íslandi. Hann er dæmi um andhetju sem ekki er óalgeng í glæpasögum, í sjálfu sér algjörlega óspennandi týpa.

Death of a Clown, slagari frá Kinks, er kveikjan að titli bókarinnar og slagarinn sjálfur rauður þráður í gegnum hana. Hjá Kinks er það sagnamaðurinn sem liggur dauður á gólfinu, enda engin þörf fyrir þjóðsögur meir. Árni notar þekkta þjóðsögu um útburð, „Móðir mín í kví, kví" sem tilvísun til tilfinninga mæðra sem aldrei verða mæður, vegna fóstureyðingar eða annarra ástæðna sem leiða til þess að fóstur verður ekki að barni í fangi móður sinnar.

Bókin hefst með bréfi sem lesandinn fær ekki að vita hver skrifaði fyrr en seinna. Í bréfinu er sagan um móður mína í kví, kví, en að sögunni lokinni veltir bréfritari fyrir sér fram og aftur hver barnaði konuna og lýkur þeim vangaveltum með hrottalegri lýsingu á hópnauðgun. Lesandanum er þá strax ljóst að líklega verði um slíkan glæp að ræða í þessari glæpasögu. Sagan verður hins vegar ekki glæpasaga fyrr en langt er liðið á bókina. Hún er mun nær því að vera samtímasaga um miðaldra blaðamann sem þó er ekki nema 37 ára. Sagan er vel á veg komin þegar loksins finnst lík. Eftir það hefst atburðarás sem er ákaflega hæg og á lítið skylt við spennusögu sem heldur lesandanum við efnið.

Allar persónur Árna eru heldur heilsteyptar og lausar við klisjur, en þær eru líka lausar við að vera spennandi til viðkynningar. Einar hefur átt í vandræðum með vín í fyrri bókum Árna. Nú er hann laus við það böl og fer meðal annars inn á meðferðarstofnun. Í bókinni er með hreinskilnum hætti fjallað um það að eiga í baráttu við brennivínið og mörgum spurningum svarað um það hvernig það er að fara í meðferð. Bæði hvað fram fer í áfengismeðferð og minnt á að öll erum við jöfn þegar vanda ber að höndum.

Smám saman verður flétta glæpasögunnar snúnari, fleiri og fleiri eru bendlaðir við málið en fáir fá stöðu grunaðra í hugum lesenda. Sagan gerist í samtímanum á Íslandi, á því er ekki nokkur vafi, persónurnar eru margar hverjar orðljótar sem mögulega er hluti af þeirri samfélagsádeilu sem hér er á ferðinni. Árni er óhræddur við að varpa upp skuggahliðum sem óneitanlega hljóta að birtast þegar Ísland er kynnt fyrir heimsbyggðinni sem staðurinn til þess að vaka næturlangt og kynnast fögrum og lauslátum konum. Hann nýtir sér fréttir og atburði úr samfélaginu máli sínu til stuðnings og heldur lesandanum þannig við raunveruleika efnisins og þann óhugnað sem því fylgir. Dauði trúðsins er glæpasaga úr samtímanum. Samtíminn fær þó meira pláss en glæpurinn sem dregur úr mátti spennusögunnar.

Hildur Heimisdóttir



**BÓKMENNTIR** Árni Þórarinsson blaðamaður og glæpasagnahöfundur.




**BÓKMENNTIR**

**Dauði trúðsins eftir Árna Þórarinsson**

JPV útgáfa

★★

Þokkaleg glæpasaga þar sem naflaskoðun sögumanns verður spennunni yfirsterkari.

# Í óravíddum hugarflugsins

Skáldið yrkir af mikilli kappgirni í anda frum-módernismans (sem var mótsvar við harmagráti (ný)rómantíkurinnar) þar sem einstaklingnum er vikið til hliðar og persóna ljóðmælandans er nánast hlutlaus áhorfandi (undantekningar þó nokkrar, sbr. síðustu 4 ljóðin). Ljóðin eru enda tilvistarleg, fjalla um ábyrgð mannsins á eigin velferð og val hans á lífsgildum, ábyrgð hans gagnvart samfélagi sínu og jörð. Bestu sprettir bókarinnar eru fersk og sjálfstæð átök við markverðar hugmyndir, og ljóðasmíðin er víða prýðileg (t.d. 15-16, 28, 35 og „tilraunirnar" bls. 30-32). Ágallinn er náskyldur; mynd- og táknmál sem ætlar sér um of, óþroskuð rödd sem á stundum þekkir ekki takmörk sín og verður þá ansi víðmælt fyrir vikið (t.d. 10-13 og hér og þar).

Skáldið fléttar saman þrjú meginstef – sem við skulum nefna (1) andi/efni, (2) einangrun/nánd og (3) samryskja. Fyrsta stefið er fyrirferðarmest en átak skáldsins þar ófrumlegast. Síðari stefin tvö eru hins vegar giska athyglisverð og hræra eftirtekt lesandans. Sýn skáldsins er þar víða djúp og tökin fersk þótt braga vefjist þar tunga um tönn inn á milli.

Í fyrsta stefinu er áberandi vandlæting, skáldið stillir þar upp andstæðum ólíkra gilda; andi gegn efni, fortíð gegn nútíð, „rómantíker" gegn „uppa", skáldskapur gegn tísku, náttúra gegn borg, andríki gegn (stór)iðju, hóf gegn græðgi, mýkt gegn valdi, orð gegn æði – og tvær markverðustu andstæðurnar; falin eilífð gegn forgengileika tímans (samruni = ódauðleiki, sbr. þriðja stef) og tónn gegn sundrungu; hljóðið í skáldskap náttúrunnar sem ábending og viðvörun (tónn/hljóð t.d. 20, 22-23, 30, 54-55, frískar hugmyndir).

Annað stefið snýst um einangrun, nálgun og nánd; ótta mannsins við eigin ástríðu, hræðslu hans (og vanmátt) við að „stinga lyklinum í skráargat eigin andlits" – sbr. Borg bls. 15-16 og „lykilljóð" þess bls. 51-52 (og 49-50). „Ekki snerta mig!" (19), „Láttu mig í friði" (32) segja varnarraddir ljóðsins, tímgun tilfinninga er þeim forboðin ... má ég nálgast þig, má ég kafa undir? spyr mælandinn; „svarið er hurðaskellur, lokað fyrir hjartaopin, og flæðið staðnar, í óravíddum hugarflugsins" (30). Einangrun er því andsköp, „bergmál einbúans" (50) er þögn, stöðnun sem einungis taktföst hreyfing við tóna náttúrunnar fær fært úr stað með umbreytingu og samruna; „gufa ummyndast í kúlu" sem „kynkraftur" breytir í „veru" sem færist „nær, nær, nær" (36) og krefur manninn um afstöðu og ábyrgð, krefur hann um sitt annað hálf.

Og þá hefur annað stefið runnið saman við það þriðja, samryskjuna – og brúað „gapið" (sbr. 25 og bókarheiti). Samryskja er samband (e. fusion, sbr. kápa), bræðsla, ummyndun og umbreyting = samruni og ný verund; forsenda sköpunar og ódauðleika, andsvar einangrunar, ringulreiðar og fánýtis; undankomuleið frá öngþveiti og tómi – formbreyting, tímgun; maður og jörð í eina sæng, eina kúlu, eina veru (22-23, 33, 35, 54-55) Eilíf sæla? Ekki svo einfalt: Samryskja getur nefnilega líka verið „kímera" (43); samruni óskyldra efna og þátta, blanda sem ekki blandast, óskapnaður, heilaspuni, fjarstæða, „skáldastökk"? (58). Niðurstaða? Platónsk. Maðurinn á sér annað hálf (eðli, jafnvel frummynd) sem hann hefur glatað. Lausnin felst í því að „opna" gáttir hjarta og sálar og sameinast því sem hann hefur týnt (55) – í tónaflóði „lostafullrar einingar sannleika og syndar"(33).

Skáldleg sýn, mikið hugarflug, aflog við Braga. Skáld í leit að rödd. Skáld sem sér lengra en nef þess nær.

Sigurður Hróarsson

**BÓKMENNTIR**

**Gárungagap**

Emil Hjörvar Pedersen

Nykur

★★★

Niðurstaða: Óþroskuð rödd, skáldleg sýn.

Auglýsingasími
512 50 50


– Mest lesið

BYLGJAN 989 KYNNIR

ASKJA Mercedes-Benz FLUGFÉLAG ÍSLANDS

# DÍVURNAR SNÚA AFTUR Á GLÆSILEGUSTU FROSTRÓSATÓNLEIKANA TIL ÞESSA

KYNNUM EINNIG MEÐ STOLTI ÍSLENSKU TENORANA ÞRJÁ

# FROSTRÓSIR 2007

*Dívurnar & Tenórarnir*




# FORSALA HEFST Í DAG KL. 10:00

Í tilefni fimm ára afmælis Frostrósa er öllum þeim er notið hafa jólatónleika Frostrósa síðustu ár boðinn **20% forsöluafsláttur**.

FORSALAN FER EINUNGIS FRAM Í SÍMA **540 9800** MILLI KL. 10:00 OG 18:00 Í DAG, LAUGARDAGINN 10/11 OG Á MORGUN, SUNNUDAGINN 11/11.
Vegna álags getur síminn verið á tali – vinsamlegast reynið þá aftur örlítið síðar.

**ATH: Engir aðrir afslættir eru veittir af miðaverði!**

Almenn miðasala hefst 12. nóvember kl. 10:00 á ***midi.is***
Einnig verður hægt að nálgast miða í verslunum Skífunnar og á sölustöðum BT um landið.

FROSTROSES® ...færa þér jólin www.frostrosir.is

## LAUGARDALSHÖLL 15. DESEMBER

Íslensku dívurnar ásamt tenorunum þremur á Stór-jólatónleikum Frostrósa. Einnig koma fram 30 manna stórhljómsveit Frostrósa, Karlakórinn Fóstbræður, Íslenski gospel-kórinn, Skólakór Kársness og fjöldi góðra gesta – alls um 200 manns á risasviði.

***Glæsilegustu jólatónleikar allra tíma í jólaskreyttri Laugardalshöllinni.***

## Í KIRKJUM LANDSINS 5.-8. DESEMBER

Í tilefni fimm ára afmælis Frostrósa ferðast Frostrósir um landið fyrsta sinni. Dívurnar munu syngja inn jólin ásamt strengjakvartett og fleiri hljómlistarmönnum auk góðra gesta í fjórum af fegurstu kirkjum landsins.

5. desember: **Stykkishólmskirkja**
6. desember: **Glerárkirkja Akureyri**
7. desember: **Ísafjarðarkirkja**
8. desember: **Egilsstaðakirkja**





Kringlukráin
Geirmundur Valtýsson í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

HARMONIKUBALL
í kvöld frá kl. 22:00
í Húnabúð, - sal Húnvetningafélagsins -
Skeifunni 11 Reykjavík.
Allir velkomnir.
Harmonikufélag Reykjavíkur.




Mannlíf í skjölum
Norrænn skjaladagur 10. nóv. 2007
OPIÐ HÚS kl. 11-15
að Laugavegi 162 (inn um portið)

Fyrirlestrar

| | | |
|---|---|---|
| 11:00 | Kristrún Halla Helgadóttir | Ættfræðigrunnurinn Íslendingabók - kynning |
| 11:30 | Hrefna Róbertsdóttir | Franz Illugason vefari stígur fram |
| 12:00 | Svanhildur Bogadóttir | „Brenndu þennan snepil að lestri loknum“ |
| 13:00 | Þórunn Guðmundsdóttir | „Ég svara fyrir mínar sakir sjálf“ |
| 13:30 | Valur F. Steinarsson | Allt um mig, frá mér til mín |
| 14:00 | Eiríkur G. Guðmundsson | Jón Hreggviðsson í opinberum skjölum |

Sýningar, skoðunarferðir, getraunir fyrir fullorðna og börn.
Sögufélag, Ættfræðifélagið og ORG ættfræðiþjónusta kynna starfsemi sína.
Veitingar. Nánari upplýsingar á www.skjaladagur.is
Borgarskjalasafn Reykjavíkur Þjóðskjalasafn Íslands

# Gamalt góss

Á morgun býður Þjóðminjasafn Íslands fólki að koma með forngripi eða gamla muni í skoðun og greiningu. Víða á heimilum fyrirfinnast gripir frá eldri tíð, en fljótt fennir yfir slóðina og eigendur vita fátt um gripina, til hvers voru þeir notaðir, hvað eru þeir gamlir? Þetta geta verið útskornir munir, skart eða hvaðeina það sem gamalt virðist vera. Gripirnir þurfa alls ekki að vera frá miðöldum til að teljast gamlir og má í því samhengi benda á að grunnsýning Þjóðminjasafnsins spannar öll 1200 árin í sögu Íslands byggðar, frá landnámstíma til 20. aldar. Þannig eru margar nýjungar síðustu áratuga nú orðnar „gamlar“ eða „fornlegar“. Fyrir mörgum árum var gerð gangskör að því með dönskum sérfræðingi að greina silfur í einkaeign og kom þá margt fróðlegt í ljós.

Sérfræðingar Þjóðminjasafnsins verða á staðnum milli klukkan 14 og 16 og munu taka vel á móti öllum. Tekið skal fram að einungis verður reynt að greina muni með tilliti til aldurs, efnis, uppruna o.s.frv. en starfsmenn safna meta ekki verðgildi gamalla gripa enda eftirmarkaður með eldri muni hér á landi vanþróaður þótt erlendis séu viðskipti með fornmuni mikil og söfnun eldri muna tómstundagaman fyrir marga. Eigendur taka gripina með sér aftur að lokinni skoðun og verða þá nokkru fróðari.

Þetta er einstakt tækifæri sem er um að gera að nýta sér. Að þessu sinni gefst kostur á að koma með alls konar gripi til greiningar. Mælist þessi þjónusta vel fyrir hyggst Þjóðminjasafnið efna til fleiri greiningardaga á næsta ári. **- pbb**



**ÞJÓÐMINJAR** Hluti af gjöf Svía fyrr á þessu ári til Þjóðminjasafnsins. Víða leynast eldri munir í einkaeign.

Salurinn

**SUN. 11. NÓV. - FRESTAÐ**
SÖNGTÓNLEIKAR
KEITH REED & GERRIT SCHUIL
FRESTAÐ TIL 20. JAN. KL. 20

**ÞRIÐJUDAGUR 13. NÓV. KL. 20**
SÖNGTÓNLEIKAR - DEBUT
JÓN S. JÓSEPSSON OG GUÐRÚN DALÍA
Miðaverð 2000/1600 kr.

**FIMMTUDAGUR 15. NÓV. KL. 20**
SMÁ-TÓNLEIKAR MEÐ MANNA-KORNUM
Miðaverð 3000 kr.

**LAUGARDAGUR 17. NÓV. KL. 17**
TÍBRÁ: FÍFILBREKKA GRÓIN GRUND
DAGSKRÁ Í ORÐUM OG TÓNUM!
Miðaverð 2000/1600 kr.

AÐALSTYRKTARAÐILI SALARINS SPK SPARISJÓÐURINN
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

# Blóm og klaki

Í byrjun mánaðarins opnuðu tvær einkasýningar í START ART listamannahúsi á Laugavegi 12b.

Inga Rósa Loftsdóttir sýnir í Forsal ljósmyndaröð sem hún nefnir „Ársskammtur af blómum“. Ljósmyndirnar, sem eru nærmyndir af íslenskum blómum, eru teknar á einu ári, frá júní 2006 til júní 2007. Inga Rósa heillaðist af fegurð blóma í nærmynd og ákvað því að búa til ljósmyndasyrpu með öllum þeim blómum sem fyrir augu hennar bar í heilt ár. Á Loftinu sýnir Alistair Macintyre þrjú stór verk sem hann nefnir „Schiehallion“. Verkin eru unnin í framhaldi af fyrri einkasýningum listamannsins í Gallerí Turpentine og á Kjarvalsstöðum.

Eins og í fyrri verkum vinnur Alistair með náttúruöflunum og lætur þau taka þátt í að skapa einstök listaverk í ferðalagi um tímann með þeim efnahvörfum og umskiptum sem eiga sér stað á slíku ferðalagi. Verkin eru unnin á þykkan pappír og vega salt milli þess að teljast tví- eða þrívíð.

START ART er opið virka daga frá kl. 10-17 og laugardaga frá kl. 11–16. Sýningarnar standa báðar yfir til 28. nóvember. **-vþ**



**ÍSVERK** Eitt af verkum Alistairs Macintyre á sýningunni í StartArt.

ÆVINTÝRI Í IÐNÓ
–söguveisla með Guðrúnu Ásmundsdóttur



FRÁBÆRIR LEIKDÓMAR
Fimm stjörnur frá *Jóni Viðari Jónssyni*
„Hér var hluti íslensku leiklistarsögunnar sögð út frá sjónarhorni stúlku sem elskaði hús“
*Elísabet Brekkan*
„Það er gott að koma í þetta 110 ára gamla hús og ylja sér við minninguna um þann arf og vera minnt á sameiginlegar rætur. Til hamingju Guðrun Ásmundsdóttir“
*María Kristjánsdóttir*

SÝNINGARDAGAR

| | |
|---|---|
| Laugardag | 10. nóv. kl. 20.00 |
| Fimmtudag | 15. nóv. kl. 14.00 |
| Föstudag | 16. nóv. kl. 20.00 |
| Sunnudag | 20. nóv. kl. 20.00 |
| Fimmtudag | 22. nóv. kl. 14.00 |
| Föstudag | 23. nóv. kl. 20.00 |
| Sunnudag | 25. nóv. kl. 14.00 |
| Fimmtudag | 29. nóv. kl. 14.00 |
| Laugardag | 1. des. kl. 14.00 |

SÍÐUSTU SÝNINGAR FYRIR JÓL
IÐNÓ
Miðasala á midi.is og í miðasölu Iðnó • Sími 5629700 • Idno.blog.is • www.idno.is • idno@xnet.is



BJARNI THOR · DIDDÚ
ÁGÚST · SIGRÍÐUR · KURT
ÓPERUPERLUR
FRUMSÝNING 17. NÓVEMBER 2007
WWW.OPERA.IS
MIÐASALA 511 4200
ÍSLENSKA ÓPERAN

GERÐUBERG
www.gerduberg.is
Síðasta sýningarhelgi!!



**Handverkshefð í hönnun**
Missið ekki af sýningu 34 hönnuða, lista- og handverksfólks
Leiðsögn á sunnudaginn kl. 14



**Úr ríki náttúrunnar**
Alþýðulistakonan Guðmunda S. Gunnarsdóttir sýnir málverk og myndverk úr rekaviði og steinum



**Vissir þú...**
af góðri aðstöðu fyrir ráðstefnur, veislur, námskeið, fundi o.fl.
Nánar á www.gerduberg.is

Sýningarnar standa til 11. nóvember og eru opnar virka daga frá kl. 11 -17 og um helgar frá kl. 13 - 16 • Gerðuberg • sími 575 7700


BT
SAM-A MYND
Á BT VERÐI
DVD
999
LENDIR Á FÖSTUDAGINN
DVD
999
DVD
4.999
AÐEINS Í BT!!!!!
2.999
Hver sería
SENDU SMS SKEYTIÐ
BTC PIR Á NÚMERIÐ
1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
VINNINGAR: HARRY POTTER, PIRATES, DESPERATE HOUSWIFES, FRIENDS, JUNGLE BOOK, HARA, BLOODGROUP, MUGISON, I-POD, FERÐA DVD, HEIMABÍÓ, ÁRSKORT Í SMÁRABÍÓ, 42"PLASMAT-EKI.
PIRATES of the CARIBBEAN
BT
SMS LEIKUR SKÍFUNNAR OG BT
SKÍFAN
Með fyrirvara um prentvillur,myndbrengl og uppseldar vörur.
Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum.
Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri • Reykjanesbær

## > ELDRI KONUR KYNÞOKKAFYLLSTAR

Fyrrverandi fyrirsætan Catherine Bailey, eiginkona ljósmyndarans Davids Bailey, situr fyrir í nýrri auglýsingaherferð fyrir nærfatalínu Agent Provocateur. Bailey er 46 ára og er einstaklega glæsileg á myndunum og segir: „ Ég er stolt af vextinu. Ég er ánægðari með líkama minn núna en þegar ég var tvítug.“



# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í ...



gullfallega „svana“ peysu frá Liborius, Laugavegi.



afskaplega svala Purple Half Cab strigaskó frá Belleville, Laugavegi.



skemmtilega „retro“ snyrtibuddu frá Anya Hindmarch, fæst í Þremur hæðum, Laugavegi.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

# Berir bossar í garðinum

Fólk er eins misjafnt og það er margt og það er líka eins gott. Það frumlegasta sem á mínar fjörur hefur rekið varðandi klæðaburð eða lífsstefnu átti sér stað um dálítið skrautlega helgi á unglingsárum mínum. Ég var í sumarfríi í Bretlandi og vinur minn hafði boðið mér og nokkrum hressum krökkum að dvelja um helgi á sveitasetri foreldra sinna í um tveggja tíma fjarlægð frá Lundúnum. Ég og vinkona mín tókum lest og vorum svo sóttar á stöðina og keyrðum í sólskini gegnum dásamlega græn engi og fallega skóga. Á leiðarenda var stórt og stæðilegt gamalt hús umkringt endalausum görðum í blóma. Þegar við hringdum dyrabjöllunni fékk ég hins vegar mesta áfall minna sautján ára. Til dyra kom vingjarnlegur miðaldra maður sem hélt á garðkönnu og var í strigaskóm. Já, ekki misskilja. Hann var EINGÖNGU með garðkönnu og í strigaskóm og með bros á vör. Utan þess var hann allsnakinn. Ég er frekar diplómatísk týpa og reyndi eftir mesta megni að má sjokkið af andliti mínu og setja upp pókerfeisið og reyna að kynna mig með kurteisasta móti en vissi hreinlega ekki hvert ég átti að horfa. Þegar við gengum inn hnippti vinur minn í mig og hvíslaði, „Æ, sorrí, ég gleymdi að segja þér að foreldrar mínir eru nektarsinnar.“ Svo var það ekki útskýrt neitt frekar og ég þurfti bara að ganga í humátt á eftir dálítið gömlum nöktum bossa inni í eldhús og vera boðið upp á te eins og ekkert væri eðlilegra. Stundarkorni síðar opnuðust eldhúsdyrnar sem lágu að garðinum og þar geystist inn afar brosmild kona með garðyrkjuhanska og í vaðstígvélum. Og engu öðru. Það er einstaklega furðuleg reynsla að reyna að eiga kurteislegar samræður við foreldra vina þinna þegar þeir sitja allsnaktir í eldhúsinu en ég held að mér hafi tekist ágætlega upp. Um kvöldið mætti fullt af unglingum til grillveislu og þá bauð húsfreyjan upp á kampavín og eiginmaðurinn grillaði dýrindis mat ofan í liðið.Ég get hiklaust sagt að ég dáðist að þeim fyrir hversu laus við alla spéhræðslu þau voru og dáðist enn meir að hinum sautján ára syni þeirra, sem lét þetta ekkert á sig fá. Honum fundust foreldrar sínir bara dálítið sérvitrir .




FRUMSÝND 16. NÓVEMBER!

STÓRSKEMMTILEG RÓMANTÍSK GAMANMYND




Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.




**LAXABLEIKUR KIMONO** Dásamlegur gamaldags glamúr frá Alexander McQueen.





**SEXÍ** Fölgrár kjóll frá Ninu Ricci og svartur og bleikur kimono frá Alexander McQueen.

## EXÓTÍSK SVEFNHERBERGISSTEMNING

# Hönnuðir sækja innblástur til undirfatnaðar

Næturklæði ýmiss konar og „boudoir“-stemning ríkti hjá mörgum hönnuðum fyrir tískusýningarnar í vor. Breski hönnuðurinn Alexander McQueen sýndi guðdómlega línu sem var innblásin af tískudrottningunni Isabellu Blow sem lést fyrr á árinu. Kimonosloppar og gamaldags blúndukjólar ásamt fögrum herðapúðum og níðþröngum mittislínum minntu á kvikmyndir frá um 1930. Viktor og Rolf, Nina Ricci og Christian Dior sýndu einnig silki og blúndur og stemningin varð eins konar miðnæturfantasía sem gengur líka alveg upp í glæsileg kokteilboð. Það væri nú skemmtileg tilbreyting að sjá kimono-kjóla á Eddunni í stað smekklausra kerlingarkjóla...

- amb



**EFNISLÍTIÐ** Hlébarðakjóll frá Dior og falllegar blúndur frá McQueen.





**RÓMANTÍSKT** Sætar blúndur hjá Viktor&Rolf.



**SHANGHAI-GLAMÚR** Appelsínugulur kimono-kjóll frá Alexander McQueen.

## „BOUDOIR“ LÚKKIÐ

- Prófaðu að leita í búðum sem selja notuð föt að fallegum undirkjólum úr silki sem geta líka gengið sem kvöldkjólar.
- Ekki vera of áberandi sexí. Þetta er ekki lúkk sem á að nota með „push-up“ brjóstahöldum eða mikilli nekt.
- Ekta japanskir kimono-sloppar úr silki eru frábær kvöldklæðnaður. Notaðu þá við svartar sokkabuxur og síðbuxur.
- Svört blúnda kemur sterkt inn í vetur, og nú er um að gera að draga hana fram í bland við silki, flauel og satín.

# Æsispennandi saga um heim fíknar og ofbeldis

Þrír grímuklæddir menn kveikja í amfetamínverksmiðju í Eistlandi og skilja eftir sig blóði drifna slóð – og krot sem minnir á rúnaletur. Í Hollandi finnast mannslík með rúnaristum. Í sumarbústað við Þingvallavatn finnast lík þriggja manna sem hafa verið myrtir á hryllilegan hátt.

Í þessari æsispennandi sögu vefur Þráinn Bertelsson listilegan vef um heim fíknar og ofbeldis.






KEMUR EINNIG ÚT SEM HLJÓÐBÓK

**„Ísmeygilega fyndin og hörkuspennandi og felur í sér hvassa ádeilu á samtímann.“**

*Morgunblaðið* / Steinunn Inga Óttarsdóttir um *Dauðans óvissa tíma*

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

## > DRAUMAR VICTORIU

Þegar Victoria Beckham hét ennþá Victoria Adams hafði hún ákveðnar skoðanir á því hverju hinn fullkomni maður þyrfti að búa yfir. „Mér líkar við mann sem getur verið alvöru vinur, hefur gott skopskyn, á flotta skó og almennilegt gullkort,“ sagði hún þá, og ætti því að vera ánægð með David sinn Beckham, sem uppfyllir í það minnsta eitt skilyrði.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Konur hafa meiri húmor en karlar

Þorgrímur Þráinsson stendur í ströngu við að fræða landsmenn um samskipti kynjanna á skemmtikvöldum um land allt í kjölfarið á útgáfu bókar hans, Hvernig gerirðu konuna þína hamingjusama? Hann hefur komið fram á kvennakvöldum og karlakvöldum og heimsótt blandaða hópa og kveðst hafa orðið var við mikinn mun á kynjunum í umræðum um samlíf og kynlíf.

„Ég held að konur hafi mun meiri húmor fyrir þessari bók en karlmenn. Ég les ekki það sama fyrir karla- og kvennahópa, ég er búinn að finna út hvað virkar á hvorn hóp fyrir sig,“ segir Þorgrímur, og tínir til dæmi. „Konur hlæja til dæmis alltaf rosalega mikið þegar ég spyr hver munurinn sé á g-bletti og golfkúlu. Svarið er að karlmenn geta varið klukkutíma í að leita að golfkúlunni. Karlarnir hlæja ekki jafn mikið og finnst þetta kannski feimnismál,“ segir Þorgrímur, sem kveðst þó skilja þá afstöðu. „Konur eru náttúrulega flóknar, rétt eins og við,“ segir hann.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er Þorgrímur þéttbókaður fram að jólum. „Það er eitthvað að gerast á kvöldin hjá mér svona þrisvar, fjórum sinnum í viku,“ segir Þorgrímur. Aðspurður hvort hann óttist þá ekki að sofna ofan í jólamatinn hlær hann við. „Ég æfi alltaf í hádeginu, þá hef ég endalaust þrek, en kannski meira samviskubit yfir því að vera alltaf að hlaupa út frá fjölskyldunni á kvöldin. Þetta er samt bara ákveðin vertíð og ég sinni henni,“ segir Þorgrímur. - sun



**KVENNAKVÖLD Í BLÓMAVALI** Þorgrímur Þráinsson ferðast skemmtikvölda á milli og ræðir um samskipti kynjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

## Vill stöðva verkfallið



ARNOLD SCHWARZENEGGER

Vöðvabúntið Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu, vill gera allt sem í sínu valdi stendur til að binda endi á verkfall handritshöfunda í Hollywood. „Það er mjög mikilvægt að komast að samkomulagi sem fyrst vegna þess að þetta hefur gríðarlega mikil efnahagsleg áhrif á ríkið okkar,“ sagði leikarinn fyrrverandi. Verkfallið, sem hófst síðastliðinn mánudag, er fyrsta verkfall handritshöfunda í Hollywood síðan 1988. Hefur tökum á þáttum á borð við Aðþrengdar eiginkonur og 24 verið frestað þess vegna.

## Fékk þrjár tilnefningar



MATT DAMON

Hasarmyndin The Bourne Ultimatum hefur verið tilnefnd til þrennra People´s Choice-verðlauna, sem verða afhent í 34. sinn í Los Angeles 8. janúar. Er hún tilnefnd sem besta myndin og besta hasarmyndin auk þess sem Bourne-serían er tilnefnd sem besti þríleikurinn.

Johnny Depp var tilnefndur sem besti leikarinn og besta hasarmyndahetjan fyrir hlutverk sitt í Pirates of the Caribbean. Vann hann í báðum þessum flokkum á síðasta ári. Í ár keppir hann um hasarverðlaunin við Matt Damon sem lék í The Bourne Ultimatum og Bruce Willis sem lék í fjórðu Die Hard-myndinni.

# Stjörnurnar styðja handritshöfunda



TINA FEY · JAY LENO · JULIANNE MOORE · DAVID DUCHOVNY · RAY ROMANO · ROBIN WILLIAMS NORDICPHOTOS/GETTY

### STUÐNINGUR Í VERKI

Margar stjörnur úr englaborginni hafa sýnt stuðning sinn við handritshöfunda í verki. **Jay Leno** og **Ray Romano** glöddu þá með mat og **Julianne Moore** og **Robin Williams** slógust í hóp með mótmælendum í New York. Þar var einnig að finna **David Duchovny** og **Tinu Fey**, en þau tilheyra einnig hópi handritshöfunda.

**Verkfall handritshöfunda í Hollywood setur strik í reikninginn hjá mörgum. Þó hafa margar stjörnur sýnt stuðning sinn við höfundana í verki.**

Verkfallið hefur sett mark sitt á helstu vígstöðvar kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðarins í Bandaríkjunum frá því á mánudag, þegar höfundar lögðu pennana frá sér. Lausn á deilu þeirra við fulltrúa kvikmyndaiðnaðarins er ekki í sjónmáli og klukkan tifar jafnt fyrir spjallþætti og leiknar þáttaraðir. Framleiðsla á þáttum Jays Leno og Davids Letterman liggur niðri. Ekki er búið að semja fleiri handrit að Aðþrengdum eiginkonum og telur framleiðandinn að sjónvarpsstöðin ABC muni verða uppiskroppa með þætti fyrir jól. Ugly Betty, einn vinsælasti þátturinn vestra, á í svipuðum vanda, en handritshöfundar hans breyta handritunum gjarnan með mjög skömmum fyrirvara.

Þó að verkfallið setji strik í reikninginn hjá mörgum hafa ófáar stjörnur sýnt stuðning sinn við handritshöfunda í verki. Jay Leno slóst í hóp mótmælanda í Los Angeles, eins og allur leikhópur Ugly Betty, og bauð mótmælendum upp á kleinuhringi. „Ég hef unnið með þessu fólki í tuttugu ár. Án þess er ég ekki fyndinn,“ sagði hann. Hinn sívinsæli Ray Romano, sem bauð mótmælendum fyrir utan Paramount Studios upp á beyglur, ávexti og appelsínusafa, segir Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóra Kaliforníu, eiga að beita sér fyrir því að leysa deiluna í ljósi eigin reynslu af kvikmyndaiðnaðinum. „„I'll be back“ – það skrifaði einhver. Hann bjó það ekki til sjálfur,“ sagði Romano.

Robin Williams og Julianne Moore slógust í hóp mótmælenda í New York, eins og Holly Hunter, David Hyde Pierce og Christopher Meloni úr Law and Order: Special Victims Unit. Þar var David Duchovny einnig að finna, en hann er einn af mörgum leikurum sem tilheyra einnig samtökum handritshöfunda. Tina Fey, úr Saturday Night Live og 30 Rock, er í sömu sporum, og hún lét sig ekki heldur vanta í stuðningsliðið. „Ég er fyrst og fremst handritshöfundur. Ég hefði aldrei fengið að leika ef ég hefði ekki skrifað fyrst,“ sagði Fey.

Verkfall handritshöfunda er það fyrsta í nítján ár. Síðast stóð það yfir í 22 vikur og kostaði iðnaðinn þá um 500 milljónir dala.






FM957
PIRATES of the CARIBBEAN
AT WORLD'S END
Komin á DVD
með íslenskum texta
JÓLALEIKUR
PIRATES OF THE CARIBBEAN: AT WORLD´S END
Nánari uppl. á www.fm957.is
ATH: Geymið miðann
Skráðu þig á www.fm957.is
PC319685
TAKTU ÞÁTT Í JÓLALEIK PIRATES 3*
Límmiðinn á myndinni gæti fært þér 42 TOMMU PHILIPS PLASMA SJÓNVARP, Ipod, árskort í Sambíóin og margt fleira.
Nánari upplýsingar á www.fm957.is
FM957
SAM MYNDIR
ATH!
*PIRATES 3 með jólaleiksmiðanum fæst í öllum verslunum nema BT og Skífunni



**SIGUR RÓS** Hljómsveitin Sigur Rós hefur ýtt úr vör samkeppni um besta myndbandið.

## Samkeppni Sigur Rósar

Hljómsveitin Sigur Rós hefur ýtt úr vör samkeppni í tengslum við heimildarmyndina Heima sem kom út víða um heim fyrir skömmu. Aðdáendum sveitarinnar gefst kostur á að búa til sína eigin heimildarmynd í kringum útgefið myndefni úr Heima, sem þeir geta sótt á netinu.

Senda þeir síðan myndina inn á heimasíðuna Youtube og munu meðlimir Sigur Rósar ásamt leikstjóra Heima, Dean DeBlois, og fleiri aðilum sem unnu við gerð myndarinnar velja þar sigurvegarann. Skilafrestur er til fimmta desember og í fyrstu verðlaun eru innrammaðar ljósmyndir úr Heima, áritaðar af Sigur Rós.



**VEÐRAMÓT OG SIGTIÐ**

Báðir álitsgjafar Fréttablaðsins telja að kvikmyndin **Veðramót** fái flest verðlaun á Edduverðlaunahátíðinni á sunnudag. Þeir skjóta auk þess báðir á að hörð samkeppni verði á milli **Sigtisins** án Frímanns Gunnarssonar og Næturvaktarinnar í flokknum „Leikið sjónvarpsefni ársins“.



# Veðramót líklegur sigurvegari

**Edduverðlaunin verða afhent í beinni útsendingu á sunnudag. Fréttablaðið talaði við tvo formenn kvikmyndafélaga í framhaldsskólum og fékk þá til að spá í spilin.**

„Mér finnst Veðramót skara fram úr í flokki kvikmynda,“ segir Geoffrey Þ. Huntingdon-Williams, oddviti myndbandaráðs Menntaskólans við Hamrahlíð. „Bæði Veðramót og Foreldrar eru góðar myndir sem fjalla um áhugavert efni en mér finnst undarlegt að mynd eins og Vandræðamaðurinn sé tilnefnd og Astrópía ekki. Ég held að Veðramót taki þetta, leikurinn kemur meira á óvart en í Foreldrum og hún var skemmtilegri áhorfs.“ Hann spáir Sigtinu án Frímanns Gunnarssonar sigri í flokki leikins



**ÁLITSGJAFI** Árni Pétur Arnarsson.



**ÁLITSGJAFI** Geoffrey Þ. Huntingdon-Williams.

sjónvarpsefnis. „Þættirnir um Næturvaktina eru frábærir. Allt sem Jón Gnarr snertir virðist verða að gulli. Ég myndi engu að síður skjóta á að Sigtið sigri þótt þetta sé tvísýnt. Sá þáttur hefur meiri rótfestu, er frábærlega leikinn og fer vel með áhugavert efni. Mér finnst þessir þættir þrepinu ofar en Stelpurnar hvað gæði varðar. Sketsaþættir verða þreyttir til lengdar.“ Geoffrey spáir Gunnari B. Guðmundssyni leikstjóraverðlaununum fyrir Astrópíu. „Hann var mikið til að vinna með leikara sem ekki eru menntaðir sem slíkir og tókst vel upp. Auk þess er myndin sjónrænni en báðar hinar. Það þarf að vera gott til að ganga upp eins og í Astrópíu.“ Hann telur að Veðramót verði sigurvegari kvöldsins á Eddunni. „Myndin er frábær og verður tvímælalaust sett í flokk með bestu myndum síðustu áratuga.“

Árni Pétur Arnarsson, formaður kvikmyndafélags Menntaskólans á Akureyri, finnst Vandræðamaðurinn besta kvikmyndin sem tilnefnd er. „Hún er frumleg og fjallar um annað efni en hefðbundnar íslenskar myndir. Hinar myndirnar eru báðar ágætar en helst til „íslenskar“ – of líkar öðrum íslenskum myndum og ófrumlegar. Ég er samt alls ekki viss um að Vandræðamaðurinn sigri.“ Árni Pétur spáir því að Næturvaktin beri sigurorð af Stelpunum og Sigtinu. „Það er mikið afrek að búa til svona marga fáránlega karaktera og fá það til að ganga upp eins og í Sigtinu. Húmorinn er góður og virkar. Ég held að Næturvaktin vinni engu að síður. Nýir, vinsælir, stórir og góðir þættir sem eru að slá í gegn. Þeir verða að teljast líklegir.“ Árni Pétur spáir því að Ragnar Bragason vinni leikstjóraverðlaunin. „Þótt Guðný hafi staðið sig vel myndi ég veðja mínum peningum á Ragga. Mér finnst það einhvern veginn liggja beint við. Foreldrar er bara meiri „leikstjóramynd“ en Veðramót. Þar er sagan ekki bara sögð með leikurum heldur uppsetningu, myndatöku og sjónrænum elementum.“ Og hver verður sigurvegari hátíðarinnar? „Mér finnst líklegt að Veðramót fái flest verðlaun en tel að Foreldrar muni standa sig vel í þeim flokkum þar sem hún er tilnefnd.“

sigrunosk@frettabladid.is







**REIÐI EDDUNNAR?** Heimildarmyndin um Reiði guðanna hefur unnið til sex verðlauna á kvikmyndahátíðum en er ekki tilnefnd til Eddunnar. Myndin sýnir kvikmyndaiðnað á Íslandi í „óþægilegu“ ljósi.

# Furðar sig á Eddutilnefningum

Heimildarmyndin Reiði guðanna vann til enn einna verðlauna á dögunum á kvikmyndahátíðinni Red Rock í Bandaríkjunum sem besta heimildarmyndin. Þetta eru sjöttu verðlaunin sem myndin vinnur til eftir að hafa verið sýnd á átta hátíðum víðs vegar um heiminn. „Myndin hefur alls staðar hlotið mjög góða dóma,“ segir Jón Ármann Steinsson, annar framleiðenda myndarinnar. Reiði guðanna var sýnd í Sjónvarpinu fyrir skemmstu en hún fjallar um þær raunir sem kvikmyndalið Bjólfskviðu rataði í þegar tökur á myndinni fóru fram hér á landi. „Reiði guðanna hefur tvisvar verið send inn sem kandídat til Eddutilnefningar en í hvorugt skiptið hefur hún hlotið náð fyrir augum nefndarinnar,“ segir Jón Ármann sem segist spyrja sig þeirrar spurningar hvort kjarkleysi valdi því að heimildarmynd sem sýni kvikmyndaiðnað á Íslandi í óþægilegu ljósi sé ekki tilnefnd. „Er bransinn á Íslandi ekki þroskaðri en svo að þeir þori ekki að tilnefna þessa mynd? Ég er ekki að segja að Reiði guðanna sé endilega verðlaunamynd á íslenskan mælikvarða en mér finnst skrítið að hún skuli ekki einu sinni tilnefnd miðað við það lof sem hún fær alls staðar annars staðar. Vonandi er yrkisefninu ekki um að kenna því þá eru tilnefningarnar mjög pólitískar á kvikmyndagerðarvísu.“ Hann bætir því við að það veki einnig furðu sína að Astrópía skuli ekki fá fleiri tilnefningar. „Það er út í hött. Veðramót fær ellefu tilnefningar en Astrópía, mynd sem hefur hlotið hylli áhorfenda, er bæði frumleg skemmtun og góð kvikmyndagerð er nánast hundsuð. Það hefur ekki komið betri kvikmyndagerð úr íslenskum ranni í mörg herrans ár. - sók



**HISSA** Jón Ármann Steinsson framleiddi Reiði guðanna.

# 20% afsláttur
## af allri íslenskri tónlist

### -úrval af nýrri tónlist á íslenskum tónlistardögum

Einar Ágúst flytur lög af væntanlegri plötu sinni laugardaginn kl. 16:00 í Smáralind og kl. 14:00 í Kringlu á sunnudag




**Einar Ágúst**
- Það er ekkert víst að það klikki

Sprengjuhöllin áritar í Smáralind kl. 14:00 á sunnudag



TILBOÐ 1.599kr Verð áður 1.999,-

**Sprengjuhöllin**
- Tímarnir okkar

Magni spilar og áritar kl. 14:00 í Smáralind á laugardag og kl 16:00 í Smáralind á sunnudag



TILBOÐ 1.599kr Verð áður 1.999,-

**Magni**

Regína Ósk áritar í Kringlunni kl. 14:00 á laugardag



TILBOÐ 1.599kr Verð áður 1.999,-

**Regína Ósk** - Ef væri ég




TILBOÐ 1.599kr Verð áður 1.999,-

**Páll Óskar** - Allt fyrir ástina



TILBOÐ 1.599kr Verð áður 1.999,-

**Astrópía**



TILBOÐ 1.999kr Verð áður 2.499,-

**100 Íslensk Barnalög**



TILBOÐ 1.999kr Verð áður 2.499,-

**Íslandslög 1 - 6**



TILBOÐ 1.599kr Verð áður 1.999,-

**Guðrún og Friðrik**
- Ég skemmti mér um jólin



TILBOÐ 1.599kr Verð áður 1.999,-

**Megas** - Megas og senuþjófarnir




TILBOÐ 3.759kr Verð áður 4.699,-

**Ný Dönsk** - allt



TILBOÐ 1.999kr Verð áður 2.499,-

**Ný Dönsk - 1987-2007**



TILBOÐ 1.599kr Verð áður 1.999,-

**Cortes**

Gildir til 15. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# Segist ekki vera furðufugl



MICHAEL JACKSO Fyrrverandi konungur poppsins segist ekki vera furðufugl eins og svo margir halda.

Fyrrverandi konungur poppsins, Michael Jackson, segist gera sér fulla grein fyrir orðrómi um að hann sé furðufugl en hann láti sér það í léttu rúmi liggja. „Að mínu mati er það fáfræði. Oftast er það ekki byggt á staðreyndum. Á öllum stöðum er náungi sem þú sérð ekki en slúðrar um hann. Þú heyrir sögur um hann og það eru sögusagnir um að hann hafi gert hitt og þetta. Fólk er bara ruglað að halda þetta,“ sagði Jackson í viðtali við tímaritið Ebony.

Jackson, sem er tvífráskilinn þriggja barna faðir, segist lítið hafa breyst síðan hann gaf út metsöluplötu sína Thriller fyrir 25 árum. „Sá Michael er líklega ennþá til staðar. Ég vildi bara ljúka við ákveðna hluti fyrst. Mig langaði alltaf til að ala upp börn og eignast börn. Ég nýt þess mikið.“

Jackson, sem stundum hefur verið kallaður Wacko Jacko, segir að frægð sín hafi verið dýru verði keypt. „Þegar þú ert upp á þitt besta og ert frumherji á þínu sviði reynir fólk að gera lítið úr þér. Ég er samt þakklátur fyrir allar þessar metsöluplötur,“ sagði Jackson, sem hefur selt 750 milljónir platna á ferli sínum.

Heyrst hefur að Jackson ætli að starfa með Kanye West á væntanlegri plötu sinni. Síðasta plata hans, Invincible, kom út 2001 og seldist vel þó að ekkert lag hafi náð miklum vinsældum. Eftir það var hann ákærður fyrir kynferðislegt ofbeldi gegn ungum dreng en var á endanum sýknaður. Hefur hann farið huldu höfði allar götur síðan.

# Lesið úr vinjettum



**VINJETTUSÍÐDEGI** Ármann Reynisson og góðir gestir lesa vinjettur í Listasafni Íslands í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vinjettusíðdegi verður haldið á kaffistofu Listasafn Íslands frá 15 til 17 í dag. Ármann Reynisson rithöfundur sendi nýlega frá sér sjöundu vinjettubók sína og mun lesa upp úr henni ásamt góðum gestum á safninu. Á meðal þeirra gesta eru Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona, Svandís Svavarsdóttir borgarfulltrúi og Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs.

Boðið verður upp á vinjettukaffi, vinjettukonfekt og annað meðlæti. Þá syngur barnakór Grafarvogskirkju nokkur lög undir stjórn Gróu Hreinsdóttur. Aðgangur er ókeypis.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Lost-stjörnurnar **Evangeline Lilly** og **Dominic Monaghan** eru hætt saman, samkvæmt heimildum Entertainmentwise.com. Monaghan, sem er einnig þekktur fyrir frammistöðu sína sem hobbiti í Lord of the Rings, sást í fangi annarar konu á veitingastað í Los Angeles síðastliðinn laugardag. Hann grét í örmum hennar, en heimildarmenn sáu parið einnig kyssast opinberlega. Hvorki Lilly né Monaghan hafa talað opinberlega um samband sitt, en þau trúlofuðu sig fyrr á árinu.



**Jennifer Lopez** staðfesti loksins að hún væri ólétt á tónleikum sínum í Flórída í vikunni. J-Lo gaf þó ekki upp hvenær fyrsta barn hennar og eiginmannsins **Marcs Anthony** er væntanlegt í heiminn. Að auki hefur sá orðrómur lengi verið á kreiki að J-Lo gangi með tvíbura undir belti, og sést hefur til hennar kaupa bæði blá og bleik barnaföt í stórum bunkum. Enn eru því margir forvitnir um væntanlegt afkvæmi latínó-hjónanna.



**Pierce Brosnan** þakkar leik sínum í Bond-myndunum það að hann ráði við hlutverk sitt í kvikmyndinni Mamma Mia! sem gerð er eftir samnefndum Abba-söngleik. Brosnan þarf þar að dansa og syngja, og á Bond margt að þakka. „Það er líka mikil kóreógrafía að baki slagsmálaatriða, svo þetta er ekki svo ólíkt,“ segir hann.



**Amy Winehouse** hefur fengið leyfi til að snúa aftur til vinnu í Bandaríkjunum. Söngkonunni var neitað um inngöngu í landið eftir að hún var handtekin í Noregi í október vegna gruns um að hún hefði eiturlyf í fórum sínum. Winehouse mun þó snúa til Englands á mánudag, þegar eiginmaður hennar verður leiddur fyrir rétt vegna líkamsárásar.






## > Boltasparkið byrjar á ný

Hið gríðarlanga undirbúningstímabil knattspyrnuliða hér á landi má segja að hefjist formlega í dag, þegar fyrsti auglýsti æfingarleikurinn verður spilaður. Breiðablik, sem spilar í Landsbankadeild, tekur þar á móti 1. deildar liði Stjörnunnar og verður leikurinn spilaður í Fífunni í Kópavogi og hefst kl. 11. Breiðablik mætir þar sínum gamla þjálfara, Bjarna Jóhannssyni sem lét nýlega af starfi sem aðstoðarþjálfari íslenska landsliðsins og tók við liði Stjörnunnar og stýrir því í dag í fyrsta sinn.



**sport**

sport@frettabla-

### THEODÓR ELMAR BJARNASON: ER AÐ REYNA AÐ BRJÓTA SÉR LEIÐ INN Í STÓRLIÐ CELTIC

# *Þetta er engin óskastaða hjá mér eins og er*

Theodór Elmar Bjarnason, leikmaður skoska liðsins Glasgow Celtic og U-21 árs landsliðs Íslands, hefur verið að bíða eftir tækifæri með skosku meisturunum og er að vinna sig jafnt og þétt upp hjá liðinu. „Teddy" eins og hann er kallaður í Skotlandi er að gera góða hluti með varaliði Celtic og til að mynda á síðastliðinn miðvikudag lagði hann upp tvö af þremur mörkum varaliðsins í 3-0 sigri þess. „Þetta er kannski engin óskastaða eins og er, að vera bara að spila með varaliðinu, en maður verður bara að halda áfram að leggja mikið á sig og vonast til þess að fá tækifærið hjá aðalliðinu," sagði Theodór og kvaðst líka bara sæmilega vel við Gordon Strachan, stjóra liðsins. „Mér hefur alveg líkað betur við þjálfara, en hann er ágætur kallinn og það er alla vega lítið hægt að setja út á hann þar sem hann hefur náð frábærum árangri," sagði Theodór og kvaðst vera að læra mikið af þessari reynslu. „Ég er mjög sáttur við ákvörðun mína með að framlengja samning minn og ég vissi svo sem alveg að það yrði erfið barátta að komast í byrjunarliðið. En ég er náttúrlega að æfa með heimsklassaleikmönnum, sérstaklega í minni stöðu á miðjunni. Þeir hjálpa mér mjög mikið og segja mér hvað megi betur fara í mínum leik og það er frábært." Með Celtic-liðinu leika meðal annarra á miðjunni skosku landsliðsmennirnir Paul Hartley og Scott Brown, japanski landsliðsmaðurinn Shunsuke Nakamura og tékkneski landsliðsmaðurinn Jiri Jarosik.



Theodór kvaðst þó alls ekki vera mótfallinn því að fara í láni frá Celtic eitthvert annað og öðlast þannig reynslu á því að spila reglulega í byrjunarliði. „Ég er náttúrlega tvítugur og þarf að fara að spila reglulega en það hefur ekkert verið rætt við mig um möguleikann á því að fara einhvert á láni. En eins og staðan er núna myndi ég taka því fagnandi ef sá möguleiki kæmi upp," sagði Theodór.



**SIGRI FAGNAÐ** Krakkarnir úr Engidalsskóla unnu öruggan sigur á fyrsta skólasundmóti SSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/JANA STURLAUGSDÓTTIR

### Fyrsta skólasundmót SSÍ:

# Engidalsskóli vann örugglega

**SUND** Engidalsskóli úr Hafnarfirði vann sigur á fyrsta skólasundmót SSÍ fyrir sjötta bekk grunnskóla. Mikil stemning ríkti á mótinu og skólarnir mættu allir með stuðningslið.

Keppt var í 6 boðsundsgreinum og var þetta liðakeppni á milli skóla. Engidalsskóli varð efstur með 116 stig en krakkarnir þaðan leiddu keppnina allan tímann. Hörkukeppni var hins vegar um næstu þrjú sæti en þar náði Ölduselsskóli 2. sætinu með 99 stig, Engjaskóli varð í 3. sæti með 98 stig og Foldaskóli kom síðan í 4. sæti með 97 stig. Í fimmta sæti varð Borgaskóli með 84 stig og í því sjötta Hamraskóli með 68 stig.

Við upphaf móts var sundsýning þar sem að landsliðsmennirnir og Ólympíufararnir Jakob Jóhann Sveinsson, Ragnheiður Ragnarsdóttir og Örn Arnarson syntu boðsund og sýndu hvernig skal ræst á sundmótum.

Brian Marshall, framkvæmdastjóri SSÍ, sagði að mót þetta er hluti af stefnu SSÍ í að efla lýðheilsu á Íslandi með því að láta skólakrakka upplifa sund á annan hátt og einnig að gefa auka áherslu á kennslu í skólasundi. Í vor verður haldið álíka mót fyrir 4. bekk grunnskóla og verður það mót opið öllum. - óój

# Hugmyndir um skíðahús í Úlfarsfelli

**Skíðasamband Íslands er með stórhuga hugmyndir um að reisa yfirbyggt skíðasvæði í Úlfarsfelli, með löglegri keppnisbraut, snjóbrettabraut, verslunar- og veitingarekstri og hóteli. Undirbúningsvinna er vel á veg komin og viðræður standa yfir við borgaryfirvöld um landsvæði fyrir skíðahúsið.**

**SKÍÐI** Samkvæmt frétt sem birtist nýverið á opinberri heimasíðu Alþjóða skíðasambandsins eru uppi hugmyndir um að reisa risastórt skíðahús á Ísland þar sem gert er ráð fyrir um 800 metra langri löglegri keppnisbraut, auk snjóbrettasvæðis, veitingastaða, verslana og hótels. Fréttablaðið forvitnaðist um málið og sló á þráðinn til Daníels Jakobssonar, formanns Skíðasambandsins, og Helga Geirharðssonar, verkfræðings og formanns mannvirkjanefndar Skíðasambandsins.

„Þetta mál er komið talsvert lengra en að vera bara einhver draumur og við erum komin talsvert á veg í hönnunarvinnu og rekstraráætlunum," sagði Daníel og Helgi tók í sama streng og útskýrði nánar. „Við erum búin að vinna hörðum höndum við að koma þessu verkefni á koppinn og eftir forvinnu og rekstraráætlanir stöndum við núna í samningaviðræðum við borgaryfirvöld um lóð fyrir húsið," sagði Helgi og staðfesti að þegar hefðu nokkrir fjárfestar sýnt verkefninu mikinn áhuga.

„Skíðasambandið er félagasamtök og sækir um lóðina með því markmiði að skapa varanlega skíðaaðstöðu fyrir skíðasambandið og áhugafólk um skíðamennsku, en við leitum svo eftir sjálfstæðum fjárfestum í verkefnið án fjárhagslegs stuðnings sveitarfélaga, borgar eða ríkis. Framlag borgarinnar til verkefnisins er því fyrst og síðast að leggja til land fyrir skíðahúsið," sagði Helgi og kvað staðsetningu verkefnisins afar mikilvæga.



**GLÆSILEGT** Því er ekki að neita að hugmyndir um hvernig skíðahúsið á að líta út er tilkomumiklar. FRÉTTABLAÐIÐ/SPORTIMAGE+SDMEDIA



**ÞJÓNUSTA** Gert er ráð fyrir að verslunar- og veitingaaðstöðu í skíðahúsinu, auk hótels. FRÉTTABLAÐIÐ/SPORTIMAGE+SDMEDIA



**KEPPNISBRAUTIN** Gert er ráð fyrir löglegri keppnisbraut í heimsbikarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/SPORTIMAGE+SDMEDIA

„Úlfarsfellið er draumastaður fyrir okkur í sambandi við skíðahúsið og við teljum að sú staðsetning sé lykillinn að því að fá tilsettan fjölda viðskiptavina til þess að skíðahúsið og rekstur þess geti með góðu móti staðið undir sér. Við gerum ráð fyrir því að skíðahúsið standi á eigin fótum en auðvitað munum við svo gera samninga við sveitarfélögin í kring, t.d. í sambandi við aðgengi að húsinu fyrir skólakrakka og svo framvegis, auk þess að þjónusta þau íþróttafélög sem tengjast skíðaíþróttinni," sagði Helgi og kvað skíðahús vera þá leið sem flestir væru að fara í dag.

„Það eru einhver 60-70 svona hús annaðhvort í bígerð eða þegar komin upp í heiminum og það hefur sýnt sig að þetta er góð leið til þess að þjónusta skíðaíþróttina," sagði Helgi og kvaðst ekki bara eiga við höfuðborgarsvæðið.

„Við höfum einnig fengið viðbrögð af landsbyggðinni þar sem eru góð skíðasvæði þar sem menn telja að með þessari starfsemi fáist enn fleiri gestir en áður þar sem fleiri íbúar höfuðborgarsvæðisins muni stunda íþróttina. Við sjáum þetta heldur ekki sem samkeppni við rekstur núverandi skíðasvæða þar sem skíðafólk mun ávallt leita eftir fjölbreytni. Okkar vonir standa helst til að hægt sé að reka skíðahús og skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins sem eina heild. Slíkur rekstur getur skapað verulega hagræðingu á núverandi skíðasvæðum, sem í dag þurfa að halda úti nokkrum fjölda starfsfólks allt árið," sagði Helgi. omar@frettabladid.is

### KR-ingar eru byrjaðir að styrkja sig fyrir Landsbankadeildina næsta sumar og sömdu við þrjá nýja leikmenn:

# Lið eins og KR á að vera í toppbaráttu

N1 N1 DEILDIN
Laugardagur 10. nóv.
N1 deild karla
Framhús kl. 15.00
Fram - ÍBV
KA heimilið kl. 16.00
Akureyri - Afturelding
N1 deild kvenna
Digranes kl. 14.00
HK - Fylkir
KA heimilið kl. 16.00
Akureyri - Grótta
Ásvellir kl. 18:00
Haukar - FH

**FÓTBOLTI** KR hélt blaðamannafund í fyrradag þar sem þrír nýir leikmenn voru kynntir til sögunnar: þeir Guðjón Baldvinsson, Gunnar Örn Jónsson og Grétar Sigfinnur Sigurðsson, ásamt því að framlengdir voru samningar við nokkra leikmenn sem voru fyrir hjá liðinu. Logi Ólafsson var að vonum sáttur með gang mála hjá KR þegar Fréttablaðið tók stöðuna á honum.

„Ég tel að nýju leikmennirnir eigi allir eftir að styrkja KR-liðið mikið. Ég lagði ríka áherslu á að fá þá til félagsins og það er mikill fengur fyrir félagið að samningar við þá séu í höfn. Gunnar Örn kemur með mikinn hraða inn í kantspilið hjá okkur, hann sýndi hvers hann er megnugur með Breiðabliki síðasta sumar og á eftir að nýtast okkur mjög vel. Guðjón er að sama skapi snöggur og ég hef fylgst lengi með honum. Ég tel að hann sé öðruvísi en þeir framherjar sem eru fyrir hjá KR og það á eftir að gefa okkur nýja möguleika í sóknarleiknum. Grétar Sigfinnur er auðvitað gamall KR-ingur og hefur mikinn metnað og getu til þess að standa sig fyrir okkur og ég er viss um að hann geri það," sagði Logi og ítrekaði enn fremur mikilvægi þess að framlengja samninga við leikmenn sem voru þegar til staðar hjá KR. „Það er mjög mikilvægt að halda ákveðnum kjarna áfram, þar sem við erum búnir að missa reynslumikla menn eins og Sigþór Júlíusson, Ágúst Gylfason og Rúnar Kristinsson, en sá síðastnefndi mun reyndar áfram vera mikilvægur hlekkur sem yfirmaður knattspyrnumála hjá félaginu," sagði Logi en einnig er búið að ganga frá áframhaldandi samningi við Sigurstein Gíslason aðstoðarþjálfara, varnarjaxlinn Þormóð Egilsson og svo sérstakan styrktarþjálfara. „Ég er mjög ánægður með að vera áfram með Sigurstein mér við hlið og að sama skapi er það mjög jákvæð og metnaðarfull þróun að nýta Rúnar með stöðu sinni til þess að miðla þeirri reynslu sem hann býr yfir. Ég reikna með því að Rúnar verði með séræfingar fyrir miðjumenn og sóknarmenn og Þormóður á svo eftir að hjálpa til með varnarmennina. Við erum svo búnir að ráða sérstakan styrktarþjálfara sem mun sjá til þess að liðið verði líkamlega vel á sig komið og við munum leggja mikla áherslu á hans vinnu á undirbúningstímabilinu," sagði Logi ákveðinn en kvaðst þó ekki finna fyrir neinni sérstakri pressu fyrir komandi tímabil. „Við ákváðum það í sameiningu að vera ekki með neinar stórar yfirlýsingar, heldur ætlum við að einbeita okkur að því að vinna okkar mál vel og sjá til þess að leikmannahópurinn verði tilbúinn þegar að mótið hefst. Það getur tekið tíma að ná árangri en auðvitað geri ég mér grein fyrir því að lið eins og KR á og vill vera í toppbaráttunni." - óþ



**JARÐBUNDINN** Logi Ólafsson, þjálfari KR, ætlar ekki að koma með neinar stórar yfirlýsingar, heldur undirbúa liðið vel og láta verkin tala. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA


Ferrari
Nýir
tveggja hraða*
Ferrari
smá bílar
1 2 NEW 2 SPEED
1:38
Aðeins 250 krónur ef keyptir eru 20 lítrar af Shell eldsneyti eða
100 krónur ef keyptir eru 20 lítrar af Shell V-Power
Byrjaðu strax að safna!
*Athugið að Formula 1 smábíllinn er með eins hraða, stiglausan mótor
Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.
POWERED BY
Shell
V-Power
Made to move



**EKKERT NEMA TÖP** Signý Hermannsdóttir og félagar í Val bíða enn eftir fyrsta sigri vetrarins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Iceland Express deild kvenna:

## Ekkert gengur hjá Valskonum

**KÖRFUBOLTI** Kvennalið Vals er eina liðið í Iceland Express-deild kvenna sem hefur ekki náð að vinna leik en liðið hefur tapað fimm fyrstu leikjum sínum á tímabilinu.

Valskonur töpuðu síðast 42-45 fyrir Hamar á fimmtudagskvöldið þrátt fyrir að vera með gott forskot nánast allan leikinn og með níu stiga forskot, 40-31, þegar fimm mínútur voru eftir. Hamarsliðið skoraði þá 14 stig í röð, komst fimm stigum yfir og lagði grunninn að sínum fyrsta sigri í vetur.

Lakiste Barkus skoraði 10 af 27 stigum sínum í lokaleikhlutanum og gerði útslagið en Valsliðið er enn án erlends leikmanns. Helga Þorvaldsdóttir lék þarna sinn fyrsta leik í vetur en hún er að byrja aftur eftir barnsburðarfrí.

- óój

Alex McLeish, þjálfari Skota:

## Ítalir hræddir

**FÓTBOLTI Alex McLeish, þjálfari Skota, ætlar að nýta sér það að Ítalir séu hræddir fyrir leik þjóðanna á Hampden Park í undankeppni EM um næstu helgi en Skotar komast í úrslitakeppnina með sigri.**

**„Ítölsku leikmennirnir eru bara mennskir og það er mikil pressa á þeim. Það verður stórslys fyrir ítalska knattspyrnu ef þeir vinna ekki þennan leik,“ sagði McLeish sem ætlar greinilega að setja alla pressuna á Ítali fyrir leikinn.** - óój



**ÖFLUG** Ragna Ingólfsdóttir komst áfram í 8-liða úrslit í bæði einliðaleik og tvíliðaleik í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Iceland Express International:

## 16-liða úrslit voru háð í gær

**BADMINTON** 16 liða úrslit á alþjóðlega badmintonmótinu Iceland Express International fóru fram í gær. Annars vegar tvíliðaleik karla og kvenna og hins vegar í einliðaleik karla og kvenna.

í tvíliðaleik karla sigruðu Magnús Ingi Helgason og Tryggvi Nielsen Danina Peter Mörk og Niklas Hoff í þremur lotum, en í tvíleik kvenna sigruðu Katrín Atladóttir og Ragna Ingólfsdóttir dönsku stúlkurnar Camilla Overgaard og Lotte Bonde örugglega í tveimur lotum. Þrjú önnur íslensk pör eru komin áfram í tvíliðaleik kvenna en þau sátu öll hjá í sextán liða úrslitum.

Í einliðaleik kvenna komust Tinna Helgadóttir, Katrín Atladóttir og Ragna Ingólfsdóttir áfram í 8-manna úrslit, en Sara Jónsdóttir tapaði fyrir hini dönsku Camillu Overgaard og Birgitta Rán Ásgeirsdóttir tapaði fyrir bandarísku stelpunni Lauren Todt.

Engir íslendingar voru meðal keppanda í 16-manna úrslitum í einliðaleik karla. - óþ

Birgir Leifur er sem stendur í efsta sæti á úrtökumóti á Spáni sem er liður í úrtöku fyrir Evrópumótaröðina:

# Birgir Leifur átti þvílíkan draumahring

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson, kylfingur úr GKG, gerði frábæra hluti á úrtökumóti fyrir Evrópumótaröðina á Arcos Gardens-vellinum á Spáni í gær og er í efsta sæti mótsins eftir þrjá hringi. Birgir lék einstaklega gott golf í gær og fór þriðja hring mótsins á 65 höggum, eða sjö höggum undir pari og er því samtals á ellefu höggum undir pari eftir þrjá hringi í mótinu. Fyrir lokahringinn, sem fram fer í dag, er Birgir Leifur í efsta sæti mótsins, einu höggi betri en David Dixon, en Englendingurinn leiddi mótið eftir tvo hringi. Birgir Leifur átti þvílíkan draumahring í gær og spilaði best allra keppenda gærdagsins ásamt Finnanum Roope Kakko, sem fór hringinn einnig á sjö höggum undir pari og er sem stendur í þriðja sæti á eftir þeim Birgi og Dixon. En Birgir fékk í gær sjö fugla og engan skolla og hitti allar brautir nema eina eftir teighöggin.

Árangur Birgis hefur vakið verðskuldaða athygli en 308 kylfingar taka þátt á 2. stigi úrtökumótsins en aðeins 74 þeirra komast áfram á lokaúrtökumótið sem mun fara fram í næstu viku. Á Acros Gardens-vellinum, þar sem leikið er nú, komast svo hins vegar einungis nítján efstu kylfingarnir áfram á lokaúrtökumótið. Á lokaúrtökumótinu sjálfu komast síðan 30 efstu menn inn á Evrópumótaröðina á næsta tímabili. - óþ



**SJÓÐANDI HEITUR** Birgir Leifur Hafþórsson lék frábært golf í gær á úrtökumóti fyrir Evrópumótaröðina á Arcos Gardens-vellinum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Íslandsmeistararnir fengu stóran skell

**Keflavík rúllaði upp Íslandsmeisturum KR með 22 stiga mun, 107-85, í toppleik Iceland Express-deildar karla í gær. Bobby Walker átti sannkallaðan stórleik og var með 37 stig og 8 stoðsendingar í leiknum.**

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar hafa unnið sex fyrstu leiki sína í Iceland Express-deild karla og eins og liðið spilar í upphafi móts þá er ekki margt sem getur staðið í vegi fyrir því að endurheimta Íslandsmeistaratitilinn sem það hefur þurft að horfa á eftir til Njarðvíkinga og KR undanfarin tvö ár. Keflvíkingar fylgdu eftir 15 stiga sigri á Njarðvík á dögunum með því að rasskella Íslandsmeistara KR með 22 stiga sigri í sláturhúsinu í gær.

Keflavíkurliðið hafði frumkvæðið mest allan leikinn. Keflavík leiddi með tveimur stigum eftir fyrsta leikhltua, 28-26, eftir magnaða þriggja stiga körfu miðherjans Sigurðar Gunnars Þorsteinssonar frá miðju. Keflavík var síðan fimm stigum yfir í hálfleik, 47-42, og komst í 56-43 í upphafi seinni hálfleiks og eftir það var á brattann að sækja hjá KR-liðinu. Keflavíkurliðið fékk blóðbragðið og eftirleikurinn var auðveldur. Bobby Walker fór mikinn í liði Keflavíkur, skoraði 19 stig í fyrri hálfleik og var síðan með 18 stig og 7 stoðsendingar í þeim seinni og hann leit út fyrir að vera algjörlega óstöðvandi þegar hann gerði lítið úr KR-vörninni hvað eftir annað. Tommy Johnson var einnig sterkur og þá má ekki gleyma innkomu Sigurðar Gunnars sem skoraði 11 stig og leysti það vel þegar Anthony Susnjara lenti í villuvandræðum.

„Við lítum mjög vel út og þessi liðsheild er bara með betri liðum sem hefur spilað fyrir Keflavík. Þessi liðsheild er bara svakalega góð,“ sagði Gunnar Einarsson sem ætti að þekkja það enda búinn að spila yfir 300 úrvalsdeildarleiki fyrir Keflavík.

„Þessi leikur sýnir bara hverjir eru bestir í dag. Það er stígandi í okkar leik og í dag spiluðum við allar 40 mínúturnar á fullum krafti og það kom enginn slæmur kafli hjá okkur,“ sagði Gunnar Einarsson sem átti að vanda sterka innkomu af bekknum.

„Það segir sig bara sjálft að þegar menn koma eins litlir hræddir kettlingar inn í Keflavík þá eru þeir bara rasskelltir. Ef menn koma hræddir þá er bara valtað yfir menn hér í Keflavík. Menn verða að berja frá sér í þessu húsi,“ sagði Fannar Ólafsson, fyrirliði KR, öskureiður eftir leik. „Þetta er fáránlegt tap og við gáfumst bara upp. Við fengum ekkert varnarlega frá atvinnumönnunum okkar. Þeir skoruðu bara þegar þeir vildu. Það er vissulega erfitt að spila hérna í Keflavík og við vissum það. Þess vegna verða menn að koma tilbúnir og þess vegna er ég svona pirraður því við vorum ekki tilbúnir og ég sá það strax í upphitun,“ bætti Fannar við en það fór ekki fram hjá neinum þegar hann var að reyna að rífa menn í gang í upphitunni en það dugði ekki til.

ooj@frettabladid.is



**FRÁBÆR** Bobby Walker átti sannkallaðan stórleik fyrir Keflavík og var með 37 stig og 8 stoðsendingar í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR



**FRÁKAST** Jón Norðdal Hafsteinsson, leikmaður Keflavíkur, tekur hér frákast og KR-ingarnir horfa ráðalausir á hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Þór vann Hamar 92-74 í Iceland Express-deild karla á Akureyri í gærkvöldi:

# Þórsarar rúlluðu yfir Hamar

**KÖRFUBOLTI** Þór lagði Hamar að velli 92-74 í Iceland Express-deild karla í körfubolta á Akureyri í gærkvöldi í leik sem heimamenn leiddu allan tímann.

Þórsarar byrjuðu leikinn betur og náðu snemma góðri forystu á gestina. Þórsarar keyrðu upp hraðann og pressuðu gestinna stíft. Með hraðaupphlaupum og góðri vörn náðu Þórsarar fljótt 17 stiga forystu.

Hamarsmenn náðu í öðrum leikhluta að saxa aðeins á forskot heimamanna og náðu að minnka muninn niður í 10 stig en lengra komust þeir ekki í öðrum leikhluta og Þórsarar fóru með 10 stiga forystu í hálfleik 50-40 og ekkert leit út fyrir annað en heimasigur.

Hamarsmenn byrjuðu seinni hálfleikinn þó betur en heimamenn. Heimamenn létu ekki slæma byrjun á sig fá og náðu fljótt að auka á forystu sína aftur og leiddu eftir þriðja leikhluta með 12 stiga mun. Í fjórða og síðasta leikhlutanum náðu gestirnir aldrei að ógna heimamönnum, sem hreinlega kafsigldu gestinna, þar sem gestirnir réðu lítið við Cedric Isom og Óðinn Ásgeirsson sem fóru hreinlega á kostum í liði heimamanna. Leiknum lauk því með sanngjörnum sigri heimamanna 92-74. Þar sem Cedric og Óðinn voru allt í öllu í liði heimamanna og skoruðu saman 57 stig. Á meðan Marvin Valdimarsson og George Byrd voru allt í öllu í liði gestanna. En Marvin skoraði 20 stig í leiknum en George Byrd 18 stig. - sp

**Stig Heimamanna:** Cedric Isom 30, Óðinn Ásgeirsson 27, Þorsteinn Gunnlaugsson 14, Magnús Helgason 11, Luka Marolt 6, Hrafn Jóhannesson 2 og Birkir Heimisson 2

**Stig Hamars:** Marvin Valdimarsson 20, George byrd 18, Read Mustafa 11, Lárus Jónsson 8, Bojan Bojovic 6, Viðar Hafsteinsson 4 og Bjarni Lárusson 2.

## ÚRSLITIN Í GÆR

*Iceland Express deild karla:*

Keflavík-KR 107-85

**Stig Keflavíkur:** Bobby Walker 37 (hitti úr 12 af 18 skotum og 9 af 10 vítum, 8 stoðs.), Tommy Johnson 20, Gunnar Einarsson 14, Magnús Þór Gunnarsson 14, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 11 (3 frák., 3 varin, 14 mín.), Jón Norðdal Hafsteins son 3 (8 frák., 4 stolnir), Arnar Freyr Jónsson 2, Þröstur Leó Jóhannsson 2, Sigurður Sigurbjörns son 2, Anthony Susnjara 2.

**Stig KR:** Avi Fogel 25 (5 stoðs.), Joshua Helm 17 (11 frák.), Fannar Ólafsson 12 (9 fták.), Helgi Már Magnússon 8 (7 fták., 19 mín.), Brynjar Björnsson 7, Skarphéðinn Ingason 7 (4 stolnir, 4 fráks., 4 stoðs, 15 mín.), Jovan Zdravevski 6, Darri Hilmarsson 3.

Þór Ak.-Hamar 92-74

*1. deild karla í handbolta*

FH-ÍR 32-27

Markahæstir hjá FH: Ólafur Guðmundsson 10, Guðmundur Pedersen 9, Aron Pálmarsson 6.
Markahæstir hjá ÍR: Davíð Georgsson 8.

# EDDA 2007

ÍSLENSKU KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSVERÐLAUNIN

Edduverðlaunin verða veitt annað kvöld á Hilton Reykjavik Nordica
Bein útsending Sjónvarpsins hefst kl. 19:40

Ert þú búin(n) að kjósa vinsælasta sjónvarpsþátt ársins?

SJÓNVARPIÐ

| | |
|---|---|
| 900-9901: | Game tíví |
| 900-9902: | Kompás |
| 900-9903: | Næturvaktin |
| 900-9904: | Stelpurnar |
| 900-9905: | Venni Páer |

Símtalið kostar 99 krónur

**Úrslit kynnt í beinni útsendingu á sunnudagskvöldið**

## DAGSKRÁ:

| | |
|---|---|
| 18:40 | Fordrykkur |
| 19:40 | Bein útsending hefst í Sjónvarpinu |
| 21:40 | Samkvæmi að útsendingu lokinni<br>á Hilton Reykjavik Nordica |

Framkvæmdastjórn
Eddunnar 2007
er í höndum
Sagaevents

sagaevents

FRÉTTABLAÐIÐ

Hilton
Reykjavik Nordica

BAUGUR GROUP

GO BEYOND
www.landrover.is

KVIKMYNDASKÓLI ÍSLANDS

www.apple.is

capacent

EDDA 2007

EDDA 2007

**LANDSLIÐSHÓPUR ENGLENDINGA:**

| | |
|---|---|
| **Markverðir:** | |
| Paul Robinson | Tottenham Hotspur |
| David James | Portsmouth |
| Scott Carson | Aston Villa |
| **Varnarmenn:** | |
| Wes Brown | Manchester United |
| Sol Campbell | Portsmouth |
| Ashley Cole | Chelsea |
| Joleon Lescott | Everton |
| Nicky Shorey | Reading |
| Phil Neville | Everton |
| Micah Richards | Manchester City |
| Wayne Bridge | Chelsea |
| **Miðjumenn:** | |
| David Beckham | LA Galaxy |
| Shaun Wright-Phillips | Chelsea |
| Steven Gerrard | Liverpool |
| Gareth Barry | Aston Villa |
| Joe Cole | Chelsea |
| Frank Lampard | Chelsea |
| Ashley Young | Aston Villa |
| David Bentley | Blackburn Rovers |
| Stewart Downing | Middlesbrough |
| Owen Hargreaves | Man.United |
| **Sóknarmenn:** | |
| Michael Owen | Newcastle United |
| Wayne Rooney | Man. Utd (meiddur) |
| Alan Smith | Newcastle United |
| Peter Crouch | Liverpool |
| Jermain Defoe | Tottenham Hotspur |

Enski landsliðshópurinn klár fyrir vináttuleik gegn Austurríki og lokaleikinn í undankeppni EM gegn Króatíu:

# Nær Beckham leikjum númer 98 og 99?

**FÓTBOLTI** Steve McClaren, landsliðsþjálfari Englendinga, valdi David Beckham í hópinn fyrir leiki á móti Austurríki og Króatíu en Beckham snýr nú aftur eftir meiðsli sem héldu honum frá síðustu landsleikjum.

Englendingar mæta Austurríkismönnum í vináttulandsleik á föstudaginn eftir tæpa viku og spila síðan afar mikilvægan lokaleik í undankeppninni gegn Króatíu á Wembley 21. nóvember næstkomandi.

Króatar eru á toppi riðilsins með 26 stig og tvo leiki eftir. England er með 23 stig og einn leik eftir en Rússar, sem eru með 21 stig, eiga tvo leiki eftir á móti Ísrael og Andorra. Ef Rússar vinna sína leiki þá eru þeir öruggir áfram en Englendingar verða að treysta á að þeir misstígi sig á sama tíma og þeir klára sinn leik við geysisterkt lið Króata.

„Aðalvonbrigðin við þessa stöðu er að þetta er ekki lengur í okkar höndum. Ég hélt alltaf að þetta myndi ráðast í Króatíuleiknum og ég er enn á þeirri skoðun. Pressan er á Rússum,“ sagði Steve McClaren um leið og hann tilkynnti hópinn en hann segist bjartsýnn um að komast í úrslitakeppnina næsta sumar og að hann treysti á að Ísraelar geti náð stigum af Rússum þegar þeir heimsækja Jerúsalem.

David Beckham er á höttunum eftir því að verða fimmti leikmaðurinn sem nær að spila 100 leiki fyrir enska landsliðið en hann hefur spilað 97 leiki til dagsins í dag. McClaren flaug til Los Angeles til að kanna stöðuna á Beckham áður en að hann valdi hann í hópinn.

„Hann er í góðu standi, búinn að ná sér af meiðslunum og hann er í hópnum þrátt fyrir að hafa ekki spilað lengi vegna þess að hann er maður stóru leikjanna. John Terry og Rio Ferdinand verða ekki með og við þurfum á reynslumiklum manni eins og honum að halda,“ sagði McClaren á blaðamannafundi.

Annar leikmaður sem kemur inn í hópinn eftir meiðsli er Owen Hargreaves hjá Manchester United sem hefur ekki spilað með landsliðinu á þessu ári. Þá eru Ashley Cole og Wayne Bridge einnig í hópnum en þeir hafa glímt við meiðsli. - óój



**BÚINN AÐ NÁ SÉR** David Beckham hefur náð sér af meiðslunum og verður með Englendingum í næstu leikjum. NORDICPHOTOS/GETTY



**FIMMTÁNDI** Björgvin Björgvinsson er nú í 15. sæti í svigi í Evrópubikarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR JAKOBSSON

Evrópubikar í Hollandi:

## Björgvin stóð sig vel í sviginu

**SKÍÐI** Björgvin Björgvinsson náði 27. sæti í svigi á Evrópubikarmóti í Landgraaf í Hollandi í gær. Þetta er mjög góður árangur hjá Björgvini þar sem allir sterkustu svigmennirnir í Evrópubikarnum í vetur voru með á þessu móti.

Björgvin fór niður brekkuna á 23,67 sekúndum eða tæpri sekúndu á eftir Svíanum Hans Olsson sem vann. Þar með er Björgvin í 15. sæti í stigakeppni Evrópubikarsins eftir tvö mót.

Björgvin er nú á leið til Reiteralm í Austurríki þar sem hann keppir í svigi í Heimsbikarnum á sunnudaginn. Síðan verður karlalandsliðið við æfingar í Austurríki út næstu viku en verði veður hagstætt hefur stefnan verið sett á að liðið æfi á Íslandi eftir 18. nóvember. - óój

# Dimitar í stuði sem skotbakvörður

**Bragi Magnússon, þjálfari Stjörnunnar, færði Dimitar Karadzovski úr stöðu leikstjórnanda í byrjun leiktíðar og leyfði honum að einbeita sér að því að vera skytta. Nýliðar Stjörnunnar hafa unnið þrjá af fyrstu sex leikjum sínum og Dimitar hefur verið illviðráðanlegur það sem af er í Iceland Express-deild karla.**

**KÖRFUBOLTI** Nýliðar Stjörnunnar hafa vakið mikla athygli í Iceland Express-deild karla. Stjarnan sem tapaði öllum 22 leikjunum þegar þeir voru síðast í deildinni hefur unnið þrjá af fyrstu sex leikjum sínum, þar á meðal þriggja stiga sigur í Ljónagryfjunni í Njarðvík á fimmtudagskvöldið.

Lykillinn að góðum leik liðsins hefur verið frammistaða Makedóníumannsins Dimitars Karadzovski sem hefur skorað 20 stig, sett niður 4,3 þrista og gefið 5,3 stoðsendingar að meðaltali í fyrstu sex leikjum tímabilsins.

Bragi Magnússon er að gera góða hluti á sínu fyrsta ári sem úrvalsdeildarþjálfari. „Ég sem leikmaður í 12 til 13 ár í úrvalsdeild fór ekkert oft til Njarðvíkur og vann. Þetta var fyrsti útisigurinn í sögu félagsins og við erum eigilega að slá met í hverjum leik sem við spilum. Okkar markmið er úrslitakeppnin og hefur verið það frá byrjun. Við erum á áætlun,“ segir Bragi, sem sá annað og betra í Dimitar en að hann væri leikstjórnandi.

„Dimitar er búinn að vera mjög góður í öllum leikjunum. Hann var notaður mikið sem leikstjórnandi hjá Skallagrími en ég nota hann meira sem skotbakvörð. Þá opnast meira fyrir hann og hann getur einbeitt sér meira að því að vera skytta og skorari. Það gat ég gert af því að ég fékk líka Sævar frá Haukunum. Sævar sér um hitann og þungann af leikstjórnandastöðunni og það er að koma rosalega vel út fyrir Dimitar að geta einbeitt sér að því að vera skotbakvörður,“ segir Bragi, sem hefur einnig náð miklu út úr öðrum reynsluminni leikmönnum liðsins.

„Kjartan [Kjartansson], Sigurjón [Lárusson] og Fannar [Helgason] eru þessir Íslendingar sem eru að spila einna mest hjá okkur. Fannar hefur spilað lengi í úrvalsdeild en Sigurjón og Kjartan eru að stíga sín fyrstu skref og eru samt oft og tíðum að spila eins og reyndir menn. Ég hef verið að reyna að vinna með þessum strákum og reyna að fá þá til þess að átta sig á því að spila leikinn en ekki bara hverja sókn fyrir sig. Ég er að reyna að koma því inn í hausinn á þeim að hugsa um heildina og ég held að það sé að takast á margan hátt,“ segir Bragi, sem er ánægður með alla leiki nema einn.

„Það hefði reyndar mátt vera meiri baráttuandi í liðinu í Fjölnisleiknum sem við töpuðum því með fullri virðingu fyrir Fjölni þá var það kannski eini leikurinn sem við spiluðum illa. Alla aðra leiki spiluðum við vel hvort sem við höfum tapað eða unnið. Grindavík rétt skreið út úr Ásgarði með sigurinn og við fórum upp á Stykkishólm og vorum yfir lengi í leiknum þangað til að við misstum þetta á lokamínútunum. Eftir því sem meiri reynsla dettur inn þá eigum við eftir að klára fleiri leiki,“ segir Bragi. Hann er ánægður með nýja Bandaríkjamanninn sinn, Maurice Ingram.

„Ein af ástæðunum fyrir því að við tókum hann inn var að vega upp reynsluleysið innan liðsins. Maurice er að skila okkur því sem við vorum að leita að en Steven var ekki að skila okkur. Það er klárt að Steven Thomas var góður leikmaður en var ekki það sem okkur vantaði,“ segir Bragi. Stjörnuliðið er að spila allt annað en auðvelda leiki þessa dagana.



VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

**ILLVIÐRÁÐANLEGUR** Dimitar Karadzovski hefur blómstrað í stöðu skotbakvarðar hjá Stjörnunni.

„Við sáum að við værum að fara að spila við þrjú bestu liðin á landinu í einni röð. Við vorum nýbúnir að spila við Grindavík og Snæfell og tapa naumlega og við sögðum því að ef við næðum að vinna einn af þessum þremur leikjum þá yrðum við glaðir.

Við gerðum ekki ráð fyrir að vinna neinn þeirra en ef við myndum vinna einn þá værum við voðalega ánægðir. Við byrjuðum á því að vinna Njarðvík þannig að við erum strax búnir að ná markmiðum okkar út úr þessum leikjum. Ef við vinnum annan leik þá sef ég ekkert af gleði næstu vikurnar. Við mætum bara í leikina á móti KR og Keflavík alveg eins og við gerðum í Njarðvík, reiðubúnir að leggja okkur alla fram og sjá síðan til hver staðan verður í lokin,“ sagði Bragi að lokum. ooj@frettabladid.is



**ENN EIN MEIÐSLIN** Wayne Rooney hefur verið óheppinn með meiðsli í vetur. NORDICPHOTOS/GETTY

Wayne Rooney hjá Man. Utd:

## Frá næstu fjórar vikurnar

**FÓTBOLTI** Wayne Rooney, leikmaður Manchester United og enska landsliðsins, verður ekki með næstu fjórar vikurnar vegna ökklameiðsla sem hann var fyrir á æfingu.

Meðal leikja sem Rooney missir af er lokaleikur enska landsliðsins á móti Króatíu en hann gæti ráðið úrslitum hvort England komist á EM.

Rooney meiddist í fyrsta deildarleiknum en var kominn í hörkuform og var valinn besti leikmaður ensku úrvalsdeildarinnar í októbermánuði. Þessi snjalli framherji var sem dæmi búinn að skora 8 mörk í síðustu 7 leikjum United. - óój

Fjölnismenn búnir að missa tvo serbneska leikmenn á einni viku:

# Pavlovic sagði upp fyrir leik

**KÖRFUBOLTI** Serbinn Drago Pavlovic hefur sagt upp hjá Fjölni og yfirgefið liðið, sem er í harðri baráttu í Iceland Express-deild karla. Þessi 27 ára og 201 cm framherji hefur skorað 21,0 stig og tekið 5,5 fráköst að meðaltali í fyrstu sex leikjum liðsins. Hann er annar Serbinn sem yfirgefur Grafarvoginn á einni viku en Nemanja Sovic gekk til liðs við Breiðablik í síðustu viku.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins sagði Pavlovic upp fyrir leik ÍR og Fjölnis í Seljaskóla á fimmtudagskvöldið en lék hann þó. Fjölnisliðið vann þar mikilvægan en nauman 83-85 sigur. Þetta var aðeins annar sigur liðsins í vetur en liðið hafði fyrir leikinn tapað þremur leikjum í röð.

Ákvörðunin um að segja upp var algjörlega komin frá Pavlovic sem var gagnrýndur á dögunum fyrir að gefa ekki boltann en hann náði ekki að gefa eina einustu stoðendingu á þeirri 151 mínútu sem hann spilaði í Fjölnisbúningnum. Pavlovic tók aftur á móti 99 skot á þessum tíma.

Í leiknum á móti ÍR skoraði Pavlovic 11 stig og tók 4 fráköst á 27 mínútum en hann klikkaði hins vegar á 12 af 16 skotum sínum í leiknum. Fjölnir hafði tólf stiga forskot fyrir lokaleikhlutann en tapaði honum 13-23. Pavlovic hjálpaði ekki mikið á lokasprettinum því hann klikkaði á fimm af sex skotum sínum í fjórða leikhlutanum.

Í öllum útlendingavandræðunum gátu Fjölnismenn þó glaðst yfir framgöngu Karltons Mims sem skoraði 23 stig í ÍR-leiknum sem var 6,2 stigum yfir meðalskori hans fyrir leikinn. Það er þó ljóst að Bárður Eyþórsson þarf að finna menn í stað þeirra Sovic og Pavlovic ætli Grafarvogsliðið að keppa á jafnréttisgrundvelli við öll hin lið deildarinnar sem eru flest með þrjá erlenda leikmenn. - óój



**HÆTTI SJÁLFUR** Drago Pavlovic fann sig ekki með Fjölnisliðinu. Hér hefur hann misst af KR-ingnum Joshua Helm. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# FRÁBÆR TILBOÐ

## Í ÖLLUM VERSLUNUM TÖLVULISTANS





| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | **1.5GHz Intel Core 2 Duo T5250** 2MB flýtiminni, 667FSB |
| **Minni** | **1GB DUAL DDR2 667MHz** Corsair minni með lífstíðarábyrgð |
| **Harður diskur** | **160GB WD SE 8MB - SATA** SATA, 5400RPM og 8MB buffer |
| **Skrifari** | **8xDVD±RW DL skrifari** Skrifar DVD diska og CD-RW |
| **Skjár** | **15,4" WXGA WideScreen skjár** Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| **Skjákort** | **128MB ATI Radeon HD2300** 384MB HyperMemory |
| **Hátalarar** | **Hljóðkerfi með 2 hátölurum** Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| **Þráðlaust** | **54Mbps þráðlaust netkort** Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| **Netkort** | **Gigabit 10/100/1000** Einnig innbyggt 56k mótald |
| **Stýrikerfi** | **Windows Vista Home Premium** Öruggara og öflugra |
| **Annað** | **Aðeins 2.9Kg með rafhlöðu** Rafhlöðuending allt að 2.5 tímar |

## ACER 5720G-1A FARTÖLVA 1.5GHZ INTEL CORE 2 DUO

**INTEL CORE 2 DUO**
Core 2 Duo tæknin sem er nýjasta þróun Intel skilar sér í allt að 40% meiri afköstum en áður hefur þekkst

**15,4" CRYSTALBRITE**
15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu

**8XDVD ± SKRIFARI**
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

**128MB ATI HD2300**
Skjákort frá ATI sem gengur á PCI-Express sem skilar sér í meiri afkastagetu og flottari grafík

**KORTALESARI**
Acer 5720G kemur með 5 í 1 kortalesara fyrir öll helstu minniskort úr stafrænum myndavélum

**WINDOWS VISTA**
Tölvan er uppsett með Windows Vista Premium ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar

**FRÁ 3.547 KR Á MÁNUÐI**

## VERÐ 109.900

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3,5% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 19,50%.

### ACER 5920G



**FRÁ 4.297 KR Á MÁNUÐI**

2.0GHz Intel Core 2 Duo T7300 - með 4MB flýtiminni 2GB Dual DDR2 minni • 160GB ATA100 5400RPM harður diskur DVD±/DL skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite skjár • 256MB DDR Geforce Go 8600 PCI-Ex skjákort • 5 in 1 kortalesari • Bluetooth Þráðlaust Draft-N netkort • Windows Vista Home Premium

**VERÐ 134.900**

### ACER 5520 - 6A



**FRÁ 2.947 KR Á MÁNUÐI**

1.8Ghz AMD Turion64 X2 TK55 með 1MB flýtiminni 1GB DDR2 667MHz minni • 160GB SATA harður diskur DVD±RW DL skrifari • 15.4" WXGA WideScreen skjár 256MB ATI Radeon X1250 PCI-Ex skjákort • 5 in1 kortalesari Þráðlaust b/g netkort • Windows Vista Home Premium

**VERÐ 89.900**

### ACER 6292



**FRÁ 4.447 KR Á MÁNUÐI**

1.8GHz Intel Core 2 Duo T7100 örgjörvi 2GB minni • 160GB harður diskur DVD skrifari • 12.1" WXGA CrystalBrite 256MB Intel GMA X3000 PCI-Ex skjákort Þráðlaust net • Windows Vista Business

**VERÐ 139.900**

### ACER 7520G - 40



**FRÁ 3.847 KR Á MÁNUÐI**

1.9Ghz AMD X2 Mobile TL-58 örgjörvi 2GB minni • 320GB harður diskur DVD skrifari • 17" WXGA CrystalBrite 256MB DDR Geforce 8400 skjákort Þráðlaust net • Windows Vista Business

**VERÐ 119.900**

### ACER 9813WKMI



**FRÁ 4.897 KR Á MÁNUÐI**

1.6GHz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi 1GB minni • 120GB harður diskur DVD skrifari • 20.1" WXGA CrystalBrite 256MB DDR Geforce Go7600 skjákort Þráðlaust net • Windows Vista Premium

**VERÐ 154.900**

### MSI PR200



**FRÁ 4.297 KR Á MÁNUÐI**

2.0GHz Intel Core 2 Duo T7300 örgjörvi 2GB minni • 160GB harður diskur DVD skrifari • 12,1" WXGA WideScreen Intel GMA X3100 PCI-Ex skjákort Þráðlaust net • Windows Vista Business

**VERÐ 134.900**

## TÖLVULISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| Nóatúni 17 | Reykjavík. | ☎ | 414 1700 |
| Standgötu 9 | Akureyri. | ☎ | 414 1730 |
| Hafnargötu 90 | Keflavík. | ☎ | 414 1740 |
| Miðvangi 2-4 | Egilsstaðir. | ☎ | 414 1735 |
| Hlíðasmári 10 | Kópavogur. | ☎ | 414 1760 |

## > Diane Lane

Eitt fyrsta hlutverk Lane, er hún var aðeins þrettán ára gömul, var í mynd George Roy Hill, A Little Romance, en þar lék hún aðalhlutverkið á móti engum öðrum en Laurence Olivier. Olivier var svo hrifinn af leik hennar í myndinni að hann kallaði Lane hina nýju Grace Kelly. Þessi ungl-ingafrægð Lane kom henni í sæti númer 79 á lista VH1 yfir mestu barnastjörnur allra tíma. Lane leikur hins vegar þroskaðan rithöfund í myndinni Under the Tuscan Sun sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.



# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR LÆTUR EDDUNA EIGA SIG

## Verðlaunahátíðir lítil sjónvarpsskemmtun

Ég get lýst því yfir hér og nú að ég mun ekki sitja límd við sjónvarpið annað kvöld, þó að sjónvarpssófinn komi yfirleitt sterkur inn á sunnudagskvöldum. Annað kvöld rennur stundin upp, Edduverðlaunin 2007 halda innreið sína á sjónvarpsskjáinn, landsmönnum öllum til mikils fagnaðar. Ekki mér samt.

Þegar ég var yngri að árum syrgði ég reglulega algeran skort á Stöð 2 á heimili mínu. Þá óskaði ég mér einskis heitara en að fá að fylgjast með einum Óskarsverðlaunum í beinni útsendingu, húkandi yfir poppskálinni með súkkulaðikám á náttbuxunum, í hatrammri baráttu við eigin augnlok. Fyrir rúmu ári, þegar stöðin góða hafði loks blessað mig með nærveru sinni, ætlaði ég að láta vaða. Með poppið í fanginu beið ég eftir uppljómuninni. Hún kom aldrei.

Í staðinn komst ég að því að mér hundleiðast verðlaunahátíðir, sama hvaðan og hvernig þeim er sjónvarpað. Það er alveg jafn leiðinlegt að fylgjast með Hollywood-stjörnunum hlustandi á misgóða brandara og það væri að fylgjast með ungskátum hlusta á lélegt uppistand. Ekki skánar það þó að Hollywood-stjörnunum sé skipt út fyrir þær íslensku. Ég efast ekki um að gestir á Eddunni skemmta sér margir stórvel. Ég hef bara mjög takmarkaða þörf fyrir að fylgjast með þeim skemmta sér og mun láta mér nægja að lesa fréttavefina að kvöldi dags.



Í kringum verðlaunahátíðir liðins árs uppgötvaði ég hinsvegar aðra og skemmtilegri hlið á hátíðunum. Þar leggja spyrlar stjörnurnar í einelti á rauðum dregli og spyrja þær út í klæðnað, skartgripi og, merkilegt nokk, nærföt. Ég fæ hins vegar ekki hið sama út úr niðurrigndum rauðum dreglum hér á landi, enda efast ég um að íslenskar leikkonur fái mikið af Diorkjólum eða Tiffany's demöntum lánað fyrir Edduna. Ég leyfi þeim því að vera í friði fyrir mér. Njótiði kvöldsins.

## EKKI MISSA AF



▶ 14.45 Derby-West Ham SÝN 2



▶ 18.30 7th Heaven SKJÁREINN



▶ 21.15 The Starlet SIRKUS



▶ 21.25 Laugardagslögin SJÓNVARPIÐ



▶ 23.50 Collateral STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Gurra grís, Fæturnar á Fanney, Halli og risaeðlufatan, Snillingarnir, Bitte nú!, Skúli skelfir, Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar og Latibær

**10.30 Kastljós**

**11.00 Kiljan**

**11.45 07/08 bíó leikhús**

**12.15 Glastonbury 2007**

**14.15 Edduverðlaunin 2007** (1:4)

**15.00 Draumar um Afríku**

**16.55 Bronx brennur** (2:8)

**17.40 Táknmálsfréttir**

**17.50 Útsvar**

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.45 Spaugstofan**

▶**20.15 Laugardagslögin** Að þessu sinni verða flutt lög eftir Margréti Kristínu Sigurðardóttur, Magnús Eiríksson og Svölu Björgvinsdóttur.

**21.15 Hrúturinn Hreinn** (5:40)

**21.25 Laugardagslögin - úrslit**

**21.40 Undir Toskanasól** (Under The Tuscan Sun) Nýfráskilin bandarísk skáldkona á ferðalagi í Toskana kaupir gamalt og niðurnítt hús. Hún fær hjálp heimamanna við að gera það upp og við þá iðju finnur hún þá lífsfyllingu sem hún leitaði að og ástina líka.

**23.25 Ást og landráð** (Love And Treason) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 2001.

**00.55 Kossaflens** (Kissing a Fool) Rómantísk gamanmynd frá 1998.

**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Blue Sky**

**08.00 A Cinderella Story**

**10.00 Taxi**

**12.00 A Lot Like Love**

**14.00 Blue Sky (e)**

**16.00 A Cinderella Story**

**18.00 Taxi** Myndin er endurgerð á samnefndri franskri mynd sem sló í gegn og þessi varð ekki síður vinsæl.

**20.00 A Lot Like Love**

**22.00 Flawless**

**00.00 The Thin Red Line**

**02.45 Stella Street**

**04.00 Flawless**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Hlaupin, Barney og Magic Schoolbus

**08.05 Algjör Sveppi** Sveppi sýnir meðal annarra teiknimyndirnar Könnuðurinn Dóra, Gordon Garðálfur, Refurinn Pablo og margar fleiri.

**10.25 Catch that Kid**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.25 The Bold and the Beautiful**

**12.45 The Bold and the Beautiful**

**13.05 The Bold and the Beautiful**

**13.25 The Bold and the Beautiful**

**13.45 The Bold and the Beautiful**

**14.10 Örlagadagurinn** (23:31)

**14.45 Side Order of Life** (4:13)

**15.30 Grey´s Anatomy** (1:22)

**16.10 Grey´s Anatomy** (2:22)

**16.55 Tekinn 2** (9:14)

**17.25 Sjáðu**

**17.55 Næturvaktin** (8:13)

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.05 Fjöslkyldubíó-Shark Tale**

**20.35 Lake House** Rómantísk og dularfull mynd um einmanna lækni sem kynnist arkitekti í gegnum bréfaskriftir. Það undarlega er að hann virðist vera að senda bréfin sín úr fortíðinni. Hver er skýringin á þessum dularfullu póstsendingum? Aðalhlutverk. Keanu Reeves og Sandra Bullock.

**22.15 Anacondas. The Hunt For the Blood Orcid** Hörkuspennandi tryllir um ævintýragjarnan hóp af vísindamönnum sem ferðast til Borneó í leit að uppsprettu eilífrar æsku. Stranglega bönnuð börnum.

▶**23.50 Collateral** Hörkuspennandi mynd með þeim Tom Cruise og Jamie Foxx í aðalhlutverkum. Leigubílstjóri kemst í hann krappan þegar hann tekur leigumorðingja upp í bílinn. Aðalhlutverk: Tom Cruise, Jamie Foxx, Mark Ruffalo, Jada Pinkett Smith. Leikstjóri: Michael Mann. 2004. Stranglega bönnuð börnum.

**01.45 The Girl Next Door**

**03.30 Opportunity Knocks**

**05.10 Weather From Hell**

**06.00 Fréttir**

**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**09.05 PGA Tour 2007 - Highlights** (Walt Disney World Resort Classic)

**10.00 NBA-körfuboltinn 2007/2008** Útsending frá leik Miami og Phoenix.

**12.00 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.

**13.40 Meistaradeildin - meistaramörk**

**14.20 Það helsta í PGA mótaröðinni**

**14.50 PGA Tour 2007 Bein útsending** (Children/s Miracle Network Classic)

**17.50 NFL Gameday** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í bandaríska fótboltanum auk þess sem helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.

**18.20 Spænski boltinn - Upphitun**

**18.50 Spænski boltinn** Útsending frá leik í spænska boltanum.

**20.50 Spænski boltinn** Útsending frá leik í spænska boltanum.

**22.50 Box - Shane Mosley vs. Luis Collazo**

**23.50 Box** Útsending frá bardaga þeirra Miguel Gotto og Zab Judah um heimsmeistaratitilinn í veltivigt hnefaleika.

## SÝN 2

**09.25 Premier League World**

**09.55 PL Classic Matches**

**10.25 PL Classic Matches**

**10.55 Goals of the Season 2004/2005**

**Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.**

**11.55 Premier League Preview** (Leikir helgarinnar) Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.

**12.25 Sunderland - Newcastle** (Enska úrvalsdeildin 2007/2008)

▶**14.45 Derby - West Ham** (Enska úrvalsdeildin 2007/2008)

**17.00 Liverpool - Fulham** (Enska úrvalsdeildin 2007/2008)

**19.10 Goals of the season** (Goals of the Season 2002/2003)

**20.05 Sunderland - Newcastle** e.

**21.45 Derby - West Ham** e.

**23.25 Liverpool - Fulham** e.

## SKJÁREINN

**11.15 Vörutorg**

**12.15 Dr. Phil** (e)

**14.30 Less Than Perfect** (e)

**15.00 According to Jim** (e)

**15.30 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)

**16.30 Survivor** (e)

**17.30 Giada´s Everyday Italian** (e)

**18.00 Game tíví** (e)

▶**18.30 7th Heaven** Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug. Hún hóf göngu sína vestan hafs haustið 1996 og er enn að. Camden-fjölskyldunni er fylgt í gegnum súrt og sætt en hjónakornin Eric og Annie eru með fullt hús af börnum og hafa í mörg horn að líta. Pabbinn er prestur og mamman er heimavinnandi húsmóðir. Elsti sonurinn byrjaður að reykja og á erfitt með að tolla í vinnu á meðan elsta dóttirin er farin að eltast við stráka.

**19.15 How to Look Good Naked** (e)

**20.00 Friday Night Lights** (e) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum.

**21.00 Heroes** (e) Bandarísk þáttaröð sem hefur slegið í gegn um víða veröld. Aðalsöguhetjurnar eru venjulegt fólk með óvenjulega hæfileika. Þetta er önnur þáttaröðin og það eru spennandi tímar í vændum. Heroes var valinn sjónvarpsþáttur ársins hjá samtökum sjónvarpsgagnrýnenda í Bandaríkjunum sl. sumar.

**22.00 House** (e)

**22.50 Love & Sex** Rómantísk gamanmynd frá árinu 2000 með Famke Janssen og Jon Favreau í aðalhlutverkum.

**01.05 Law & Order. Criminal Intent** (e)

**01.55 Californication** (e)

**02.30 State of Mind** (e)

**03.20 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)

**04.20 C.S.I.** (e)

**05.05 C.S.I.** (e)

**05.50 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.05

### Fjölskyldubíó - Shark Tale



Hressandi og skemmtileg fjölskyldumynd um lítinn fisk sem verður skyndilega hetja þegar sá orðrómur breiðist út að hann hafi banað stórum hákarli. Frægðin er ekki lengi að stíga litla fiskinum til höfuðs og fyrr en varir er hann búinn að koma sér í vandræði sem erfitt verður að komast aftur úr.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Thin Red Line

### Stöð 2 Bíó kl. 00.00



Frábær stríðsmynd eftir hinn umdeilda leikstjóra Terrence Malick. Myndin segir frá firringu seinni heimsstyrjaldarinnar sem er að gera út af við bandaríska hermenn á eyju í Kyrrahafinu. Sean Penn, Adrien Brody og James Caviezel fara á kostum í hlutverkum sínum.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Óskastundin
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Útúr nóttinni... og inní daginn
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Tímakornið
**15.20** Bókaþing
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.00** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Hundur í útvarpssal
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Heimur óperunnar
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Hvað er að heyra?
**21.30** Úr gullkistunni
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Á hljóðbergi: Klaus Kinski singt und spricht Brecht
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**14.30 Hollyoaks** Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
**14.55 Hollyoaks**
**15.20 Hollyoaks**
**15.45 Hollyoaks**
**16.10 Hollyoaks**
**16.35 Skífulistinn**
**17.45 Smallville** (17:22) (e)
**18.30 Fréttir**
**19.00 Talk Show With Spike Feresten**
**19.20 The George Lopez Show** (15:22)
**19.45 E-Ring** (15:22)
**20.30 Tru Calling** (1:6)
**21.15 The Starlet** (2:6) Skemmtilegur og spennandi raunveruleikaþáttur þar sem stórstjörnur á borð við Vivicu A. Fox og Faye Dunaway leita að næstu stórstjörnu í Hollywood. Fylgst verður með tíu ungum leikkonum sem dreymir um að slá í gegn en aðeins ein stendur uppi sem sigurvegari.
**22.00 Bootmen (e) Aðalhlutverk. Adam Garcia, Sa**m Worthington, Sophie Lee, William Zappa. 2000.
**23.30 Most Shocking**
**00.15 Bestu Strákarnir**
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**12.15** The Weakest Link **13.00** Home Again **13.30** Home Again **14.00** Hell To Hotel **15.00** Life in the Undergrowth **16.00** The Life of Mammals **17.00** EastEnders **17.30** EastEnders **18.00** Doctor Who **18.45** Doctor Who Confidential **19.00** Strictly Come Dancing - The Story So Far **20.00** The Long Firm **20.55** Blackadder: Back & Forth **21.30** The Robinsons **22.00** Absolutely Fabulous **22.30** Absolute Power **23.00** EastEnders **23.30** EastEnders **0.00** The Long Firm **0.55** Blackadder: Back & Forth **1.30** The Robinsons **2.00** Absolutely Fabulous **2.30** Absolute Power **3.00** The Life of Mammals **4.00** Tony and Giorgio

## DR 1

**11.45** Bjørnejagt **11.55** Alt på ét bræt **12.45** Boogie Listen **13.45** Cirkusrevyen 2006 **14.45** Hun så et mord: Den keltiske gåde **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Harry **16.35** Jacob To-To **17.00** Gepetto News **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.30** Robin Hood **19.15** Hit med sangen **20.15** Olsenbanden over alle bjerge **21.55** Inspector Morse **23.40** Devil's Pond

## NRK 1

**9.00** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **9.15** Kunnskapskanalen **9.45** Drømmerollen **10.45** Luftens helter **11.10** Berlinerpoplene **12.00** Beat for beat **13.00** NRKs sportslørdag **13.05** V-cup alpint: Slalåm, kvinner **14.30** V-cup skøyter **15.45** Trav: V75 **16.30** Sport i dag **17.00** Pingu **17.05** Pippi Langstr¢mpe **17.30** Thomas P. **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Luftens helter **19.20** Lyden av lørdag **20.25** Med hjartet på rette staden **21.10** Løvebakken **21.35** Norsk attraksjon **22.05** Kveldsnytt **22.20** Keno **22.25** Elisabet **0.25** Dansefot jukeboks med chat **3.00** Country jukeboks

## SVT 1

**11.50** Centralskolan **11.55** Alpint: Världscupen Levi **13.00** Kobra **13.30** Andra Avenyn **14.00** Andra Avenyn **14.30** Andra Avenyn **15.00** Uppdrag Granskning **16.00** Doobidoo **17.00** BoliBompa **17.05** Disneydags **18.00** Hej rymden! **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Svensson, Svensson **19.30** Babben & co **20.30** Brottskod: Försvunnen **21.10** Out of Practice **21.35** Christine försvinner **22.05** Rapport **22.10** Örnnästet **0.40** Maggies nya liv





SAGAN VINSÆLA Á BÓK!

ÚTGÁFUFAGNAÐUR Í BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR Í DAG KL. 14. LEIKARAR ÚR ABBABABB MÆTA!

**Bráðskemmtileg saga** sem byggir á hinum vinsæla söngleik **Abbababb**! Leynifélagið **Rauða hauskúpan** fæst hér við dularfullt sakamál þar sem við sögu koma meðal annars diskóboltar og pönkarar, **Pála spákona** og **Doddi draugur**, að ógleymdum **skuggalegum Rússum og Hr. Rokk.**

Veröld

DYNAMO REYKJAVÍK

## PERSÓNAN

*Sigurlaug Th. Jónsdóttir*



**Aldur:** 38 ára.
**Starf:** Flugfreyja hjá Icelandair.
**Fjölskylda:** Á strákana Alexander 13 ára og Kristófer Börk 5 og hálfs árs.
**Foreldrar:** Jón Brynjólfsson, starfsmaður hjá Eimskipum og Sjöfn Ólafsdóttir, starfsmaður á Verkfræðiskrifstofunni Hnit.
**Búseta:** Bý í Hlíðunum.
**Stjörnumerki:** Sporðdreki.

Sigurlaug er ein þeirra fjögurra nýju þula sem voru valdar úr hópi 103 umsækjenda til að kynna dagskrá Sjónvarpsins næstu misseri.

# Negrastrákar verða kenjakrakkar

Systkinin Sigrún og Þórarinn Eldjárn brugðust snöggt við umræðunni um barnabókina Tíu litla negrastráka og útfærðu sína eigin útgáfu í bókinni Tíu litlir kenjakrakkar sem er nýfarin í prentun og er væntanleg í bókabúðir á næstunni. Þórarinn segir þetta ekki vera eiginlegt andsvar við negrastrákunum sem listamaðurinn Muggur myndskreytti á sínum tíma heldur meira innlegg í þessa umræðu. Þetta sé grein af sama meiði en nær okkur í tíma. „Sigrún fékk þessa hugmynd og við ákváðum bara að drífa í þessu. Bókin er því unnin á mjög stuttum tíma og eiginlega bara unnin á staðnum,“ segir Þórarinn en bókin segir frá tíu kenjóttum krökkum sem stunda hrekki. Svo heltist alltaf eitt og eitt barnið úr lestinni en að endingu sameinast þau öll aftur. „Það er því enginn sem deyr,“ segir Þórarinn en örlög negrastrákanna í bók Muggs eru á köflum æði grimmdarleg.

Þórarinn segist ekki hafa sökkt sér ofan í umræðuna um negrastrákana en þó fylgst með úr fjarska. Og hann segir gagnrýnina sem hún hefur mátt þola ekki vera algjörlega úr lausu lofti gripna. „Nei, í sjálfur sér finnst mér það ekki. Þetta er bók sem er barns síns tíma og ég held að ég geti nú tekið undir það sem einhver sagði, að það væri í lagi að gefa út slíka bók en það ætti frekar að líta á hana sem furðuhlut úr fortíðinni og sögulegt gagn heldur en barnabók,“ segir Þórarinn. -fgg



**INNLEGG Í UMRÆÐUNA** Bók systkinanna Sigrúnar og Þórarins Eldjárn um tíu litla kenjakrakka er ekki hugsuð sem andsvar heldur innlegg í umræðuna.



**ÞÓRARINN ELDJÁRN**



**LÁRÉTT**
**2.** fjötra **6.** bardagi **8.** eyða **9.** tjara **11.** í röð **12.** bæ **14.** morðs **16.** rykkorn **17.** stormur **18.** sauðaþari **20.** holskrúfa **21.** blóðsuga.

**LÓÐRÉTT**
**1.** plat **3.** mannþvaga **4.** skref **5.** efni **7.** aðdragandi **10.** ílát **13.** áverki **15.** fótabúnaður **16.** flýtir **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** höft, **6.** at, **8.** sóa, **9.** bík, **11.** tu, **12.** bless, **14.** dráps, **16.** ar, **17.** rok, **18.** söl, **20.** ró, **21.** igla.
**LÓÐRÉTT: 1.** gabb, **3.** ös, **4.** fótspor, **5.** tau, **7.** tildrög, **10.** ker, **13.** sár, **15.** skór, **16.** asi, **19.** ll.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

1. Ólafur Egill Egilsson
2. Jokele
3. Augustas Strazdas


15% vaxtaauki!
Nýttu þér þetta TILBOÐ og stofnaðu reikning á spron.is



ARGUS / 07-0827
75 ára | spron

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


EINAR MÁR: SEM NÝR MAÐUR EFTIR AÐ HAFA HÆTT AÐ DREKKA

# Fékk innblástur eftir bréfaskriftir við fanga á Litla-Hrauni

„Ég fékk bréf frá fanga árið 2002 og hann var að þakka mér fyrir sögurnar mínar, sem hann var vel lesinn í,“ segir Einar Már Guðmundsson en þetta fangabréf varð honum að innblæstri fyrir nýjustu skáldsöguna, Rimlar hugans, sem kemur út fyrir þessi jól. Þegar Fréttablaðið ræddi við Einar var hann á leiðinni til Frakklands þar sem gefa á út á frönsku fyrstu bók hans, Riddara hringstigans, og hann sagði að Fransmenn væru einnig með í burðarliðnum franska útgáfu af Eftirmálum regndropanna. „Það er alveg nauðsynlegt að hitta þessa merkilegu og fornu menningarþjóð og ræða aðeins við hana,“ segir Einar.

Einar segir að í bréfinu hafi umræddur fangi einnig sagt sér sögu sína og að á þessum tíma hafi kviknað ófáar hugmyndir um að nýta bréfið í einhvers konar bók. „En ég gerði bara einhverjar veikburða tilraunir til að setja mig í samband við hann og það var nú frekar á mannlegum forsendum. Það kom hins vegar aldrei neitt út úr því og í dag er ég guðslifandi feginn því þá hefði ég bara skoðað þetta út frá því hvert fíkniefnaneyslan leiðir mann og setið síðan eftir með koníaksglasið og vindilinn í bullandi afneitun. Enda erum við vel settu alkarnir þannig að við teljum okkur ekki eiga neina samleið með þeim sem við álítum verri,“ útskýrir Einar.

Fyrir tveimur árum urðu straumhvörf í lífi Einars þegar hann ákvað að segja skilið við Bakkus sem félagsskap og skráði sig í meðferð á Vog. Og eins og verða vill þegar menn eru útskrifaðir úr þeim háskóla halda þeir áfram að sinna sínum málum, sækja AA-fundi og hlusta á menn segja sögur. „Mönnum er jú haldið allsgáðum með sagnalist,“ útskýrir Einar og á einum slíkum fundi lágu leiðir fangans og skáldsins aftur saman. „Upp úr þessu hefst gríðarlegt ferli því hann hafði líka verið í bréfaskriftum við unnustu sína. Ég kynnist þeim báðum og fer að skoða allan þennan efnivið og saga þeirra verður eiginlega sagan mín og öfugt,“ segir rithöfundurinn.

Einar segir ekki algengt að hann fái bréf frá föngum á Litla-Hrauni en minnist símtals frá manni sem sagðist þá vera nemandi í fjölbrautaskóla og þakkaði honum fyrir sögurnar hans. „Seinna áttum við leið saman í sundlaug og þá viðurkenndi hann það fyrir mér að hafa hringt í mig frá Litla-Hrauni.“

Einar segist vera í góðu formi og er þegar farinn að leggja drög að næstu bók. Hann vildi þó ekki gefa mikið upp um hana, sagði að dularfulla hluti vera að gerast og að það hefði opnast fyrir einhverjar línur. „En almættið hefur ekki enn gefið mér leyfi til að segja frá henni,“ segir Einar.

freyrgigja@frettabladid.is



**MEÐ OPNAR LÍNUR** Einar segist vera í fínu formi og að það hafi opnast fyrir einhverjar línur. Bréf frá fanga varð kveikjan að nýjustu skáldsögu höfundarins.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sjónvarps-og kvikmyndagerðarfólk hoppaði væntanlega hæð sína af ánægju með samstarfssamning RÚV og Björgólfs Guðmundssonar en þar með mun auknu fjármagni vera dælt inn í innlenda dagskrárgerð. Eins og fram kemur framar í blaðinu mun **Þórhallur Gunnarsson**, dagskrárstjóri RÚV, ráða því hvaða verkefni eru sett á laggirnar og hver ekki. Og mun fyrsti afraksturinn vera Mannaveiðar, spennuþáttaröð byggð á bók Viktors Arnar Ingólfssonar, Afturelding.



En Þórhallur ætlar ekki að láta staðar numið þar og er þegar farinn að leggja drög að næstu þáttaröð sem á að fara í framleiðslu strax á næsta ári. Um er að ræða sex þátta spennuþáttaröð eftir bókum **Ævars Arnar Jósepssonar** um fjórmenninganna Stefán, Árna, Katrínu og Guðna sem leysa sakamál af mikilli kúnst. Varla er það tilviljun að Ævar Örn skuli hafa orðið fyrir valinu enda þykir hann líklegastur til að veita sjálfum Arnaldi Indriðasyni verðuga keppni í hinni ört vaxandi reyfaraútgáfu en Saga Film hefur verið fengið það hlutverk að þróa handrit eftir bókunum.



Og í allt annað því sannkallað hnakkahóf var haldið við opnun pitsustaðarins Rizzo á Grensásvegi. Mannlíf greinir frá þessu á vefsíðu sinni. Og miðað við lýsingarnar virðist Hjalti Úrsus hafa fundið sér nýjan starfsvettvang því gestir staðarins skemmtu sér konunglega yfir gamanmálum **Arnars Grant** sem fækkaði fötum og lagði í armbeygjukeppni við sjálfan Boris. Hjalta tókst því að sanna að Rizzo-pitsur hlytu að vera þær hollustu í bransanum því varla mátti greina fitugramm utan á líkömum hinna tröllauknu kraftajötna. - fgg



# Guðfaðir Ólafs Ragnars vill fá Edduna

„Eigum við að ræða það eitthvað frekar? Auðvitað vil ég fá að hafa styttuna í einhvern tíma, kannski viku eða svo. Og ég er sannfærður um að stórvinur minn Pétur Jóhann eigi eftir að leyfa mér það,“ segir Jón Gunnar Geirdal, markaðsstjóri Senu, en hann er höfundur þeirra frasa sem Ólafur Ragnar, umboðsmaður Sólarinnar og starfsmaður á plani bregður fyrir sig í Næturvaktinni. Pétur Jóhann er tilnefndur til Eddunnar fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttaröðinni og segist Jón gera sér vonir um að fá Edduna upp á hillu í stuttan tíma fari svo að grínistinn verði valinn sá besti.

Næturvaktin hefur slegið í gegn í íslensku sjónvarpi og þá ekki síst Ólafur Ragnar. Og Jón Gunnar er hálffeginn. „Já, því annars þyrfti ég að breyta algjörlega um lífsstíl og fara að nota nýjan talsmáta,“ útskýrir hann en viðurkennir um leið að það hafi af og til farið um hann kjánahrollur þegar frasarnir sem hann hefur notað í nokkur ár voru allt í einu festir niður á blað. „Það er eitt að tala svona en annað að skrifa það,“ segir Jón Gunnar. „En ég held að ég lifi þetta af. Það er kannski verst að margir halda að ég sé að apa upp frasana eftir Ólafi Ragnari,“ segir Jón Gunnar.



**AFKVÆMIÐ** Ólafur Ragnar er innvígður og innmúraður í hnakkasamfélagið.



**HÖFUNDURINN** Jón Gunnar Geirdal er höfundur frasanna sem Ólafur Ragnar bregður fyrir sig í Næturvaktinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 07-2053

# Nýtt Dýraríki

Það stærsta á Norðurlöndum

opnar í dag
Miðhrauni 2, við brúna,
á móti IKEA




# Komdu og kjóstu

## nýjan konung dýraríkisins og þú gætir unnið 20 þúsund króna gjafabréf frá Dýraríkinu

Frambjóðendur og kosningaloforð* þeirra:



**Petrína Gunnarsdóttir**
„Þú færð gyllt Regina fuglabúr hjá mér á frábæru tilboði. Eins og konungum sæmir!“



**Hinrik Gunnarsson**
„Ég, þinn tryggasti vinur, býð upp á ókeypis hundabað og snyrtingu fyrir alla vini mína í dag!“



**Bóas Gunnarsson**
„Fjölmargir aðdáendur mínir fá 40% afslátt af sérvöldum kattamat frá Royal Canin og Pro Plan!“



**Guðlaug Gunnarsdóttir**
„Hvað var það aftur? Jú nú man ég, Aqua Star 54 l fiskabúr með alls konar dóti á tilboðsverði!“



**Nói Gunnarsson**
„Hágæða Criceti 9 hamstrabúr á sérkjörum, aðeins fyrir þig vinur minn!“

*á meðan birgðir endast

## Full búð af kosningatilboðum!

DÝRARÍKIÐ

Dýraríkið Miðhrauni – Dýraríkið Grensásvegi – Dýraríkið Blómavalshúsinu Skútuvogi – Dýraríkið Blómavalshúsinu Akureyri

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**










**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar


## *Sögur eru dýrmætar*

Sjaldan hefur jólabókaflóðið farið af stað með öðrum eins látum og nú í ár. Fyrst rak nýja Biblíuþýðingu á fjörur þjóðarinnar. Á meðan sumir fögnuðu henni stóð það í öðrum að hið heilaga orð væri ekki heilagra en svo að mætti skipta stöku hugtökum út fyrir önnur nútímalegri. Það getur greinilega verið sárt að mega ekki tala lengur um „kynvillinga“ eða hvað það nú var sem einstaka presti finnst svona mikill missir að.

**LITLU** síðar fengu menn um annað að hugsa þegar Skrudda endurútgaf Tíu litla negrastráka. Þar reyndist vandamálið þveröfugt við það sem leynst hafði í nýju Biblíuþýðingunni. Í bókinni kemur orðið „negri“ nefnilega fljúgandi úr fortíðinni og finnst mörgum ekki eiga neitt erindi lengur í barnabók. Fáir hafa líka sama dillandi húmorinn fyrir misþyrmingum á börnum og virðist hafa verið við lýði þegar bókin kom fyrst út. Á heimasíðu Skruddu segir að óvíða hafi „þessum hrakfallabálkum verið eins vel tekið og hér á Íslandi“ og að þessir „flökkustrákar“ geti „alltaf komið ungum sem gömlum í sólskinsskap“.

**ÞAÐ** er nú kannski ofsögum sagt því fólk sem venjulega hefur réttlætið með sér stakk upp á bókabrennu – annað orð úr fjarlægri fortíð. Fólk á ekki að kveikja í bókum. Bækur eiga að kveikja í fólki. Í upphafi jólabókaflóðs er erfitt að spá fyrir um hvað eigi eftir að seljast – og þó, eitthvað hlýtur að mutrast út af bókum Kristínar Marju og Arnaldar. Það er samt skrítið til þess að hugsa að misþyrmingar á tíu uppdiktuðum strákum á gamalli bók hafi verið tíundaðar lið fyrir lið í fjölmiðlum og hlotið mun meiri athygli en þær sem Páll Elísson lýsir í Breiðavíkurdreng sem hann skrifaði með Bárði R. Jónssyni og kom út fyrir skömmu. Þar er lýst sönnum atburðum. Ungir drengir sættu andstyggilegustu pyntingum af hendi annarra stráka en líka manna sem voru á launum frá ríkinu við að annast þá.

**ENGIN** ástæða er til annars en að halda áfram að velja vel það sem lesið er fyrir börn. Það sem getur í fyrstu virst undursaklaust getur tekið á sig aðra mynd þegar ímyndunaraflið tekur við. Í Breiðavíkurdreng sést einmitt hvernig þetta sama ímyndunarafl liðsinnir Páli í verstu kvölunum. Hann bjó að því að hafa heyrt fallegar sögur þegar hann var lítill – löngu áður en hann vissi að til væri jafnskelfilegt fólk og hann átti eftir að hitta fyrir í Breiðuvík.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 10. nóvember, 314. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.36 | 12.56 | 16.16 |
| Akureyri | 9.38 | 13.12 | 16.44 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


